

BIBLÍULJÓÐ

EPTIR

VALDIMAR BRIEM



I



REYKJAVÍK
KOSTNAÐARMAÐUR SIGURÐUR KRISTJÁNSSON
1896

FJELAGSPRENTSMIDJAN.

FORMÁLI.

KVÆÐI þessi eru flest kvæðin á árunum 1885—90, en sum þeirra nokkru fyr. Upphaflega hafði jeg ekki heilt safn af biblíukvæðum í huga; en þegar þau fóru að fjölga til muna, gjörði jeg úr þeim safn og fjölgaði þeim svo, að þau gátu myndað nokkurs konar heild.

Ekki hafði jeg framan af nokkurn hug á því, að láta kvæðin koma út bráðlega, enda gat jeg ekki búizt við því, að þess yrði auðið fyrst um sinn, og hugsaði því ekki um það. En þá var það, að nokkrir mjög málsmetandi vinir mínir, sem höfðu haft þau til yfirlestrar, bentu mjer á að bjóða þau bókmenntafjelaginu. Jeg var, eins og þeim er kunnugt, mjög tregur til þess í fyrstu, ekki fyrir það, að jeg ætlaði, að þess konar gæti ekki samrímzt verkahring bókmenntafjelagsins, enda vissi jeg, að fjelagið hafði gefið út ýmislegt, sem síður má telja til bókmennta en kvæðasafn; en tregða mín stafaði af því, að jeg var hræddur um, að þessi kvæði hefðu í sjálfu sjer ekki nógu mikið bókmenntalegt gildi. Eigi að síður ljet jeg þó til leiðast, að bjóða fjelaginu þau. Fje-

lagsdeildin í Reykjavík kaus þrjá menn í nefnd til þess að segja álit sitt um þau, eins og lög gjöra ráð fyrir. Þessir menn voru þeir Hallgrímur biskup Sveinsson, sjera Þórhallur Bjarnarson og dr. Björn M. Ólsen. Nefnd þessi lauk miklu betra dómsorði á kvæðasafn þetta en jeg gat nokkurn tíma búizt við, og rjæð fjelaginu eindregið til að gefa það út. Það var og samþykkt á fundi fjelagsins með flestum atkvæðum, að gefa það út, og að gjöra það svo fljótt sem því yði við komið. Þó dróst útgáfan nokkur ár, með því að fjelagið var í fjárþröng, en hafði ýmsum eldri skuldbindingum að sinna. Meðan á þessu stóð komu fram raddir í þá átt, að það væri ekki samkræmt tilgangi og lögum fjelagsins að gefa út þess konar rit, þrú að eins og kunnugt er eru næsta sundurleitar skóðarir manna um verkevið fjelags þessa; og þá er tilrætt var á alþingi 1895 um styrk til fjelagsins, mæltu sumir þingmenn á móti styrknum af þessari ástæðu. Nú vildi jeg ekki á nokkurn hátt verða meinsmaður fjelagsins, og var því farinn að hugsa um að apturkalla tilboð mitt, svo að það skyldi ekki verða til fyrirstöðu framvegis. En þá vildi svo vel til, mjer óafvitandi, að hinn góðkunni og duglegi bókaútfandi og bóksali, herra Sigurður Kristjánsson í Reykjavík, bauðst til að gefa safn þetta út og horfði ekki í þann kostnað og þá áhættu, sem það getur haft í för með sjer, að gefa svo stórt rit út. Þessu sæmdarboði tók jeg fyrir mitt leyti og stjórn deildar fjelagsins í Reykjavík sömuleiðis, með því að hún eigi vildi vera því til fyrirstöðu, að rit þetta gæti komið út sem fyrst, en fjelagið hafði eigi ráð á því, að gefa það út að svo stöddu.

Af kvæðum þessum hafa nokkur birzt áður á prenti í

„Sameiningunni“, eitt í „Kirkjublaðinu“ og eitt í „Sýnisbók íslenzkra bókmennta“.

Það má búast við því, að sumir hefðu kosið efnisvalið nokkuð á annan hátt. Mjer er það full-ljóst, að það eru margir staðir í biblíunni, sem hafa meiri þýðingu fyrir trúarbrögðin en sumt af því, sem jeg hef tekið fyrir yrkisefni; og í annan stað er einnig í biblíunni ýmislegt, sem fullt eins er vel fallið til skáldlegrar meðferðar. Sömualeiðis dylst mjer það ekki, að margt af því, sem jeg hef tekið, hefði mátt gjöra skáldlegra með því að fara fljótara yfir efni, en leggja meira til frá sjálfum sjer. En tilgangur minn var hvorki að gjöra sálma nje hugleiðingar í ljóðum, nje heldur að koma fram nokkrum sjerstökum skoðunum, heldur að eins að gjöra söguleg kvæði, eins og stundum hefur verið gjört hjer fyr, einkum á fyrri öldum, og eins og ýms góð skáld hafa gjört erlendis bæði fyr og síðar. Því hef jeg helzt valið þá staði, þar sem efnið er sögulegt, og farið með þá eptir því. Á stöku stöðum er í niðurlagi kvæðanna heimfærzla til einhvers; og yfir höfuð hafa kvæðin í síðari partinum, eins og eðlilegt er, öllu andlegri blæ. Jeg bið lesendurna að hafa þetta hugfast og ekki ætlast til annars eða meira af kvæðum þessum en þau eiga að vera, það er að segja: söguleg biblíukvæði eða nokkurs konar biblíusögur í ljóðum.

Af því, sem hjer er sagt, virðist það ef til vill hafa átt bezt við, að nefna kvæðasafn þetta: Biblíusögur í ljóðum, eða jafnvel: Biblíumyndir í ljóðum, með tilliti til meðferðar efnisins á mörgum kvæðanna. En eptir að farið var að minnast á kvæði þessi, voru þau almennt nefnd:

Biblíuljóð; festist það nafn við þau, og þykir mjer því rjettast að halda því.

Um kvæðin sjálf hef jeg fátt að athuga annað en það, sem tekið hefur verið hjer fram um efnisvalið og meðferðina. Þó vil jeg bæta því við, að jeg var í nokkrum vafa um, hvort jeg ætti að taka sum þeirra með, einkum þau, þar sem einhver glettni kemur fram. En bæði er það, að slíkt er mjög óvída, og að minni hyggju svo saklaust, að það getur ekki raskað þeim alvarlega blæ, sem er á kvæðunum yfir höfuð, enda hafa sumir beinlínis óskað eptir að jeg sleppti þeim ekki.

Jeg vil taka það fram, að öll kvæðin í báðum pörtunum eru að öllu leyti frumsamin að öðru en því sem þau styðjast við biblíuna, að því undanteknu, að eitt kvæði í fyrri partinum (Ljónagröfin), er prentað var í „Sam.“ án þess að jeg vissi af, styðzt meðfram við endurminningar frá hinu nafnkunna þýzka skáldi Gerok. Sama kann að nokkru leyti að vera um eitt kvæði í síðari partinum. Komi þess konar líkingar víðar fyrir, er mjer það óafvitandi.

Þá vil jeg biðja menn að afsaka það, þó að sumstaðar kunní að koma fyrir einhver ósamkvæmni eða mishermi, að því er snertir landslag, staðhátta eða þess konar. Jeg hef margt lesið um Gyðingaland og fornaldarsögu Gyðinga, og gjört mjer far um að hafa sem minnsta ósamkvæmni við það, sem er í reyndinni. Eigi að síður kann þó sitthvað að hafa slæðzt með, sem skakkt er í því tilliti. Sumt er og vafasamt, því að ekki skýra allir eins frá; og að elta allt þess konar mjög svo smásmuglega, þótti mjer ekki þýða. Einnig vil eg biðja menn að afsaka það, þar sem efninu

kann að verða lítið eitt vikið við, og vona jeg að slíkt sje öldungis óverulegt.

Biblíu-nöfnunum, sem koma fyrir í kvæðunum, hef jeg haldið í sömu mynd sem þau eru í síðustu íslenzku útgáfu biblíunnar. Ef til vill er þó önnur stafsetning rjettari á sumum þeirra. Um það eru skiptar skoðanir, og veit jeg ekki hvað rjettast er í því efni.

Menn veita því ef til vill eptirtekt, að kvæðin eru öll eða flestöll sitt með hverjum hætti; gjörði jeg það með vilja að hafa sem mesta fjölbreytni á þeim. En annars eru hættirnin allir eða flestir áður þekktir. Við flesta hættina eru til sönglög; en yfirleitt eru kvæðin ekki ætluð til söngs, með því líka að flest þeirra eru of löng til þess.

Að því er niðurröðun kvæðanna snertir, þá var það tilætlun mín, að hafa hana eptir aldri viðburðanna, að því leyti sem því verður við komið. En slíkt er þó eigi unnt, svo að full samhljóðan sje á. Það er nefnilega óvíst um suma viðburðina, hvencær þeir hafi farið fram; og í annan stað eru skiptar skoðanir um þá suma, hvort þeir hafi nokkurn tíma farið fram, eða sjeu að eins skáldsögur eða dæmisögur; á það einkum við sögurnar úr „apokryfisku“ bókunum, en jafnframt sumar aðrar, sem hjer er ekki tækifæri til að minnast á frekara. Jeg hef því við niðurröðun kvæðanna í fyrri partinum að mestu farið eptir bóka- og kapitularöðinni í biblíunni, enda fer það að miklu leyti saman við röð viðburðanna sjálfra, eptir því sem menn hafa ætlað hana vera. Í síðari partinum verður og viðburðaröðin látin ráða, að því leyti sem menn þekkja hana.

Þeim, sem hafa gefið mjer góðar bendingar eða stutt útgáfuna á einhvern hátt, kann jeg beztu þakkir.

Formáli þessi á að duga fyrir báða partana, nema ef mjer hefur eitthvað gleymzt, er jeg vildi hafa tekið fram, eða eitthvað sjerstakt gefur mjer tilefni til að bæta einhverju við síðar.

Stóranúpi, 5. marz 1896.

Valdimar Briem.



ÚR GAMLA TESTAMENTINU

Sköpunin.

(1. Mós. 1.)

Allt var myrkur, auðn og tóm, óskapnaðar dreif.
Yfir dimmu djúpi drottins andi sveif.
Ekkert ljós, ekkert líf, engin jörð var þá;
ekkert kveld og engan morgun enn var að sjá.

Ekkert var, sem gæti gjört guði lof og hrós.
Drottins raust þá dundi: „Dýrðlegt verði ljós!“
Ljósið rann, ljóminn skein, logageislum brá.
Þá varð kveld og þá varð morgun þeim degi á.

Ekkert var sem geislaglód gæti skinið á.
Meistarinn þá mælti: „Myndist festing há!“
Ljós og hrein hýrt þá skein hvelfing fagurblá.
Þá varð kveld og þá varð morgun þeim degi á.

Ekkert land og ekkert haf undir festing var.
Skaparinn þá skipar: „Skiljst land og mar!“
Þandist haf, greri grund, glóðu blómin smá.
Þá varð kveld og þá varð morgun þeim degi á.

Ekkert var, sem vermdi blóm, vantaði sólaryl.
Sjálfur guð þá sagði: „Sólin verði til!“

Dal og grund, grænan lund gykti sólin há.
 Þá varð kveld og þá varð morgun þeim degi á.

Ekkert var, sem gæti glaðzt gæðum heimsins af.
 Lopts- og lagar skepnum líf þá drottinn gaf.
 Hátt um lopt fuglinn fló, fiskur ljek í sjá.
 Þá varð kveld og þá varð morgun þeim degi á.

Enginn maður, ekkert dýr enn var til á jörð.
 Guð þá gaf þeim lífið. Gjörvöll lífsins hjörð
 undir mann, ímynd guðs, öll var gefin þá.
 Þá varð kveld og þá varð morgun þeim degi á.

Eden.

(1. Mós. 2.)

Í austurheimi Eden lá,
 og aldingarður fagur sá
 bar ódauðleikans unaðsblóma
 mót upprennandi sólarljóma.

Og eigi það að undra var
 þótt unaðsfagurt væri þar,
 því gróðursettur guðs af höndum
 var garður sá í austurlöndum.

Af austurstraumum röðull rann
 og roða gullnum varp á hann.
 Þar mættist fegurð foldardala
 við fegurð ljósra himinsala.

Sem nývakin af næturblind
 var náttúran þá morgunstund;
 sem nýrisin af bláum bárum
 var böðuð jörð í daggartárum.

Þar spruttu blómstur björt og rjóð;
 hver bikar þeirra fullur stóð
 af hreinum döggu himinrunnum
 úr helgum ódauðleikans brunnum.

Hin gullna döggr þar glóði tær
 sem gimsteinn bjartur, perla skær.
 Í hverjum dropa heill var heimur,
 í hverri perlu gull og seimur.

Um loptið blærinn blíður fló
 Og bjarta morgun-hörpu sló;
 hann bljes svo hægt og hljótt sem andi
 af helgu svifinn draumalandi.

Og sætan ilm og blíðan bar
 af blóma safni fögru þar,
 er spruttu þjett í laufgum lundum
 og liljuskryddum blómagrundum.

Og háar eikur uxu þar
 í öllum blóma fegurðar,
 með aldin skær á greinum grænum
 og gullin epli' á kvistum vænum.

En fegurst þessum eikum af,
 er æðsta þryði drottinn gaf,

var skilningstrjeð í ljóssins ljóma
og lífsins trjeð í fullum blóma.

Og hreinar lindir liðu þar
og ljeku kringum eikurnar;
á sína björtu silfurstrengi
þær sungu bæði skært og lengi.

Og krystallsvötnin björt og blá,
í bárum tærum ljetu sjá,
í hreinum spegli hvolfið víða
og helgilunda tignarfríða.

Í djúpi ljek sjer fiska fjöld
og fól sig bak við unnartjöld.
Þar yfir sátu svana raðir,
er sungu morgunljóðin glaðir.

Það heyrðist kvak á kvistum háum
svo kátt og blítt í aldintrjám.
Um loptið fuglar litlir sungu;
og lofgjörð var á hverri tungu.

Og dýrafjöld um grund þar gekk
og góðan teyg sjer margan fjekk
úr silfurtærum svölum unnum,
en sum þar tíndu blóm í runnum.

Við sterka ljónið ljek sjer kið
og litla dúfan fálkann við.
Í sátt og eining saman undi
þar sjerhver skepna' í helgum lundi.

En vorir fyrstu foreldrar
 í fegurð báru' af öllu þar.
 Þau sváfu þar í rósarunni
 svo rótt og blítt í forsælunni.

Þar Adam lá við Evu hlið,
 þau á sjer báru sakleysið, —
 og sveipuð gullnum lokkum löngum
 með lífsins æskublóma' á vöngum.

Þá geisli sólar gægðist inn
 í gegnum þjetta laufsalinn.
 Og loptið kvað af unaðsómi
 í Edens fögrum helgidómi.

Þá opnuðu þau augu sín;
 hver undra fegurð þaðan skín:
 á honum tign og hreystin fríða,
 á henni mildi' og ástin blíða!

Ei morgundögg var hálftr svo hrein,
 ei himinsól svo fagurt skein,
 ei ilmrós fríð í aldinrunni
 og engin dýrð í náttúrunni.

Og dýrin lutu drottins mynd,
 er dýrðleg skein í hvarmalind.
 Og amen sungu englar glaðir
 og amen sagði guð og faðir.

Höggormurinn.

(1. Mós. 3.)

Í aldinlundi eiturnaður skríður;
þar undir niðri heipt og vonzka sýður,
hve blítt og fagurt sem er ofan á.
Í blómaskrúði flá sig felur naðra,
unz færi sjer að henda sig á aðra,
er enga hættu' en að eins fægurð sjá.

Í sjálfum Edens aldingarði fríðum
var eiturnaður slægur fyr á tíðum.
— Var heldur þar ei hreint og fullkomið?
Um skilningstrjæð sig illur ormur læsti
og illmálugri slaðurtungu hvæsti,
og hina fyrstu menn svo mælti við:

„Á fögrum greinum gullin epli hanga,
jeg get þess til, að ykkur muni langa
að smakka þessum góðu eplum á.
Hve mikla unun augunum þau veita!
en enn þá betra þeirra mun að neyta.
Í ykkar sporum eg þeim mundi ná“.

„Jeg reyndar veit að var það ykkur bannað,
jeg veit þó líka meðfram nokkuð annað,
að drottinn þessa láns ei ykkur ann;
því hvenær sem af eplum þeim þið etið
þið alla leyndardóma skynjað getið
og allt eins vitur verðið þið og hann“.

„Hann hótaði' ykkur að þið munduð deyja

ef ætuð þið, en jeg vil skýlaust segja,
að sá, sem etur, aldrei deyja kann.
Á talar ykkur drottinn hefur dregið,
hinn dýra ávöxt vel þið bragða megið,
og hræðist ei hið heimskulega bann“.

„Hví horfið þið? hví hikið þið nú lengur?
ó herðið ykkur, vitið hvernig gengur!
og nú er drottinn hvergi nærri hjer.
Jeg viss er líka': hann eins ei saknar, Eva!
og ef hann saknar, mun hann fyrirgefa,
hann sem svo góður og svo ríkur er“.

Og Eva sá, að eplið það hið glæsta
var undra girnilegt og fagurt næsta,
og vildi gjarnan guði verða lík.
Hún seildist npp og epli niður svipti
og af því nokkru manni sínum skipti.
Þau átu' og brutu boðorð drottins rík.

Nú úti var um fagurgala' og flaður,
þá feginn hlakkar grimmur svikanaður,
er dauðans eiturepli niður rann.

Í hvopti blaðrar sem hann vildi segja:
„Nú sjáið þið ei meira', en skuluð deyja,
þið örmu fífl!“ — og horfinn burt var hann.

Ó aumir menn! nú ei þau framar skildu
hví epli þetta mjög svo fá þau vildu,
sem var þó miklu fremur súrt en sætt.
Nú óskuðu þau aptur verk sitt taka;

en aldrei verður tekið neitt til baka;
á þann hátt verða brotin aldrei bætt.

Í greinum heyrðist gustur þungur anda;
þau gjörla kenndu raust hins alltsjáanda,
er sá og heyrði það, sem gjörðist þar.
Á bak við trjen þau hugðu skelfd að hyljast,
en honum var ei mögulegt að dyljast,
er sjer og þekkir allt og alstaðar.

„Ó, hvar ert þú?“ guðs hljómar raustin snjalla.
„Æ, hjer er jeg“, var svar, er skildist varla,
sem náhljóð dimmt og næturvindar kvein.
Nú sakleysisins bros var burt af vörum
og blóminn kinna' og gleðibragð á förum.
Og afsökun þar eigi dugði nein.

Og drottinn kvað upp dóminn þungra saka,
þann dóm er eigi þörf að endurtaka;
þann dóm vjer þekkjum allir allt of vel,
þann dóm, er sýnist dularfullur vera,
þann dóm, er öll vor kjör þó opinbera,
þann dóm, er boðar böl og kvöl og hel.

Og drottinn rak þau út úr Edens ljóma
frá unaðsdýrð og sakleysisins blóma.
Með sorg þau kvöddu Edens æskuleik.
Og drottinn Kerúb ljet með logasverði
og ljóssins engla standa þar á verði,
að verja hverjum leið að lífsins eik.

Nú enginn veit hvar Eden er að finna;

þótt allir stundi gæði heims að vinna
 þá aldrei finnst hin forna Paradís.
 En himnæsk Paradís er opnuð aptur;
 það ávann Jesú sterki guðdómskraptur.
 Að lífsins trje er leiðin öllum vís.

Kain og Abel.

(1. Móss. 4.)

Kain, Adams elzti sonur,
 óttaðist ei neinn.
 Abel var hans yngri bróðir,
 ástúðlegur sveinn.
 Kain yrkti akurlendi,
 Abel hjarðir sat.
 Kain allt fór illa' úr hendi,
 Abel vel sem gat.

Kain fram bar fyrir drottin
 fórn af sinni jörð.
 Abel gjörði og hið sama,
 en af sinni hjörð.
 Kain drottni valdi' hið versta,
 verstu gjörði skil.
 Abel kom með allt hið bezta,
 er hann hafði til.

Kains fórn, er fram var borin,
 fjell ei drottni' í geð.
 Abels fórn hann aptur þáði
 augum ljúfum með.

Kain varð af reiði rjóður,
 rann það mjög í skap;
 en hann leyndi heipt og hljóður
 höfði niður drap.

„Hví þú niður höfði drepur?
 hví svo reiðist þú?“
 sagði drottinn sjálfur við hann,
 „syndga þú ei nú.
 Ei á hefndir hyggja máttu,
 hrek þú synd á dyr;
 henni drottna yfir áttu
 eins og bauð jeg fyr“.

Kain þagði; en er Abel
 út á mörk hann fann,
 sínum góða, blíða bróður
 bana veitti hann.
 Fyrsta sinn, er var hann veginn,
 vökvar blóðið jörð.
 Saklaus hirðir svo var sleginn,
 sundrast gjörvöll hjörð.

„Hvar er Abel?“ Eva sagði,
 „elskusonur minn?“
 „Hvar er Abel?“ Adam mælti,
 „eg hann hvergi finn?“
 „Hvar er Abel?“ drottinn dynur,
 „drapstu bróður þinn?“
 „Hvar er Abel?“ einnig stynur
 illi bróðirinn.

Abels lík þar lá á foldu
 lit og fjörvi sneytt.
 Dundi blóð um bleikan vanga,
 bifðist lík ei neitt.
 Kain hann þá vekja vildi,
 vakið þó ei fjekk.
 Þetta tákn hann skýrt ei skildi,
 skelfdur burt þó gekk.

Adam þá og Eva fundu
 unga soninn þar.
 Skildu þau að þar var dauðinn,
 þeim er heitið var.
 Og þau grjetu og þau kysstu
 elskulegan son.
 Svona fór það, svo þau misstu
 sína beztu von.

Drottinn yfir bróðurþana
 byrstan dóm þá kvað:
 „þú skalt hvergi hvíldir finna,
 hvergi samastað.
 Blóðgan svip í bleikum hjúpi
 blindur sjá þú skalt“.
 Undir hló í dökku djúpi
 dapurlega' og kalt.

Kain fór um veröld víða,
 vildi finna ró;
 hraktist milli heimsins skauta
 hana fann ei þó.

Abel, fyrst er fjell til jarðar,
friðinn öðlaðist.

Fyrsti hirðir fyrstu hjarðar
fyrirmyndar Krist.

Flóðið.

(1. Mós. 6.—9.)

Guð leit af himna hæð
hástöli sínum frá
eptir að allt var skapt
öll yfir lönd gjörvöll.
Allt var þar yndi fyllt,
inndælust guðs var mynd.
Drottinn heims veldi vítt
vottaði harðla gott.

Guð leit af himna hæð
hástöli sínum frá
enn nú í annað sinn,
annað þá drottinn fann.
Allt var þá orðið spillt,
inndælust guðs var mynd
orðin um alla jörð
yndi firrt, spillt af synd.

Reiður varð rjettvís guð
rangan er sá hann gang;
kvað hann af miklum móð:
„Mái' eg af kynslóð þá.

Öll er af illsku full
 orðin hin fagra storð;
 spillt er þar orðið allt
 allra við syndafall.

Þó var þar einn, er ei
 óttaðist jarðardrött, —
 óttaðist guð og gott
 gjörði sá einn á jörð.
 Núi guðs augsýn í
 einn var á jörðu hreinn;
 heiður og hylli' og náð
 hann því hjá guði fann.

Guð honum gaf það boð:
 „Gjörðu þjer strax á jörð
 sterkbyggða' og stóra örk,
 standast er megi grand.
 Riður að feiknar-flóð,
 farast mun sjerhvað þar.
 Deyja skal drótt og fje
 djúpum í mararhjúp“.

„Áður en fellur flóð
 far með í skipið þar
 syni og kæra kvon,
 kveð tengdadætur með.
 Tak hverri' af tegund kvik
 tvö dýr, af hreinum sjö.
 Alla þú örk uppfyll,
 allt það þú hafa skalt“.

Góður sem guð þá bauð
gjörð var þar örk á jörð.
Nói gekk örk þá í
áður en flóðs varð bráð.
Hæli þar hlaut og skjól
halur og dýraval.
Læsti guðs eilíf ást
inni þar yininn sinn.

Öll lukust upp með hvell
undirdjúp myrk í grund;
vall upp úr hamrahöll
hræðileg jarðaræð;
flóði' yfir hverja hæð,
hótandi drundu fljót;
fallandi fossa sköll
feigum þá settu geig.

Dundi við dapran sand
dauðalegt feigðargnauð;
stundi við klettaströnd
stórefldur voðasjór;
orgaði brim við björg,
brauzt yfir virkin traust;
brunaði ramefld rán
reið yfir löndin breið.

Hám niðr úr himingeim
hrundi þá skúr á grund,
líkust í vexti læk,
líðandi' úr brattri hlið;

buldi' yfir myrka mold
 megnasta steypiregn.
 Sex vikum allt að óx
 úrhellis dembu-skúr.

Flúði það ógnar flóð
 ferðmikil dýramergð;
 öll lágu för á fjall,
 fjöll urðu þakin öll.
 Undir tók óp í tind,
 orgaði' í klettaborg.
 Sogaði rán í sig,
 sópaði burtu hóp.

Allt varð af flóði fullt,
 fjöllin þar sukku öll.
 Sægur með vængja-súg
 sveif yfir vatna dreif.
 Fljótt varð af flugi þreytt
 fleyg hjörð og niður seig;
 sópaðist svart í djúp,
 sveipuð í dauðans greip.

Lengi' yfir storðu strangt
 stóð það hið mikla flóð.
 Flaut þar á mararflöt
 fagurskreytt örð hvern dag.
 Aldan var undir köld,
 yfir var skýja drif.
 Eigi þar annað sá,
 allt var þar dautt og kalt.

Nóa þá guð á ný
 náðugur minntist á.
 Sendi guð svalan vind,
 sjatnaði hið mikla vatn.
 Eyjar þá sá í sjó,
 sá þar á fjöllin blá.
 Síðan örk sjálf kyr stóð,
 sat hún á Ararat.

Hrafn sendi Nói' úr höfn,
 hann þó ei aptur fann.
 Dúfu þá sendi sá,
 sú reyndist honum trú;
 fljótt kom af flugi þreytt
 fyrst hún sá engan kvist;
 aptur flaug út um lopt,
 annað sinn laufblað fann.

Framar ei fögur kom
 fljúgandi dúfan sú,
 Nói þá sjálfur sá,
 sjatnað var jarðar vatn.
 Úr sinni örk hann fór,
 altari reisti' og galt
 þakkarfórn þar með drykk;
 þökk hans var heit og klökk.

Góður þá mælti guð:
 „Gefið það boð jeg hef:
 Meðan við lýði' er láð
 linna skal ekkert sinn

vetur nje sumar vot,
 vor kemur hausts í spor,
 hiti' eptir kuldahret,
 hljótt eltir dagur nótt“.

„Aldrei skal aptur fold
 eyða mín höndin reið.
 Sáttmála hef jeg sett,
 sá skal það minna á.
 Boga jeg bjartan dreg
 blátt yfir loptið hátt;
 fagur hann minnir mig
 mín dýr á heit, er skín“.

Enn stendur sem það sinn
 svífandi skýjum í
 skínandi, bjartleit brú,
 brúin hin fagra sú;
 sameinar heilan heim
 himins við tignar svim,
 minnir á guð og mann,
 máttkur er gjörði sátt.

Köllun Abrahams.

(1. Mós. 12.)

„Hvern óm mjer glöggt að eyrum ber“?
 svo Abram gamli kvað.

„Mjer finnst sem blítt hann bjóði mjer

á burt úr þessum stað.

„Á burt, á burt nú bú þig skjótt“,
nú berst mjer hlustum að.

Þá allt er þögult hjer og hljótt
jeg heyri rödd um kyrra nótt.

Hvers rödd, hvers rödd er það“?

„Það guðs er rödd, er hljómar hjer
svo hreint og skýrt og snjallt;
og boðskap þann hún birtir mjer:

„Á burt þú halda skalt.

Á burt, á burt skalt búast þú,
ei betra síðar er:

úr feðra húsum flýtt þjer nú,

úr föðurlandi þínu snú;

jeg annað ætla þjer““.

„Jeg fer, jeg fer á burt, á burt
sem býður, drottinn þú;

jeg fer, jeg fer, en hvurt, en hvurt
skal hjeðan fara nú“?

„Á burt, á burt til betra lands,

þar bjartar heill-þín skín,

hins fagra, góða frelsisranns,

hins fríða, blíða Kanaans;

þar blessun bíður þín“.

Já, þannig raustin drottins dýr

við dygga þjóninn kvað,

svo hrein og snjöll, svo hvell og skír;

þá hann sig bjó af stað.

Á burt, á burt í betri stað
 þá bjó hann sína leið;
 hann iðrast þurfti ei eptir það,
 því allt kom fram, sem drottinn kvað;
 þar blessun dýrst hans beið.

Oss finnst opt loptið þykkt og þungt,
 og þröngt oss markað svið;
 en fjörið er svo ferskt og ungt,
 það fýsir út á við.

Á burt, á burt sem fyrst, sem fyrst
 og flýjum drungalopt;
 í nýja fegri frelsisvist
 er fjörið unga tíðum þyrst.
 Hún bregzt þó ærið opt.

Vjer höfum stundum byggt oss ból
 og búizt um svo vel;
 vjer ætlum hjer að hafa skjól;
 þá heljar dynur jel.
 „Á burt, á burt frá bliðum draum“,
 svo boðar dauðinn kalt;
 á burt, á burt frá gleði og glaum,
 jeg get ei stöðvað tímans straum;
 þú hjeðan halda skalt.

Í fangaklefa krappt er hjer,
 hjer köld er vist og dimm;
 ei þrautaböndin þolum vjer,
 oss þykja forlög grim.
 „Á burt, á burt“, þá hrópar hátt

guðs himnesk röddin blið;
 „úr fangavist þú flytja mátt,
 þú fegri stað í vændum átt;
 þar byrjar betri tíð“.

Til Kanaans, til Kanaans
 oss kallar drottinn enn,
 þess fyrirheitna, fagra lands;
 vjer flytjum þangað senn.
 Á burt, á burt! Af stað, af stað!
 ó stefnum rjetta braut,
 er liggur heim á landið það,
 og lífsins helgu brunnum að,
 í drottins dýrðarskaut!

Abraham og Lot.

(1. Mós. 13.)

Fagurt var í fjalla blómgum hliðum,
 fagurt var um rennisljetta grund,
 fagurt var á frjóvum ökrum víðum,
 fagurt var í kyrrum myrtuslund,
 fagurt landið, fagurgrænt að skoða,
 fagurt vatnið himinblátt og tært,
 fagurt loptið fágað sólarroða,
 fagurt vorið gullinbjart og skært.

Döggin fjell í dali græna niður,
 demantsknappar sátu rósum á.
 Hátt í lopti heyrðist fagur kliður

hörpu vorsins yndislegri frá.
 Þá var kvíkt og kátt í hlíðum dala,
 kvíkar hjarðir undu þar á beit,
 ljeku sjer um börð og holt og bala,
 blómin tíndu þar um fagra sveit.

Þessar hjarðir allar saman áttu
 Abraham og Lot, hans frændi kær.
 Fyrir komast flokkar varla máttu,
 feikimiklar voru hjarðir þær;
 glaðar þó og sáttar sjer þær undu
 saman þar í Hebrons fögru byggð;
 eigi þær til þrengsla neinna fundu
 þegar eigi mættu neinni styggð.

Hirðar þeir, er hjarða gæta skyldu,
 hvergi voru spakir eins og þær.
 Hirðar Lots þá hinum bægja vildu,
 hinir aptur þóttust standa nær.
 Reis af þessu rimma milli sveina,
 róman jókst og úti var um frið.
 Abraham með ró þá vildi reyna
 róstu stilla' og frænda mælti við:

„Friður er í fögrum himinsölum,
 feta ljósin stillt sinn mælda reit;
 friður er í fögrum jarðardölum,
 fjenaðurinn unír rótt á beit.
 Jörð og himin halda sjer í stilli,
 hafa jafnvel sjávaröldur frið.

Engin misklíð okkar sje þá milli,
elsku-frændi, bræður erum við“.

„Viljir þú til vinstri handar búa,
vil jeg feginn hægri snúa til;
viljir þú til hægri handar snúa,
hinnar vinstri til jeg fara vil.
Sundrung þarf ei nú að vera nokkur,
nóg er beitin fyrir okkar hjörð.
Sjá þú, landið opið stendur okkur,
allt í kring er frjó og grösug jörð“.

Lot til austurs yfir landið fríða
augu hóf og sýn þar fagra leit:
pálmalunda, unaðs-akra víða.
yndislega fagran blómarcit.
Sæludal ei sjeð hann hafði fegri,
sjálfur mjög af fegurð hrifinn varð.
Paradís sá enginn yndislegri
en þann fagra drottins aldingarð.

Kaus hann land í austurátt hið fríða,
aldrei þóttist gjöra betra val.
Abraham með bróðurþelið blíða
bjó þar kyr í fögrum Hebronsdal.
Fávís Lot ei vissi hvað hann valdi
var ei lengi búið sjer í hag.
Byggðin feig ei honum kom að haldi,
Hebron aptur stendur enn í dag.

Leiðangur Abrahams.

(1. Mós. 14.)

Konungar fjórir úr fjarlægum landi
fóru með herskildi' um Kanaansbyggð,
þreyttu við jafningja þrekraun með brandi,
— þá taldist hreystin ein fegursta dyggð.

Unnu þeir Sódóma ramgjörða' og ríka,
rændu þar mönnum og gull tóku nægt;
Lot höfðu þaðan í þrældóm burt líka.
— Þá var ei auðmönnum hlíft eða vægt.

Abraham frændi hans frjetta það mundi,
fannst eigi til, en sjer kveinkaði' ei hót,
þagði við tíðindum þunglega stundi,
— þá var ei æðrazt þótt sumt gengi mót.

Sá hann að dugði' ei að sýta eða væla,
sína bjó húskarla þegar í stað;
hafði sá aldraði þrjú hundruð þræla.
— Þá voru bændur, sem nokkuð kvað að.

Alla þá bjó hann að ágætum vistum;
einvalalið var það mikið og frítt;
hjelt hann ei drengjunum þreyttum nje þyrstum.
— Þá var ei mikið um kostnaðinn sýtt.

Norður á fjöllin hann leiðina lagði,
liðinu dreifði' hann í skörðunum þar;
þutu þeir óðara það, er hann sagði.
— Þá ei hjá húsbændum agalaust var.

Bardaga háði við buðlunga fjóra
bóndinn, og alla þá vann hann í senn,
þá rak úr landinu þjóðkappa stóra.
— Þá voru bændurnir afburðamenn.

Frænda sinn þreif hann úr fjandmanna höndum,
fólkið hið hertekna' og dýrgripi með:
þúsundir gripa frá þjóðum og löndum.
— Þá eigi skorti hjá búendum fjeð.

Höfðingjar mót honum gengu þá gladdir,
guðs prestur æðstur með vín kom og brauð:
„Þygg vorar gjafir, vor þrautgóði faðir!“
— Þá var ei síður að fela sinn auð.

„Blessi þig alvaldur æðstur á hæðum,
ætið hjer veitist þjer líf meðan vinnst
þúsundföld blessun af þvílikum gæðum“.
— Þá var hins eilífa' í gleðinni minnzt.

Konungur feginn varð fólkinu sínu:
„Fjárhlutinn tek jeg ei, hann jeg ei á.
Vannstu til fjárins með þrekvirki þínu“.
— Þá brast ei örlyndið stórmönnum hjá.

Svaraði Abraham örlátum tiggja:
„Ei fyrir kaup hef jeg gengið í raun.
Ekkert af fjárhlutum þeim vil jeg þiggja“.
— Þá voru drengir, er heimtuðu' ei laun.

„Ei vil jeg nokkur um Abraham segi:
„Auðlegð hans fengin með vingjöfum er“.

Þráð eða skóþveng jeg þiggja vil eigi“.
— Þá var ei hlífst við að afneita sjer.

Fyrirheitin.

(1. Móss. 13 o. v.)

Abraham eitt sinn
átti tal við drottin;
það sinn við þjón sinn
þannig sagði drottinn:
„Þú ert dyggur þjónn minn,
þrautgóður og hlýðinn.
Lít nú á launin“.

„Lít þú í suður,
sjá þú landið góða;
ljósgulir akrar
ávöxt fagran bjóða.
Þetta skulu þiggja
þínir afkomendur;
stöðugt það stendur“.

„Lít þú í austur, —
undir sólartjaldi
blómengin grænu
brydduð geislafaldi.
Þetta skulu þiggja
þínir afkomendur;
stöðugt það stendur“.

„Lít þú í vestur,

lengst við ströndu niður
blástraumar fagrir
blika sólu viður.
Þetta skulu þiggja
þínir afkomendur;
stöðugt það stendur“.

„Lít þú í norður
laufga tinda fjalla;
rauðgyllir sólin
rósum þakta hjalla.
Þetta skulu þiggja
þínir afkomendur;
stöðugt það stendur“.

„Lít þú til jarðar,
lágt í skautið foldar;
hver getur talið
hvert eitt duptkorn moldar?
Allir ættmenn þínir
eins ei verða taldir
allar um aldir“.

„Lít út á hafið,
horf á öldur bláar;
hver getur talið
hvern einn dropa sjávar?
Allir ættmenn þínir
eins ei verða taldir
allar um aldir“.

„Lít upp til hæða,
helzt er fer að kvölda;
hver getur talið
himinstjarna fjölda?
Allir ættmenn þínir
eins ei verða taldir
allar um aldar“.

„Lít fram í tímann,
tíðar fortjald undir;
hver getur talið
heimsins allar stundir?
Allir ættmenn þínir
eins ei verða taldir
allar um aldir“.

„Jörðin og hafid,
himinn rúm og tíðir,
álfur og áttir,
allir heimsins lýðir, —
allt af ættkvísl þinni
alla blessun hlýtur,
þá er ei þrýtur.

Í Mamreslundi.

(1. Mós. 18.)

Hve mjög er fagurt og mæta frítt
í Mamreslundi!
Þar loptið er bæði hollt og hlýtt

og hagar góðir og útsýni vítt
 Þar bezt líka Abraham undi.

Þótt megn sje hitinn af miðdagssól
 í Mamreslundi,
 af pálmanum fá má skugga og skjól.
 Í skugganum Abraham sat á stól.
 Um herðarnar lokkasafn hrundi.

Á móts við sig þar hann menn sá þrjá
 í Mamreslundi.
 Þeir vegmóðir allir voru' að sjá,
 en vel leizt honum á alla þá;
 hann fýsti að ná þeirra fundi.

Þá gekk hann á móti mönnum þeim
 í Mamreslundi;
 með blíðlegum orðum bauð þeim heim.
 Þar bar þó einn mjög af hinum tveim
 sem blómtrje af birkilundi.

„Ó komið og þiggið þjer mat hjá mjer
 í Mamreslundi.

Í skugganum gott er að hvilast hjer
 og hressa sig meðan breizkjan er;
 og hjer má fá svölun í sundi“.

Og mennina heim hann með fjekkk þá
 í Mamreslundi,
 og fljótlega sjer til Söru brá; —
 hún svaf í tjaldi þar skammt í frá, —
 og vakti' hana' af blíðum blundi,

Og mennirnir glaðir mötuðust þar
í Mamreslundi.

Þeim beini veittur hinn bezti var,
og bornar vistir svo ljúffengar
sem gómurinn girnast mundi.

Þá mælti einn fyrir munnni sjer
í Mamreslundi:

„Að ári jeg koma mun aptur hjer.
þá alið kona þín son hefur þjer.
Þá fagna jeg fríðustum kundi“.

Hún heyrði hvað maðurinn mælti hjer
í Mamreslundi;

þá hló hún að því með sjálfri sjer
og sagði: „Jeg býsna gömul er“;
en Abraham aðeins stundi.

Og maðurinn aptur mæla vann
í Mamreslundi:

„Hvað er, sem skaparinn eigi kann“,
því allt, sem hann vill, það getur hann.
Það herma skal hlæjandi sprundi“.

Þeir menn, sem Abraham mættu þar
í Mamreslundi,

Það sjálfur himinsins herra var
og helgir með honum ljósenglar.

Hve margt býr í Mamreslundi!

Fyrirbón Abrahams.

(1. Mós. 18.)

Abraham hinn aldni,
öðlingurinn góði,
gekk á veg með guði,
guð þá við hann sagði:
„Illsku-afbrot manna
yfir hegning kalla.
Vegna sinna synda
Sódóma skal falla“.

Abraham þá innti
auðmjúkur við drottin:
„Ætlar þú að afmá
eins þá góðu' og vondu?
Fimmtíu' ef þar fundizt
fást af þínum vinum,
viltu þá ei þyrma
þeirra vegna hinum?“

Góður guð þá sagði:
„Gjöra skal jeg þetta;
gjalda' ei hinir góðu
gjörða hinna vondu.
Fimmtíu' ef jeg fundið
fæ af mínum vinum,
þá skal þeirra vegna
þyrma öllum hinum“.

Abraham þá aptur

innti til við drottin :
 „Eg er duppt og aska
 en þótt við þig tali.
 En ef fimm þar finnast
 færri' af þínum vinum,
 villtu þá ei vægja
 vegna þeirra hinum?“

Góður guð þá sagði:
 „Gjöra skal jeg þetta:
 vægja hinum vondu
 vegna þeirra góðu.
 Finni' eg fjörutíu' og
 fimm af mínum vinum,
 vil jeg þeirra vegna
 vægja öllum hinum“.

Abraham hjelt áfram
 auðmjúkur að biðja,
 áfram niður eptir
 unz hann komst í tíu:
 „Ef þar einir tíu
 eru' af þínum vinum,
 viltu þá ei þyrma
 þeirra vegna hinum?“

Góður guð þá sagði:
 „Gjöra skal jeg þetta,
 er þú enn þá biður;
 eg er miskunnsamur.

Ef þar einir tíu
 eru' af mínum vinum,
 þá skal vegna þeirra
 þyrma öllum hinum“.

En þar fundust ekki
 einu sinni tíu,
 guðs á vegi' er gengju,
 guðs er boði hlýddu.
 Guðleysið og grimmdin
 gagnþók næstum alla.
 Vegna sinna synða
 Sódóma hlaut falla.

Sódóma.

(1. Mós. 19.)

Allt roðaði gulli hin rennandi sól
 og rósgeislum sló yfir dal og hól.

Allt silfraði logandi ljósa fjöld,
 er leiptraði' um dimmblá himintjöld

En skaparans dýrð og dásemd blíð
 var dulin þeim spillta borgarlýð.

Þeir skemmtu sjer meir við svakk og svall
 og svívirðilegt og guðlaust brall.

Þeir drukku og sukkudu dátt og kátt
 þeir döðruðu og blöðruðu hátt og lágt.

Þeir hlóðu og kösuðu synd á synd
í svívirðilegustu' og verstu mynd.

Þeir mönuðu' yfir sig himins heipt,
þeir hrópuðu yfir sig bölvun steypt.

Og þeirra guðlast, óhljóð og org
þá undir dundi' í hárrí borg.

En þegar guðleysið gekk sem hæst
var glötunin vís og hegning næst.

Í djúpinu heyrði dimman gný,
það dunaði borgarveggjum í.

Það titraði' og nötraði hver ein höll,
það hrikti og gnötraði borgin öll.

Og það varð myrkt yfir dapran dal,
og dóu ljósin í hverjum sal.

Þá snerust ópin í eyndarvein
og ógnasköllin í harmakvein.

En yfir þó tók öll önnur hljóð,
er ofan að dundi heiptarglóð.

Það brunaði' af himni bálregnsskúr
og brennisteins-hryðjur skýjum úr.

En niðri' í djúpinu heyrðist hlakk,
með heljarhviðum þá jörðin sprakk.

Með býsnum og undrum borgin sökk,
það birgði og huldi nóttin dökk.

En til hvers er það að herma hjer,
sem hylur nóttin í skauti sjer.

Allt roðaði gulli upprennandi sól
og rósgeislum sló yfir dal og hól.

Um tjaldstyr út þá Abraham leit
og austur yfir þá fögru sveit.

Ó, hversu hryggileg sjón að sjá!
þar svartur reykur of vikrum lá.

Að kveldi var fögur og blómleg byggð,
en blökk var að morgni viðurstyggð.

Að kveldi var glaumur og gleði' í borg,
þar grúfði' að morgni' yfir auðn og sorg.

Svo fer þeim, er stunda fólkskuráð,
og fótum troða guðs boð og náð.

En Lot var góður og guði trúr,
og guð hann háskanum leiddi úr.

Þars Sódóma forðum sökk í kaf,
þar sjá menn nú eitt hið dauða haf.

Þar lifandi skepna engin elst;
hvort enn fyrir borgar syndir gelzt? .

Þótt djúpt og fúlt sje *hið dauða haf*,
það dýrð þó himinsins speglast af.

Hagar og Ísmael.

(1. Mós. 21.)

„Far vel, þú gamli vinur minn!

far vel, þú stranga frú!

Jeg ykkur kveð í síðsta sinn
og sje ei frammar nú.

Og tjöld og lund og land jeg kveð;
minn litli sonur, kom þú með!“

Svo mælti Hagar, móðir ung,
er Mamres- kvaddi -lund,
og bjó sig skjótt í skapi þung
á skilnaðarins stund.

Hún garði varð að ganga frá,
svo gröm var henni Sara þá.

Frá garði hrygg hún ganga rjeð
með grátinn ungan son;
hún Ísmael tók einan með,
sinn augastein og von.

Hún leiddi sveininn sjer við arm
og sefa reyndi þungan harm.

Hann Abrahams var eigið barn,
en útlægur þó var,
og rekinn út á eyðihjarn
án allrar miskunnar.

Hann sinnar móður sár bar gjöld,
það Söru voru ráðin köld.

Og Hagar lengi, lengi gekk

með ljúfling smáan þann,
 og hvergi neina hressing fjekk
 nje hitti nokkurn mann;
 en áfram, áfram halda hlaut
 og hulda mátti kanna braut.

Þau villtust út á eyðimörk,
 og öll þeim lífsvon brást;
 því hvergi lundur, hvergi björk
 og hvergi skýli sást.
 Þar allt í kring var auðn og tóm
 og engin lind að svala góm.

Og miðdags-sólin sárheitt skein
 og sveið og brenndi land.
 Og döggi af himni draup ei nein
 á dauðan brunasand.
 En bitur þorsti barnið skar,
 það bað og grjet, en fjekk ei svar.

Þá lítinn runn hún loksins sá
 og lagði sveininn þar,
 og lagðist niður langt þar frá,
 er leiti fyrir þar.
 Hún gat ei sjeð hann gefa' upp önd,
 en guði fól sitt barn á hönd.

Hún sat þar lengi, bað og bað,
 en barnið grjet sig þreytt,
 og sárast hana særði það;
 um sig hún fjekkst ei neitt.

Þar móðir felldi móðug tár
og mæddu hjartað blóðug sár.

Í gegnum tárin glöggt hún sá
sig gullin ský í kring.

Var hylling fögur það ei þá?
var það ei sjónhverfing?

Nei, engill guðs það góður var
í geisladýrð er birtist þar.

Í gegnum barnsins klið og kvein
hún kenndi sætan óm.

Var þetta blekking þá ei nein?
var það ei hugsun tóm?

Nei, engils raust það inndæl var,
er ofan kom með himneskt svar:

„Svo voru barns þíns hljóðin há,
að himins náðu' í rann;
en bænin þínu brjósti frá
þó betur heyrast vann;
Það svo til hjarta guði gekk,
að grátbæn þá ei staðizt fjekk.“

Og sjá af tára tærri veig
þar tær spratt lind upp skjótt.
Þar sveinn fjekk ljúfan svalateyg
og sárþyrst móðir gnótt.

Og bæði hresstust, barn og snót,
og brostu himni glöð á mót.

Og svo var tára döggin dýr

af dyggrar móður brá,
 að aldinreitur allt varð nýr,
 er auðn var fyr að sjá.
 Þar ílentust þau Ísmael,
 og upp frá þessu gekk þeim vel.

Sonarfórnin.

(1. Mós. 22.)

Í mætum Mamreslundi
 mið var nótt.
 Þar flest var bundið blundi
 blítt og rótt.
 Á háum himni skein
 ljósafjöldinn,
 ljós í tjöldin
 lýsti mánans silfur-rein.

Þar lá í ljósu tjaldi
 litill sveinn;
 þar sveiptur silfurfaldi
 svaf hann einn.
 Það ungur Ísak var,
 rjóður, friður,
 bjartur, blíður
 brosti hýrt í svefni þar.

Hve opt og einatt sefur
 unglíngur,
 er ellin örmædd hefur
 andvökur!

Hans faðir vaka vann.
 Silfurhárin,
 hundrað árin
 höfðu' ei beygt hinn gamla mann.

Hann sat hjá sonarbeiði
 silfurgrár.
 Af hýrum hvarm af gleði
 hrukku tár.
 Á sveininn horfði' hann hljótt,
 yndi, kæti,
 eptirlæti;
 ei hann sofið gat þá nótt.

Hann lófa sinn á lagði
 litla kinn,
 og svo í hljóði sagði:
 „Sonur minn!
 Guð hefur heitið mjer,
 að jeg njóti,
 að jeg hljóti
 alla heill og sæmd af þjer.“

Þá heyrðist hvellur rómur
 himni frá;
 og strangur drottins dómur
 dundi þá:
 „Gjör sem jeg segi þjer:
 sveini fríðum,
 syni blíðum
 sjálfur skaltu fórna mjer.“

Þá Abraham varð hljóður,
 hjartað brann;
 í þrautum þolinmóður
 þagði hann.
 Hann yfir sveini sat,
 horfði' á soninn,
 svo fór vonin;
 sízt í því hann skilið gat.

Hann vissi af sjer eigi
 alla nótt.
 En loksins leið að degi
 ljúft og rótt.
 Í austri roði rann;
 unaðsfagur
 dýrðardagur
 drifhvít tjöldin gylla vann.

Þá upplauk sveinninn augum
 ofurblítt;
 und ljósum brúnabaugum
 bros var blýtt.
 Við föður sagði' hann sinn:
 „Sjáðu, faðir!
 geislar glaðir
 gægjast inn á koddann minn.“

„Í grasi' á grænu engi
 gaman er
 við ljetta, litla drengi
 leika sjer.

Á fætur fljótt jeg vil.
Daggir ljóma,
heyri' eg hljóma,
hlakka jeg nú dagsins til“.

Þá mælti faðir mæddur:
„Mein er á.
Er þú ert kyrtli klæddur,
komdu þá.
Í ferð jeg fara þarf;
jeg þarf langa
leið að ganga,
líka hafa nokkurt starf.“

„Jeg fórn þarf fram að bera
fjalli á;
þú við skalt líka vera
vígslu þá.
Jeg sjálfur, barn mitt, ber
eld með lífi,
held á hnífi,
hef jeg viðinn ætlað þjer.“

Þá hoppaði' hátt af kæti
hann við það;
og fimur mjög á fæti
fór á stað;
við föður sagði sinn:
„Gaman, gaman,
göngum saman,
gott er veðrið, faðir minn!“

„Að koma' á fjallið fríða
 fýsir mig,
 og hátt of veröld víða
 vita sig.
 Þar útsjón vist er á.
 Mig hefur þangað
 lengi langað,
 landið hinum megin sjá.“ —

Þeir gengu lengi, lengi,
 loks unz sá
 á bak við blómsturengi
 björgin há.
 Þeir fóru fjalls á tind.
 Hnífur blikar,
 blossom kvikar,
 blaktir ljós í svölum vind.

Á háu, helgu fjalli
 himni mót
 var hátt á hamrastalli
 hafið blót.
 Þar kveykt í viðnum var.
 Heyrðist braka,
 bresta, spraka;
 barni mjög það skemmti þar.

Til himins logann lagði
 ljósgullinn.
 „Hvar er þá“, sveinninn sagði,
 „sauðurinn,

á fjalli' er fórna á?“
 Drengnum svarað
 dýrum var, að
 drottinn mundi fyrir sjá.

Á blótstall barnið ljet hann, —
 bálið skein; —
 á guð til hjálpar hjet hann,
 hóf upp flein.
 Á barnið miðar mund.
 Sveðjan blikar,
 blossom kvikar;
 blæddi föður hjartans und.

En á hann augum stórum
 Ísak leit.
 Hvað föðurinn þá fór um,
 fær það veit.
 Á hann kom nokkuð hik.
 Bálið sindrar,
 blossom tindrar,
 bjarminn hindrar — augnablik.

Þá heyrðist fagur hljómur
 himni frá.
 Sem dögg fjell mildur dómur
 drottins þá :
 „Þinn sliðra hvassa hjör!
 Hlýðni þína
 þú vannst sýna;
 þíns skal sonar spara fjör.“

„Hann lífs skal lengi njóta
 ljúft og rótt;
 og heimsins þjóðir hljóta
 heilla gnótt
 af ætt hins unga manns.
 Háam á boga
 ljósin loga;
 lít, svo stór mun ættin hans“.

Þá fellur hjör úr hendi,
 hjaðnar bál.
 En upp hinn aldni sendi
 eldheitt mál.
 Hann faðmar soninn sinn.
 Báðir glaðir
 barn og faðir
 bezta lofa föðurinn.

Þar var á fjalli fríðu
 fagurt þá.
 Um veröldina víðu
 víða sá.
 Hve bjart var heims um hring.
 Undir blóminn,
 yfir ljóminn;
 alstaðar var dýrð í kring.

Heim Ísak fór nú feginn
 föður með;
 og hvað var hinum megin
 hafði hann sjæð.

Af tignar-tindi' hann sá
 himins ljóma,
 helga dóma
 heyrði róma drottni frá.

Rebekka við brunninn.

(1. Mós. 24.)

Komið var að kveldi dags,
 kyrrt og hlýtt var loptið friða;
 skein á öllu aptanblíða;
 sízt var langt til sólarlags.
 Enn þá lýsti hrein og hlý
 himinfögur aptansunna,
 geislum sló á gullna brunna
 Mesópotamíu í.

Þetta sama kyrra kvöld
 kom þar ferðamaður þreyttur,
 langt að kominn, lúinn, sveittur;
 þar hann reisti því sín tjöld.
 Úlföldum hann áði þar
 utanborgar rjett hjá Karan;
 þjakaður og þyrstur var hann
 og hans tíu úlfaldar.

Eleasar áði þar,
 Abrahams hann þjónn var dyggur,
 lengi reyndur, trúr og tryggur,
 af hans þjónum öllum þar;

hniginn mjög á efri ár,
 ern og hraustur karl þó var hann;
 elli sína allvel bar hann,
 og með sóma silfurhár.

Hann var sendur Hebron frá,
 handa Ísak velja brúði;
 honum bezt hans herra trúði,
 vandaför að fara þá.
 Þangað kominn þá hann var,
 því á meðal Tara niðja
 helzt hann átti brúðar biðja,
 Abrahams af ættkvísl þar.

Mælti hann við sjálfan sig:
 „Sjá, nú stend jeg hjer við brunninn.
 Enn er sólin ekki runnin,
 geislar hennar gleðja mig.
 Eins og þessa aptanstund
 unaðsfagrir geislar skína,
 láttu, guð minn, geisla þína
 gleðja þinna þjóna lund.“

„Bráðum koma brunna til
 bæjarmanna fagrar dætur,
 heiðarlegar heimasætur;
 eina segja við jeg vil:
 „Gef að drekka, góða mær,
 gömlum þreyttum ferðamanni“.
 Og ef aptur svarar svanni,
 eins og lindin ljúf og tær:“

„„Preyttur ertu, það jeg skil,
 þú mátt drekka sem þig lystir;
 úlfaldarnir eru þyrstir,
 þeim jeg líka vatna vil“.
 Ó, minn drottinn, sje það sú,
 sem að geðjast herra mínum,
 og þú ætlar þjóni þínum.
 Bænheyr mig og blessa nú!“

Meðan hann það mæla var
 mey hann koma sá þar fríða,
 upplitsdjarfa, bjarta, blíða.
 Skjólu hún í hendi bar.
 Rebekka hjet svanni sá,
 sú var dóttir Tara niðja.
 Meyjar vildi' hann mega biðja;
 samt hann að eins sagði þá:

„Gef að drekka, góða mæ, r,
 gömlum, þreyttum ferðamanni.“
 Og þá aptur svarar svanni,
 eins og lindin ljúf og tær:
 „Preyttur ertu, það jeg skil;
 þú mátt drekka sem þig lystir;
 úlfaldarnir eru þyrstir,
 þeim jeg líka vatna vil.“

Og er svalað öllum var,
 armbönd tvö og hring einn dýran,
 menjagrip úr gulli skíran,
 góðu meynni gaf hann þar.

Mærin heim til húsa rann,
 honum fyrst um ætt þó sagði.
 Gamli þjónninn gott til lagði;
 ljúfan guð hann lofa vann.

Og þeir buðu honum heim
 hennar frændur allir saman.
 Þá var gleði, þá var gaman,
 honum tekið höndum tveim.
 Blíða dóttur Betúels
 brúði Ísaks ljúfa fjekk hann;
 heim með sæmd og sigri gekk hann,
 ættmóður með Ísraels.

Blessanir Ísaks.

(1. Mós. 27.)

Það var hann Ísak Abramsson,
 hann átti merkiskonu,
 og jafnframt, eins og var til von,
 mjög vaska' og röska sonu.
 Og Esaú' nafn hinn eldri bar,
 hinn yngri Jakob nefndur var.
 Það var hann Ísak Abramsson,
 hann átti röska sonu.

Þeim eldra faðir unni meir,
 en yngra syni móðir,
 en báðum þóttu bræður þeir
 þó báðir vera góðir.

Þá var hinn eldri veiðum á,
þá var hinn yngri tjöldum hjá.
Þeim eldra faðir unni meir,
en yngri drengnum móðir.

Það var hann Ísak Abramsson,
að aldri var hann hniginn;
á augun gömlu, eptir von,
var ellimóða sigin.

Í myrkri þar hann sífellt sat
og sjeð ei lengur vini gat.
Þá var hann Ísak Abramsson
að aldri mjög svo hniginn.

Hann vildi blessa Esaú,
og eitt sinn við hann sagði:
„Jeg vil, minn son, að veiðir þú
mjer villidýr að bragði;
og góðan verð þú matreið mjer,
að megi' eg blessun veita þjer.“
Hann vildi bléssa Esaú,
og af því slíkt hann sagði.

En Rebekka var ráðkæn þá
og reyna láta vildi
með brögðum Jakob blessun ná,
er bróður veita skyldi;
og síðan mælti: „Son minn, þú
skalt segjast vera Esaú.“
Hún Rebekka var ráðug þá
og reyna brögð hún vildi.

Það var hann Esaú' Ísaksson,
 hann allur mjög var loðinn;
 en Jakob, eins og var til von,
 hann var sem aðrir snoðinn.
 Þá minnti Jakob móður á,
 að mundi hinn gamli kenna þá.
 Það var hann Esaú' Ísaksson,
 hann allur var svo loðinn.

En Rebekka var ráðug nóg
 og ráð hún Jakob kenndi,
 og undir eins hún út á skóg
 hann eptir kiðjum sendi.
 Sem væri komin veiðin heim
 hún væna máltíð bjó úr þeim.
 Hún Rebekka var ráðug nóg,
 og ráðin syni kenndi.

Hún Rebekka var kona kæn,
 hún klæðnað tók hans bróður,
 og færði hann í fötin væn,
 er fannst af ilmur góður;
 og loðskinn háls og hönd ljet á,
 svo hann ei þekktist bróður frá.
 Hún Rebekka var kona kæn,
 hún kunni' að skipta' um bróður.

Svo gekk hann fyrir föður sinn,
 að fá hann sig að blessa:
 „Minn faðir, son þinn frumgetinn
 þjer færir máltíð þessa.

Mjer veiðin gekk í greipar skjótt,
því gat jeg komið heim svo fljótt.“
Svo Jakob fór með föður sinn,
að fá hann sig að blessa.

„Jeg þykist Jakobs þekkja raust,
en það eru Esaú' hendur.
Og það er Esaú' efalaust,
en á því hvernig stendur,
það veit jeg ekki“, Ísak kvað
og efaðist ei meir um það.
Hann þóttist Jakobs þekkja raust,
en það voru' Esaú' hendur.

Og Ísak blíður blessaði' hann
og bur hann kyssti mætan,
og af hans klæðum ilm hann fann
svo yndislega sætan.

„Þjer kemur, son minn, ilmur af
sem akri þeim, er drottinn gaf.“
Og Ísak blíður blessaði' hann
og þurinn kyssti mætan.

„Þjer drjúpi himins döggin frjó
og drottinn guð þjer veiti
af korni' og víni næsta nóg
og nægð af jarðar feiti.
Og allir lýðir þjóni þjer
og þjóðir allar lúti þjer.
Þjer drjúpi himins döggin frjó,
þjer drottinn blessun veiti.“

En Esaú kom einmitt þá
 er út var Jakob genginn,
 með vistir dýrar veiðum frá
 og vissi' um samtök engin.
 „Nú góðan málsverð gef jeg þjer,
 en gef þú blessun aptur mjer.“
 Svo Esaú mælti einmitt þá
 er út var Jakob genginn.

Þá ákaflega Ísak brá,
 en á sem minnst ljét bera.
 „Hjer einhver kom, -- hver það var þá? —
 og þóttist Esaú' vera.
 Jeg búinn er að blessa hann,
 þá blessun aptur taka' ei kann.“
 Já, ákaflega Ísak brá;
 hann ærið hafði' að bera.

Það var hann Esaú' Ísaksson,
 hann illa þóttist sleginn.
 Hann reiddist mjög, sem var til von,
 er var á talar dreginn.
 Hann æpti hátt upp yfir sig:
 „Æ einnig, faðir, blessa mig.“
 Já, þá var Esaú' Ísaksson
 mjög illa' á talar dreginn.

Þá mælti Ísak enn á ný:
 „Þú ert minn sonur kæri;
 en hvernig gat jeg gjört að því
 þótt gabbaður jeg væri.

Þinn bróðir kom með bragðaráð
 og blessun þinni hefur náð.“
 Svo mælti Ísak enn á ný
 þótt illa leikinn væri.

Þá setti grát að Esaú,
 er öll í skjól var fokið:
 „Er engin blessun eptir nú?
 er allri blessun lokið?
 er blessun þín ei utan ein,
 og ekki frammar miskunn nein?“
 Það setti grát að Esaú,
 því öll í skjól var fokið.

Þá Ísak mælti', og hóf upp hönd:
 „Þú hljótir nægð af gæðum.
 Þín frjónvgist jafnan fögur lönd
 og fáir dög af hæðum.
 Af sverði lifa æ þú átt,
 þú öðrum bræðrum þjóna mátt.“
 Svo Ísak mælti', er hóf upp hönd,
 og hjet þá mörgum gæðum.

Þótt blessun fengi Esaú
 hann ærið mjög var gramur;
 á hlýra lagði' hann hatur nú,
 ei hann var miskunnsamur.
 Hann vildi bróður veita grand,
 svo varð hann skjótt að flýja land.
 Þótt blessun hlyti Esaú
 hann æ var bróður gramur.

En einn er sá, sem elzt ei fær,
 og ellin neitt ei hnekkir;
 hans aldrei daprast augun skær,
 hann enginn maður blekkir.
 Hann blessun meiri' en cina á,
 hans ótalföld er blessun há.
 Það guð er einn, sem elzt ei fær
 og alla hluti þekkir.

Himnastiginn.

(1. Mós. 28.)

Af blávegum himinsins röðullinn rann,
 svo rjóður og fagur,
 í aldanna skaut, og svo skjótt eptir hann
 hinn skínandi dagur.

Á ljómandi hvelfing, sem logaði öll
 steig ljósanna fjöldi.
 Þar herskarar stjarna sjer hösluðu völl
 á heiðriku kvöldi.

Hve fögur var nóttin, svo broshýr og blíð,
 er blástjarnan ljómar.
 Í flóttamanns hjarta var harmur og stríð
 og hugraunir tómar.

Á flóttu var Jakob þá friðsælu nótt
 úr föður síns ranni;
 af forlögum hörðum hann eltur var ótt
 í útleð og banni.

Hann syfjaður, þreyttur og vegmóður var
af veginum langa,
og lagðist á stórgrýtta storðina þar,
með stein undir vanga.

Og bládimma nóttin út breiddi sinn fald
á brimhvítan steininn;
og himininn ljómandi hvelfdist sem tjald
um hugmóða sveininn.

Og stjörnurnar brostu svo blítt og svo dátt
úr blásölum niður;
og ljósanna fjöldinn á himninum hátt
þá hló honum viður.

Hann starði' út í geiminn og svífandi sá
þá sólbjörtu heima.
Þá rann honum hljóðlega blundur á brá,
hann brátt tók að dreyma. —

Hin ljómandi vetrarbraut stigi varð stór,
er stóð þar á láði,
og hátt upp í skínandi himnanna kór
af hauðrinu náði.

Hver einasta stjarna þá engils fjekk mynd
með ásjónum skærum.
Þeir gullvængi böðuðu lopthafs í lind
í ljósöldum tærum.

Þá opnaðist ljómandi himnanna höll
í hátignarveldi;

það var sem hún ljómaði og leiptraði öll
af logandi eldi.

Og ofan gekk stigann guðs englanna lið
í ilmandi dalinn;
og steig þar upp aptur um himnanna hlið
í hátignar-salinn.

Og uppi' yfir stiganum stóð eins og sól,
er stafar í ljóma,
hinn eilífi sjálfur á alveldis-stól
í allsherjar blóma.

Og himneskar raddir og unaðaróm
að cyrum hans lagði;
en skírast hann heyrði guðs hátignar-róm,
er hátt við hann sagði:

„Jeg guð þinna feðra, jeg gef þjer það land,
þars glaður þú sefur;
og afkvæmi þitt gjöri' eg svo margt sem sand,
er sjórin um vefur.“

„Og gjörvallar þjóðir um haundur og haf
þín hjer skulu njóta;
og mannkynið glataða ætt þinni af
skal allt blessun hljóta.“

„Og sjá, jeg er með þjer og varðveita vil
þig vegferð á þinni;
og heim aptur flyt jeg þig föðurlands til
með föðurhönd minni.“ —

Og Jakob þá mælti', er það vaknaði við af værustum blundi:

„Hjer sannlega' er guðs-hús og himinsins hlið,
það hyggja' eg ei mundi.“

Og steininn ljet hann, sem und höfðinu var þar háreistan standa sem altari' í göfugu guðs-húsi þar og guði til handa.

Og ljós var þar kveykt, því við lopthringsins rönd, þá ljómaði dagur, og röðullinn skein yfir lög, yfir lönd svo ljúfur og fagur.

Glíman.

(1. Mós. 32.)

Um miðnæturskeið eina myrka, dapra nótt var maður einn á ferð í austurlöndum. Af göngum og hita var honum orðið mótt og hvíldarstað hann tók á köldum söndum. Í annað sinn Jakob á flóttu þar fór, og fyrir hann bar mynd eiu svo undarleg og stór. — En tunglið óð í skuggalegum skýjum.

Hver þar er á ferli um myrkva miðja nótt, er máninn horfinn er að skýja baki, og fetar þar áfram svo undarlega hljótt með annarlegu, ljettu fótataki? Þann kynlega svipinn nær og nær þar bar,

unz nam hann loksins staðar þars Jakob fyrir var.
— En tunglið óð í skuggalegum skýjum.

Við komu hins ókennda ærið Jakob brá;
en eigi var að spyrja hjer að sökum:
Hinn kynlegi gestur þar óður rjedst hann á,
og ógurlega þreif hann sterkum tókum;
en hinn, sem var fyrir, og tókum hann tók,
og til og frá hvor annan um þveran völlinn skók.
— En tunglið óð í skuggalegum skýjum.

Svo glíndu þeir lengi, á milli mátti' ei sjá,
hvor mundi bera sigur þeim af fundi;
með sviptingum hörðum þeir hröktust til og frá,
svo hauðrið skalf og grundin undir dundi.
Svo fram undir dögum þeir fangbrögð reyndu þar,
unz farið loks að draga þá af komumanni var.
— En tunglið óð í skuggalegum skýjum.

Það dagaði' í austri, þá löng var liðin nótt,
þá loks bað gestur: „Slepptu mjer, því dagar.“
„Jeg sleppi þjer ekki“, kvað Jakob aptur ótt,
„fyr en þú hefur blessað mig sem hagar.“
Þá brá hann upp hendinni' og blessaði hann;
þá báðir slepptu tókum; en sólin skær upp rann,
og brauzt þar fram úr skuggalegum skýjum.

Þeir hvor annan spurðu að heiti loksins þá;
ei heiti sínu Jakob yfir þagði.
„Þú heita skalt Ísrael ætið hjedan frá,“
hinn ókunnugi maður við hann sagði,

„Því heyr þú: við guð þinn þú glímt hefur nú,
og guð þú hefur sigrað, svo mikill kappi' ert þú.“
Svo mælti hann og hvarf í gullnum skýjum.

Bræðrafundurinn.

(1. Móss. 32. 33.)

Enn var Jakob á ferð;
hvaða fjarskaleg mergð
honum fylgir af margskonar auði?
Frjetti bróðir hans það,
og því uggði sjer að.
Það var Esaú, nefndur hinn rauði.

Eina vor-morgunstund
sat hann ljósum í lund
og hans lið þar í grasinu hvildi.
Bjóst hann Jakobi við,
hafði búið sitt lið,
það í blómrinni þjettum sjer skýldi.

Þarna Jakobs hann beið,
fyrir komu hans kveið, —
ei þeir kvaðst höfðu' í vinsemi góðri; —
starði þjóðveginn á, —
undir sól var að sjá, —
unz hann sá eitthvað fram koma úr rjóðri.

Þar kom geitahjörð stór,
mikill flokkur þar fór.

„Hver á fjölda þann allan af geitum?“
 „Það er Jakobi frá,
 nú það Esaú á;
 það er Esaú, nú sem vjer leitum.“

Þá kom sauðahjörð stór,
 mikill flokkur þar fór.
 „Hver á fjölda þann allan af sauðum?“
 „Það er Jakobi frá,
 nú það Esaú á,
 það er ánafnað bróður hans rauðum.“

Þá kom nautahjörð stór,
 mikill flokkur þar fór.
 „Hver á fjölda þann allan af nautum?“
 „Það er Jakobi frá,
 nú það Esaú á,
 og vjer eigum hans von hjer á brautum.“

Þar varð alþakin jörð,
 þar kom hjörð eptir hjörð.
 „Er á hópum þeim nokkur ei endi?“
 „Allt er Jakobi frá,
 allt það Esaú á,
 það er allt saman gjöf, er hann sendi.“

Þá kom mannfjöldi stór,
 mikill flokkur þar fór.
 „Hvaða fjöldi þar brautina ríður?“
 Eins og gull er að sjá
 þegar sólin skín á;
 það er sjálegur hópur og fríður.

Mörg þar börn eru á ferð;
 hvaða fjarskaleg mergð!
 „Hver á fjölda þann allan af sonum?“
 „Alla Jakob á þá.
 Slíkt ei Esaú á;
 slíkur auður ei sendur var honum.“

Undan lestinni hjer
 göfgur foringi fer.
 „Er það faðirinn þessara barna?“
 „Þeirra faðir hann er,
 sama svipinn hann ber;
 Jakob sjálfur hann kemur nú þarna.“

Þekkjast bræðurnir fljótt,
 og þeir búa sig skjótt
 eins og bræður og vinir að finnast.
 Býsna langt síðan er
 að þeir ljeku sjer hjer,
 og á leikina fornu þeir minnast.

Báðir hvetja þeir gang,
 og þeir fallast í fang
 og þar faðmast með vinhlýju geði.
 Fyr þeir skildu með styggð
 og með harmi og hryggð,
 en nú hittast þeir aptur með gleði.

Þá var fagnaðarstund
 er þann fagnaðarfund
 aptur fengu nú bræðurnir hlotið.

Allt hið illa var gleymt,
allt hið góða var geymt,
og nú gátu þeir aptur þess notið.

Fagra vor-morgunstund
var þar leikið í lund
og í loptinu fuglarnir sungu.
Bæði karlar og fljóð
hófu lofgjörðar-ljóð,
og þar ljeku sjer börnin hin ungu.

Draumar Jósefs.

(1. Mós. 37.)

Hann Jósef hinn ungi á sænginni svaf;
— þar sól inn um gluggana streymir.
Hann svefninum vaknar þó enn þá ei af,
hann eitthvað víst merkilegt dreymir.

Hvað dreymir hinn sofandi dreng?

Hann blundar svo rótt og hann brosir svo þýtt;
— þar blikandi sól skín á kinnum.
Hann dreymir víst eitthvað svo bjart og svo blítt,
hann brosir svo mörgum sinnum.

Hvað dreymir hinn brosandi dreng?

Hann dreymir um skrúðengin gul bæði' og græn,
er glitra með allskonar blóma;
hann dreymir um blómin svo björt og svo væn,
er blika mót röðulsins ljóma.

Það dreymir hið brosandi barn.

Hann dreymir um fuglana', er kvaka svo kátt
 á kvistum í blómguðum lundum;
 hann dreymir um lömbin, er leika sjer dátt
 svo lífuð á rennsljettum grundum.

Það dreymir hið brosandí barn.

Hann dreymir um brosleita barnanna sveit,
 er bjart þar um glóengið dansa,
 og tína sjer blómstur í blómguðum reit
 og binda sjer ljómandi kransa.

Það dreymir hið brosandí barn.

Af bræðrum hans öllum hver bindur sinn krans
 á blómlegum, skróðgrænum völlum;
 þeir beygja sig þar fyrir blómhringnum hans,
 er ber þar af krönsunum öllum.

Það dreymir hið brosandí barn.

En draumurinn breyttist: og grundin svo græn
 með glitrandi, blikandi rósum,
 varð ljómandi hvelfing svo há og svo væn,
 með himneskum skínandi ljósum.

Það dreymir hið brosandí barn.

Það var eigi morgun, það var eigi kvöld,
 það var eigi nótt eða dagur;
 þó hvelfdust þar uppi' yfir heiðbláma tjöld
 og himininn ljómaði fagur.

Það dreymir hið brosandí barn.

Og sólin og tunglið og stjörnurnar stillt
 þar stöfuðu geislum í einu;

þar blikuðu ljósin svo blítt og svo milt
á bláhvolfi loptgeimsins hreinu.

Það dreymir hið brosandí barn.

Og sólin og tunglið sig tóku þar frá
með tindrandi ellefu stjörnum,
og öll sig þar flokkuðu feldinum á
sem faðir og móðir með börnum.

Það dreymir hið brosandí barn.

Og hópur sá allur á himnanna braut
sig hneigði með föður og móður,
og sveininum unga með lotningu laut,
er lá þar á koddanum rjóður.

Það dreymir hið brosandí barn.

Og Jósef hinn ungi þá blundinum brá,
— þar blikaði sólin á vanga; —
hann föður og móður og systkini sá
hjá sjer þar um herbergið ganga.

Þá dreymir ei brosandí barn.

Og bræðrunum sínum þá birti hann það,
er bar hann þar fyrir í svefni.
Þeir kölluðu' hann ærðan og kýmdu því að,
og kváðu' hann ei höfðingja-efni.

„Hvað dreymir hinn stórhuga dreng?“

En drengurinn gladdist við draumana þá,
þeim draumum ei faðir hans gleymdi;
hann skildi þá allvel, þótt orð hefði fá,

og allt sjer í hjartanu geymdi,
er dreymdi hinn forvitra dreng.

Mansalið.

(1. Mós. 37.)

Bræður Jósefs gátu' ei gleymt
góðan svein hvað hafði dreymt;
það var fast í geði geymt
grömum Jakobs sonum; —
öfunduðu einnig hann
af því kyrtíl mislitan,
allan gulli glitaðan
gaf hans faðir honum.

Einu sinni að svo bar,
er að fje þeir sátu þar,
að þeir sáu á lengdar
eitthvað fagurt skína.
Kyrtill Jósefs það var þá,
þar er gljáði sólin á;
sýndist þeim og sólin há
sjálfan drenginn krýna.

Sögðu þeir er sáu það:
„Sjálfsagt rekur draum hans að;
ei má það sjer eiga stað,
að vjer lútum honum.
Draumamanninn drepum vjer,
drambsamur er kemur hjer;

hans um vald þá úti er
yfir Jakobs sonum.“

Rúben við þá ræða vann :
„Ráð jeg annað betra kann.
Ei vjer skulum höggva hann,
hann er þó vor bróðir.
Áðan sá jeg eina gjá
ofan' í þá hann láta má;
blóð oss þá ei bitnar á,
bræður mínir góðir.“

Rúben kænsku-ráð það fann, —
reyna þetta vildi hann, —
ætlaði sjer aptur þann
upp að taka drenginn.
Ráð þeir fjellust Rúbens á,
rjeðust þeir á Jósef þá,
hrundu dreng í dimma gjá; —
dugði bæn þá engin.

Eptir þetta að svo bar,
er þeir neyttu dagverðar,
að þeir sáu á lengdar
eitthvað fagurt skína.
Kaupmenn voru þetta þá,
þeirra föng skein sólin á,
er þeir landi fluttu frá
fagra vöru sína.

Þá er Júda þetta sá,

þá hann minntist Jósef á;
 hann við bræður hermdi þá:
 „Heyrið, bræður góðir!
 Seljum heldur sveininn þann,
 sá ei beint til dauða vann;
 leggjum eigi hönd á hann,
 hann er þó vor bróðir.“

Hinum fannst það heillaráð,
 honum upp úr fengu náð,
 seldu grimmir sína bráð,
 sýndist þetta mildi.
 Hvernig sem hann bað og bað,
 bræður hans ei skeyttu' um það,
 ráku hann með hörðu' af stað; —
 hann svo við þá skildi.

Kyrtil gulli glitaðan
 gjörðu þeir svo blóðugan,
 sýndu föður sínum hann,
 sögðust fundið hafa.
 Sáran grjet hann góðan svein,
 gleði sína og augastein;
 honum unnið hafa mein
 hugði dýr án vafa.

Jósef fór til fjarlægs lands,
 farið þó ei lán var hans,
 og hann komst þar mjög til manns
 miklu frammar vonum.

Föður hrakinn frá hann var,
 föður síns þó gæfu bar,
 föður dýr fjekk drengur þar:
 Drottinn var með honum.

Fjekk hjá nýjum föður hann
 fyrir kyrtil blóðugan,
 fagran skróða fágaðan
 fjarrum heims í álfum. —
 Þannig fjekk og frelsarinn
 fyrir blóðgan kyrtil sinn,
 dýrðarskróða', er skaparinn
 skóp á himni sjálfum.

Draumar Faraós.

(1. Mós. 41.)

Egyptalands svinnur sjóli
 sat á gullnum konungsstóli.
 Heitt var mjög er sól í salinn
 sendi geisla' um miðdags stund.
 Tók á konung svefn að síga,
 silfursprotann ljet hann hníga,
 hallaðist að hægindinu,
 höfði drap og festi blund.

Egyptalands svinnur sjóli
 svaf á gullnum konungsstóli,
 stundum kýmdu, stundum brosti,
 stundum upp úr skellibló.

Er hann lætur svo í svefni
sýnist það fyrir' miklu efni;
það er eitthvað um að vera,
eitthvað dreymir Faraó.

Egyptalands svinnur sjóli
svefni brá á konungsstóli.
„Undarlegan draum mig dreymdi;
drauminn þýðið,“ mælti hann.
En þótt leitað væri víða
var ei drauminn unnt að þýða;
Egyptalands æðsta speki
eigi hrökk við drauminn þann.

Einn af konungs mönnum minntist
manns þá eins, er fyr hann kynntist:
„Maður er í myrkvastofu,
margan draum, er ráða kann.“
Brátt ljet sjóli sækja fanga,
sá nam fyrir konung ganga.
Það var Jósef Jakobs sonur.
Jöfur mælti þá við hann:

„Dreymdi mig, jeg glaður gengi
grænt og frjótt um Nilar-engi;
horfði' eg út í yðustrauminn
undarlega sýn þar leit:
Sjö þar komu kýr upp feitar,
kyrfilegar, ósmáleitar;
á þær stirndi allar saman;
upp á land þær gengu' á beit.“

„Gekk jeg áfram, gekk jeg lengi
grænt og frítt um Nílar-engi;
horfði' eg út í yðustrauminn;
undrasýn þá birtist ljót:
Sjö þar komu kýr ófagrar,
krangalegar, býsna magrar;
feitu kýrnar upp þær átu,
eigi bröggudust þó hót.“

„Gekk jeg enn þá lengi, lengi, —
ljómaði sól um Nílar-engi. —
Öx þar sjö jeg upp sá spretta
undrafrið og þrýstileg.
Önnur sjö þar uxu mögur,
öxin hin þau svelgdu fögur,
þroskudust ei þó að heldur. —
Þá af blundi vaknaði' eg.“

Jósef kvað: „Jeg það mun þýða
þetta' er fyrirboði tíða:
Feitu kýrnar, feitu öxin
frjóva munu boða tíð.
Mögru kýrnar mjóu' og svöngu,
mögru öxin, grönnu og löngu
óár jafnmörg eiga' að boða,
yfir senn er dynja lýð.“

„Sældarárin sjö fyrst ljóma
sjöfaldri með nægt og blóma;
lúndar, garðar, akrar, engi
ávöxt bera sjöfaldan.

Eptir' á koma árin hörðu,
 ekki neitt þá grær á jörðu.
 Búrin sneyðast, ekrur eyðast,
 alstaðar mun nægtabann.“

Bezt er ráð í tíma' að taka,
 tíminn býður oss að vaka.
 Meðan góðu árin eru
 ættu menn að sjer að gá.
 Ef menn læra ei að spara
 árin góðu meðan vara,
 sult þeir mega seinna reyna,
 sú mun verða raunin á.“

Faraó' Jósefs fór að ráði,
 fólki sínu þegar tjáði:
 „Nú sem mestu safnið saman
 seinni til að geyma tíð.
 Þörf er mann jeg færan fáí,
 fyrir mig er um það sjái;
 Jósef, guðs er í býr andi,
 yfir set jeg þennan lýð.“

Og hann dró sjer hring af hendi,
 honum upp á mund hans rendi;
 gullmen dýrt um hálsinn hengdi,
 hann í færði klæði góð;
 ljet hann bera borg um alla
 þezta vagninn sinn, en kalla:

„Þessi ræður lýð og landi, —
lút þú honum, öll mín þjóð!“

Jósef og bræður hans.

(1. Mós. 42.—46.)

Í Kanaanslandi ei korn var að fá,
það kom til af árferði hörðu;
á ökrunum brást mönnum uppskera þá
og enginn kom gróður úr jörðu.
Í landinu tæmd voru forðabúr flest,
og fyrir þann langvinna uppskerubrest
var uppgengið allt fyrir löngu.
Þótt væri hjá höfðingjum hirzla hver full
með hreinasta silfur og skíraasta gull,
það gat ekki satt hina svöngu.

Í Egyptalandi var auðlegðin næg
af allskonar kornföngum góðum,
og þangað á úlföldum sóttu menn sæg
af sekkjum frá erlendum þjóðum;
því forsjálir menn höfðu safnað í sjóð
og sólundað ei meðan ár voru góð; —
það mörgum að liði varð löngum. —
Hjá nágrannaþjóðum var allt saman eytt,
en Egypta forsjála brast ekki neitt
af allskonar ágætum föngum.

Frá Ísraelslandi til Egyptalands
menn allmargar kornlestir sóttu.

Um síðir þraut Jakob og synina hans,
 er sveitamenn gildastir þóttu.
 Þá lögðu þeir tíu með lestina' af stað,
 því langt var í kaupstað, en mikið sótt að;
 hinn yngsti varð einn eptir heima,
 því ei mátti faðir hans af honum sjá,
 og eigi var Jakob, þótt langt væri frá,
 þá bróður hans búinn að gleyma.

Til Egyptalands kom sú úlfaldalest;
 þeir innfyrrir dróttsetann gengu;
 með kurteisum orðum hann kvöddu þeir bezt,
 hann konungi síðri var engu.
 Sá stórherra skínandi skrautklæði bar,
 en skarlati tjaldaður salurinn var; —
 þeir óvanir undrast það hlutu. —
 En fegursta skartið var ásýnd hans á,
 því ennið var sviphreint og sköruleg brá.
 Og honum með lotning þeir lutu.

Þá viknaði Jósef, því Jósef það var,
 og jafnskjótt hann gestina þekkti;
 en bræðurna ljét hann ei þekkja sig þar,
 og þá, til að reyna, hann blekkti.
 Til draumanna fornu þá hugsaði hann,
 er honum þeir lutu, það mjög á hann fann,
 en á því hann ei ljét þó berá.
 Um launsát og hrekkvísi bræðrum hann brá
 og byrstur í máli hann átaldi þá,
 og víst kvað þá njósnarmenn vera.

Þeir synjuðu fyrir og færðu til rök,
 og frá sínum högum þeir greindu,
 en Jósef kvað þeir væru sannir að sök,
 þótt saklausir álitast reyndu.
 Í varðhaldi hjelt hann í þrjá daga þeim,
 og þar eptir níu hann fara bauð heim;
 í gisling hann eptir hjelt einum,
 og eigi þeim fyrri kvaðst afhenda hann
 en aptur þeir kæmu með bróðurinn þann,
 er yngstur af öllum var sveinum.

Þá sögðu þeir bræður af sorgfullum móð:
 „Ei saklausir munum vjer líða;
 vjer seldum vörn bróður, það saklausa blóð,
 og sáum hans angist og kvíða;
 því vjer eigi gegndum, er vægðar hann bað,
 nú verður oss sannlega hefnt fyrir það.“
 En Jósep það skírlega skildi;
 en eigi þó bera neitt á sjer hann ljét,
 hann undan sjer sneri til veggjar og grjet,
 því hylja sín harmatár vildi.

Til Kanaanlands síðan hjeldu þeir heim
 mjög hryggir og daprir í sinni;
 en ein bára stök var þó ei fyrir þeim,
 þá önnur kom hörmung ei minni:
 þá fundu þeir silfrið í sekkjunum þar,
 er selt fyrir kornið hjá Egyptum var.
 Nú mannorði mundu þeir týna.
 Þeir skelfdust, og ósvinnir þóttust nú þeir,

en þó fengu slysin á Ísrael meir;
hann harmaði synina sína.

Nú kom þar að aptur að kornbirgðir þraut
í Kanaanslandinu góða.

Að nýju til kornkaupa bjuggust á braut
þeir bræður til erlendra þjóða.

Nú tóku þeir Benjamín bróður sinn með,
en barnlaus kvaðst Jakob og andvarpa rjeð,
því nauðugur son var að senda;
þá blóðugum tárur hann barnmissinn grjet,
en Benjamín fara til Egypta ljet;
í annað hús var ei að venda.

Nú hjeldu þeir aptur til Egyptalands
með ágæta dýrgripi skíra
og silfur og gull til hins göfuga manns,
þá gjöf honum færðu þeir dýra.

Nú vel tók hann öllum með vináttu hót
og veizlu þeim dýrðlega gjöra ljet mót;
með gjöfum þá leysti frá garði,
og síðan með virktum hann sendi þá heim,
er sæmdir og birgðir hann veitt hafði þeim.
En ei fór þó allt sem þá varði.

Nú þóttust þeir góðir, þá grunaði' ei neitt,
og gláðir þeir klöppuðu lófum.

En innan skamms bræðrum var eptirför veitt
og á þeim var leitað sem þjófum;
því stolið var bikar þeim stórherra frá
og strax hafði grunurinn fallið á þá,

er ei höfðu unnið til saka.

Í Benjamíns poka þó bikarinn var;
til blekkingar Jósef hann fela ljet þar.
Og hryggir þeir hjeldu til baka.

Þá reiður ljezt Jósef og ræddi við þá:
„Hjer ræninginn eptir skal verða;
en farið þjer hinir, hver fljótast sem má,
jeg frelsi' yðar vil ekki skérða.“
En Júda þá grátandi bróðurinn bað:
„Lát Benjamín fara, tak mig í hans stað;
í þrældómi þú mátt mjer halda.
Af sorg veit jeg faðir vor sannlega deyr,
ef sjer hann ei ástkæran Benjamín meir;
og viltu þeim hörmungum valda?“

Þá gleðitár Jósef af hvarminum hraut
og hann þá ei dulizt fjekk lengur:
„Hjer sjáið þjer Jósef, er selduð þjer braut,
hjer sá er hinn stórhuga drengur.
Ei þjer selduð mig, nei, það guð hefur gert,
til góðs fyrir marga sem nú er oss bert;
hans náð jeg og miskunn ei missti.
Nú fram er það komið, er dreng hafði dreymt,
því drottinn var með oss, en hitt skal nú gleymt.“
Og bræður hann blíðlega kyssti.

Og þeir urðu lostnir sem steini þá stund
og stórðu' á hann þöglir og hljóðir.
En hver getur slíkum lýst fagnaðarfund,
er fundinn var þvílíkur bróðir.

Og síðan í skyndingu hjeldu þeir heim,
að herma' hinum aldraða' af tíðindum þeim.
Hann sögunni tæplega trúði,
unz hestanna' og vagnanna sveitir hann sá,
er sent hafði Jósef til föður síns þá
með gersemum gullnum og skróði.

„Ó sonur minn lifir,“ hann segja þá vann,
„það sannlega gengur mig yfir.
En áður en sálast jeg, sjá vil jeg hann;
ó sonur minn, Jósef, hann lifir!“
Og upp tók sig Jakob til Egyptalands
með ætt sína' og fjölskyldu: sjötíu manns.
Þar fundust þeir aptur; ó undur!
Og faðir og sonur þar föðmuðust enn,
af fögnuði grjetu þeir báðir í senn.
Ó hvílikur fagnaðarfundur!

Það getur oss blessazt, sem gjört er til móðs;
það gátu þeir sannað þeir bræður.
Vjer hugsum, en öllu snýr guð því til góðs,
því guð vorum forlögum ræður.
Og það, sem var ráðið í veröldu verst,
í veröldu reynzt hefur dýrast og bezt.
Sá kærleikur oss gengur yfir.
Guðs sonar ei sparað var saklausa blóð,
er seldur í dauða var heims fyrir þjóð.
Guðs sonur til lausnar oss lifir!

Jakobs-synir.

(1. Móss. 49. sbr. 5. Móss. 33.)

Þjer synir Jakobs, safnizt hjer;
Hlustið á gamlan hal,
hlýðið á föður tal.

Þú Rúben, ert minn elzti son,
fremstur að frækleik vist,
friðar þó nýtur sízt.

Þú Símeon, munt sveifla hjör,
óvinum sigrast á,
aldrei þó svölun fá.

Þú Leví, semur lögin góð,
hæstur í helgum reit,
hlýtur þó enga sveit.

Þú Júda, kynsæll verður vist;
ætt þín mun blómgast bezt,
bíða þó hrakning mest.

Þú Dan, munt þína dæma þjóð;
virðing og völd þú fær,
vinsældum þó ei nær.

Þú Naftalí, munt nema land
fagurt og furðu ríkt,
fölnar þó aptur slíkt.

Þú Gad, munt verða völdugt ljón,
sæmdum og sigri ná,
sár þó að lyktum fá.

Þú Asser, mikla hlýtur hjörð,
konungum býr þú borð,
ber þó ei frægðarorð.

Þú Issaskar, munt búa bezt;
eignast þú aura gnótt,
eyðir þó fjöri' og þrótt.

Þú Sebúlon, við sjóinn býr;
kaupför þín sigla' um sjó,
sjórinn er hvikull þó.

Þú Jósef, þinna bræðra blóm!
Drjúpi þjer dýrðleg náð
drottins í lengd og bráð.

Þú Benjamín, sem yngstur ert!
Hlífi þjer drottins hönd,
hvar sem þú fer um lönd.

Guð blessi yður, börn mín öll!
Senn nú vor samvist dvín,
sannið þjer orðin mín.

Móses í Níl.

(2. Mós. 2.)

Hvert fljót þar rennur um fagurt land,
í forsælu-runnum vafið?

Það til er að sjá eins og silfurband,
er samtengir fjöllin við hafið.

Þar pálmar gnæfa við himin hátt

og halla sjer út yfir vatnið blátt.
 Það Nílar er fljótið hið friða,
 í fyrndinni tignað svo víða.

Hver gengur þar eptir grænum dal
 á grösugum Nílar völlum?
 Það blómlegt og frítt er brúða val;
 þó ber þar ein langt af öllum:
 Á gullinn blævæng og guðvefjarlín
 og gimsteina raðir sólin skín.
 Það konungs er dóttirin dýra,
 er dýrðlegum hóp gjörir stýra.

Hvað ómar þar niðri við elfarflóð?
 Það elfar ei líkist niði,
 ei vindarins þyt nje vorsins óð.
 Hvað valda mun þessum kliði?
 Það er sem gráti þar ungbarn eitt,
 þótt ekki sjáist þess merki neitt.
 Þá mælti sú mærin hin friða:
 „Hvað mun þessi grátkliður þýða?“

Hvað líður þar eptir lygnum straum
 í ljósgrænum starar flóðum?
 Það skolast ei burt í báru flaum?
 en berst þar að landinu' óðum.
 Við bakkann það festist loks í leir;
 það lítil og smágjör er örkk úr reyr.
 Og þaðan er hljóðið að heyra
 og heyrast nú skírara' og meira.

Hvað merkilegt geymt í örkinni' er?
 Það eitthvað mun sjerlegt boða.
 Hin göfuga dóttir Faraós fer
 og flýtir sjer í hana' að skoða.
 Þar er þá sveinbarn svo undurblítt
 og yfirbragðsmikið og tignarfrítt.
 Þeim sveini stór synd er að farga
 og sjálfsagt er honum að bjarga.

Hver stendur þar bak við ljósan lund?
 Ein lítil smámey á gægjum.
 Á konungsdóttur þá fer hún fund
 og felur sitt andlit blæjum.
 „Ef sveini þeim viltu fóstur fá
 jeg fóstru beztu get vísað á.“
 Svo mælti sú mærin hin blíða,
 og með sjer tók sveininn hinn fríða.

Hver bíður þar heima bleik sem nár
 og berst milli ótta og vonar?
 Hve mörg og þung eru móðurtár,
 er minnst hún tapaðs sonar?
 Þá gengur mærin á gólfíð inn
 með glaðlegan svip og bros á kinn,
 og lætur sinn brosandí bróður
 við brjóst hinnar fagnandi móður.

Hver er sá hinn fjörlegi, fríði sveinn,
 er fannst þar í Nílar sundi?
 Þá grjet hann þar, ei grunaði neinn
 hann guðs hetja verða mundi;

en hann átti' að frelsa hrausta þjóð
 og henni gefa þau lögin góð,
 er mest hafa lof meðal lýða
 er lengst verður boðið að hlýða.

Köllun Mósesar.

(2. Mós. 3.—4.)

Aptansólin rann í Rauðahafið,
 roða gyllandi Hórebs tind;
 fjallið allt var gullnum geislum vafið,
 guðdómleg, fögur tignarmynd!
 Næturskuggar læðast fagra fjalls við rót,
 felast meðan geislar kveðja dalaót;
 síðan feta þeir upp hlíðar hljótt,
 er hefur sólin boðið góða nótt.

Sumarnóttin breiðir blæju sína
 blítt og rótt yfir grænan dal.
 Bak við tjöldin blá á hvelving skína
 brúðarljósinn í himinsal.
 Silfurþræðir mánans blika' á blómga storð,
 bera milli himins og jarðar dularorð.
 Þegja vindar, þegir fugla hjörð,
 og þögul hlustar nótt er dreymir jörð.

Situr einn um sumarnótt í runni,
 sínu heldur þar fje á beit.
 Hann er vanur orðinn einverunni,
 unir sjer vel í kyrrum reit.

Allar skepnur sofa, — ein hans vakir sál,
 allar raddir þegja, — talar hjartans mál.
 Fortíð, nútíð, framtíð liður hjá
 og fagrar sjónir margar birtast þá.

Einkum horfir hugurinn til baka,
 hugsar Móses um liðna tíð;
 fornar myndir fyrir honum vaka,
 fyr er hann var hjá öðrum lýð.
 Minnst hann er ungur sat hann fyr í sal
 sveinum með og hlýddi' á spekinganna tal,
 minnst hann á sinnar þjóðar þraut,
 er þrældómsokið stranga bera hlaut.

Meðan hraður hugur var að sveima
 hátt og lágt, bæði fjær og nær,
 jafnvel út um æðri dularheima,
 undrasýn honum birtist skær;
 Leit hann upp í fjall, það logaði allt og skein,
 ljós honum þar sýndist blika á hverjum stein.
 Ótta nokkrum ei þó sló á hann,
 en undarlega sjer hann bregða fann.

„Aptansólin er í hafið sigin,
 ei er það hennar logaglód;
 morgunsólin enn ei upp er stigin,
 enn ei dagur á himinlóð.
 Hvað er þá, sem gyllir háan fjallsins tind?
 Hvort er þetta vitrun eða töframynd?
 Jeg vil ganga nær og sjálfur sjá,
 hvort sýnin þá ei óðar liður frá.“

Gekk hann þegar upp á fjallið fríða,
fögur sýn honum blasti við.

Út úr runni loga lagði víða,
ljóma brá yfir mikið svið.

Runnurinn þar hár í björtu báli stóð,
brann þó ei að heldur' í sterkri funaglöd.

Undur mikið! Ótta sló á hann,
í eldinum er runnurinn ei brann.

„Móses, Móses!“ gall þá raust úr runni,
reiðarslag yfir drottins fjall.

Skalf það allt frá innsta' og neðsta grunni
er það guðs heyrði völdugt kall:

„Móses, Móses, Móses! nær ei nú gakk hjer,
nem þú staðar, drag þú skó af fótum þjer;
heilög jörð er hjer, og staður sá
er heilagur, sem nú þú stendur á.“

„Jeg er drottinn, drottinn feðra þinna,
drottinn Abrahams og Jakobs guð.

Jeg hef litið þrælkun þjóna minna,
þjóðin mín sízt er útskúfuð.

Augu drottins líta allra þjóða mein,
eyru drottins heyra mæddra sorgarkvein,
hjarta drottins hjarta læknað mætt,
og höndin drottins sjerhvert mein fær bætt.“

„Niðurstiginn nú er eg til jarðar,
nú vil jeg frelsa mína þjóð.

Egypta skal fjötra hendur harðar,
hepta skal þeirra grimmdarmód.

Til hins góða landsins flytja skal mitt fólk,
 fljótandi sem allt er af hunangi og mjólk.
 Þig jeg fyrir fólk mitt setja vil,
 og Faraós nú sendi jeg þig til.“

„Hver er jeg!“ Þá mælti Móses aptur;
 mann til þess sig ei kenndi hann;
 honum fannst sjer horfinn allur kraptur,
 hugðist ei fær um vanda þann.
 „Hver er jeg, að fara' á fund við konunginn.
 Faraó ei skipast mun við boðskap minn.“
 Drottinn mælti: „Víst jeg með þjer verð,
 þá varla þarftu' að kvíða þinni ferð.“

„Trúa munu Ísraelsmenn eigi,“
 aptur Móses við drottin kvað,
 „nema jeg þeim nafn þitt líka segi;
 nafn þitt, guð, seg: mjer: hvert er það?“
 Aptur mælti drottinn: „Eg er sá, sem er;
 annað nafn ei vita fáíð þjer hjá mjer.
 „Sá, sem er“ — nú sendir burtu þig,
 og „sá, sem er“ — þjer nefna skuluð mig.“

Fram á staf sinn studdist Móses deigur,
 stundi þungt guðs við dularsvör.

Enn í hjarta hans var nokkur geigur;
 hann sig bað undan þeirri för.

„Hvað er það,“ kvað guð, „í hendi sem þú ber?“
 Hinn til svárs var skjótur: „Stafur minn það er.“
 „Kasta honum hjer á græna storð,
 og hygg að hvað þú sjer,“ kvað drottins orð.

Móses óðar fleygði staf á foldu,
 fljótt varð hann naðra ljót og blökk;
 hringaði sig ormur ótt í moldu;
 undan þá Móses smeykur stökk.

Aptur mælti drottinn: „Um hala tak þú hans.“
 Hræddur snerti Móses þá broddinn ormshalans.
 Ormurinn þá aptur varð að staf;
 en annað teikn þá drottinn honum gaf.

Sjer í barm þá heilli stakk hann hendi,
 hún varð líkþrá og hvít sem mjöll;
 aptur brátt þó einskis meins sjer kenndi,
 orðin var höndin jafngóð öll.

„Trúað víst mun þessum táknum,“ drottinn kvað.
 Tregur var þó Móses að gangast undir það.

„Mjer er tregt um tungutak“, kvað hann,
 „og tregt um mál, því send þú annan mann.“

„Hver gaf manni,“ mælti drottinn aptur,
 „mál og heyrn? var það eigi jeg?”

Ef í þínum orðum er ei kraptur,
 Aron jeg sendi þinn á veg.

Hann skal vera tungan, höndin verður þú,
 hjartað er jeg sjálfur; skilur þú mig nú?

Eg verð með sem áður fyr jeg hjet.“
 Þá undan drottni hinn um síðir ljet.

Morgunsólin rann úr ránar djúpi,
 roða gyllandi Hórebs tind.

Fjallið allt var glitað geisla-hjúpi,
 guðdómleg, fögur tignarmynd!

Horfin var þá sýn af háum tinda-stól,
hálfu fegri' er skein en kveld- og morgunsól.
Fuglasöngur fyllti geim og storð,
en fegur hljómaði þó drottins orð.

Plágur Egyptalands.

(2. Mós. 7.—12)

Faraó ei forðum vildi
fólki drottins sýna mildi;
hann ei drottins skipun skildi.

Fyrir sína kergju kenndi
konungur á refsí-vendi:
Drottinn þungar þrautir sendi.

Áin Níl varð öll að blóði,
yfir landið banvæn flóði.
Jöfur bar sinn harm í hljóði.

Froskar huldu fagra jörðu,
fylla sali konungs gjörðu.
Skipti' ei sjóli skapi hörðu.

Varð að mýi mold að bragði,
menn og fjenað undir lagði.
Döglingur við þessu þagði.

Flugna sveimur úti' og inni
eyðilegging gjörði' ei minni.
Breytti það ei buðlungs sinni.

Fjenaður af fári sýktist,
 fjell í hrönn, svo engu líktist.
 Hilmis skap þó hét ei mýktist.

Þá varð kýlum lýður lostinn,
 líkamans var heilsa brostin.
 Lækkaði' ei í lofðung rostinn.

Hagl og þjettar þrumur dundu,
 þurru blóm en skepnur hrundu.
 Mýkti það ei mæringis lundu.

Engisprettur akra fylltu.
 öllum jarðargróðri spilltu.
 Skipti' ei þengill skapi trylltu.

Dimm varð nótt um daga bjarta,
 dapurt grúfði myrkrið svarta.
 Enn þá ræsis hart var hjarta.

Þá ljét drottinn fríða falla
 frumgetninga landsins alla.
 Eldraun þá stóðst vísir varla.

Plágur þoldi' hann lengi, lengi,
 ljét sem ekki neitt á gengi.
 Dauðans heljar-afl stenzte engi.

Frumburðardauðinn.

(2. Mós. 12.)

Í öllu landi
 var óþ og hryggð,

Því dauðans andi
 fór yfir byggð.
 Í hverju inni
 var eitthvert lík.
 Í nokkurs minni
 ei neið var slík.

Á hverjum kvisti
 var klíður sár,
 Því unginn fyrsti
 var orðinn nár.
 Og fuglar sungu
 þar sorgaróð,
 með veikri tungu
 sín tregaljód.

Á mörkum auðum
 um alla jörð
 hjá frumburð dauðum
 lá döpur hjörð.
 Þar kvað við harmur
 og kvein og sorg,
 og hryggðar-jarmur
 og heljar-org.

Í hreysum lágum
 var hróp og kvein;
 þar yfir náum
 var óp og vein.
 Frá móður barmi
 var barni kippt;

úr föður armi
því elzta svipt.

Hjá hverjum manni
í hverri byggð
var sorg í ranni
og sút og hryggð,
því allir syrgðu
sinn elzta nið,
og sjónir birgðu
með sorgarklið.

Í hallarsölum
var harmur sár,
því lá á fjölum
þar liðinn nár.
Hinn elzta soninn
grjet sjóli þar.
Alls landsins vonin
þar látin var.

Í hverju inni
var eitthvert lík.
Í nokkurs minni
ei neyð var slík.
Í öllu landi
var óþ og hryggð, —
því dauðans andi
fór yfir byggð.

Rauðahafið.

(2. Móss. 14.)

Enn var komið undir kvöld,
 Ísrael sín fögur tjöld
 reisti við hið rauða haf,
 roðað sólargeislum af.
 Þreytt var mjög og þjakað lið,
 þótti mál að staldra við,
 hafði gengið heilan dag,
 hvíldist nú um sólarlag.

Vobrest heyrði vestri í:
 vagnaskrölt og hestagný,
 hornablástur, bumbuslátt,
 brandaglamur furðu hátt.
 Undir sól að sjá var þar
 sverðum búna fylkingar.
 Egyptalands allan her
 eygðu þeir að baki sjer.

Fyrirbúinn voði var:
 vofði her að baki þar;
 framundan var feigðarslóð:
 ferlegt hafið rautt sem blóð.
 Ei varð nokkuð viðnám veitt,
 var ei unnt að flýja neitt;
 undanfæri ekkert sást;
 öll þeim von um frelsun brást.

Mæltu þeir við Móses þar:

„Miklu betra heima var;
 hingað eigi þurftir þú
 þaðan oss að hrekja nú.
 Heldur þrælka viljum vjer
 vondri þjóð en deyja hjer.
 Hafströnd þessi' er hefudargjöf,
 heima mátti fá sjer gröf.“

Mjög svo reiður Móses kvað:
 „Megn er raun að heyra það.
 Þjóðin drottins, þrælafans,
 þráir kúgun harðstjórans!
 Sæmra' að falla hygg jeg hjer,
 heldur dauða kjósum vjer.
 Sliks mun þó ei þurfa við,
 því oss drottinn veitir lið.“

Horfði Móses himins til,
 heyrðust nein ei orðaskil;
 ei hann bæra varir vann
 við sinn guð er mælti hann.
 Þá af himni heyrðist svar
 harla glöggt til Mósesar:
 „Þú ei kalla þarft svo hátt,
 það jeg heyri', er mælt er lágt.“

Engill guðs, er undan fór,
 eins og þoku-mökkur stór,
 sneri allt í einu við
 aptur fyrir þeirra lið.
 Skýið fyrir skyggði vel,

skein þó glatt á Ísrael,
öðrum megin undurbjart,
annars vegar dimmt og svart.

Mælti guð við Móses þá:
„Min nú tákn þjer skuluð sjá.
Upplypt hendi, upplypt staf
yfir þetta rauða haf.
Jeg mun hafið anda á,
öldum köldum bægja frá;
eg mun senda austanvind
allt frá glæstum Hórebstind.“

Yfir rautt og rennsljett haf
rjetti Móses hönd og staf.
Hans það samt ei höndin var,
heilög tákn er gjörði þar.
Það var drottins höndin há,
hafs er öldum bægði frá.
Andi drottins austan bljes
alla nótt á rastir hljes.

Og við drottins andardrátt
upp sig belgdu vötnin hátt.
Stóðu bylgjur stirðnaðar
sterkir eins og múrar þar.
Milli rasta braut var breið,
bæði þurr og sljett og greið.
Komizt yfir fólkið fjekk,
fótum þurru hafsbotn gekk.

En er vígljóst orðið var
óvinirnir sáu þar
Ísrael hvar yfir fór,
undrabýsn það virtist stór.
Ótta skjótt á alla sló,
ótt fram sótti herinn þó;
út í hafið æddi lið;
eigi tók þó betra við.

Guð af skýi gullnu leit,
gjörði riðlast kappasveit;
gekk hjá þeim af göflum allt,
gullin karmur margur valt.
Ótta skjótt á alla brá,
ótt brast flótti' í liðið þá;
flýtti sjer til sama lands,
siklings lið að boði hans.

Eptir drottins orði þá
aptur Móses hendi brá
yfir hafið annað sinn,
öldu- brast þá -veggurinn.
Hvítfyssandi öldur í
allur herinn sökk sem blý.
Öldufallið keyrði' í kaf
kong og lið í Rauðahaf.

Ísrael á strönd þar stóð,
starði' á hafið rautt sem blóð.
Skoluðust að landi lík,
lágu mörg í sandi slík.

Nú var dramb af bjartri brá,
blóðug heipt þó svip var á.
Kúgaranna kreppt var hönd
köld og dauð á lágri strönd.

Móses lofsöng hóf upp hátt
herrans guðs um tignarmátt.
Fólkið allt tók undir með,
allt sinn drottin lofa rjød.
Marja, systir Mósesar,
með sjer tók þar konurnar.
Allar hófu drottni dans,
dýrðleg sungu' um verkin hans:

„Faraós var hraustur her,
hans nú máttur þrotinn er;
allur fjell hann eins og strá
andi guðs er bljes hann á.
Yfir þetta ógnar-flóð
óhult leiddi' hann sína þjóð.
Roðar gull hið *rauða haf*
röðli drottins líknar af.“

Í eyðimörkinni.

(2. Mós. 13. 15.—17., 4. Mós. 21.)

Ísrael forðum á Arabalandi
öræfi fór yfir víðlend og stór.
Óglögg var leiðin á auðnum og sandi,
undan þá drottinn í skýstólpa fór.
Skýstólpinn leiðbeining varð þeim á vegi,

villtist ei nokkur, er miðaði' á hann.
 — Opt dregur ský upp á ævinnar degi,
 einnig ský sorganna leiðbeina kann.

En þegar sólin var sigin í æginn
 sjeð eigi skýstólpann lýðurinn fjekk,
 áfram þó hjelt sem um hábjartan daginn,
 herrann í eldstólpa fyrir þeim gekk.
 Eldstólpann ljet hann þeim leiðina vísa,
 logandi blys gegnum náttmyrkrið svart.
 — Enn þá í myrkrunum lætur hann lýsa
 ljós sinnar miskunnar skínandi bjart.

Beizk urðu vötnin á brennandi sandi,
 beizkur varð lýður í svörunum þá:
 „Annað var forðum á Egyptalandi,
 ágætan svaladrykk þar mátti fá.
 Trjeflísar lindirnar ljúffengar gjörðu,
 líknarhönd drottins fjekk remmuna bætt.“
 — Líkt kemur fyrir hjer löngum á jörðu:
 Lífsins trje gjörir hið rammasta sætt.

Fátt varð um vistir á ferðinni löngu,
 fólkið leið hungur er vantaði brauð.
 Drottinn, sem fyr hafði allt gjört úr öngu,
 einnig hjer bætt gat úr mannfjöldans nauð.
 Þar urðu allir á svipstundu saddir,
 sætasta „manna“ var alþakin jörð.
 — Vjer erum opt sem í eyðimörk staddir,
 engan þó brestur af skaparans hjörð.

• Lýðurinn möglaði þrátt fyrir þetta,

þráði hann kjötkatla Egyptalands.

Lynghænsna flokka þá litu þeir þjetta,
loptið varð myrkvað af þvilikum fans.

Fengu þeir nægtir af fuglanna veiðum,
full var af ilmandi kræsingum storð.

— Vjer erum einnig á hrjóstrugum heiðum,
höfum þó nægtir við frelsarans borð.

Hjeldu þeir áfram um öræfin löngu,

uppspretta framar þeim svalaði' ei nein.

Þreyttum og móðum og þyrstum af göngu,

þrotin var samt ei guðs náðarlind hrein.

Móses sló stafnum á helluna hörðu,

helg þar upp bunaði svalalind tær.

— Optlega' á hrjóstrugri harðbalajörðu
himinlind drottins oss svölunar fær.

Bitnir af eitruðum, banvænum nöðrum

bliknuðu kappar og fjellu sem strá;

líknaði drottinn þeim ormi með öðrum,

eirorminn dreyrrauðann ljet hann þá sjá.

Eitrið þá beit eigi lengur á lýði,

læknuðust allir af sýkinni þá.

— Höggormsins eitur þótt sáran oss sviði,
sjáum vjer frelsarann krossinum á.

Á Sínaí.

(2. Mós. 19.)

Sló landtjöldum lágum

lýður drottins fríður

sæll að Sínaí'-fjalli,
 sanna leið að kanna.
 Beið þar lýður boða,
 brátt er gefast áttu.
 Var svið haslað heri
 hringinn fjall í kringum.

Þykkur þokumökkur
 þá á tindi háum,
 ægilegur' í augum,
 ótta sló á dróttir.
 Sorta gegnum svartan
 sá ei himin bláan.
 Voða væntu þaðan
 veikir menn og smeykir.

Brast á stormur byrstur,
 buldi' og kletta muldi;
 sleit og reif með rótum
 rofna eikistofna;
 þeytti þungum klettum
 þjett um völlu sljetta.
 Aldrei fyr á foldu
 fádæmi slík sáust.

Leiptur gegnum loptið
 lýðir sáu ríða
 bjart úr bólgnum sorta
 brátt í margar áttir.
 Áður reiðarslag riði
 rann þar leiptur annað

aptur yfir loptið;
ótt fram logar sóttu.

Þrumur hátt um himin
hvelfdan liðið skelfdu.
Skullu' í fornu fjalli
fellibylja skellir.
Landið allt tók undir,
undir hafið dundi.
Org í öllum björgum
öskruðu, svo blöskrar.

Titra tók og nötra
tröllaberg í fjöllum.
Allir hamrahellar
hrundu' og tættust sundur.
Fold gekk öll í öldum,
allar rætur fjalla,
fullar helgum hrolli,
hristust í gný byrstum.

Fram úr fjalli dimmu
funi tók að bruna;
gaus upp ógnar-eisa
elds úr djúpu veldi.
Bál tróð bláveg sólar,
blossar náðu hrossast.
Hæst í himnaröstum
hvein í logafleinum.

Rauðum gaus úr glóðum
grár um himin bláan

reykjar rammur strókur
 regn eimyrju gegnum.
 Móða himin heiðan
 huldi skjótt, og duldi
 misturþoka mesta
 Móses guðs í ljósi.

Gullin heyrðust gjalla
 gjallarhorn í fjalli,
 fjalla háam í höllum
 hvella gegnum smelli.
 Lúður hátt nam hljóða,
 hljóð þau skildi þjóðin.
 Básúnum var blásið,
 boð guðs helg að skoða.

Boðorð guðs hin góðu,
 gefið sem hann hefur,
 drótt þá dýr hann veitti,
 drottins orð það votta.
 Forn kann aldrei fyrnast
 fagur andi laga,
 strangur, þó ei þungur
 þeim, er drottni' ei gleyma.

Boðorðin.

(2. Mós. 20., 5. Mós. 5.)

Úr gullnu skýi gall við skýrt
 er guðs var boðað lögmál dýrt
 guðs heilög raust svo hvell og snjöll,

að hljóminn bar um löndin öll:

„Eg em drottinn.“

„Haf aðra guði ei en mig,
jég einn er guð, er vernda þig;
og höggna myndir, gull nje goð
ei geta veitt þjer neina stoð.

Eg em drottinn.“

„Þinn guð ei nefn við gálaust hjal,
þess guð ei óhegnt láta skal;
guðs heilagt nafn sje heilagt þjer,
því heilagur þinn drottinn er.

Eg em drottinn.“

„Og drottins helgan dag þú hald,
í drottins kom þú helgitjald.
Við drottins krjúp þú dýra borð
og drottins hlýð á guðdómsorð.

Eg em drottinn.“

„Þíns föður silfruð heiðra hár,
ef hljóta viltu gullin ár;
og móður þinnar mildu brá,
ef milda daga viltu fá.

Eg em drottinn.“

„Ei Kains ber þú blóðga dör,
þótt brenni reiðin, sliðra hjör;
þíns hjarta sefa heiptarglóð,
svo hríni' á þjer ei saklaust blóð.

Eg em drottinn.“

„Ei horf á friðleiks töfratál,
 en tendrað slökk þú girndarbál;
 og gjör þitt hjarta hreint sem snjá,
 sem himinn stafar geislum á.

Eg em drottinn.“

„Ei ginna lát þig gullið frítt,
 þótt glampi þjer í augum títt;
 kef ágirninnar illu rót,
 svo ei þú syndgir drottni mót.

Eg em drottinn.“

„Ei vitni rangt gegn bróður ber,
 við bræður þína sannmáll ver;
 því lygavarir hatar hann,
 sem hreinan birtir sannleikann.

Eg em drottinn.“

„Ei girnstu það, sem annar á,
 lát alla sínum rjetti ná;
 ver trúr og dyggur ljóst og leynt
 og líf þitt allt sje frjálst og hreint.

Eg em drottinn.“

„Mín refsing hina vondu við
 skal voldug ná í þriðja lið.
 Við alla góða miskunn mín
 í meir en þúsund liðu skín.

Eg em drottinn.“

Guðs heilagt lögmál himnum frá
 á hörð var steinspjöld grafið þá.

Á hjartans spjöld svo hörð og köld
 á hverri öld er rist á skjöld:
 „Eg em drottinn.“

Gullkálfurinn.

(2. Mós. 32.)

Leikið var og sungið og dansað var svo dátt
 daginn sumarlangan og fram á rauða nátt.
 Etið var og drukkið með glaum og gleðibrag.
 Glatt var alla nóttina' og fram á bjartan dag.

Hví er svona leikið? og hví er hjer svo kátt?
 hví svo glatt á hjalla bæði dag og nátt?
 mun það vera brúðkaup svo mikilhæft og ríkt?
 mun það sigurhátíð eða því um líkt?

Það er ekki svo vel, nei, þjóðin drottins sjálf
 þyrpist kringum lítinn og ósjálegan kálf.
 Það var ekki svo vel, hann hefði líf nje hold,
 hann var að eins steyptur úr gullinni mold.

Þar var kominn Apis, það Egypta goð;
 ei var fólkið lengi að rjúfa drottins boð.
 Drottin guð hinn lifanda dýrka gleymdu þeir;
 dauðan kálf úr gulli þeir tignuðu meir.

Meðan þetta gjörðist var Móses eigi þar,
 marga daga' á fjallinu' hann dvelja búinn var.
 „Hvar er þessi Móses? hann flúinn er oss frá;
 frammar ekki þvingar oss harðstjóri sá.“

Meðan þetta gjörðist á mörkinni lágt
 Móses þá var staddur á fjallinu hátt.
 Meðan þeir við gullkálfinn mösuðu þar
 Móses þá á tali við drottin sinn var.

Meðan fólkið dansaði um glóengin græn
 grátandi lá Móses á fjallinu á bæn.
 Meðan fólkið trylltist og brígzl á hann bar
 bað hann fyrir lýðnum á fjallinu þar.

Hlegið var og gambrað og gasprað var í dal,
 grátið var og beðið í háum fjallasal.
 En þegar hjá fólkinu hófið stóð sem hæst
 hegningin og sneypan og skömmin var næst.

Eins og þegar haukurinn fjallstindi frá
 flýgur yfir dalinn í vígahug að sjá,
 Móses niður eggjarnar ódfluga rann,
 eigi þá við jörðina koma sýndist hann.

Eins og þegar bjarg niður af fjallsbrúnum fer,
 fleygist niður hliðar á það sem fyrir er,
 drottins hetjan Móses þá hliðar niður hljóp;
 hræddur varð þá lýður og rak upp mikið óp.

Reiður var þá Móses, er rann hann þar úr hlið,
 reiður hinum ótrygga, heimskufulla lýð;
 grimmelegt var hans útlit, er gullkálfinn hann sá,
 gneistar hrutu' af augum og tár stukku' af brá.

Þá er hann kom niður, hann hjelt á töflum tveim;
 tíu lagaboðorðin stóðu skráð á þeim.

Nú var hann svo reiður, að henti hann þeim hart, helgar töflur brotnuðu sundur í margt.

Þreif hann arman gullkálfr og hratt á eldinn ótt, og er honum þótti' hann ei brenna nógu fljótt, tók hann þunga sleggju og muldi hann í mjel; máttugur ei reyndist sá guð í Ísrael.

Blandaði hann duptinu vatnið saman við:
„Viljið ekki smakka? nú, komið, drekkið þið.
Reynið þið nú sjálfir hve sætur hann er,
sem þið hafið dýrkað og vegsamað hjer.“

Lýðurinn stóð hissa, er heyrði þetta' og sá, hræddur mjög og skjálfandi bærði sjer ei á. Enginn þorði' að mæla fyr en Aron tók til máls:
„Eg er ekki sekur í dýrkun þessa kálfs.“

„Mjer var fengið efnið, — jeg gat ei að því gert, — gullið var í eldinum prófað og hert.
Varð þá úr því kálfur, það vildi svona til; varla jeg í þvílíkum fádæmum skil.“

Móses svaraði' engu, en hristi höfuðið, hann var þá ei auðgjört að koma máli við. Sneri' hann við þeim bakinu' og gramur burt gekk; gaman þá ei mundi að verða fyrir rekk.

Þagnaður var glaumur og allir höfðu hljótt, horfin var nú lystin að danza fram á nótt. Fólkið hýmdi niðurlútt og faldi sig sneyp, fyrir það að gullkálfrinn hafði það steyp.

Enn þá kring um gullkálfinn dansar drottins hjörð,
 dýrkar hann og tilbiður enn um víða jörð.
 Nú er enginn skörungur að mylja hann í mjel.
 Móses gamla vantar nú drottins Ísrael.

Dýrð drottins.

(2. Mós. 33. 34.)

Móses stóð á bergi bláu,
 baðaði sig í lopti háu
 mæta morgunstund;
 horfði langt um heiminn víða,
 hauðrið græna, loptið fríða;
 ljett og glöð var lund.

„Ó hve fagurt er að skoða
 upprennandi sólarroða!
 Dýrðleg sjón að sjá!
 Ó hve skær mun æðri ljóminn,
 ódauðleikans morgunblóminn!“
 mælti Móses þá.

„Ó þú dýrðar-drottinn mætur,
 dásemd þá er sjá mig lætur,
 lát mig líta þig!
 lát þinn dýrðarljóma skína,
 lát mjer birtast ásýnd þína.
 Herra, heyr þú mig.“

Eins og morgun-andinn þíði
 andar blítt í laufgum víði

heyrðist hinnum frá:

„Ásýnd mín í dýrð er dulin,
dauðlegum skal öllum hulin;
mig ei líta má.“

„Njóta skaltu mildi minnar,
minnstá geisla dýrðarinnar
því skal sýna þjer.
Stattú þar á bláu bergi,
bregða maður lát þjer hvergi,
ef þú eitthvað sjer.“

Stóð þar bjargs á brún hinn góði;
brunaði fram í geisla-flóði
drottins dýrðin skær.
Blikar, ljómar, ilmar, ómar;
unaðsrómar, dýrðarhljómar
færðust nær og nær.

Fyrir drottins dýrðarvaldi
dauðlegt andlit Móses faldi
bjargs í skoru skjótt.
Sjálfs hans skugga sá hann tóman,
samt ei þoldi' að horfa' í ljómann,
dýrðargeisla gnótt.

Heyrðist raust af himni gjalla
hvellt og snjallt í brúnum fjalla,
voldug, vegsamleg:
„Liknarfullur guð og góður,
gæðskuríkur, þolinmóður.
Nafn mitt nefni jeg“.

Móses laut guðs ljóma-veldi,
leiptraði þar í dýrðar-eldi
drottins dýrðin há.

Ræddust þeir við lengi, lengi
ljóss í heimum, fjarri mengi
fríðu fjalli á.

Eptir langar, langar tíðir
loksins Móses gekk um síðir
fjalli niður frá.

Ný með ljómaletri skíru
lögmaalsspjöldin þau hin dýru
meðtók Móses þá.

Aptur hjelt hann heim til búða,
hafði beðið liðið prúða
þar hins mikla manns.
Hans af enni geislar glóðu,
geislahringir bjartir stóðu
kringum höfuð hans.

Honum allt varð fólkið fegið,
felmtrað þó og óttaslegið,
er hans auglit sá.
Ásýnd huldu allir sína
er þeir sáu geisla skína
öðlings enni frá.

Andlit frítt á fyrri árum
fölt og markað elli-gárum
skein nú skærri sól,

Er þá kyn þótt barnið blíða
 brosi skært og mærin fríða,
 fegurst fold er ól?

Spekingsennið skíra' og skæra,
 skörungsennið hrcína' og tæra
 dýr var sjón að sjá;
 hafði þó ei hrifið lýði
 herrans líkt og dýrðarprýði
 öldungs enni frá.

Fyrst svo hjer kann skært að skína
 skepna sú er á að dvína, —
 hvað mun hinnig þá?
 Ó hve blítt og skært mun skarta
 skapara vors auglit bjarta
 hæstum hinnum á!

Kanaan.

(4. Mós. 13. 14.)

„Ei leit jeg fyr svo fagran stað
 sem feðra minna reit.“
 Við Ísrael svo Kaleb kvað
 um Kanaan. „Já víst er það
 sú inndælasta sælusveit,
 er sjeð hef jeg og veit.“ —

„Þótt víst vjer fyndum fagran stað
 í feðra vorra reit,“

svo föruneysi Kalebs kvað,
 „ei kemur oss að notum það;
 og undarlega á oss beit
 sú ískyggileg sveit.“ —

„Hve fagurt er það föðurland,
 sem fyrirheitið er!
 Það er sem glitað blómsturband,
 er breitt er yfir dapran sand.
 Það felur gæða gnótt í sjer
 og gullinn ávöxt ber.“ —

„Þótt fagurt sje það föðurland,
 sem fyrirheitið er,
 þar oss er búið böl og grand,
 vjer bleikan megum kyssa sand.
 Ei fótmál þangað förum vjer;
 vjer fallið getum hjer.“ —

„Hve fögur er vor feðrajörð,
 vor forna móðir kær!
 Þar leikur fjeð um laufguð börð,
 í lopti syngur fuglahjörð.
 Og silfurlind í hliðum hlær
 svo hrein og björt og skær.“ —

„Þótt fögur sje vor feðrajörð
 og feðrum væri kær,
 hún oss mun búa örlög hörð;
 um eyðiskóga og fjallaskörð
 býr herská þjóð, og hver er ær,
 sem hleypur þær í klær.“ —

„Hve fagurt er vort föðurláð,
 vor feðra gamla slóð!
 þar drýpur allt af drottins náð,
 þar dafnar allt í lengd og bráð.
 Hve farsæl er sú frægðarþjóð,
 sem fær þau óðul góð.“ —

„Þótt fagurt sje vort föðurláð
 og frægðar væri slóð,
 er illt að verða vargabráð,
 og vont að hafa' ei nokkur ráð,
 er að oss veður þursa þjóð.
 sem þyrst er mjög í blóð.“ —

Þótt fögur væri feðragrund
 það fólkið mat ei neins;
 það hafði þrældóms lága lund
 og langaði ei á drottins fund.
 Það sat þar eftir sjer til meins.
 — Oss sjálfum títt fer eins.

Þótt fagurt sje vort föðurland,
 sem fyrirheitð er,
 oss sterkt og margþætt bindur band
 við brunahraun og eyðisand.
 Að vera kyrrir kjósum vjer
 og kúra' í vesöld hjer.

Hve fagurt er vort föðurland,
 vort fyrirheitna láð!
 Á bak við dauðans svarta sand

vjer sjáum lífsins geislabrand.
 Þar lýsir drottins líknarráð,
 þar ljómar drottins náð.

Kóra, Datan, Abíram.

(4. Mós. 16.)

Ísrael gekk margt á mót,
 megn var kur og órótt lið.
 Aron meгнаði ekki hót,
 enda Móses rjeð ei við.
 Komu þá með kærur fram
 Kóra, Datan, Abíram.

„Áður dvöl þar áttum vjer,
 allt er flaut af vistagnægð;
 nú megum vjer hrekjast hjer
 harðstjórans af grimmd og slægð.“
 Komu með þær kærur fram
 Kóra, Datan, Abíram.

„Tjón oss búa bræður tveir,
 báðum þeim sje skömm og níð;
 harðri drottna hendi þeir
 helgum yfir drottins lýð.“
 Komu með þær kærur fram
 Kóra, Datan, Abíram.

„Allt þeir helga' og cigna sjer,
 eins og guðir væru þeir;

allir guðir erum vjer,
allir nema þessir tveir.“
Komu með þær kærur fram
Kóra, Datan, Abíram.

Reiddist Móses þjett við það,
þrútinn reiði litum brá;
drottin hann í bræði það
bölvun sína leggja' á þá.
„Komist ei með kærur fram
Kóra, Datan, Abíram.“

„Heyr þú, guð, jeg grátbið þig,
gjörðu það nú fyrir' mín orð:
lát þá sökkva' er ljúga' á mig;
lifandi þá svelgi storð.
Komist ei með kærur fram
Kóra, Datan, Abíram.“

Drottinn bænir heyrði hans;
hann svo kröptugt beðinn var.
Mitt í augsýn manngrúans
mikil tákn hann gerði þar.
Komust ei með kærur fram
Kóra, Datan, Abíram.

Jörðin sprakk með heljar-hvin
hræðilegri rauk úr gjá.
Nið'ri vítis glóðrautt gin
gleypti jörðin alla þrjá.
Komi nú með kærur fram
Kóra, Datan, Abíram!

Heyrðist ýlfur óp og vein
 undir niðri' í heljarkrá.
 Eins og lostið stórum stein
 stökk allt fólkið gjánni frá.
 Koma' ei nú með kærur fram
 Kóra, Datan, Abíram.

Lifandi til heljar heim
 hjeldu þeir, — en víðar dyr
 aptur luktust yfir þeim,
 allt varð hljótt og sljett sem fyr.
 Komu' ei meir með kærur fram
 Kóra, Datan, Abíram.

Stafur Arons.

(4. Mós. 17.)

Hljótt var og komið var kvöld
 og kyrlát rann sólin í hafið,
 enn skein á Ísrael þó.
 Leiptruðu ljómandi tjöld
 og loptið var gullskýjum vafið.
 Hvíldi' yfir hauðrinu ró.

Enn var þó óró og stríð
 hjá Ísraelsmönnum sem fyrrum;
 guði þeir mögluðu mót.
 Þverbrotnum ljettúðgum lýð
 ei löggjafinn haldið gat kyrrum;
 áminning hans vann ei hót.

Enn þurfti undur á ný,
 er Ísrael sannfæra kynni
 drottins um vegsemd og vald.
 Öldunga Ísraels því
 þá elztu ljet Móses það sinni
 kveðja' í guðs tignarlegt tjald.

Gullsprotta tók hann þar tólf
 í tjaldbúðargarðinum friða
 höfðingjum Ísraels af,
 setti þá salar á gólf;
 þeir svo skyldu morgunsins bíða.
 Nafn hvers eins stóð á hans staf.

Vornóttin leið yfir lund
 er liðinn var þreytandi dagur;
 hvíldin var hressandi' og vær.
 Aptur kom árdegisstund,
 í austrinu ljómaði fagur
 röðullinn rennandi skær.

Jafnskjótt og röðull upp rann
 þá reis upp hinn forvitni lýður
 eptirvænt undur að sjá.
 Ganga til guðshúss hann vann,
 þar glæsileg prestasveit bíður.
 Mörgum í brúnir þá brá:

Laufgaður stafur þar stóð,
 það stafur var Arons hins príða,
 guðsprestur göfgur er var.
 Blómstur þar blikuðu rjóð

og blöðin í hvanngrænum skrúða;
alproskuð aldin hann bar.'

Stafur, er stóð þar á jörð,
guðs stórmerki berlega tjáði:
blómgaðist einni nótt á.

Hvað mun þá lífsins um hjörð,
er himneskan lífsanda þáði?
Mun hún ei morguninn sjá?

Líkið, sem lagt er í mold,
mun lífga guðs skapandi kraptur.
Skjótt líður helnóttin hjá.
Blundar það bliknað í fold,
en blómgað í fegurð skín aptur
upprisu morgninum á.

Bíleam.

(4. Mós. 22.—24.)

„Hjer grimmur lýður æðir yfir land
sem engisprettu-sægur voðalegur;
hann blómleg hjeruð gjörir svartan sand,
og sviðin eyðimörk er hver hans vegur.
Úr Egyptalands blómgum byggðarreit
sú bölvun dynur yfir vora sveit.“

Svo mælti Balak, Móabs sjóli dýr
og mæðilega bljes og þungan stundi.
„Öll heill og blessun burtu frá oss snýr,

nú Bíleams hins spaka ná þarf fundi
og biðja hann að rista rammast nið
og reiði drottins þessum vonda lýð.“

„Nú, sveinar mínir, söðlið asna skjótt
og sjóð þann takið, er jeg ber í hendi;
til Bíleams þjer fara skuluð fljótt
með friðar gjafir, er jeg honum sendi;
og biðjið hann að rista rammast nið
og reiði drottins þessum vonda lýð.“

Þeir brugðu við að boði konungs skjótt
og byrðar gulls og silfurs með sjer höfðu.
Þeir áfram hjeldu dag og dimma nótt
að dýru boði hans og hvergi töfðu,
unz loks þeir komu eina aptanstund
til Arams tjalda, Bíleams á fund.

Þeir kvöddu hann, er komu fyrir borð,
og kváðu: „Mikið erindi vjer höfum.
Sjá, Balak kóngur sendir yður orð
með ágætum og dýrum sæmdargjöfum,
og biður yður rista rammast nið
og reiði drottins Gyðinganna lýð.“

Þá mælti hann: „Nú senn er sólarlag
og sízt er ráð að snúa strax til baka.
Þjer hafið ferðast nótt og nýtan dag
og nú er á sig hvíldir mál að taka.
Í nótt er bezt þjer hvilið yður hjer;
og hver veit nema drottinn birtist mjer.“

Og sólin rann í silfurbjartan mar,
 og svefninn hneig á augu ferðamanna.
 En Bíleam á bæn til drottins var
 og beiddi ráða konung upphæðanna.
 Í næturmyrkrum geislum gullnum brá,
 og guð sinn vilja honum birti þá.

Og þá er sól úr sjávardjúpi rann
 þá sendimenn hann aptur kalla náði,
 og bað þá kóngi boðskap flytja þann:
 „Mjer bannar guð að sinna konungs ráði;
 mjer bannar guð að rista napurt níð
 og nokkurt mein að gjöra þessum lýð.“

Þeir fóru heim og fyrir konungs borð
 og fluttu það, er Bíleam þeim sagði.
 Þó skipaðist hann eigi við þau orð,
 en aptur til hans sendi menn að bragði,
 að biðja hann að rista rammast níð
 og reiði drottins Gyðinganna lýð.

Og enn þá meiri gersemar og gull
 þá gramur sendi. Bíleam þá tjáði:
 „Þótt jeg af gulli hús mín fái full,
 þá fara mun jeg samt að drottins ráði.
 En bezt er að þjer biðið nokkuð hjer,
 ef birta kynni drottinn eitthvað mjer.“

Og sólin rann í silfurbjartan mar
 og sólin aptur reis úr glæstum hrönnum.
 Þá búinn guð að birta ráð sín var

og Bileam þá tjáði sendimönnum:
 „Nú búizt skjótt; til Balaks nú jeg fer,
 nú bannað það ei drottinn hefur mjer.“

Með sendimönnum lagði hann á leið,
 í lyndi glaðir sveinar hvöttu sporið.
 Þá spámaðurinn ösnu einni reið,
 er opt hann hafði dyggilega borið.
 Þá brá svo við, sem aldrei áður fyr,
 að asnan stóð í sömu sporum kyr.

Þá reiddist hann og ösnu' af affli sló,
 er eigi vildi' hún fara sljettan veginn.
 Hún hnaut, en áfram þokaðist ei þó,
 og þótt hún væri tvisvar aptur slegin.
 Þá brá svo við, að asnan mál fjekk manns
 og mælti þannig reiðuleg til hans:

„Frá bernsku þinni borið hef jeg þig
 á baki mínu flesta vegu þína;
 og þó hefurðu þrisvar slegið mig,
 og þannig launað alla vinnu mína.“
 Þá brá svo við, að Bileam nam sjá
 hvar bjartur engill stóð þar götu hjá.

Með brugðið sverð stóð bjartur engill þar,
 en Bileam þá laut með huga smeykum;
 hann auðmjúkur og óttasleginn var
 og afsökunar bað með rómi veikum:
 „Jeg sá þig ei, og óðar heim jeg fer,
 ef ei að drottins vilja ferð mín er.“

En aptur fríður engill mælti þá:
 „Þú ösnu þína dygga slær og níðir.
 Þú blindur maður! Betur asnan sá;
 þú boðum guðs ei rækilega hlýðir.
 En áfram máttu fara fyrir mjer,
 en fylg þú hverju', er drottinn býður þjer.“

Þá Bíleam til Balaks loks kom heim,
 en Balak feginn tók honum í móti:
 „Nú ramman galdur gala skulum þeim,“
 þá gramur kvað, „og efnum nú að blóti.
 Jeg bið þig nú að bölvva þessum lýð
 og bitna lát á þeim hið versta níð.“

Á Baals hæðum hafið stórt var blót;
 á herfylkingar sá þar Gyðinganna;
 hinn yzti broddur blasti þar á mót,
 þar Bíleam sá mikinn fjölda manna.
 Þá hóf hann blessun bölvunar í stað,
 því boðið hafði drottinn honum það.

Þá fór hann aptur annan fjalls á barm,
 þar yfir meira svæði var að líta.
 Á herfylkingar sá þar annan arm,
 á óteljandi glóði skjöldu hvíta.
 Þá hóf hann blessun bölvunar í stað,
 því boðið hafði drottinn honum það.

Þá gekk hann enn á enn þá hærri tind;
 þar allur sást hinn mikli búða fjöldinn.
 Sem gullnar stjörnur glampa' í himinlind

á grænum völlum skinu drifhvít tjöldin.
 Þá hóf hann blessun bölvunar í stað,
 því boðið hafði drottinn honum það.

Þá ógurlega ræsir reiðast vann:

„Jeg ramman seið mót hernum efla vildi;
 jeg bað þig leggja bölvun yfir hann,
 þú blessar hann þá, sem þó aldrei skyldi.“
 Svo búið mátti Balak hafa það.
 En Bíleam af spádómsanda kvað:

„Hve fögur eru, Ísrael, þín tjöld,
 sem aldirtrje þú vítt út limar breiðir;
 þú vexti nær sem vatna stórra fjöld,
 sem völdugt ljón þú grimmum fjendum eyðir;
 og veldissprotinn verða mun þjer hjá,
 og vonarstjarna heims þjer rennur frá.“

Kveðja Mósesar.

(5. Mós. 4.—11, 29.—33.)

„Þú drottins lýður dýr og kær!
 Nú dvína tekur lífs míns gengi.
 Vjer höfum sveitst hjer saman lengi,
 og skilnaðurinn nú er nær.
 Ó heyr mig nú í hinnsta sinni
 og hlýð þú veikri röddu minni.
 Hve margt er nú að minnast á,
 er miskunn guðs þjer veitti há.

Dú forðum harða fjötra barst
 og fyrirlitinn varst og smáður,
 hjá Egyptum í þrældóm þjáður,
 en yfirgefinn ei þó varst.

Þótt opt þú gleymdir guðs þíns vegi,
 þá gleymdi mildin hans þjer eigi.
 Hvort mun hann geta gleymt þjer þá,
 ef gengur þú hans vegum á.

Dú forðum skelfdur stóðst á strönd,
 á ströndinni við hafið rauða,
 þú allt í kring sást opinn dauða;
 þá frelsaði þig herrans hönd.
 Hann gegnum bylgjur braut þjer greiddi
 og burtu þig úr voða leiddi.
 Hve voldug herrans hönd mun þá,
 er hafi dauðans bægir frá!

Dú gekkst um breiðan brunasand
 um bjartan dag og myrkar nætur;
 en herrann á þjer hafði gætur,
 svo þjer ei mætti mein nje grand.
 Hann lýsti þjer með ljósi björtu
 og leiddi þig í myrkri svörtu.
 Hve fagurt lífsins ljós mun þá,
 er landi dýrðar blikar á!

Dú stóðst við helga fjallsins fót,
 er faldi reykur himinboga,
 og fjallið stóð í ljósum loga,
 er hátt sig teygði himni mót,

Þá sástu guðdóms geisla-veldi,
er glóði þar í björtum eldi.
Hve skær mun drottins dýrðin þá,
er dauðlegt auga' ei líta má!

Þú heyrðir drottins hvellu raust
og himinlúðra skæra gjalla,
svo undir tók í tindum fjalla,
er björgin þruma lögmáls laust.
Þú drottins lögmál heyrðir hljóma
og hveilt og snjallt um löndin óma.
Hve dýrðleg róma raust mun þá,
er rök guðs dóma birtast há!

Þú bjarta himin-sali sjer,
þar sól og tungl og stjörnur skína.
Það hlýtur sál að hrífa þína;
en drottins verk ei dýrka ber.
Af allri sál og huga hreinum
ber helgum drottni' að líta einum.
Hve vel þjer æ mun vegna þá,
ef víkurðu' ei hans boðum frá!

Þú eigi þarft að leita langt:
ei langt um hafsins öldu bláa,
ei langt um geiminn himinháa.
Guðs boð er aldrei strítt nje strangt.
Það er í þínu eigin hjarta,
þar ætíð skín guðs ljósið bjarta.
Hve ljett og hægt og ljúft er þá
guðs ljúfu boðum æ að ná!

Þú tvennt að kjósa um nú átt:
 hið illa' og góða, líf og dauða;
 þú sjálfur milli sælu' og nauða
 nú vissulega velja mátt.

Þú mátt hinn góða guð ei svíkja,
 af götu hans þú mátt ei víkja.
 Hver virðing mun þjer veitast þá
 og vegsemd öllum þjóðum hjá!

Þú, lýður guðs, munt leiddur brátt
 í landið það hið fagra' og góða,
 er alla þjer mun blessun bjóða,
 og þar þú sakna einskis átt.
 Þar ljúf mun döggi í dali falla
 og drottinn blómga hliðar fjalla.
 Hve fagurt hnoss þú hlýtur þá
 því helga föðurlandi á!

Þú búa munt í hárrí höll
 og hvíla rótt í lundi fríðum;
 þar blessast mun þín hjörð í hliðum
 og forðabúr þín fyllast öll.
 En mundu þá að guð þjer gefur
 þau gæðin öll og heill þig vefur.
 Hver synd að gleyma guði þá,
 er gæðum slíkum ljet þig ná!

Þú orðin mín þjer innræt nú,
 svo aldrei þú þeim framar gleymir,
 en æ þau hrein í hjarta geymir,
 á hlið þín rita þau skalt þú.

Og seint og snemma, úti' og inni
 þú ætíð skalt þau hafa' í minni.
 Hve blessast munu börn þín þá,
 ef boðum guðs ei hverfa frá!

Nú kveð jeg þig, mín kæra þjóð;
 nú kallar feigð mig, guðs að vilja;
 nú loksins verðum vjer að skilja.
 Guð blessi yður, börn mín góð!
 Sje honum dýrð um aldir alda;
 þótt oss nú skilji feigðin kalda,
 hve fagur verður fundur sá,
 er fæ jeg börn mín aptur sjá!“

Móses á Nebó.

(5. Mós. 34.)

Nú leggur hetjan loksins vopnin niður,
 nú liðið kveður trúi foringinn;
 nú eptir stríðið loks er fenginn friður,
 nú fer hann upp á Nebó hinnsta sinn.
 Þar landið blómga brosir honum viður
 og bjartur yfir ljómar himininn.
 Nú hefur hann upp svanasönginn bliða,
 er sólin er að kveðja hauðrið friða:

„Jeg horfði aptur — yfir farna vegi;
 mjer eyðimörkin stundum þótti löng;
 en höndin drottins yfirgaf mig eigi
 þótt einatt væri ferðin býsna ströng;

með eldi' á nóttu, skýi' á döprum degi
 mig drottinn leiddi skuggaleg um göng;
 hann var mjer ljós á villugjörnum brautum,
 hann var mjer stoð í öllum mínum þrautum.“

„Jeg horfi aptur — yfir liðnar tíðir;
 um ævi leit jeg sjaldan glaðan dag.
 Mig einatt grömdu gáskafullir lýðir,
 er gleymdu drottni' og sáu' ei eigin hag.
 En nú er loksins komið kveld um síðir,
 það kætir mig, að brátt er sólarlag.
 Jeg nú er þreyttur orðinn á að vaka,
 og á sig nú er hvíldir mál að taka.“

„Jeg horfi fram — á fyrirheitna landið,
 er fagurlega brosir nú við mjer.
 Í grænum hlíðum bak við skýjabandið
 og blómguum völlum hjarðir leika sjer.
 Og þó er geð mitt gráti nokkrum blandið,
 því guð ei leyfir mjer að koma hjer.
 Hve fær sá gott, er fyrir á að liggja
 það fyrirheitna sæluland að byggja.“

„Jeg horfi fram — á framtíð minnar þjóðar.
 Hvað fyrir henni mun þá liggja hjer?
 Hvort munu hennar vistir verða góðar?
 Það verða mun, ef hún ei gleymir sjer.
 En bölvun dynur yfir hana óðar,
 ef, ó minn guð, hún slítur sig frá þjer.
 En allt er þetta döprum augum dulið;
 en drottinn, þinni speki' er ekkert hulið.“

„Jeg horfi niður - niður' á landið væna;
 sjá, nóttin þegar liggur yfir dal.
 Þar breiða tjöldin sig um grundu græna,
 þar glatt sjer leikur þrúðra drengja val.
 Nú ofan þangað augun grátin mæna;
 nú aldrei framar þá jeg líta skal.
 Í djúpið fögur sólin er að síga,
 jeg sjálfur eins í dauðann brátt mun hníga.“

„Jeg horfi niður, — niður' í eigið hjarta;
 þar nóttin einnig liggur yfir hljótt.
 Þar yfir skyggir sorgamyrkrið svarta
 og synda minna feykilega gnótt.
 Þar ljómar þó guðs líknar sólin bjarta,
 og lýsir fagurt gegnum dimma nótt.
 Hún innir mjer, að aptur komi dagur,
 og eptir húmið ljómi morgun fagur.“

„Jeg horfi upp, — hátt upp í himin friðan,
 þar einnig blika fagurskrúðuð tjöld:
 gullskýja-tjöldin himins völl um víðan
 mjer virtust aldrei skína sem í kvöld.
 Er það af því, jeg sje þau aldrei síðan?
 Nú sængin hinnsta mjer er búin köld.
 Og fyr en upp er stjarna fjöldinn stiginn
 á stirndu hveli — dauður ligg jeg hniginn.“

„Jeg horfi upp — hátt upp í fegri ljóma;
 þar unaðsfagur dýrðarljómi skín.
 Jeg skyggnist inn í himins helgidóma;
 en hvað er þetta? lykjust augu mín?“

Það er sem fagarar raddir heyri' eg hljóma
 en hvað er þetta? Stundin þegar dvín.
 Ó guð minn, ljós og söngur saman streyma.
 Er svefninn kominn? tekur mig að dreyma?“

Svo mælti hann og augum brostnum eygði
 þá unaðsdyrd hins fyrirheitna lands.
 Hann silfurlokkað höfuð niður hneigði,
 þar hneig með sólu líf hins bezta manns.
 En sjálfur drottinn djúpt sig niður beygði
 að dánu líki' og bjó um legstað hans.
 Hans andi sveif til æðri sælu-kynna;
 en enginn veit, hvar gróf hans er að finna.

Jórdan.

(Jós. 3. 4.)

„Blasir við landið svo bjart og svo frítt,
 blómlegar sljetturnar víðar.

Allt er svo fagurt og unaðarblítt,
 allt er svo tignarlegt, frjálslegt og nýtt.
 Brosa við brekkur og hliðar,
 brosa við grundirnar fríðar.“

„Annað var forðum á öræfaleið,
 áttum vjer kosti þá stranga.
 Þjakaði' oss hitinn og þorstinn oss sveið,
 Þreyttir vjer stikuðum örlagaskeið.
 Þungt var og þreytandi' að ganga
 þá yfir eyðimörk langa.“

„Brosir nú við oss hið blessaða land,
 bægir þó áin hin kalda;
 beljandi fram hjer hún brunar um sand,
 býr hún oss torfærur, stofnar oss grand.
 Dunar sú ógurleg alda,
 yfir ei fært er að halda.“

Þannig kvað Ísraels örmædda þjóð,
 er hún sá landið hið væna.
 Ógnaði Jórdanar ægilegt flóð;
 órólegt fólkið á bökkunum stóð;
 óþolinmóðir þar mæna
 margir á völlum græna.

„Jórdan þótt belji hjer,“ Jósúa kvað,
 „jartegn mun drottinn hjer stofna.
 Örkin guðs lifanda leggur á stað,
 lítið, hve fljótinu verður um það.
 Öldurnar rjúkandi rofna,
 rennandi straumur mun klofna.“

Fólkið sig tók upp úr tjöldunum brátt,
 tók niður' að fljótinu' að halda.
 Prestarnir báru guðs helgidóm hátt,
 hjeldu þeir fyrst út í straumfallið blátt.
 Stóðst þá ei stórkostleg alda,
 straumnum burt skolaði kalda.

Hopaði vatnið og hörfaði frá,
 hóf sig upp tignarleg bylgja.
 Efra sem múrveggur myndaðist þá,
 mest rann hið neðra til þurðar í sjá.

Nú var ei ógurleg ylgja,
örkinni gott var að fylgja.

Lýðurinn allur þar yfir um fór;
öldurnar farveginn hlóðu.

Vöknaði þar eigi þráður nje skór,
þurrt komust allir; það jartegn var stór.
Prestarnir stöðugt þar stóðu
stilltir með örkina góðu.

Prestarnir síðastir lögðu til lands;
loksins var ferðin á enda.

Lýðurinn allur, þeir mörg þúsund manns
mikluðu guð fyrir varðveizlu hans.
Hjer fjekkt þá loksins að lenda.
Lofgjörð var maklegt að senda.

Vatnið í farveg sinn fallið var þá,
flóði yfir bakkana víða.

Steina þeir tólf höfðu tekið í á,
til þess að niðjarnir skyldu þá sjá,
til þess sem lengst meðal lýða
lifði það kraptaverk fríða.

Ísrael Jórdan fór yfir um þar
áður sem hafið hið rauða.

Heim var nú komið sem heitið þeim var,
hlógu við dalir og fjallbyggðirnar.
Horfin var óbyggðin auða
öll bak við hafið hið dauða.

Enn þá vjer daprir hjer stöndum á strönd,

stynjandi' á landinu nauða,
 horfandi fram á hin friðsælu lönd;
 fljúga vill þangað hin vegmóða önd.
 Ægir oss djúpið hið dauða,
 drottinn, hver flytur oss snauða?

Hver bægir öldunum ólgandi frá?
 Einasti frelsarinn lýða;
 fagnaðarlandið hann leiðir oss á,
 ljómandi dásemdir skoðum vjer þá,
 lifandi í landinu blíða,
 lausir við þrautir og kvíða.

Jeríkó.

(Jós. 6.)

Hátt gnæfði Jeríkó víðum á völlum
 völdug og há.

Hátt gnæfðu turnar sem tindar á fjöllum,
 tindrandi' að sjá.

Glampaði sólin á gljáandi húna,
 gullinu búna.

Teygðu þar pálmarnir toppana snúna,
 sólunni sýndust að ná.

Lágt bar á Ísraels landtjöldum smáum
 lítið þar frá.

Eins var sem smákjarr hjá eikunum háum
 yfir að sjá.

Höfðu þeir tjaldað í hlje fyrir vindum

háum af tindum.

Skugga bar yfir af laufþjettum lindum.

Aldrei skein sólin þar á.

Ramlega víggirt og ríglæst var borgin,
ramgjör og traust.

Vígbúið herliðið vóð þar um torgin

vígdjarft og hraust,

Niður af múrunum horfðu þeir háum

hæddust að smáum

herbúðum Ísraels litlum og lágum.

Hátt kvað við hæðileg raust:

„Hvað munu vesalir húsgangar duga
hervirkjum gegn?“

Öflugar stórhettjur yfir að buga

er þeim um megn.“

Skóku þeir brandana, börðu þeir skildi,

búnir í hildi.

Ísrael hoga þá hugdeigur vildi,

óttaðist örvanna regn.

„Jehóva sjálfur mun Jerikó vinna,“

Jósúa kvað.

„Loksins nú geldur hún glæpanna sinna.

Grunar mig það.

Lýður af guðlausum lifnaði ræmdur

loksins er dæmdur,

verður í ánauð og útleigð nú flæmdur

úr sínum sterkbyggða stað.“

„Örkin guðs heilaga hjer er í tjöldum

herbúðum í;
 hopaði stórfjótíð hennar af völdum,
 hyggið að því.
 Bera skal örkk kringum borgina alla;
 básúnur gjalla.
 Sjöunda daginn skal siguróp kalla.
 Hrynja þá hervirkin ný.“

Sjö gengu prestar, og eptir þeim allir
 Ísraelsmenn,
 kring um þá borg, og í básúnur snjallir
 bljesu þeir senn;
 hafandi' með sjer guðs heilaga dóma,
 hörpurnar óma,
 gjalla við hornin og gull-lúðrar hljóma.
 Skipaðist ekkert þó enn.

Kváðu við lúðrar í sjöunda sinni
 sjöunda dag.
 Heyrði þá liðið í húsunum inni
 hernaðarlag.
 Ógurleg heróp um herinn þá dundu,
 herbrestir drundu; —
 rambyggðu múrarnir hröpuðu' og hrundu.
 Jehóva sló þar sinn slag.

Þannig varð borgin að rústum hin ríka,
 ramgjör og há.
 Ei stóðust mannvirkin atlögu slíka
 anda guðs frá. —
 Múrar og kastalar megna' ei að standa

móti guðs anda.

Við standast jafnvel ei verkin guðs handa
sjálfur ef andar hann á.

Öflugum vörnum og vígfimi treysti
vígbúin sjót.

Sterkbyggðir turnar og stórmennska' og hreysti
stoðaði' ei hót.

Verður hið úrelta' að falla og flýja
fyrir því nýja.

Breytingar tímans fram kraptar guðs knýja.
Neitt þeim ei megnar á mót.

Sú kemur tíðin að dómslúður dynur
dauðlegri þjóð.

Sú kemur tíðin að hrapar og hrynur
heimsbyggðin góð.

Guðs sonar lúður til lífsins þá kalla
loksins mun alla.

Fagnaðarlúðrarnir glymjandi gjalla
sigurs- og lofgjörðarljóð.

Sól og tungl.

(Jós. 10.)

Hin gullna sól í geislum brann
í Gíbeon ;
og tunglið upp í austri rann
í Ajalon.

Og dagur var á þrotum þá

en þó ei nótt.
 En bæði ljósin himins há
 sjer hraða skjótt.
 Í vestri dýrðleg drottning fer
 og dásamleg;
 en konungurinn aptur er
 í austurveg.
 Þau horfðust bæði augu í
 um aptan þann.
 Hún síblið var og sumarhlý
 en svalur hann.
 Í lægra haldi lýtur sól
 og lækka fer,
 en máninn hærra' á himinstól
 upp hreykir sjer.
 Í fylgsnum hafs var fölgid senn
 hið fagra hvel.
 Og sigur var ei unninn enn
 í Ísrael.
 Þeir höfðu barizt hraustir þar
 um heilan dag.
 Nú síðast von um sigur var
 um sólarlag.
 En ef að sólin sigi þá
 þeir sáu vel,
 að engu sigur yrði sá
 í Ísrael.
 Og Jósúa þá traustur tók

sinn trúarskjöld,
 og mælti svo, og sverðið skók,
 það sama kvöld:
 „Ei gakk þú lengra, gullna dís,
 í Gíbeon,
 og eins þú tungl, í austri' er rís
 í Ajalon.“

Í sömu sporum sólin stóð
 á sinni braut;
 og máninn stóð sem storknað blóð,
 er stöðvast hlaut.
 Þau bíða eptir boði hans,
 unz búið er,
 og rekinn burtu fjandafans
 og flúinn her.

Þeir frægan sigur fengu þar, —
 það fór allt vel,
 því drottinn' enn sem optar var
 með Ísrael.
 Hann ei sitt auglit fagra fól
 í fólksins þraut,
 en hepti tungl og hepti sól
 á himinbraut.

Og sólin rann af himni hlý
 í hafið blátt,
 og máninn reis þá austri í
 upp aptur hátt.
 Hin gullna dísin glöð þá hneig

í Gíbeon,
og máninn enn þá ofar steig
í Ajalon.

Kveðja Jósúa.

(Jós. 23. 24.)

„Ó farðu vel, þú fræga þjóðin mín!
Nú finn jeg vor að samvist bráðum dvín.
Jeg nú er hniginn mjög á efra aldur,
og að mjer fast nú sækir dauðinn kaldur.
Nú feigðaróð jeg fólki mínu gel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! þú sjálf það hefur sjeð,
að sjálfur drottinn var þjer ætið með.
Hve hefur drotni föðurlega farizt,
er fyrir þig hann hefur sjálfur barizt!
Hann frelsað hefur fólk sitt, Ísrael.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! og gleym ei gæzku hans,
er greitt þjer hefur braut til þessa lands.
Hann öllum vanda' úr vegi þínum ruddi
og vel í hverri þraut og mæðu studdi.
Af blessun guðs við fólk mitt fæst jeg tel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! og vík ei drotni frá,
en vertu örugg hvað sem gengur á;

og gakk þú æ á guðs þíns dýrum vegum
og gleym ei drottins boðum tignarlegum.
Og fremst þú stunda fagurt hjartabel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! en vita skaltu það,
að viljir þú ei drottin hyllast að,
þá verður allt að voða þjer og grandí,
þjer verður svipt úr þessu fagra landi.
Ó forðast drottins fárramt bræði-jel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! en vel þú nú um það,
hvort vilt þú fremur drottin hyllast að
og hlýða drottins dásamlegu boðum
en dauðum þjóna heiðingjanna goðum.
Nú heit og sáttmál, fólk mitt, fram þú sel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! en vita samt skalt þú,
hvað velur sjer þinn gamli faðir nú:
Sjá, jeg og mínir munum þjóna drottni, —
og munum bregðast ei, þótt allt um þrotni, —
unz hnígur lífsins friðsælt fagrahvel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! þú velur eins og jeg;
þú velur drottins boðorð elskuleg.
En vit, að drottinn heimtar hlýðni stranga,
til hægri' og vinstri leyfist ei að ganga.
En trúr er guð; þig forsjá hans jeg fel.

Ó farðu vel!

Ó farðu vel! Til vitnis móti þjer
 á velli grænum stein jeg reisi hjer.
 Sá heyrir allt og hann mun gegn þjer vitna
 ef hlýtur reiði guðs á þjer að bitna.
 Guð forði því! Jeg frammar hjer ei dvel.
 Ó farðu vel!

Ó farðu vel, þú fræga þjóðin mín!
 guð fylgi þjer og jafnan gæti þín;
 guð fylgi þjer í fögrum jarðardölum;
 guð fylgi þjer að björtum himinsölum;
 guð fylgi þjer. — Jeg finn mig kallar hel.
 Ó farðu vel!“

Sigursöngur Debóru.

(Dóm. 5.)

Heyrið þjer, konungar, hlustið þjer feður,
 hlýðið þjer á Baraks og Debóru ljóð.
 Valkyrjan drottin til vegsemdar kveður,
 vil jeg honum syngja minn fagnaðaróð.
 Hefnd fyrir Ísrael orðin er hjer,
 af því er söngur og gleði vor sprottin.
 Leikið og dansið og lofsyngið þjer,
 lofið og vegsamið drottin!

Drottinn, er út gekkst þú Edoms af völlum,
 eða þegar Seir út þú brunaðir frá,
 dundi þá undir í fellum og fjöllum,
 foldin gekk sem öldur á rjúkandi sjá;

bunaði' úr skýjunum beljandi flóð,
 björgin og hálsarnir fyrir þjer runnu;
 Sínaí ókyrrt á öndinni stóð,
 eldar í djúpinu brunnu.

Enginn var foringi' í Ísraels liði,
 upp reis þá hún Debóra fjandmönnum gegn,
 vitur sem dómari, dugleg í friði,
 drottins her að stýra þó ei var um megn.
 Sísera skjaldmeynni sendur var mót;
 sá hafði mörg hundruð járnslagna vagna.
 Barah og Debóra hræddust ei hót,
 her sinn þau tóku að magna.

Konungar, hetjur og kappar og jarlar
 komu þeim á móti með óvigan her.
 Ísraels hjuggu þeir hlifarnar allar,
 herfang þó ei tekið þar gátu þeir sjer.
 Barak og Debóra börðust ei ein,
 barizt af himnum var Sísera viður:
 Ljómandi stjarnanna herfylking hrein
 himins af brautum steig niður.

- Gullu við brandar og kesjur hjá Kíson,
 konunganna liðsaffli falla þar hlaut.
 Eldgamli lækurinn, lækurinn Kíson
 litaður í blóði þeim skolaði braut.
 Slitnuðu hófar af riddara reið,
 reykur upp gaus undan hestanna fótum.
 Dunaði' í fjöllum er skellt var á skeið,
 skulfu þar björgin frá rótum.

Sísera kappinn þá flýði til fjalla ;
 flóttann rak þar Baraks og Debóru lið ;
 undan þeim lifandi komst hann að kalla,
 kom að einu tjaldi og bað þar um grið.
 Örþyrstur drakk hann þar ómældan teyg,
 örmagna Jaelar fætur hneig viður.
 Hún yfir kappann hinn stórhuga steig ;
 steindauður fjell hann þar niður.

Móðir hans Sísera gægðist um glugga,
 gáði hvort að sonurinn kæmi' ekki heim ;
 sá hún ei annað en eintóma skugga,
 enn þá kom ei nokkur úr leiðangri þeim.
 „Kveldar og nú fer að verða hans von,
 vagninum hugsaði' eg betur að gengi.
 Hvað mun nú dvelja minn hugprúða son?
 hví er hann nú svona lengi?“

Gullu þá við hinar göfugu konur :
 „Getur þú ei skilið það? náðuga frú!
 Herfangi skiptir þinn hugstóri sonur,
 hann er varla búinn að skipta því nú.
 Sjálfsagt hver einasti maður fær mey,
 máskæ þær nú verði tvær eða fleiri.
 Gullbúnum litklæðum gleymt verður ei ;
 gjafirnar verða því meiri.“—

Slá þannig, guð, þína óvini alla,
 alla þá, sem himninum berjast á mót ;
 lát þeirra ofstopa lægjast og falla,
 lát oss eigi granda það beljandi fljót.

Hinir, sem elska þig skíni svo skært,
 skært eins og sólin í hátignarveldi,
 fram er hún brunar um bláhvolfið tært
 brennandi himneskum eldi.

Köllun Gídeons.

(Dóm. 6.)

Hjá lofsælum lýð
 var herskátt í landi
 og hverskonar vandi
 og hörmung og stríð.
 Í skógum, í fellum,
 í fylgsnum, í hellum
 þeir földust um hrið.

Þar uxu þó enn
 ei óhappafengir
 en dáðrakkir drengir
 og dugandi menn,
 sem Gídeon ungi,
 sá guðs vöndur þungi,
 sem gjörðist nú senn.

Í miðsumars mund,
 er dagur var hniginn
 og sólin var sigin,
 hann sat þar í lund.
 Þar ljóssengill blíður
 stóð bjartur og fríður
 á blómgaðri grund.

Í kveldblænum kvað:
 „Þú stríðskempan hrausta,
 þú hetjan guðs trausta!
 þitt heiti skal það,
 því Ísrael fríðan
 þú frelsa skalt síðan;
 og far nú af stað.“

En blíður á brá
 sá unglingur sagði
 við engil að bragði:
 „Það eigi jeg má.
 Mín ætt er sú minnsta,
 og hennar lið hinnsta
 nú hjer máttu sjá.“

En skínandi skær
 þá guðs engill tjáði:
 „Það guðs er að ráði
 og guð er þjer nær.
 Þú sigur munt hljóta
 og sæmda munt njóta,
 er sigur þú fær.“

Hinn blíðlega bað
 eitt teikn sjer að gefa
 svo ei mætti efa
 það allt, er hann kvað.
 Og engilinn fríða
 þar bað sín að bíða
 og brá sjer af stað.

En seinn var ei sá;
 hann aptur kom fljótur
 og fimur og skjótur
 með fórnardýr þá.
 Hann kiðling einn deyddi
 og kjötið hann seyddi
 og klett einn ljet á.

Og guðs engill gaf
 það teikn er hann beiddi, —
 svo efasemd eyddi, —
 og útrjetti staf;
 og fórnina snart hann
 og bálneista bjartan
 hann bergi sló af.

Og sveinninn þá sá
 þess sannlega vottinn,
 að sjálfur var drottinn,
 er sjer stóð þar hjá;
 og hugði sig mundu
 þar hníga að grundu,
 svo hræddist hann þá.

Guð sagði við svein:
 „Guðs hermaður ertu,
 því hræddur ei vertu
 við háska' eða mein.
 Það gott mun þjer boða,
 þeir guð fá að skoða,
 sem hjörtu' hafa hrein.“

Og lágnættið leið;
 og aptur kom dagur
 svo ununarfagur,
 en enn þá hann beið.
 Hann tákn vildi meiri
 og furðuverk fleiri,
 því fyrir hann kveið.

Hann tákn fýsti' að fá;
 hann guð um það beiddi
 og gæru þá breiddi
 hann grundina á.
 „Ef þur verður grundin,
 en gæra sú undin,
 það góðu mun spá.“

Og húmið leið hjá;
 á loptinu dagur
 þá ljómaði fagur
 og löndin skein á.
 Þá alþur var grundin,
 en gæran varð undin
 í grasinu þá.

En kurteis hann kvað:
 „Ó reiðstu mjer eigi
 þótt enn þá jeg segi,
 að efi jeg það.“
 „Ef á jeg að trúá
 þú tákni mátt snúa,“
 með tárur hann bað.

Og húmið leið hjá;
 á loptinu fagur
 þá ljómaði dagur
 og löndin skein á.
 Þá alpur var gæra,
 en glódöggin skæra
 á grundinni lá.

Ó minnumst þess, menn;
 ei drottni vjer trúum,
 sem daglega búum
 við dásemd hans enn.
 Í geislunum skærum,
 í glódöggum tærum
 oss tákn skína tvenn.

Sigur Gídeons.

(Dóm. 7.)

Að austan kom voðaleg víkingasjót
 á vingarða drottins að herja.

Þá Ísrael reis sínum óvinum mót,
 sín óðul og sáðlönd að verja.

Í lúðrana blásið var ákaft og ótt,
 svo undir í fjöllunum dundi.

Sig upp tóku þrjátíu þúsundir fljótt,
 og þungt við í grundinni stundi.

Við foringjann Gídeon guð mælti þá:
 „Þótt grimmur sje fjandmanna sægur,

er langt um of mikill þjer liðsafli sá,
 þjer liðskostur minni er nægur.
 Ef fara þeir allir gegn fjandmanna her
 og fáí þeir sigur að vonum,
 mig uggir að eigní þeir sigurinn sjer
 og sig kunni' að stæra' yfir honum.“

Þá gullu við lúðrar með glymjandi hreim
 og Gídeon herinn ljct kalla,
 og hverjum, sem vildi, bauð hann fara heim
 ef hræddist að berjast og falla.
 Og tuttugu þúsundir tóku sig frá,
 er treystu sjer ei til að berjast.
 En eptir af liði var þriðjungur þá,
 er þrekmeira sýndist að verjast.

En guð sagði: „Liðið er ofmikið enn,
 það ei undir fjöldanum kemur;
 að menn sjeu hraustir og hvatleikamenn,
 það hjálpar til sigursins fremur.
 Og nú skal jeg ljóslega láta þig sjá
 hvern liðkost jeg vel mjer til handa.
 Þú reyna skalt liðið og þekkjast mun þá
 í þrautum hver dugar að standa.“

Þar bakaði sandana brennandi sól
 og beizkur var hitinn um daga.
 Þar forsæla nokkur ei fannst eða skjól
 og flestum var þorstinn til бага.
 En hins vegar þar undan háfjallatind
 af hæðum og skógrunnum falin

rann skínandi fögur og ljómandi lind
og liðaðist niður í dalinn.

Að lindinni fögru með liðið hann fór
í ljósgrænum hvamm upp til dala.
Og þurkur var mikill og þorstinn var stór
og þjökuðum mál var að svala.
Og tugur nær þúsunda teygandi þá
af tárhreinum, svalandi brunni,
En þrjú hundruð drengja' að eins dreypti þar á
og dropa bar lítinn að munn.

„Nú glöggst má jeg líta,“ kvað Gídeon skjótt,
„hvað góður er veigur í sveinum.
Ef svelgja þeir vatnið og sötra það ótt,
jeg sízt hefi trú á þeim neinum;
þeim aldregi fer jeg í orustu með
þótt ótal jeg þúsundir fengi;
en hina til fylgdar jeg kýs mjer og kveð
að karlmennsku þrautreynda drengi.“

Og flestum hann vísaði bráðlega á bug
og brott sagði skjótt þeim að verða.
Þá brast ekki hug, en þá bilaði dug,
hann brást þegar á átti' að herða.
En þrjú hundruð gengu' undir gunnfána hans
og geystir þeir hervæðast tóku;
þá langaði' að berjast gegn fjandmanna fans,
og fegnir þeir brandana skóku.

Í Jesreelsdal sátu Midíansmenn
sem mývargur, austan úr löndum.

Þar ógrynni liðs hafði safnast í senn.
 sem sandur á Rauðahafs ströndum.
 Þeir glömrðu sverðum og grenjuðu hátt,
 í gnýpum og fellum tók undir;
 og hrópin og ópin um hljóðglögga nátt
 þar heyrðust um merkur og grundir.

En sunnan við hálsinn í hliðinni þar
 ljét herbúðir Gídeon setja.
 Ei árennilegt gegn þeim víkingum var
 að verjast og fámenni' að etja. —
 En óttalegt nokkuð er ei fyrir þann,
 sem er milli skaparans handa;
 þótt hættan sje mikil, ef með oss er hann
 oss megnar ei nokkuð að granda. —

Og fagurt skein himinsins heiðbláa djúp
 er hnigin var sólin til viðar;
 og nóttin útbreiddi sinn bládimma hjúp
 og benti til værðar og friðar.
 Og smámsaman allt varð í herbúðum hljótt
 er hnigu menn þreyttir að blundi;
 og þörf virtist hvíldar um húmdökka nótt,
 því hvessa með deginum mundi.

En einn vakti Gídeon Ísrael hjá,
 á augu hans blundur kom eigi;
 svo mikið í huga var hetjunni þá,
 hann horfði mót komanda degi.
 Í náttmyrkri gall þá við guðdómleg raust;
 við Gídeon drottinn rjeð inna:

„Þú fara skalt bráðlega, hetja mín hraust,
til herbúða fjandmanna þinna.“

Og Gídeon tók með sjer trúfastan svein,
að tjöldunum rann hann í skyndi.
Þar hálfbrunnin viðarglód hjer og hvar skein
og hjer og hvar blossaði' í vindi.
Í samfeldri kös lá þar kappanna fjöld,
þeir kvíðalaust blunduðu' í náðum.
Þar tveir að eins vakandi voru það kvöld,
og vel heyrðist tal af þeim báðum.

„Mig dreymdi,“ kvað annar, „að fjallstindi frá
einn ferlegur brauðhleifur ylti;
á búðirnar stefndi' hann og stórtjaldið á
og sterklega' um koll því hann bylti.“
Og þá mælti hinn: „Ei er þýðingin vönd,
mun það fyrir Gídeons sporum,
því guð hefur honum oss gefið í hönd
með gjörvöllum herbúðum vorum.“

Og glaður frá tjöldunum Gídeon rann
og gekk heim til búðanna sinna.
„Nú statt þú upp, Ísrael,“ hrópaði hann,
„nú heiðingja mál er að vinna.“
Í liðsflokka þrjá skipti' hann liðinu því
og lúður hann manni fjekk hverjum,
og leirkrúsir tómar með logbröndum í,
er leyna' þeir skyldu undir verjum.

Þeir komu til fjandmanna herbúða hljótt,
í höfugum blundi þeir sváfu;

en verðirnir uggðu' ekki að sjer þá nótt
og athuga' ei liðinu gáfu.

En kalt glotti tunglið í skýjum er skreið,
að skatnanna forlögum köldum.

Það dró fyrir mánann um miðnæturskeið
og myrkt varð í heiðingja tjöldum.

Þá lúðrarnir þutu með glymjandi gný,
í gnúpum tók undir og fellum.

Þá brotnuðu krúsir með blysunum í,
með brestum og hvellum og smellum.

Þá grenjað og orgað og hrópað var hátt,
svo heyrðist um grundirnar víða;

„Við drottins og Gídeons megin og mátt
nú megið þjer, heiðingjar, stríða.“

Með andfælum heiðingjar vöknuðu við
af vondum og ferlegum draumum
og hugðu sig umkringja ógurlegt lið
af allskonar þursum og raumum.

Sem fætarnir toguðu flýðu þeir skjótt,
því forða hver lífinu vildi;

og heiðingja tvístraðist herinn þá nótt
og herbúðir eptir þar skildi.

Og lúðrarnir þutu með gjallandi gný
svo glaðlega', er sigur var unninn;
og logandi blysklein á loptinu á ný
er ljómandi sól var upp runnin.

„Sverð drottins og Gídeons!“ hrópað var hátt;
það hljómaði' og ómaði lengi. —

Nú misst hefur Gídeons gullhjör sinn mátt,
á guðs sverði tíð vinnur engi.

Dæmisaga Jótams.

(Dóm. 9.)

Abímelek allra ljét án saka
alla bræður sína' af lífi taka.
Jótam komst þar undan einn,
yngstur þeirra var sá sveinn.
Hafði' hann getað fyrir honum falizt,
í fylgsnum nokkrum dvalizt.

Abímelek er til konungs tekinn,
útlægur var hinn og burtu rekinn.
Upp á Grísím gekk hann þá,
gnýpu fjallsins stóð hann á,
hóf upp raust á háum tindi fjalla
og hóf svo ræðu snjalla:

„Einu sinni fóru trjen að tala,
tóku konung yfir sig að fala.
Viðsmjörstrjeð þau föluðu fyrst.
„Fitu“, kvað það, „get eg ei misst.
Á jeg minni allri fitu' að gleyma
og yfir trjánum sveima?“

„Þegar afsvar þetta skýrt þau fengu
þau á stað til fikjutrjesins gengu,
kjöru trje það konungs til;
kvað þá trjeð: „Jeg það ei vil.

Á jeg mínum ávöxtum að gleyma
og yfir trjánum sveima?“

„Þegar afsvar þar þau fengið höfðu
þau hins sama' af vínviðinum kröfðu:

„Kom og ver vor konungur;“

kvað þá aptur vínviður:

„Á jeg mínum eigin vökva' að gleyma
og yfir trjánum sveima?“

„Loks þau nefndu það við þyrnirunninn;
þá var loksins konungurinn unninn.

„Það ef vilji yðar er,

yður skýlið þjer hjá mjer.

Ef þjer viljið ei í hlýðni standa

þá yður mun jeg granda.“

„Abímelek það er þyrnirunnur;

þyki yður hann að góðu kunnur

gleðjist þá, — ef ei svo er,

uggir mig þá hvernig fer:

Hann mun yður, honum munuð þjer týna,

nú hugsíð ræðu mína!“

Þeir, sem komu honum helzt til valda,
heimsku sinnar máttu síðar gjalda.

Þyrnibroddum þá hann stakk,

þar af sjálfur loks hann drakk.

Allt kom fram, sem áður Jótam spáði

og allt að drottins ráði.

Heit Jefta.

(Dóm. 11.)

Það hafði lengi staðið stríð með stórorustum mörgum,
með Ísrael, guðs eigin þjóð, og Ammons heiðnum
vörgum.

Og ýmsir báru hærra hlut, þó hallaðist um síð
sá ófriður á Ísrael, guðs eigin kæra lýð.

Þá Jefta yfir Ísrael var æðsti herforingi,
og drottins anda hafði hann á hverju vopnaþingi.
Hann hniginn var á efri ár, en ern og röskur var,
að snilld og frækleik, hreysti' og hug af hverjum
manni bar.

Og Jefta gjörði guði heit, ef góðan sigur fengi
og yfirstigi Ammons börn, er átti' hann við svo
lengi:

„Þá heim jeg kem, jeg helga þjer úr húsi mínu það,
er kemur fyrst á móti mjer í Mispa,“ Jefta kvað.

Til orustu þá hratt hann hjelt við hrausta Am-
moninga;
en ekkert stóðst guðs anda mót og æðsta herfor-
ingja.

Og frægan sigur fjekk hann þar og felldi Am-
mons lið;
það drottinn gaf í hendur hans og honum loksins frið.

Og Jefta kom úr hernað heim, er hríðin sú var
unnin.

Það síðla var um sumarkveld, en sólin var ei runnin.
Og næsta glaður nú var hann, því nú var úti þraut,
og sólin var ei sigin enn af sinni fögru braut.

Og Jefta keyrði hestinn hart, svo hart sem fram-
ast mátti' hann;
og hugu'rinn bar hann hálfu leið, því heima dýr-
grip átti' hann.

Það var hans einkadóttir dýr, sú drottins gjöfin bezt,
og hún var eina yndið hans og ellistöðin mest.

Og hugu'rinn bar hann hálfu leið að hitta dóttur
kæra.
að mega hennar falla' í faðm og fá þar hvíld svo
væra.

Og Jefta keyrði hestinn hart unz heim hann loks-
ins sá,
og mælti þá við sjálfan sig, er sólin skein þar á:

„Nú heima gyllir glugga sól, en gull er dýrra inni;
og enn þá fegri aptansól jeg á í dóttur minni.
Með geislum sínum gyllir hún hins gamla ævikvöld.
Jeg gleð mig nú, en gleði sú mun gleði þúsundföld.“

Þá sá hann opnast salardyr og sá hvar mærin fríða,
svo skjót sem fugl, svo ljett sem lauf, svo ljós
sem sólin blíða,
á móti honum glöð þá gekk, en geislum sólin sló
á hennar klæða fagran fald, en fegurst sjálfa þó.

Með gígjusöng og gleðidans hún gekk mót föður
kærum,

með unaðslegum sigursöng og symfónshljómi skær-
um.

Með glöðu sinni heyrði hann hinn helga sigur-óm,
en þekkti gegnum symfóns-söng hinn sæla meyjjar
róm.

Og Jefta keyrði hestinn hart unz henni loks hann
náði.

og fljótt að dóttur hjarta hneig sem hjartað lengi
þráði.

Hann engu þar upp orði kom og ekkert muna rjeð;
hann gleymdi heimi, gleymdi sjer og gefnu heiti
með.

En dóttir hans þá hóf svo mál: „Minn hjartans
faðir blíði!

Hver heill er það að heimta þig úr hinu vonda
stríði.

Nú skaltu mjer ei fara frá, ei frammar skiljum við;
nú skaltu hafa skjól hjá mjer, nú skaltu hafa frið.“

„Og jeg hef sögu' að segja þjer, er sinnið af mun
gleðjast:

Jeg hefi fengið festarmann, er föður mínum geðjast,
með blíðan svip og blómga kinn og bjartleitt and-
lit frítt,

með snaran fót og hrausta hönd og hjarta trútt
og blítt.“

Þá minntist hann á heitið það, er hann gaf einu
sinni:

að helga drottni hvað sem fyrst að heiman mót
sjer rinni.

Og dóttir hans, það dýra sprund var drottni helg-
uð þar,
svo hennar fjekk ei njóta neinn, hve nákominn
sem var.

Og er hann minntist á það heit, hann ógnar fyllt-
ist harmi,
og hjartað barðist hart og títt í hugumstórum
barmi.

Hann sagði dóttur sinni heit, er sýndist fyrrum bezt
til hamingju og sigurs sjer, en sá nú eptir mest.

Sem hefði þruma himni frá að hennar fótum runnið,
svo henni brá við heitið það, er hjer var drottni
unnið.

Við föður sinn hún sagði klökk: „Eli svikja meg-
um hann;
og yfirgefa eg verð þig og eigin festarmann.“ —

Í hafsins djúp var hnigin sól og húmið komið svarta.
Í Jefta húsi' og hjarta var og hnigin sólin bjarta.
En vonarstjarna helg og há í húmi nætur skein;
og það var Jefta dóttir dýr, sú drottins brúður
hreín.

Samson.

(Dóm. 16.)

Samson, það hraustmenni, sem krapt í kögglum bar,
kreysti' hann sundur ljónið eins og hálf-útbrunnið
skar;

felldi hann með asnakjálka eina þúsund manns,
eigi stóðust þúsundir á móti kröptum hans.

Filistea sigraðir þú, Samson!

Dalíla hjet fögur mær hjá Filistea lýð,
fölsk var hún sem refurinn, en eins og dúfan blíð.
Þar kom sú, sem unnið þann hinn ósigrandi fjekk,
ástarinnar sterka fjötur lagði hún á rekk.

Filistear sigra þig nú, Samson!

Filistea höfðingjar til hennar komu brátt,
hana beiddu' að njósna, hvað sigra kynni' hans mátt.
hjetu þeir að inna henni afarmikið gjald,
ef hún gæti komið hinum sterka' á þeirra vald.

Filistear sigra þig nú, Samson!

Dalíla var skrautgjörn mjög og gulli glaptist á,
ginna reyndi' hún bónda sinn að skýra þessu frá:
„Segðu mjer það, kæri minn“, við Samson þá hún
kvað,
„sigrað hvað þig getur ef að nokkuð megnar það.

Filistear sigra þig nú, Samson!

Það var eins og á hann kæmi heldur mikið hik,
hugsaði' hann að undir þessu búa mundi svik.

Anzaði hann Dalílu: „Mitt afl hið mesta þver ef að nýjum strengjum sjö jeg fast umvafinn er.“

Filistea sigrar þú nú, Samson!

Næsta skipti' er Samson karl á svefnbeð væran gekk sjö spánnýja strengi væna Dalíla sjer fjekk, reyrði hann sem fastast til að reyna' á þessu sann, rak upp hljóð og kallaði þá til að vekja hann:

„Filistear sigra þig nú, Samson!“

Gamli Samson reis þá upp og reyndi sitt á afl, rekkjustokkinn þreif hann í, en spyrndi fast í gaff. Reynt var nú að eigi brutu afl hans þessi ráð, alla sleit hann strengina sem veikan, brunninn þráð.

Filistear sigra þig ei, Samson!

Samson hafði bragði móti koma látið krók, kveina þá og barma sjer hin hrekkjafulla tók: „Að þú mundir elska mig, jeg eiga þóttist víst, en þú hefur svikið mig, það hugsaði jeg sízt.“

Filistear sigra þig ei, Samson!

„Segðu mjer það, kæri minn, hvað sigrað getur þig, sízt vil jeg því trúna að þú munir gruna mig.“

Samson bjó til eitthvað, er hann sá að hún var reið. Svona gekk það þrisvar víst, en allt á sömu leið.

Filistear sigra þig ei, Samson!

Lagði hún þá mjallahvíta arma hans um háls, hágrátandi kyssti og tók svo enn til máls:

„Segðu mjer það, elskan mín, jeg særi’ og grát-
 bið þig,
 segðu mjer það, hjarta þitt ef vitund elskar mig.“
 Filistear sigra þig ei, Samson!

Óvar hugði Samson þá: „Hún elskar mig svo heitt;
 óhætt er hún viti slíkt, það sakar mig ei neitt.“
 Innti hann þá sannleikann: „Ef hnífur hár mitt sker,
 horfinn er mjer þrótturinn og giptan farin er.“
 Filistear sigra þig nú, Samson!

Þannig mælti Samson gamli’ og síðan fjekk sjer
 blund,
 safnaði þá Dalila’ að sjer liði’ um næturstund.
 Skáru þeir allt hár hans af og bundu hann í bast,
 bundu hann með sterkum viðjum sem þeir gátu fast.
 Filistear sigra þig nú, Samson!

Vöktu þeir hann síðan upp með óhljóðum og ys,
 upp þá reis hinn gamli fljótt og hugði’ ei búið slys;
 ætlaði hann að slíta sundur fjöturinn sem fyr,
 farinn var þá mátturinn og böndin voru kyr.
 Filistear sigra þig nú, Samson!

Ógurlegt var öldurmennis augnaráð að sjá,
 enginn þorði’ að líta mót, er hvessti’ hann sjón á þá.
 Blinduðu þeir grimmilega’ hinn gamla fallna örn,
 geymdu hann í myrkvastofu’ og ljetu’ hann snúa
 kvörn.

Filistear sigruðu þig, Samson!

Mikill var þá söknuður á meðal þjóðar hans,
mikill var þá fögnuður hjá óvinanna fans.
Goðum sínum hjeldu þeir þá gildi stórt í höll,
glatt var þar á hjalla mjög og læti nóg og sköll.

Filistear sigruðu þig, Samson!

Samson þá í dýflissuna sóttur var í stað;
sögðu þeir við öldunginn og hentu gaman að:
„Dansaðu nú, leiktu þjer nú, Dalíla er hjer,
dygga konan, líttu upp og sjá hve fríð hún er.

Filistear sigruðu þig, Samson!

Salurinn, þars dansað var, á stólpum tveimur stóð,
studdist þar við öldungur og bljes af þungum móð.
Þreif hann yfir' um stólpana og svipti sundur hart,
saman hrundi byggingin og fólk varð undir margt.

Filistea sigrar þú nú, Samson!

Ótal margir Filistear ljetu þar sitt líf,
líka varð þar undir með hans hrekkjafulla víf.
Þetta var hin allra síðsta afraun hans og hefnd;
hann fjell líka glaður með fyrst loksins var hún efnd.

Filistea sigraðir þú, Samson!

Nóomí og Rut.

(Rut. 1.)

Ósjálfrátt hulinn og kynlegur kraptur
kallar menn aptur á æskunnar slóð.
Nóomí fýsti til föðurlands aptur,
fýsti að deyja hjá Kanaans þjóð.

Mágkonum tveim
með sneri' hún heim,
burtfararleyfi þó báðum gaf þeim.

Orpa við hana þá óðara skildi,
allshugar fegin að komast á braut.
Rut eigi skilja þó við hana vildi,
vildi' henni fylgja í sjerhverri þraut.
„Lofaðu mjer
með fylgjast þjer,“
mælti hún trygglynd. „Jeg uni' ekki hjer.“

„Einasti vinurinn minn er í moldu,
mannlaus og fjelaus jeg uppi stend nú.
Síðan minn einkavin fól jeg í foldu
fáir, já engir mjer reyndust sem þú.
Jeg fylgi þjer,
þú fylgdir mjer;
þig jeg ei yfirgef hvert sem þú fer.“

„Kvatt hef jeg frændur og ættingja alla,
eigi hjá þeim vil jeg skjóls leita mjer.
Nú á jeg hvergi að höfði að halla,
hirði þó eigi, fyrst jeg er hjá þjer.
Mitt ból er þitt,
þitt ból er mitt;
þínum á beð veit jeg mjer verður fritt.“

„Hjer leið þó æskan mín inndæla' og blíða,
átt hef jeg hjer marga fagnaðarstund.
En þótt jeg berist til ókunnra lýða
eins fæ jeg kætzt sem á feðranna grund.“

Mitt fólk er þitt,
þitt fólk er mitt;
þetta við land segi' eg skilið og kvitt.“

„Hjer hef jeg guð lært að göfga og biðja,
guð var minn faðir og verndari hjer.
Erlendis veit jeg hann vill mig og styðja,
víst er hinn alvaldi þar eins og hjer.

Minn guð er þinn,
þinn guð er minn;
þar eins og hjer jeg hann nálægan finn.“

„Tímarnir breytast og tímarnir líða,
tíðin ei bíður, hve leynt sem hún fer.
Enn er ei burt horfin æskan hin fríða;
ei þó jeg hræðist að deyja með þjer.

Minn dauði' er þinn,
þinn dauði' er minn;
þar vil jeg andast, er látna þig finn.“

„Sama' er mjer hvar jeg á beinin að bera,
bliknaða lilju þá mold hylur rauð.

Þó vil jeg helst hjá þjer, vina mín, vera,
vera hjá þjer bæði lifandi' og dauð.

Mín gröf er þín,
þín gröf er mín;
þar vil jeg hvilast er ævi mín dvín.“

„Tímar og staðir og lönd eða lýðir
líf eða dauði' eða gleði' eða tryggð,
jafnvel ei endalaus eilífð um síðir —
ekker skal slíta vorn kærleik og tryggð.

Skal það ei mig
 skilja við þig;
 skundum svo lífsins og dauðans á stíg.“

Bóas og Rut.

(Rut. 2.—4.)

Sólin skein
 há og hrein
 hlýtt um morgunstundu,
 yfir fjöll,
 vötn og völl,
 vog og blómga grundu
 Bóass þá
 akri á
 öx hans sveinar bundu,
 er á ríkum akri hans þeir fundu.

Dal og hól
 sumarsól
 sást þar geislum krýna.
 Mær ein frið,
 blómleg, blið
 bjartast sást þó skína.
 Hún var skjót,
 fim og fljót
 fögur öx að tína;
 og hún ljet þau öll í körfu sína.

Bóas þá
 einn gekk á

akur fagran niður.
 Morgunsól,
 byggð og ból
 brosti honum viður.
 Dygga hann
 drengi fann.

„Drottins náð og friður!“
 Bóas mælti, „blessi drottinn yður.“

„Hver er sú
 fagra frú,“
 frjetti Bóas sveina,
 „öxum er
 safna sjer
 sjest á milli reina?
 Slíka mey
 eg sá ei
 áður fyrri neina.“
 Honum þeir af högum meyjar greina:

„Rut er sú
 fagra frú,
 fædd í Móabslandi;
 manna hjer
 meðal er
 mærin aðkomandi.
 Liljan þekk
 leyfi fjekk
 líkt og vegfarandi
 hjer að tína öxin óþrjótandi.“

Bóndi þá
 sagði sá:
 „Sízt skal meina þetta;
 fyrir mjer
 hún má hjer
 hirða stöngla þjetta;
 og sem mest
 öxin flest
 ofan látið detta,
 svo að tína megi mærin netta.“

Þangað hann
 rjóður rann
 Rut er var að tína.
 Og hann skjótt
 hermdi hljótt:
 „Heiður þjer skal sýna.
 Eg hef frjett,
 eg veit rjett
 allt um hagi þína.
 Velkomin þú ert á akra mína.“

„Góða mæR,
 guði kær,
 góðs þú fær að njóta;
 fyrir dyggð,
 fyrir tryggð
 fær þú umbun skjóta.
 grunur er
 á því mjer

að þú munir hljóta
 hamingju, sem harðla seint mun þrjóta.“

Rættist það,
 karl er kvað:
 Kyrlát mærin fráma
 Bóas fjekk
 fyrir rekk
 fríð í æskublóma;
 átti' hún hann
 aldraðan;
 allt fór það með sóma.
 Meira dyggð hún mat en fríðleiks-ljóma.

Húsin full,
 góz og gull,
 garða nóga' og engi,
 margan þjón
 höfðu hjón
 hrausta áttu drengi.
 Nóomí
 nánd var í
 nú í bezta gengi.
 Öll saman þau lifðu vel og lengi.

Köllun Samúels.

(1. Sam. 3.)

Og sólin var hnigin í hafsdjúpin köld
 og húmdökka nóttin út breiddi sín tjöld

hún dró fyrir tunglið og tjaldaði svart,
í tjaldbúðum guðs var þó skínandi bjart,
því skært þar á lampa guðs logar.

Þá Elí var dómari drottins hjá lýð,
hans dugur var þrotinn og hamingjutíð,
og sýn honum farin að förlast þá var,
og fjörið var orðið sem blaktandi skar.

En stöðugt á lampa guðs logar.

Til hvíldar var genginn sá halur það kvöld,
er húmdökka nóttin út breiddi sín tjöld.

Í herbergi næsta lá Samúel sveinn,
í sænginni vakandi lá hann þar einn.

En enn þá á lampa guðs logar.

Í sænginni vakandi lengi hann lá,
en loksins fór blundur að síga' á hans brá,
því allt var svo rólegt og hægt og svo hljótt
þá húmdökku, þögulu, friðsælu nótt,
og rólega' á lampa guðs logar.

Þá heyrði' hann að kallaði einhver sig á,
og óðar úr svefnrofum hrökk hann upp þá.
Hann hugsaði', að Elí þá hans þyrfti með,
og hljóp strax á fætur af mjúkhljjújum beð.

En allt af á lampa guðs logar.

Hann hraðaði sjer og til Elí fór inn.

„Hjer er jeg, hvað viltu mjer? húsbóndi minn!“
En Elí þá hjelt, að hann dreymt hefði draum,

og drengurinn vaknað við þess konar glaum.

En enn þar á lampa guðs logar.

„Jeg hef ekki, kæri minn, kallað á þig,

hví kemur þú hingað að ónáða mig?

En far þú nú aptur og fá þú þjer blund,

það fer nú að líða' undir miðnæturstund;

og stillt nú á lampa guðs logar.

Og Samúel aptur til sængur þá gekk;

en sízt í því kallinu skilið hann fjekk.

Hann hjelt Elí sjálfan þar draum hefði dreymt,

en drauminum aptur á svipstundu gleymt.

Og sífellt á lampa guðs logar.

Í sænginni vakandi lengi hann lá,

en loksins fór blundur að sigra hans brá;

því allt var svo rólegt og hægt og svo hljótt.

Þá húmdökku, þögulu, friðsælu nótt;

og blíðlega' á lampa guðs logar.

Þá heyrði hann kallað í annað sinn ótt,

og upp þaut á fætur til dómarans fljótt:

„Þú kallaðir, herra minn, hvað er það þá?

og hvað er það nú, sem að gjöra jeg á?

því glaðlega' á lampa guðs logar.“

„Jeg hef ekki, kæri minn, kallað á þig;

hví kemur þú aptur að ónáða mig?

Ó far þú nú, son minn, og sofnaðu rótt,

hví sefur þú ekki, þótt allt sje svo hljótt?

og kyrrt nú á lampa guðs logar.“

Og Samúel aptur til sængur þá fór
og sjá þóttist herra síns elliglöp stór.
Í sænginni hugsandi lengi hann lá;
en loksins fór blundur að síga hann á.

Og allt af á lampa guðs logar.

Hann skjótt heyrði kallað í þriðja sinn þá,
og þegar sem fyrri til Elí sjer brá.

„Þú kallaðir, herra minn, hvað viltu mjer?
og hvað er það nú, sem að gjöra mjer ber?“

En vel skírt á lampa guðs logar.

„Jeg hef ekki, kæri minn, kallað til þín;
en kannske það guð sje, sem ráð birtir sín.
Ef aptur er kallað þá anza þú stillt:

„Jeg á hlýði, drottinn, ef tala þú vilt.“

Og fagurt á lampa guðs logar.

Og Samúel enn þá til sængur gekk hljótt,
en sofnað hann gat eigi framar þá nótt;
því tjaldinu svipt var frá tunglinu þá
og titrandi geislum á sængina brá,
en fegurst á lampa guðs logar.

Þá heyrði hann kallað í síðasta sinn:

„Ó Samúel, vaki þú, spámaður minn.“

En Samúel auðmjúkur anzaði stillt:

„Þín orð heyri' eg, drottinn, ef tala þú vilt.“

Og dýrðlega' á lampa guðs logar.

Þá birti guð ráð sín af rjettvísi full,
en rómurinn breinn var sem skírasta gull;

og orð hans var hvert eins og eldurinn skær,
það alstaðar himneskum gull-ljóma slær,
og eilíft á lampa guðs logar.

Dauði Elí.

(1. Sam. 4.)

Heyrðist óp og ys og læti
alstaðar um borgarstræti,
barna grátur, kvenna kvein,
kvíðastunur, sorgarvein,
Hörmung er að heyra þetta;
hvað er þá að frjetta?

Elí gamli óttasleginn
einn á stóli sat við veginn;
hlýddi þessi óhljóð á,
ellihrumur neitt ei sá.
Hörmung var að heyra þetta;
hvað var þá að frjetta?

Fölur kom þar flóttamaður,
flettur klæðum, blódataður;
staðar nam hann stóli hjá,
stumraði' upp hinn gamli þá:
„Hörmung er að heyra þetta!
hvað er nú að frjetta?“

„Ísrael er allur flúinn,
allur Filistea grúinn

eltir þá sem úlfur hjörð
inn á sína fósturjörð.“ —
„Hörmung er að heyra þetta!
hvað er meira' að frjetta?“

„Fallnir þínir fræknu synir,
fáir orðnir þínir vinir.
Afkvæmi þitt allt um láð
orðið vörgum nú að bráð.“ —
„Hörmung er að heyra þetta;
hvað er meira að frjetta?“

„Drottins örk er einnig tekin,
undrasmíðin gulli rekin
liggur palli ljótum á
leiðum fjanda goðum hjá.“ —
„Hörmung er að heyra þetta;
herm ei meira, að frjetta.“

Þá er Elí það fjekk heyra
þurfti' hinn gamli ekki meira:
Dauður hneig hann strax í stað
stólnum af er heyrði það.
Hörmung var að heyra þetta,
hræðilegt að frjetta.

Þá hann heyrði herinn flúinn
honum fannst sín ævi búin.
Þá er sona frág hann fall
fann hann hinnsta blóðund svall.

Guðs örkin tekin! Þó var þetta
þyngst af öllu að frjetta.

Arkarundrin.

(1. Sam. 5. 6.)

Guðs örkin var herfang orðin,
til Asdód flutt hún var,
og hún í Dagon's hof var sett
til háðs og storkunar.
En annan dag þar eptir
brá undarlega við,
því Dagon ofan oltinn var
og af var höfuðið.

Og örkin guðs var aptur
frá Asdód tekin brott;
til Gasa var hún síðan send, —
það sýndist mönnum gott.
En þegar hún kom þangað
ei þá tók betra við:
Menn fengu kýli' á hold og hams
og höfðu' ei nokkurn frið.

Og örkin guðs hin glæsta
frá Gasa flutt var burt,
og aptur send til Askalon, —
og ei um leyfi spurt.
En þegar hún kom þangað
ei þá tók betra við:

Þar fylltist allt af músa mergð,
svo menn ei höfðu frið.

Og örkin drottins aptur
frá Askalon var flutt,
og menn hana', höfðu með til Gat, -
því mjög var leiðin stutt.
En þegar hún kom þangað
ei þá tók betra við:
Þar urðu skrípi' og undur mörg,
og enginn hafði frið.

Og örkin guðs hin góða
frá Gat var rekin skjótt;
til Ekron var hún óðar flutt,
og inn þar leynt um nótt.
En þegar hún kom þangað
ei þá tók betra við;
og alstaðar, sem örkin kom,
var öllum lokið frið.

Og örkin guðs var aptur
til Ísraels send heim,
með Filistea góz og gull,
sem gjöf var allt frá þeim —
hún rataði' heim og racleitt
hún rann og stóð ei við.
— Við guð er ei að glettast hollt,
en gott að hafa frið!

Hættir konunga.

(1. Sam. 8.)

Til Rama komu Ísraels öldungar forðum
og ávörpuðu Samúel þessum orðum:

„Vjer unum ekki þessari þjódstjórn lengur,
ei þannig í öðrum löndum gengur.“

„Vjer viljum hafa konung að drottna og dæma,
ei drottins fólki má annað sæma.“

Þá síga tók brúnin á Samúel gamla,
hann siðbreyting slikri reyndi að hamla.

„Þjer vesalir og blindir ei voðann sjáið
og vitið ei hvað þjer aptur fáíð.“

„En áður en konung þjer kjósa vilduð
þjer konungsins háttu þekkja skylduð:“

„Hann tekur yðar syni, sverð að bera,
og sjá um hesta og korn upp skera.“

„Hann tekur yðar dætur, borð að búa
og baka' og sjóða og steik að snúa.“

„Hann tekur yðar þjóna', að þreskja og grafa
og þraelavinnu þá lætur hafa.“

„Hann tekur yðar þernur, að þæfa' og mala
og þvo og sópa og hirða smala.“

„Hann tekur yður sjálfa fyrir' sína þraela,
að sveitast blóði og þraelka' og pæla.“

„Hann tekur yðar asna og uxa feita,
að erja og þeim fyrir plóg að beita.“

„Hann tekur yðar sáðlönd öll frá yður,
og uppsker það, sem þjer sáðuð niður.“

„Hann tekur í eign sína allt hið bezta,
og eptir skilur hið minnsta' og versta.“

„Og af því, er fáíð þjer eptir að halda,
af öllu því megið þjer tíund gjalda.“

„Og allt, sem hann tekið frá yður hefur
og eyðir ei, sínum þrælum gefur,

„sem fyrir honum daglega' í duptinu skriða
og drottins fólk vilja þrælka og niða.“

„Þá munuð þjer undan kúgun kveina
og kvarta' og mögla' og æpa' og veina.“

„Þá munuð þjer sárlega sýta' og gráta;
um seinan er þá yðar heimsku' að játa.“

„Þá munuð þjer æpa: Frelsi! frelsi!
En fastara reyrt mun þá yðar helsi.“

„Þjer frelsið ei þolduð, frelsið ei vilduð
og frelsisins kenning aldrei skilduð.“

„Og þess munu lengi grísirnir gjalda,
er gömlu svínin hin heimsku valda.“

„En veldur ei sá, er varaði forðum,
fyrst vildu menn eigi hlýða hans orðum.“

Svo mælti hinn gamli, svo glöggt mátti heyra,
en Gyðingar heimtuðu konung því meira.

Og Samúels höfðu þeir orð að engu;
að óskum sínum þeir konung fengu.

Og allt kom það fram, er hinn aldni sagði
og eins og hann fyrir þeim niður lagði.

Og allt saman kenna sjer um þeir máttu,
og eigi þeir betra skilið áttu. —

En þannig hefur gengið í allar aldir:
Að ánaud sinni' eru flestir valdir.

Kveðja Samúels.

(1. Sam. 12.)

Samúel orðinn var gamall bæði og grár,
gekk í silfuröldum hið snjóhvíta hár.

„Enginn, — enginn er þinn líki,“
þá allur mælti lýður.

Allir stóðu hljóðir og hlýddu raust hans á
hinnsta sinni þegar hann ávarpaði þá.

„Enginn, — enginn orð þau talar,“
þá allur mælti lýður.

„Nú er jeg“, kvað Samúel, „gamall mjög og grár,
gengið hef jeg með yður allt að fimmtíu' ár.“

„Enginn, — enginn oss var slíkur,“
þá allur kvað við lýður.

„Hef jeg tekið nokkrum hans uxa' eða' asna frá?
ef svo skyldi vera, þá bendið mjer þar á!“

„Engan, — engan hefurðu' ásælt“,
þá allur kvað við lýður.

„Hef jeg nokkurn ofbeldi haft í frammi við?
hafi jeg slíkt aðhafzt, þá gegn mjer vitnið þið.“

„Engum, — engum hefurðu' amað,“
þá allur kvað við lýður.

„Hef jeg nokkrum rangt gjört og hallað rjetti til?
hafi mjer það orðið, þá bæta' jeg úr því vil.“

„Engan, — engan hefurðu' afflutt,“
þá allur kvað við lýður.

„Hef jeg þegið mútur af mönnum eða hvað?
menn ef skyldi gruna það, rannsakið þjer það.“

„Engan, — engan um það grunar,“
þá allur kvað við lýður.

„Drottinn og hans smurði þess vitni veri mjer:
vildi' eg ekkert gjöra, sem rangt og saknæmt er.“

„Enginn, — enginn hermir annað,“
þá allur kvað við lýður.

„Sjáið yðar konung, sem kosið hafið þjer;
kunnið nú að hlýða, sem rjett og skyldugt er.“

„Engan, — engan annað hendi!“
þá allur kvað við lýður.

„Um fram alla hluti þá hlýðið drottins raust;
honum þjónið dyggilega, ljúft og tregðulaust.“

„Enginn, — enginn er sem drottinn!“
þá allur kvað við lýður.

„Nú úr heiðu lopti brýzt reiðarslag og regn;
reiður er nú drottinn, er opt þjer brutuð gegn.“

„Ekkert, — ekkert illt oss hendi!“

þá allur kvað við lýður.

„Skurðgoðum og villudómi varið yður á,
víkið aldrei drottni, guði Ísraels frá,“

„Ekkert, — ekkert oss skal villa,“

þá allur kvað við lýður.

„Minnist þess hvað fyrir yður guð æ hefur gert,
gleymið ei, hans athvarf er dýrt og mikilsvert.“

„Aldrei, — aldrei gleymist ást hans!“

þá allur kvað við lýður.

„Kveð jeg yður, þjóð mín, en sífellt öld af öld
yfir yður streymi guðs blessun þúsundföld!“

„Amen, — amen, hallelúja!“

þá allur kvað við lýður.

Synir Ísaí.

(1. Sam. 16.)

Við Samúel himnanna konungur kvað:

„Mjer konungi Ísraels geðjast ei að;
hann leiðsögu þína' ekki þiggur.

Af Ísaí sonum kjós einn í hans stað,
sem á mun jeg vísa, en hugfestu það,
að drottinn á hjartað eitt hyggur.“

Hann efna til kosningar óðara rjeð,
 og Ísai heim bauð og sonum hans með;
 það heimboð með þökkum hann þiggur.
 Ei fegurri hóp hafði Samúel sjeð,
 en sjerhvers eins þurfti' hann að rannsaka geð,
 því drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn elzti, svo gildur og knár
 hann gnæfði' yfir hópinn með svipmiklar brár.

En þennan ei Samúel þiggur.

Með tignarsvip gnæfir opt tindurinn hár,
 en tignin er opt að eins jökull og snjár.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn annar, sem afl hafði rammt;
 að etja við stórbjörg var honum svo tamt.

En þennan ei Samúel þiggur.

Þótt fossinn sje sterkur, þá fellur hann samt,
 og fjörið og þrótturinn stendur svo skammt.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn þriðji, svo frækinn og frárr
 sem fjallbunulækurinn sprækur og smár.

En þennan ei Samúel þiggur.

Því lækurinn hrökklast og liður til sjár,
 er lent hefur saman við gruggugar ár.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn fjórði, svo bjartur á brá
 sem blómlundur fagur, er sólin skín á.

En þennan ei Samúel þiggur.

Í blómskrúði þjettu sig byrgir opt smá
hin banvæna naðra, svo hrekkvís og flá.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn fimmti, svo glæst var hans mál
við gullstreng sem hljómaði skærasta stál.

En þennan ei Samúel þiggur.

Hin sætasta tunga' er opt hlykkjótt og hál,
og hafgýgjusöngurinn falsandi tál.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn sjötti með glóandi skart,
í glitklæðum fögrum, með hefðardjásn margt.

En þennan ei Samúel þiggur.

Því táldrægt er skrautið, því trúandi' er vart,
oss töfrar opt gullið, svo skínandi bjart.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn sjöundi,' er vitringur var,
af veraldar spekingum flestum hann bar.

En þennan ei Samúel þiggur.

Og veraldarspekin, sem veit ekki hvar
er vizkunnar upphaf, er blaktandi skar.

En drottinn á hjartað eitt hyggur.

Þá gekk fram hinn yngsti, hinn áttundi svæinn,
það ungur var Davíð; hans svipur var hreinn.

Og þennan loks Samúel þiggur.

Því guðs eptir hjarta' er hinn hreinlyndi einn,
en heimsins ei dýrðlegur gæðingur neinn.

Því drottinn á hjartað eitt hyggur.

Harpa Davíðs.

(1. Sam. 16.)

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo skært,
 að andi sá, hjá Sál er bjó,
 ei sá þar lengur vært.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo skírt,
 að illur burtu andi fló
 og andlit Sáls varð hýrt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo dátt,
 að upp úr grát hinn gamli hló,
 og glatt varð allt og kátt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo glatt,
 að dapurt hjarta fjekk þá fró
 og frá sjer ólund hratt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo blítt,
 að brjóstið fylltist blíðri ró
 og böll var horfið strítt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo milt,
 að niður voða-veður dró
 og varð allt rótt og stillt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo ljett,
 að lægði ólman ólgusjó
 og allt varð kyrrt og sljett.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo snjallt,
 að gegnum stein og stál það smó
 og streymdi gegnum allt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo títt;
 en aldrei fá menn af því nóg
 og æ er það sem nýtt.

Og Davíð helga hörpu sló,
 hún hljómaði svo vel,
 að aldrei orðstír Davíðs dó
 nje dvín í Ísrael.

Goliát og Davíð.

(1 Sam. 17.)

Goliát risi bar höfuðið hátt
 hálsinn hann drambsfullur reigði.
 Hárið, var úfið og hrokkið og grátt,
 hörundið skorpið og þrútið og blátt,
 skeggstrýið flókið og tröllslegt hann teygði.
 Brandinn úr stáli og brynjuna' úr eyri,
 brynhosur langar og hertýgi fleiri
 Filisteanna foringi bar,
 og fjandmönnum þóttist meiri.

Davíð var litill, en lipur og knár,
liðlega vaxinn og fríður.
Svipurinn mildur og broshýrar brár,
blómlegar kinnar, en ljósgullið hár
þjett fjell í hrönnum um herðar og síður.
Fyrirmannlegur í flestum greinum,
í frækleik bar hann af öðrum sveinum.
Hann að eins hjarðmanna búning bar,
en bjóst ei hertýgjum neinum.

Goliát æðandi gekk fram á völl,
gnístandi ferlegum tönnum;
grenjandi fram þar hann geystist sem tröll,
grundin tók undir og dundu við fjöll,
svo að það ægði öllum mönnum:
„Í yður er hjarta sem hræddum geitum,
þjer hýmið ragir, þótt á vjer leitum;
og enginn þorir að eiga við mig
af Ísraelsmanna sveitum.“

Davíð var nærstaddur, heyrði þau hljóð,
hjartað þá svall í hans barmi.
Enginn sig til gaf af Ísraels þjóð,
öllum var sárast um líf sitt og blóð.
Mælti þá konungur miklum af harmi:
„Þeim, sem oss frelsar úr þessum dróma,
þeim skal jeg veita hinn mesta sóma.
Hann dóttur mína skal fríða fá,
þann fegursta meyjablóma.“

Goliát hló er hann heyrði þau boð:

„Hver ætli nú komi' að berjast?
 hver ætli nú reyni' að hljóta það goð?
 hver ætli nú verði konungi stöð?
 ellegar þorir hjer enginn að verjast?
 Vill þá ei nokkur sjer vinna sóma?
 vill þá ei nokkur þann meyjablóma?
 vill enginn frelsa sitt ættarland?
 Nei, allir hræðast minn skjóma.“

Davíð stóðst eigi þau eggjunarköll, —
 elskaði' hann kongsdóttur fríða, —
 gekk fyrir konung og heilsaði' í höll:
 „Hjer er jeg kominn að berjast við tröll;
 þursinn hinn armi skal bana sinn bíða.“
 Glaðnaði þá yfir mörgum manni,
 er mælti' hann slíkt, en fagur svanni
 höfði drap niður hrygg í skaut,
 og hljótt varð aptur í ranni.

„Goliat jötunn er stæltur við stál,
 stríðsmaður þú ert svo ungur;
 óðara fellur þú,“ svo mælti Sál,
 svaraði Davíð þá upp á hans mál:
 „Brand hans ei hræðist jeg þótt hann sje þungur.
 Ljón og björn hef jeg lagt að jörðu,
 lífi hætt fyrir mína hjörðu;
 hvort mun jeg þá ei fyrir valið víf
 og vegna míns fólks sæta hörðu!“

Davíð þá tók á sig hvítfextan hjálm,
 hlifskjöld og brynjuna spanga.

Konungur fjekk honum skínandi skálm.
 „Hvað skal jeg,“ kvað Davíð, „með allan þann
 málm.“

Í þessum klæðum er þungt að ganga.
 Jeg vil eigi búast vopnum neinum,
 þau varla hæfa svo smáum sveinum.
 Takið þau aptur, jeg tek mjer staf
 og tösku með fáum steinum.“

Goliat æpti og grenjaði hátt
 gangandi er koma sá drenginn:
 „Hvers konar! Þetta nær alls engri átt;
 á jeg að fást við það strákkryli smátt?
 Svívirðing slíka mjer sýnt hefur enginn.
 Að koma með staf! Hver endemisundur!
 er jeg þá, drengur minn, flækingshundur?
 Komdu, svo gefi jeg hröfnum þitt hold
 og hræfuglar slíti þig sundur.“

Davíð þá svaraði dólginum stillt:
 „Drottins míns kem jeg í nafni.
 Ólmastu' og hamastu eins og þú vilt;
 annan en mig skaltu matbúa pilt
 ástvinum þínum úlfí og hrafni.“
 Þvalan smástein hann hafði í hendi,
 honum á kappans enni sendi.
 Hvinur varð mikill, en hrein við tröll,
 í hausinn er steinninn renndi.

Goliat dauður fjell grundina á,
 gnötraði jörðin er fjell hann.

Vöxtur hans, afl hans hvað var honum þá?
 verjurnar rauðar og stálvopnin blá?
 Smásveini lítið varð fyrir að fella' hann.
 Við það hinir hið versta undu,
 veginn kappinn lá á grundu.
 Flýði þá allur fjandmanna her.
 Af fögnuði herbúðir dundu.

Davíð var leiddur til herbúða heim;
 hljómaði' og ómaði' af gleði.
 Linna seint ætlaði lofsöngum þeim,
 lengi var kátt, þó var elskendum tveim,
 ljettast um hjarta og glaðast í geði.
 Konungi' og fólki var frásnúinn vandi,
 fallinn var kappinn, en menn hans úr landi.
 Landið var frelsað, en fanginn sveinn
 fegursta kærleikans bandi.

Sigursöngur kvennanna.

(1. Sam. 18.)

Sem flugsnarir ernir úr háfjallahlíð
 í hamförum steypast niður dalinn
 þeir Davíð og Sál eptir strangt og mikið stríð
 nú stefndu heim og eptir skildu valinn.

Sem fannhvítir svanir af silfrudum mar
 uppsvífa með vængjadyr og hljómi
 þær Ísraels meyjar þeim móti gengu þær
 og mættu þeim með gleðikvæða-rómi.

Um örlög og bardaga, hlífar og hjör,
 um hetjurnar bæði gömlu' og ungu,
 um vígfími, knáleik og frækleik, þrótt og fjör
 þær fagurleitu meyjar glaðar sungu.

Þær ljómandi smámeyjar ljeku við dans
 og lofuðu kappa frægð og veldi:
 „Ó Sál lagði' að velli sína þúsund manns,
 en sína tíu þúsund Davíð felldi.“

Þá skugga dró myrkan á skjöldungsins brá,
 í skapi varð ræsir afarþungu
 er hlustaði' hann dillandi hörpuljóðin á
 og heyrði hvað þær fögru meyjar sungu.

Af brennandi reiði hann titra þá tók,
 og tönnunum gnísti' og hnefa stælti;
 hann sleit af sjer brynjuna' og hvassan skjóma skók
 og skjöldinn barði hart og þannig mælti:

„Þær dæma mjer þúsund, það dáfallegt er,
 en Davíð nú tíu þúsund hlýtur;
 og völdunum bráðum nú verður svipt af mjer,
 þá veit jeg Davíð einnig þeirra nýtur.“

En strengjanna, gignanna' og harpnanna hljóð
 ljet herra með yndislegu kvæði;
 með svanahljóm skærum þær sungu kyrrt hans blóð
 og svæfðu konungs grimma heiptaræði.

Og dægurinn styttust svo döpur og löng
 og drengjum varð öllum kátt í geði,

er gullbjartar valkyrjur sungu nýjan söng
um sigur, ást og frið og líf og gleði.

Á fiðlurnar ljeku þær fagurt og blitt
um frelsarann himins uppi' í sölum
og ljómann og blómann og frelsisvorið frítt,
er fögrum skína mun í jarðardölum:

„Ó Sál felldi þúsund af dauðlegri drótt,
en Davíð hann tíu þúsund felldi.
En hver frelsar þúsunda þúsundanna gnótt?
Ei þrýtur drottins heiður, tign og veldi!“

Skilnaður Davíðs og Jónatans.

(1. Sam. 20.)

Ríkilátur gramur var Sál í siuni höll;
sat hann þar í háseti og kringum hirðin öll.

Þar vínöldur flóðu,

þar gullkerin glóðu,

þar hljómur var mikill og hlátur og sköll.

Jónatan hinn ungi sat aðra kóngs við hlið,
Abner, kappinn gamli, sat hinum megin við.

þar vorið sást blíða

og stormhaustið stríða,

en veturinn ískaldur var þar í mið.

Davíð átti sæti hjá syni kónungs þar,
sæti hans var autt því hann hvergi nærri var;

í skóg hann sig^æfaldi,
 í fylgsnum hann dvaldi,
 því konungur hatur og heipt til hans bar.

Byrstur mælti gramur: „Hvað Davíð dvelja kann?
 dögum saman hingað til borðs ei kemur hann.

Þú Jónatan sonur
 og kannske þið konur,
 þjer vitið víst eitthvað um afglapa þann.“

Hógvær mælti Jónatan: „Hann hefur orlof mitt,
 hann þurfti til Betlehem að finna skyldfólk sitt.

Þar ættfórn hann geldur
 og hátíð nú heldur;
 jeg hugsaði' að samþykki þyrfti' ekki þitt.“

Reiður var þá gramur, hann ruddi' um gullnum stól,
 rauk hann upp með skömmum og ljét sem versta fól:

„Þú óhlýðni þrjótur,
 og þverhöfði ljótur,
 á Davíð þú situr upp hjegómlegt hól.“

„Heldur þú við flæking þann heimskulegri tryggð,
 hreint og beint er þetta sú mesta viðurstyggð.

Hann burtu þig rekur
 og ríki þitt tekur,
 því hver hefur reynt þennan Davíð að dyggð.“

Hógvær mælti Jónatan: „Hvað hefur Davíð gert?
 hvers vegna þú, faðir minn, mjög svo reiður ert?

Þjer Davíð er tryggur

og traustur og dyggur;
það öllum í hirðinni er augljóst og bert.“

Reiður var þá gramur og svartur varð sem sótt,
soninn vildi' hann drepa og reiddi biturt spjót,
að leggja' hann í gegnum,
það lenti í veggnum;
hinn saklausa konungsson sakaði' ei hót.

Reiður var þá Jónatan og rauður varð sem blóð,
reis hann upp frá borðum í afarþungum móð,
og logandi' af bræði,
svo lá nær við æði,
hann stökk yfir borðin og burt þegar óð.

Gekk hann upp á hól einn og hafði með sjer dreng,
hvatskeytan tók boga og lagði ör á streng:
„Sæk ör þá sem fljótast,
nú farðu sem skjótast,
og hlauptu nú drengur, hinn harðasta spreng.“

Sterkur var þá Jónatan og álm sinn upp hann dró,
örin hratt sem leiptur af sterkum boga fló,
þaut hvínandi' af strengnum;
það stóð ei á drengnum,
hann þotinn sem örskot var skjótt út í skóg.

Ör síns herra sveinninn í einum runni fann,
óðar sínum húsbónda skeytið færði hann.
Sem húsbóndinn sagði
hann brá við að bragði,
með örvar og boga til borgar hann rann.

Ekkert vissi sveinninn hve vjek því öllu við;
 var það Davíð merki að hafa' ei lengri bið;
 sú ör átti' að þýða
 að ills væri' að biða:
 að úti væri friður og engin von um grið.

Fram úr einu rjóðri þar dapur Davíð rann,
 dýran, svarinn ástvin í skóginum hann fann.
 Í faðma þeir ljetu
 þá fallast og grjetu,
 því knýjandi skapastund skilja þá vann.

Forlögin hörmuðu þeir fóstbræður tveir,
 fastar sína vináttu' og tryggðmál bundu þeir.
 þeir skildu með harmi,
 með helstrið í barmi;
 þeir sórust á tryggðum, — og sáu aldrei meir.

Jónatan fór þaðan í gleðiglauminn heim,
 gleði fann þó aldrei í fagnaðinum þeim.
 Og skammt var að biða
 að skuld sú hin stríða
 hann kveddi frá sorgar og gleðinnar geim.

Davíð gekk til skógar á dimma' og þrönga leið,
 dapur horfði myrkt fram á örlaganna skeið;
 til útleðdar dæmdur,
 frá ástvinum flæmdur;
 en framinn og ljóminn í framtíð hans beið.

Ástvinirnir skilja á skapadómsins stund,
 skammt mun þó að biða að aptur kætist lund.

Þá sameinar aptur
guðs elskunnar kraptur
og gefur þeim eilífan fagnaðarfund.

Davíð og Sál í hellinum.

(1. Sam. 24.)

Í Engidís flugháum fjöllum
þar fylgsni duldust mörg
í koldimmum hamranna höllum
við hengiflug og björg,
þar vættur bjó hverjum í helli,
— var hjeraðsbúa mál.
Þar faldi sig Davíð í felli
er flúði' hann undan Sál.

Í Steingeita-hömrnunum háu
einn hellir mikill var.
Þeir Davíð og liðsmenn hans lágu
und lágum skúta þar.
Í hafið var röðullinn hniginn
og húma fór af nótt.
Á flesta var svefnhöfgi siginn,
þeir sváfu vært og rótt.

Á Davíð ei dúr kom að sinni
hann dapur uppi sat;
þar hljótt var í hellinum inni,
þó hann ei sofnað gat.
Hann alcinn og órór þar vakti
á eyðilegum stað;

í huganum harmferil rakti,
og heitt sinn drottin bað :

„Hjer hefur þú, herra, mjer búið
í helli myrkum ból;
jeg veikur og vesall hef flúið
í vængja þinna skjól.
Í kringum mig óvinir æða
og um mitt sitja lif,
en mig ei neitt megnar að hræða,
þú mjer ert vernd og hlíf.“

„Hjer sit jeg í svartnættis skugga
og sól og gleði fjær,
en um mig ei þarf jeg að ugga,
þú ert mjer, drottinn, nær.
Í dimmuni, drottinn, lát skína
þitt dýrðarljósið bjart.
Ó, guð minn, send geislana þína
í gegnum myrkrið svart.“

Þá brá fyrir blikandi glampa
og bjarma' um hellinn sló.
Þar ljós var kveykt drottins á lampa:
um loptið elding fló.
Þá reiðarslag rjett eptir dundi,
frá rótum hristist fjall;
í hellinum hrikti og drundi
í hamri' er þruman skall.
Í lækjum úr loptinu streymdi
og lagaði steypiflóð.

Um herbresti drengina dreymdi,
 en dúrinn lengi' ei stóð.
 Þeir upp hrukku andfælum meður
 og ei varð lengur vært;
 því á skall það óhemju-veður,
 er engum sýndist fært.

En Sál var á ferð þar í felli, —
 hann frjetti' af Davíð þar, —
 og leitaði hælís í helli
 er hryðjuna' yfir bar.
 „Mjer lízt það sje laklegur skúti,“
 við lið hann mælti sitt,
 „sem eigi er betri en úti;
 hjer engum manni' er fritt.“!

„Þeir Davíð og drengir hans sátu
 í dimmu hellis innst.
 Þeir Sál og hans sveinar ei gátu
 þá sjeð, þars á bar minnst.
 Þeir votir og dasaðir voru
 og vermdu sig um stund,
 en síðan að sofa þeir fóru
 og sætan festu blund.

„Í hellinum Sál hjer nú sefur,“
 menn sögðu Davíð þá;
 nú færi þú hentugast hefur
 í hel þann dólga að slá.
 Ei þarftu þá frammar á flótta
 að flækjast snauður hjer.

Hvað? titra þú tekur af ótta;
það trúlegt naumast er.“

Þá Davíð tók daggarð sinn hjarta
og djarfur gekk að Sál.

Þá blikar nær buðlungsins hjarta
hið beitta, hvassa stál.

En hverju sem freistarinn hefur
þá hvíslað Davíð að,
hann grið hinum sofandi gefur,
er grunar ei um það.

Af skrautlegri konungsins skikkju
hann skar hið minnsta laf,
og mælti af mikilli þykkju:

„Ei meira sníð eg af.

Á hann jeg ei hendur skal leggja,
því herrans smurði' er sá.

Til niðingsverks ei skal mig eggja;
um annað fer sem má.“

Þá loksins var bylurinn liðinn
og lægður veðra gnýr;
og náttúran fjekk aptur friðinn
og fögur brosti' og hýr.

Á loptinu ljómaði dagur
og lýsti' í hellinn inn;
og vorgeisli vermandi' og fagur
þá vakti konunginn.

Hann vaknaði' af blundinum blíða
í bragði ör og hress;

en horfin ei heiptin var stríða
 úr hjarta konungs þess.
 Og niður þar gekk hann á grundu
 svo glaður, hress og frjáls,
 og einskis kvaðst óska sjer mundu
 ef ætti hann Davíðs háls.

Og Davíð úr helli gekk háum
 og hóf svo ræðu þá:
 „Þú trúir þeim lygasveim lágum
 að líf þitt vilji' eg fá.
 Það áðan gaf drottinn mjer inni;
 hjer er þitt skikkjulaf,
 er af sneið jeg yfirhöfn þinni; —
 minn eiginn herra svaf.“

„Að lífi hví leitarðu mínu,
 sem ljettvægt er og smáð?
 en jeg hefi þyrmt lífi þínu,
 á því er átti' eg ráð.
 Þú lætur þjer, siklingur, sæma
 að sitja mitt um líf;
 en milli' okkar drottinn skal dæma,
 og drottinn er mín hlíf.“

Og grátandi gylfi þá sagði:
 „Ó gakk þú frjáls þinn veg;
 úr illu þú bætir að bragði,
 þú betri' ert víst en jeg.“ —
 Já, sá sem er barnanna beztur,
 — það brugðist aldrei fær, —

í sannleika' er mannanna mestur
og mestum sigri nær.

Nabal og Abígael.

(1. Sam. 25.)

Nabal maður nefndur er,
— Nabal flóns er heiti; —
renta nafni hæfði hjer
helzt að mörgu leyti.

Mjög var hann á munum sár,
mætar þóttu reitur.
Þó hann átti þúsund fjár,
þúsund líka geitur.

Abígael húsfrú hans
honum líktist varla;
vænstu konu' hins versta manns
vífið mátti kalla.

Hann var ljótur, hún var frið, —
hún var kvenna blómi;
hann var grimmur, hún var blíð, —
hún var stjettar sómi.

Davíð var í þraut og þröng
þessi er gerðist saga.
Leiðin hans var löng og ströng
líkt um nótt og daga.

Orðið var um vistir fátt,
varla handa einum.
Hafði dregið hálfan mátt
hans af þreyttum sveinum.

Klippti sauði' á Karmel þar
karlinn Nabal illi.
Davið kunnugt vel það var, —
var ei langt í milli.

Davið sína drengi' á stað
dygga til hans sendi,
auðkýfinginn um það bað,
er var fyrir hendi.

Aldrei hafði nokkur neinn
Nabals hjörðum grandað
sveina hans, nje heldur einn
honum móti bandað.

Miklu fremur hafði hann
hjarðar látið gæta;
nú í það hann vitna vann,
vildi drengskap mæta.

Nabal brást hið versta við:
„Verið hjeðan fljótir;
snautið burt og snáfið þið,
sníkjugestir ljótir!“

„Förukindur, flækingsgrey
flakka hjer um slóðir.

Kjöt og brauð mitt er þeim ei
ætlað, piltar góðir!“

Sneru drengir Davíðs þá
daprir mjög til baka,
inntu Nabals orðum frá;
ærið var til saka.

Davíð heipt í brjósti brann
boð við hörð frá þrjóti;
lið sitt vopnast hratt það hann
honum Nabal móti.

Abígael fjekk þá fregn
farinn Davíð væri
bónða hennar heimskum gegn,
hyggin sætti færi:

Forðabúr hún fór í sín, —
fáir áttu meiri, —
tók þar kökur, kjöt og vín,
krásir ýmsar fleiri.

Abígael brátt við brá,
bliðka Davíð vildi,
fór með gjafir fund hans á,
friða það hann skyldi.

Hún komst bráðla hans á fund,
hneigði sig og þagði;
síðan flöt hún fjell á grund
fyrir hann og sagði:

„Herra, gjafir þessar þigg,
þerna smá er býður,
og að mínu máli hygg, —
mikið á því ríður.“

„Aldrei mun það ama þjer,
að þú bæn mjer veitir;
eptir því þú aptur sjer
ef þú hörku beitir.“

„Illa mínum manni fer,
mjög fer það að vonum;
flón hann heitir, flón hann er,
flónska töm er honum.“

„Fyrir sakir fífsku hans
forlát, herra góði;
lífi hlíf hins heimska manns,
hell þú ei út blóði.“

„Drottinn blíður blessi þig,
bót á meinum vinni,
greiði þjer til gæfu stig,
göngu stýri þinni.“

„Láti hann þjer líkn í tje,
líf þitt krýnt sje gæðum;
bundið það í bindi sje
barna guðs á hæðum.“

Davið glaður varð þá við
vífsins ræðu slíka,

veitti Nabal gamla grið,
gaf upp sakir líka.

Hressti drengi vist og vín,
vífið fram er lagði.
Síðan hjelt hún heim til sín
hress og glöð í bragði.

Nabal karl að sumbli sat,
sízt við hættu smeikur;
yfir víni, mjöð og mat
montinn sat og keikur.

Þegar honum öl rann af
Abigael sagði
honum frá því, hvað hún gaf;
hissa Nabal þagði.

Þá er allt varð þetta bert
þungan bóndinn stundi;
vínið er hann vissi snert,
vikna sárt hann mundi.

Brauð er gefið heyrði hann
hjartað seig í barmi;
kjötið þegar farið fann
fautinn sprakk af harmi.

Ekkert með sjer flutt hann fjekk
fram á heljarlóðir;
snauður hann frá garði gekk,
gulls voru' eptir sjóðir.

Að eins fór með beran bók
 bóndinn aurasjúki.
 Svona gekk það; fái fjúk
 flónskur maurapúki!

Abígael ekkja var,
 engan bar þó trega.
 Festi Davíð fljóðið þar
 fríða' og yndislega.

Davíðs brúður dýr hún varð,
 drottning varð hún síðar.
 Allvel bætt var bóndans skarð; —
 betur slíkt sje víðar!

Þannig saga þessi gekk,
 þannig opt til gengur.
 Nabal laun að lyktum fjekk,
 líka víf og drengur.

Hefnist vonzka' og viðurstyggð, —
 viti það allir lýðir; —
 aptur launa dáð og dyggð
 drottinn mun um síðir.

Sál í vagnborginni.

(1. Sam. 26.)

Nú mið er nótt og máninn skín
 á mörk og lund,
 og geislaboðin sendir sín
 á svala grund,

Hann skín á hæðir, holt og skóg
 og háa björk
 og yfir haf og aur og mó
 og eyðimörk.

Hann skein á bjartan bjarkasal
 og búðafjöld,
 á samankomið kappaval
 og konungstjöld.

Þar saman kominn heill var her
 og hetjusveit,
 er tekið hafði Sál með sjer
 í sinni leit.

Hann Davíð var að elta enn,
 en eigi fann.
 Um sumarkveld með sína menn
 þar settist hann.

Í vagnborg sinni sjóli lá
 á svæði þar.
 En máninn skein hans andlit á,
 sem ófrýnt var.

Og liðið allt þar lá í kring
 á lágri jörð,
 í hring var skipað herfylking,
 sem hjeldi vörð.

Þar margan járnserk mátti sjá,
 er máninn skein;

og vatnskrús skjöldungs höfði hjá
og hvassan flein.

Ei sumir ljetu' í svefni vel
og sízt var rótt.

Hvort dreymdi þá um dapra hel
um dimma nótt?

Hvort dreymir þig um Davíð nú,
þú dólgur hár?
Svo grimmilega glottir þú,
með grettnar brár.

Hvort dreymir þig um Davíðs völd
og dauðans þraut?
Nú feigðin að þjer kallar köld
og kveður braut.

Á dapra hörpu dauðinn slær
við dyrnar hjer.
En Davíð þó er drjúgum nær
en dauðinn er.

Nú stendur hann að höfði þjer
með hjör í mund,
og beittum veifa brandi fer, —
en blið er lund.

Þitt skapadægur enn ei er
nje úti stund;
ei Davíð skapar dauðann þjer,
en drottins mund. —

Hann gullspjót þreif og gyllta skál,
 það glumdi við;
 en eigi vaknar sjálfur Sál
 nje siklings lið.

Á fjall eitt gekk hann himinhátt
 und herrans væng.
 Þá sólin reis í austurátt
 af öldusæng.

Um giptusvip og glaða brá
 skein geisli hýr;
 og jafnvel Sál skein sólin á,
 þá svefninn flýr.

Af fjalli Davíð hrópar hátt:
 „Sjá hjer þinn flein.
 Jeg ráð á þjer hef enn þá átt,
 en ei gjört mein.“

„Sem eltir rjúpu fálkinn frá
 um fjalla-rann
 þú situr um mig síð og ár
 al-saklausan.“

Þá konungurinn klökkna fór
 er kenndi mál. —
 En góðu heiti', er guði sór,
 opt gleymir „sál“.

Völvan.

(l. Sam. 28.)

Það var um haust, er naprar kólgur næddu
 og norðangjóstur fjalls úr skörðum stóð;
 það var um nótt, er yfir loptið æddu
 í ofsastormi ský í þungum móð;
 og bleikur máni óð í ölduróti
 með ógnarhraða stormi grimmum móti.

Þar reika menn á svörtum eyðisöndum,
 með svartar grímur, mitt um dimma nótt;
 þeir áfram líða líkir myrkum öndum,
 er leita hvíldar, fá þó ekki rótt.
 Þeir voru þrír, þar einn var hinum hærri
 og hverjum manni sýndist vera stærri.

Þá gægðist undan grímu sinni niður
 hinn gamli máni, skýjabólstrum frá.
 Hinn grímu brá, og gulum mána viður
 hann glotti kalt, í hrukkótt andlit sá.
 Þá fölur máni fölan skein á vanga;
 þá fyrir aptur dró. — Þeir áfram ganga

Þeir komu loks að lágu hellismynni,
 þar lagði grímumaður af sjer feld.
 Í glóðir rauðar glóra sást þar inni,
 þar gömul kona sat við daufan eld.
 Hún var ei frýn og á þá augum hvessti
 er inn hún koma sá þá næturgesti.

„Sit heil, þú völva,“ mælti grímumaður

hinn mikli, sá er fyrir hinum var.

„Jeg hingað kem af öllum útskúfaður,
hjá engum manni fæ jeg nokkurt svar;
því fýsir mig nú frjetta leita' af dauðum,
jeg flúinn hingað er í mínum nauðum.“

Þá mælti völvan: „Viljið þjer mig svikja?
því veizt þú ei að konungurinn Sál
vill engar nornir innan sinna ríkja,
þeim útlegð búin er og sverð og bál.“
En hann bauðst að sjer hennar málstað taka,
svo hana skyldi þetta neitt ei saka.

Þá mælti hún: „En hvað á þá að gera?
og hvern á jeg að vekja' upp fyrir þig?“
En gestur kvað: „Ef viltu óhult vera,
þá vektu Samúel upp fyrir mig.
Hinn gamla spámann nú mig finna fýsir,
og flýttu þjer nú, áður dagur lýsir.“

En völvan rak upp hljóð er heyrði þetta:
„Jeg hugði strax að þetta væri tál;
nú sje jeg vel að viljið þjer mig pretta,
nú veit jeg þú ert konungurinn Sál.“
En Sál bað hana hrædda neitt ei vera,
því henni skyldi nokkurt mein ei gera.

Þá nornin tók að söngla, murra' og særa
með signingum og annarlegum róm,
unz eitthvað virtist á sjer láta bæra
og einhvern djúpan heyrði grafar-óm.

Þá mælti Sál: „Hvort sjer þú nokkuð, völvu?
á svip þinn bregður undarlegum fölvu.“

Þar stígur maður upp úr dökku djúpi
með drifhvítt andlit, hárið silfurgrátt,
með brostin augu, sveiptur hvítum hjúpi,
með hreinan svip og ennið breitt og hátt.
Þar Samúel úr sinni gröf var stiginn
og svip hans gjörla þekkti gestur tiginn.

Og konungurinn hneigði höfuð niður
og honum laut sem opt hann gjörði fyr.
En vofan mikla mælti konung viður:
„Hví má jeg ei í jörðu liggja kyr?
Hvað veldur því, að viltu mjer ei lofa
á værum beð í minni gröf að sofa?“

Þá mælti Sál: „Nú flest í skjól er fokið,
nú Filistear yfirstíga mig.
Nú er mjer horfin heill og giptu lokið,
nú hef jeg engan ráðanaut sem þig.
Af öllum mínum eigin jeg er svikinn,
já einnig sjálfur guð er frá mjer vikinn.“

Þá mælti vofan voðalegum rómi:
„Þú vildir aldrei þiggja ráðið mitt;
nú verður þú að hlíta drottins dómi;
hann Davíð hefur gefið ríki þitt.
Á morgun verður þú með sonum þínum
og þínum vinum gista' að arni mínum.“

Svo mælti hann og hvarf í djúpið aptur;
 þá hneig til jarðar konungurinn Sál;
 frá honum burt var horfinn allur kraptur,
 svo hræddur varð hann Samúels við mál.
 En það varð eigi raskað drottins dómi,
 er dáinn kvað þar upp með feigðarrómi.

Fall Sáls.

(1. Sam. 31., 1. Kron. 10.)

Barizt var í dal
 upp við bjargasal
 hart með gnýgjalli
 að Gilbóa fjalli.
 Geystist guðs lýður,
 glæsifríður,
 með fornum vjeum
 mót Filisteum.

Fremstur óð Sál
 út í fleinabál;
 synir hans glæstir
 honum gengu næstir.
 Burir voru ungir,
 en brandar þungir;
 hetjur hraustar,
 en hlífar traustar.

Yfir var að sjá
 eins og öldu blá.

Stirndi' á stálserki,
 skein á styrjarmerki.
 Leiptruðu hjörfar,
 en hvinu örvar.
 Þjett sem bylrokur
 stóðu blóðstrokur.

Yfir víðan völl
 heyrðust voðagjöll
 herbrestir hvellir
 og hjörva smellir;
 Bifðust grundir,
 tók í björgum undir.
 Glymlúðrar gullu,
 hljóð í gnýpum skullu.

Yfir víðan völl
 heyrðust vopnasköll:
 Gullhjálmar glumdu,
 en geirar umdu;
 bogar brustu,
 en brynjur gnustu,
 skildir sprungu,
 en skjómar sungu.

Yfir víðan völl
 heyrðust vígaföll,
 hásar hol-dunur
 og heljarstunur.
 Saman ægði veini
 og sorgarkveini,

glymjandi ópi
og gleðihrópi.

Barizt var í dal,
streymdi blóð um val.
Harðnaði' hin grimma
hjaðninga rimma
Fram ruddust fjendur
á flestar hendur,
hlóðu valköstum
í háum röstum.

Í hildarsöng,
í sverðapröng
fremstir voru fráir
synir fylkis knáir;
lengi djarft börðust
og lengi vörðust
fullhugar snjallir,
fjellu loks allir.

Siklingur sá
þar í sverðaprá
á láði liggja
lík sona þriggja.
Fallnir voru flestir
foringjar beztir,
en lostið ótta
var lið á flótta.

Við hjarta hneit,

er þá harmsjón leit,
 harmsverð hildingi
 á hjörvaþingi.
 Lifa' ei lengur vildi,
 varp hann ljósum skildi;
 ruddist fram óður,
 svall ræsi móður.

Fjekk um síðir sár
 siklingur hár,
 varð orku vana,
 hlaut þó eigi bana;
 braust um og æddi
 er hann blóðrás mæddi;
 hníga þar í hildi
 fyrir hvern mun vildi.

Skjaldsvein hann sá
 standa skammt þar frá,
 veik til hans að bragði
 og við hann sagði:
 „Legg þú mjer í hjarta
 þinn hjörinn bjarta.
 Er í þjer geigur?
 Ver nú eigi deigur.“

Sá var skjaldsveinn Sáls,
 hann varð seinn til máls;
 eigi vega vildi,
 en vísi hinn tryllði
 þreif hjör úr hendi

og í hjarta renndi.
 Jafnskjótt á hauður
 fjell hilmir dauður.

Sveinn þegar sá
 hvar sjóli lá
 varð næsta hryggur,
 í hjarta dyggur.
 Lofðung ei lengur
 vildi lifa drengur;
 fallast ljét feigur
 á flein ódeigur. —

Komið var kvöld,
 bak við konungs tjöld
 í bólstur unna
 hneig blóðrauð sunna;
 varp vígroða
 á völl goða;
 lopt og lá glóði
 sem lituð blóði.

Röðull rann í mar;
 en í runnum þar
 lá líka fjöldi
 • á ljósu kvöldi.
 Margur trúði' á megin
 að morgni feginn;
 burt að aptni aptur
 var allur kraptur.

Komin var nótt,

allt var kyrrt og rótt.
 Þá kom hinn fráni
 fölleiti máni;
 dapran yfir dalinn
 og dreyrgan valinn
 kaldlega glotti
 með köldu spotti.

Skjöldungur þar lá
 skjaldsveini hjá,
 svaf nú í friði
 með föllnu liði.
 Dofnir voru armar,
 en opnir hvarmar.
 Brostin augu störfðu
 á bleika jörðu.

Fram kom nú spá
 um fallinn ná,
 er að guðs ráði
 hinn gamli spáði:
 Að Heljar gisti
 sá er guðs náð missti. —
 Án guðs anda
 má ekkert standa.

Saknaðarljóð Davíðs.

(2. Sam. 1.)

Á Ísraelshæðum er hjörturinn unninn
 og hniginn og fallinn í val;

í forsæluhvamm bak við rósfagran runninn
þar ráðýrið liggur í dal.

Hví hetjurnar snjallar
þar hnigu til vallar?

Ó kunnngjórið fall þeirra' í Askalon eigi
og ei segið frá því í Gað,
svo heiðingjar yfir því hlakka' ekki megi
njé hent fáí gaman þar að.

En grátið þjer hljóðir,
af harminum móðir!

Þjer Gilbóa fjalladrög, hálsar og hlíðar,
ei hjúfri' yður döggr eða regn:
þar spretti til frumgróða fórnar ei tíðar
og frjóvgunar eyðist þar megn.

Þar snarað í hildi
var helguðum skildi.

Ó, aldrei hrökk Jónatans bogi til baka
að blóðs eigi hvöss kenndi ör;
og aldregi sliðrað var sverðið án saka
er Sál renndi skínandi hjör.

Nú broddsljó er örin
og brotinn er hjörinn.

Í dauðanum skildu' ei þeir hávöxnu hlynir,
ei heljar var nornin svo grimm.

Í lífinu kærustu voru þeir vinir, —
þótt vegferðin opt reyndist dimm, —
og skjótari' en örninn
og aflmeiri' en björninn.

Þjer Ísraels dætur, ó grátið, ó grátið
 hinn göfuga konunginn þann.
 Hans veglyndi' og örlæti vottið og játið
 og vitnið það jafnan um hann.
 Hann gulli' yður prýddi
 og skarlati skrýddi.

Ó hví eru kapparnir fallnir til foldar?
 ó forlög svo myrk og svo þung!
 ó hví ertu, Jónatan, hniginn til moldar,
 þú hetjan svo fögur og ung!
 Hví ertu mjer falinn
 og fallinn í valinn?

Þú bróðir minn Jónatan, Jónatan prúði,
 æ, jeg sakir þín kenni til.
 Jeg meir hef þig elskað en ástrika brúði,
 þíns inndælis minnast jeg vil.
 Æ, kappinn er hniginn,
 og týnd eru týgin!

Betlehems-brunnur.

(2. Sam 23., 1. Kron. 11.)

Brunn átti Davíð við Betlehems hlið
 blómlegum, sljettum á grundum.
 Opt hafði' hann leikið sjer lindina við
 ljúfum á bernskunnar stundum.

Speglaðist brunnsins í blátærri lind
 björtum í ljósgeisla hjúpi

himinsins ljómandi, ljóskrýnda mynd,
leiptruðu stjörnur í djúpi.

Undur guðs dýrðar og almætti hátt
eins gat hann sjeð í því lága.
Bærinn var lítill og barnið var smátt,
birtist þó guð í því smáa.

Fram liðu stundir, og föður síns hjörð
fjekk hann til geymslu við brunninn.
Optlega sat hann þar einmana' á jörð
upp þegar sólin var runnin.

Optlega sólin þar sárheitt er skein
sat hann á dálitlum steini.
Svalaði lindin þá lifandi' og hrein
litlum og örþyrstum sveini.

Fram liðu stundir, hann stærri fjekk hjörð,
stýrði hann löndum og þjóðum.
Minntist hann opt þá á æskunnar jörð
úti hjá brunninum góðum.

Horfin var æskan og æskunnar borg,
æskunnar saklausa gleði;
einatt í ljómandi sölum með sorg
sat hann nú dapur í geði.

Hjörðin var tvístruð um heiðar og fjöll,
hirðirinn þreyttur og móður;
breiddu sig úlfar um blómlegan völl,
brunnurinn falinn var góður.

Flúinn var Davíð í fjallanna sal,
faldist í Adúllams-helli.
Filistearnir sjer fylktu í dal
fögrum á Betlehems velli.

Eitt sinn er hörð var þar orusta háð,
Ísrael sár var og móður.
Bakaði sólin hið brennheita láð,
brunnur þar enginn var góður.

„Veit jeg af brunni við Betlehems-hlið,“
buðlungur mælti við sveina.
„Ógurlegt fjandmanna liggur þar lið,
leið þá ei fært er að reyna.“

Þrír voru kappar þar konungi hjá,
kváðust þeir hræðast ei liðið,
kváðust þeir vatninu víst skyldu ná
varið þótt borgar sje hliðið.

Fjandmanna búðir þeir brutust í gegn,
brunnvatni náðu þeir góðu.
Örvar og kesjur þar ruku sem regn,
rjúkandi járn á þeim stóðu.

Komust þeir aptur með illan leik þó
Ísraelsmanna til búða;
brunnvatnið tárhreint úr blátærri þró
báru þeir kónginum þrúða.

„Ei vil jeg drekka það,“ konungur kvað,
„kannske þótt deyi jeg fyrstur,

Vatnið er svalandi, víst er um það,
veit það og guð jeg er þyrstur.“

„Það veit minn drottinn að þyrstur jeg er,
þreyttur jeg hrekst uppi' í fjöllum.
Vandara' en hinum þó víst er ei mjer,
vatnið fyrst nóg er ei öllum.“

„Finnst mjer og blóði sem bergi jeg á
bergi' eg á vatninu kalda.
Kappana lagði' eg í lífsháska þrjá
lífi þótt fengju þeir halda.“

Svo mælti Davíð: „Jeg drekk ei það blóð;“
drykknum hann steypiti þar tæra.
„Drottni það vera skal drykkjarfórn góð,
drottinn mun svölun oss færa.“

Svo mælti Davíð með dynjandi raust;
drykkur um jörðina flóði.
Fagnaðarópi þá liðið upp laust:
„Lof sje þjer, konungur góði!“

Svo gjörði Davíð, en drottinn í hæð,
drykkjarfórn heilaga þáði;
ljet hann í Betlehem uppspretta æð,
öllum er hugsvala náði.

Komu til Betlehem konungar þrír,
konungi dýrðar þeir lutu.
Lífsins úr brunn spratt þar drykkjarfórn dýr,
dýrðlega svölun þeir hlutu.

Heill sje þjer, smávaxni Betlehems bær,
 byrgður í skjólinu dala!
 Lind er þar uppsprottin lifandi tær,
 lýðum og þjóðum að svala.

Sáttmálsörkin.

(2. Sam. 6. 7., 1. Kron. 15.—17.)

„Opna, Síon, hlið þín há
 herra dýrðarinnar;
 hógvær kemur himnum frá
 hann til borgar sinnar
 Dýrðarherrann, hver er það,
 hjer sem kemur ofan að?
 Það er drottinn, drottinn.“

„Opna, borg þín háu hlið
 hinum alsvaldanda;
 dýrðarinnar drottin við
 dyrnar lát ei standa.
 Sá, er kemur hógvær hjer,
 herskaranna guð það er,
 sjálfur drottinn, drottinn.“

Davíð söng þau dýrðarljóð
 drotni herskaranna,
 örkin guðs er úti stóð,
 arfur forfeðranna.
 Fyrir dyrum Davíðs þar

dýrðarinnar kóngur var;
æðstur drottinn, drottinn.

Örkin drottins, áður fyr
öllu skarti rúin,
stóð nú glæst við Davíðs dyr,
dýru gulli búin.

Örkin drottins helg og hrein
himingeislum fögrum skein.
Þar var drottinn, drottinn.

Skrautleg fylking fólks í kring
fögrum stóð í hringum
eins og himnesk herfylking
hástól drottins kringum.

Gleðin skein á gumna brá,
gladdist fólkið við að sjá
enn sinn drottin, drottin.

Fólkið hóf upp fagran óm,
flutti gleðikvæði;
lúðrabýt og hörpuhljóm
heyra mátti bæði.

Silfruð gullu hornin hátt,
heyrdist gegnum bumbuslátt:
„Lofið drottin, drottin!“

Davíð ljett steig dansinn þar,
drottins þjónninn mæti;
ljettur enn og lipur var
lofðungur á fæti.

„Fyrir þjer jeg dansa dátt,“
 Davíð kvað, og mælti hátt:
 „Lof þjer, drottinn, drottinn!“

„Þar sem, guð minn, er þín örk
 eins er nótt sem dagur;
 ófrjó verður eyðimörk
 aldingarður fagur.
 Svo er örkin helg og há:
 hönd ei dauðleg snerta má
 hana, drottinn, drottinn!“

„Þegar Úsa örk þá snart
 óðar hönd þín sló hann;
 refsaðir þú honum hart:
 hneig hann þar og dó hann.
 Yfir mig þá ótta brá;
 ógurlegur varstu þá,
 æ minn drottinn, drottinn!“

„Örkin kom í Óbeðs rann,
 örk hann dyggur geymdi;
 síðan allt, sem átti hann,
 yfir blessun streymdi.
 Allt varð blessun Óbeð hjá;
 yndislegur varstu þá,
 ó minn drottinn, drottinn.“

„Opna, borg, því hliðin hjer
 hinum eina sanna;
 drepur nú á dyr hjá þjer

drottinn herskaranna.

Vertu hingað velkominn,
vinur, guð og faðir minn,
þú minn drottinn, drottinn!“

„Velkominn mitt ver í hús
vegna mildi þinnar;
hýsa vil jeg hjartans fús
herra dýrðarinnar.
Veit jeg það ei verðugt þjer,
vertu, faðir, þó hjá mjer;
kom þú drottinn, drottinn!“

„Sjálfur bý jeg hjer í höll,
háir turnar gnæfa;
sedrus fóðruð er hún öll,
ei það finnst mjer hæfa,
meðan þú, minn drottinn dýr,
dúkum tómum undir býr,
göfgi drottinn, drottinn!“

„Glæstum hjer jeg sit í sal
sóma með og valdi,
meðan þú í dimmum dal,
drottinn, býr í tjaldi.
Sæmilegt það eigi er;
eg vil dýrðlegt reisa þjer
hús, minn drottinn, drottinn!“

Natan þá við konung kvað:
„Kóngur dýrðarinnar

ætlað hefur þjer ei það
þykkju vegna sinnar.
„Blóði hönd þín ötuð er,
er út þú helltir fyrir mjer,“ —
segir drottinn drottinn.“

„„Hingað Móses fjeck ei fyr
fæti að stíga sínum,
heldur varð að vera kyr,
vilja eptir mínum,
eins skal það ei auðnast þjer
að þú hús það reisir mjer,“ —
hermir drottinn, drottinn.“

„„Þinn er dagur þrotinn er
þinn skal hefja niðja;
hann skal reisa húsið mjer,
hans skal veldi styðja.
Eilíft ríki hlýtur hann,
hástóll sá ei raskast kann,“ —
lofar drottinn, drottinn.“

Davíð gladdist von þá við,
veg ef slíkan fengi,
og hann mætti eignast nið,
allt er betur gengi.
Yfir sig hann bljúgur bað
blessun guðs og þannig kvað:
„Heyr mig drottinn, drottinn!“

„Hver er eg, sem auglit þitt

ætið verndað hefur?
 Hver er eg og húsið mitt,
 heiður sem þú gefur?
 Slíkt ei manna eðli er.
 enginn maður líkist þjer,
 guð minn, drottinn, drottinn!“

„Enginn, guð minn, er sem þú,
 enginn þjer er líkur,
 engin miskun önnur sú,
 enginn guð er slíkur;
 engin þjóð sem Ísrael,
 engin, líkt sem gjört er vel,
 engin, drottinn, drottinn!“

„Herra, guð minn, hver er jeg,
 heiðurs slíks að njóta,
 er þín mildin ástúðleg
 æ mig lætur hljóta?
 Æ jeg treysti' á orðið þitt,
 eilíflega húsið mitt
 blessa, drottinn, drottinn!“

„Trumbur, bumbur, hefjið hátt
 herrans leyndardóma;
 lúðrar, symblar, látið dátt
 lofgjörð drottni hljóma;
 orgön, horn og hljóðpípur,
 hörpur, gígjur, básúnur, —
 prísið drottin, drottin!“

„Sól og tungl og himinsher,
 hagl og snjór og stormar,
 fljót og vötn og flóð og sker,
 fuglar, dýr og ormar,
 skógar, engi, fossar, fjöll, —
 fagnið, lofið, prísið öll
 drottin, drottin, drottin!“

Davíð og Batseba.

(2. Sam. 11. 12.)

Davíð bjó í hárrí höllu,
 hafði frítt og mikið lið,
 átti gull og græna skóga,
 gladdist heill síns ríkis við;
 innanlands stóð það með ársæld og blóma,
 utanlands sló á það herfrægðarljóma.
 Kappa stóð fjöldi við konungsins hlið.

Uppi' á háum hallarsvölum
 hilmir eitt sinn staddur var;
 glaður var af góðu víni,
 gekk þar sjer til skemmtunar;
 litaðist um yfir lundana vænu,
 ljómaði sólin á enginu grænu.
 Fegurstu sýn fyrir sjóla þá bar:

Gekk þar ein í grænum lundi
 glaðleg, ung og tigin frú;
 hvít sem liljan, rjóð sem rósín,
 renndi til hans augum nú.

Liðuðust gullbjartir lokkar í öldum,
ljómaði sólin á purpuraföldum.
Töfraði konunginn silkihlíð sú.

„Hver er þessi frúin fríða?“
frjetti Davíð svein einn þá.
„Úríasar eiginkona
er það, hygg jeg“, mælti sá.

„Hann er nú staddur í hernaði fjarri,“
hugsaði Davíð, „og kemur ei nærri;
hægt er mjer gullfögru gyðjunni að ná.“

Hann með brjef og boðskap sendi
bráðla hershöfðingjans til:
„Þar sem mest er hætta' í hernum
Hetítann jeg setja vil.“ — —

Leiptruðu brandar og blikuðu skálmar,
brotnuðu skildir og klofnuðu hjálmar.
Úrías fjell í þeim orustubyl.

Þá er Davíð fall hans frjetti
feginn harðla varð hann því.
Batseba var ekkja orðin,
Úrías við kvitt og frí.

Plöntuð í kóngsgarð var ljómfögur lilja,
lofðungur hafði nú fengið sinn vilja.
Glatt var þá konungsins gullsölum í. —

Eins og þegar himin heiðan
hylja' á svipstund koldimm ský,
mitt í allri konungs kæti
kom þar Natan salinn í.

Dimmt sýndist ský yfir öðlingsins augum,
eldneistar hrutu þar hvössum af baugum.
Eigi var kveðjan til konungsins hlý:

„Það var eitt sinn auðkýfingur,
átti stóra sauðahjörð.

Annar var þar alveg snauður,
átti lamb eitt smátt á jörð.

Át það af disk hans og drakk það úr skál hans,
dúr fjekk við brjóst hans og vel skildi mál hans.
Fátækling skjör þykja flestöllum hörð.“

„Eitt sinn bar þar gest að garði
göfugmenni ríku hjá;
þeim hann halda veizlu vildi,
vinur hans var gamall sá.

Sínum ei taka þá tímdi' hann af sauðum,
tók hann þá lambið frá nágranna snauðum;
gestinum með því hann gildi hjelt þá.“

Næsta mjög varð gramur gramur
glæpaverk er frjetti það.

„Sá skal gjalda grimmilega
glæpsins þunga'“ — en Natan kvað:

„Þú ert sá maður, er þjáir hinn snauða,
þú hefur Úrías framselt í dauða,
til þess hans konu að taka þjer að.“

Opnuðust þá augu Davíðs,
elding björt í myrkri skein.

Hryggur sjer á brjóst hann barði,
það til guðs með óp og kvein.

Sjaldan á foldu var svo góður herra,
 sjaldan þó brotið var meira og verra;
 sjaldan var iðrun eins einlæg og hrein.

Absalon.

(2. Sam. 18.)

Einn var fríður yngissveinn:

Absalon

Davíðsson.

En svipurinn var síður hreinn.

Hann sveik og konunginn. —

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Uppreist gjörði illur þegn,

Absalon

konungsson,

föður sínum góðum gegn, —

hann grætti konunginn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Ýmsa með sjer illa fjekk

Absalon

konungsson.

Undan honum grátinn gekk

hans góði faðirinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Ýmsar borgir yfirvann

Absalon

konungsson.

Burt sinn föður hrakti hann
 sá herjans ræninginn.
 Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Ei þó sigur ætíð hlaut

Absalon
 konungsson.

Faðir hans og fylgis naut
 og flokk hann efldi sinn.
 Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Ósigur fjekk illur þegn

Absalon
 konungsson

föður sínum frægum gegn
 og flýja varð um sinn.
 Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

„Deyðið ei hinn unga mann

Absalon
 konungsson,“

sagði faðir hans um hann,
 „því hann er sonur minn.“
 Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Út á skóg þá eltur var

Absalon
 konungsson.

Margt fjell hans af mönnum þar.
 Á múl reið foringinn.
 Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Reið þar einn um aldinskóg

Absalon

konungsson.

Af hans fólsku nú var nóg

og nær var dómurinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Hárið festi eik þar í

Absalon

konungsson.

Múllinn rann um borg og bý

er burt var riddarinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Dinglaði þar uppi' í eik

Absalon

konungsson.

Nú var kappans vörnin veik

og vesall þrótturinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Maður kom þar auga á

Absalon

konungsson.

Hann við Jóab sagði: „Sjá,

þar sá jeg kóngssoninn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Aptur Jóab anza vann:

„Absalon

konungsson?

Þú áttir að höggva hann

þinn herjans þorparinn.“

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

„Ei má vega,“ innti hann,

„Absalon
konungsson.

Þar við liggur buðlungs bann,

það bannar kóngurinn.“

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Jóab óður að hljóp þar.

Absalon
konungsson

kenna mátti kesjunnar,

í kvið hljóp refillinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Anda sinn þar ungur ljét

Absalon
konungsson.

Ísrael hann ekki grjet,

en að eins kóngurinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Þá varð gleði-ys og óþ;

Absalon
konungsson

fallinn var, en heim einn hljóp

að herma boðskapinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

„Hvað er um hinn unga mann

Absalon
konungsson?

Vona' eg fari vel um hann,
kvað villtur faðirinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Er hann frá, hver afdrif fjekk

Absalon
konungsson,

setti grát að gömlum rekk,
þar grjet hann arfa sinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

„Yndið mest í Ísrael!

ó minn son
Absalon!

Ó að sjálfur hlotið hel
jég hefði' í staðinn þinn!“

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

„Og þótt nú sje úti stríð,

ó minn son
Absalon!

þín jeg aldrei bætur bíð,
þú blíði sonur minn!“

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Og hann syrgði ungan svein

eigin son
Absalon,

er svo fagurt fyrri skein

og fláttskap huldi sinn.
 Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn.

Örendur í uppreisn hneig

Absalon

Davíðsson.

Konungur á stól sinn steig,

því stýrði skaparinn.

Sigur mun um síðir vinna sannleikurinn

Sigursöngur Davíðs.

(2. Sam. 22, Sálm. 18.)

Guð mitt vígi

stoð og stigi,

styrkur. bjarg og virki traust;

guð, mitt skýli,

borg og býli,

brynja, skjöldur, kempa hraust;

guð, mitt athvarf, hlif og hjálmur!

heiðra skal þig nú minn sálmur. —

Davíð svo við drottin kvað.

Dauðans bylgjur,

feigðarfylgjur

flöktu kring og sóttu' að mjer.

Köldum höndum

hörðum böndum

helja reyrði mig að sjer.

Kallaði' eg í angist minni

upp til guðs í hátigninni;
og hann heyrði andvarp mitt.

Hristust löndin,
brustu böndin,
bifuðust hin háu fjöll.
Björgin drundu,
hamrar hrundu,
himins festing skelfdist öll.
Fyrir honum reykir runnu,
rauðar leipturglóðir brunnu
allt í kring um auglit hans.

Himin sveigði
hann og beygði,
hans und fótum myrkur var;
efst á tindum
vóð á vindum,
vagn hans drógu kerúbar;
sína dýrð í dimmu faldi,
drottinn gjörði sjer að tjaldi
vatnsský þung og voðaleg.

Út úr mökkum
ógnardökkum
elding, hagl og þruma brauzt.
Heyrðust drunur,
háar dunur,
hermannleg var drottins raust.
Eldingar sem örvar sendi

alvaldur úr sterkri hendi
fjórar himins áttir í.

Sá í djúpin,
dular-hjúpinn
drottins andi bljes til lands;
öldur stukku,
óðar hrukku
andardrætti fyrir hans.

Seildist drottinn hátt úr hæðum
hreif mig dýpst úr jarðaræðum;
mig hans hönd úr djúpi dró.

Grimmir fjendur
harðar hendur
höfðu lagt þiun vininn á.
Þú minn drottinn
veldisvottinn
vini þínum sýndir þá.
Hreifst þú mig með höndum sterkum
hreifst þú mig úr varga kverkum,
af því, guð, þú elskar mig.

Heiðnum vörgum
móti mörgum
með þjer einum, guð, jeg rann;
yfir mikla
múra stikla
mætti þínum studdur vann.
Þú varst ljós í mínu myrkri,
mig þú leiddir hendi styrkri.
Euginn, guð minn, er sem þú!

Yndislegir
 eru vegir
 orð og gjörðir drottins míns.
 Mig þú styrktir,
 mig þú girtir
 megingjörðum kraptar þíns;
 fráan gafst mjer fót, að renna,
 fima hönd, minn álm að spenna;
 greiðan minn þú gjörðir veg.

Brustu hjálmar,
 bentust álmur,
 berjast hlaut jeg ofraun við.
 Brast á flótti,
 fögur ótti
 fjenda hafði gripið lið.
 Elti jeg þá brátt og barði
 bleika fjendur sundur marði,
 muldi þá sem moldarryk.

Þú mig heyrðir,
 þú mjer eirðir,
 þjóðkonungur nú jeg er.
 Kóngar fríðir,
 lönd og lýðir
 lúta, hlýða, þjóna mjer.
 Allir mínir fjendur — fisin
 fuku burt sem laufblöð visin.
 Hvar er þeirra hreysti nú?

Drottinn lífi,

drottinn lifi,
 dýrðleg borg og vígi mitt!
 Lifi drottinn,
 lifi drottinn,
 lofað æ sje nafnið þitt!
 Þjer jeg, guð míns lifs, vil ljóða
 lofgjörð meðal allra þjóða.
 Þjer sje vegsemd, vald og dýrð.

Fólkstalið.

(2. Sam. 24., 1. Kron. 21.)

Glaður sat Davíð í gullbúnum sal,
 glæst var í kring um hann hirðmanna val.
 Kvöldgeislum frægðar sló öldunginn á,
 alhvítar hærur og silfraða brá.

Horfði' hann í anda' yfir umliðna tíð,
 afreksverk mikil og hreystiverk frið;
 horfði' hann í anda' yfir Ísraelslönd
 Efrats frá blástraum að Rauðahafs strönd.

„Mikið er ríkið,“ þá mæringur kvað,
 „margt er víst fólkið, en enginn veit hvað.
 Skömm er að vita' ei um vopnfæran lýð
 voldugum konungi' er fylgir í stríð.“

„Teljið þjer fólkið,“ þá konungur kvað,
 kappanum Jóab var lítið um það.
 Varð þó að standa, sem stillir bauð hár.
 Stóð á því manntali fram undir ár.

Varð það að standa sem konungur kvað,
konungi himnanna' ei líkaði það;
vin sínum ráðin hann ei tók þó af,
áminning honum í staðinn þess gaf.

Spámanninn Gað sendi guð þá til hans,
gráhærðan öldung af spekingum lands.
Fyrrum sem Natan sá guðsmaður Gað
gekk fyrir konunginn þegar í stað.

„Sendir mig drottinn,“ kvað sjáandinn þá,
„synd þinni guð hefir misþóknun á.
Hermir svo drottinn: „Það mislíkar mjer:
mantal þú gjörðir til vegsendar þjer.““

„Svo mælir drottinn: „Þú auðmýkjast átt,
eg vil nú sýna hve lítið þú mátt;
kosti þó set jeg þjer, konungur, þrjá,
kjóstu nú þegar í auðmýkt um þá.““

„„Sá er hinn fyrsti, að hallæris-hríð
hungurbleik dynur of Ísraelslýð.
Standa það yfir í árin skal þrjú,
eptir það plága skal hjá líða sú.““

„„Sá er hinn annar, að óvinþjóð
eltir þig landflótta' af feðranna slóð.
Muntu svo hrakinn í mánuði þrjá,
muntu svo dasaður sleppa þeim frá.““

„„Sá er hinn þriðji, að drepsóttar-dör
drápægur sneiðir burt kappanna fjör.

Standa sú drepsótt í daga skal þrjá,
drottins unz hönd gjörir miskunn þar á!“

Gljúpnaði Davíð við guðsmannsins orð,
grátandi tárur hann vökvaði storð.
Þungt var að ganga þeim ókjörum að,
öndinni varpaði' hann þunglæga' og kvað:

„Forði guð harðæri fátækum lýð,
frá kýs jeg langvinna hallæristíð.
Forði guð styrjöldum felmtraðri þjóð,
frá kýs jeg Ísraels saklausa blóð.“

„Mannanna höndum guð forði mjer frá,
fast jeg nú þrengist, — en kjósa' ef jeg má,
kýs jeg að falla' í guðs himnesku hönd,
helgan jeg kyssi guðs refsingarvönd.“

„Heilagur vilji guðs verði mjer á,
vel skal því taka, sem honum er frá.
Gott er að falla' í guðs himnesku hönd;
himneski faðir, ó meðtak þú önd!“

Dauðans sveif engill of blómlega byggð,
biturri veifaði nákaldrí sigð.
Bliknaði fólkið og fjell eins og strá,
fjell eins og gras fyrir hárbeittum ljá.

Líkt eins og sólin í logandi glóð
leiptrandi engill á himninum stóð;
líkt eins og eldingu blikandi brand
blóðugum veifaði hann yfir land.

Grátandi Davíð til drottins þá bað:
 „Deyð eigi fólkið, en mig í þess stað.
 Hvað hafa þessir gjört hegningarvert?
 hvað hafa vesalings sauðir þeir gert?“

Hrærðist til líknar hinn himneski þá,
 hætta bauð englinum fólkið að slá.
 „Nóg er nú að gjört,“ hinn alvaldi kvað;
 undir eins plágunni ljetti við það.

Glaður varð Davíð og grátfeGINN stóð;
 guði til dýrðar þar altari hlóð;
 guði til dýrðar hann færði þar fórn,
 fyrir guðs alvitru, rjettvísu stjórn.

Þar sem hann uppreisti altari það,
 einmitt var musterið reist á þeim stað,
 guði til vegsemdar gjörvöll um lönd. —
 Gott er að falla' í hans miskunnarhönd.

Kveðja Davíðs.

(Sbr. 1. Kron. 28. 29.)

Kveð jeg þig, landið mitt, fagurt og frítt,
 fóstran mín góða, sem mig hefur alið.
 Þig hef jeg elskað, hjá þjer hef jeg dvalið,
 þolað og reynt bæði kalt og hlýtt.
 Glaður þó kveð jeg hið ljúfasta landa,
 ljómandi hliðar og ilmandi grund;
 veit jeg að ber mig til bjartari stranda,
 blómgan í ódáins helgi-lund.

Kveð jeg þig, fólk mitt, þú fornhelga þjóð;
 fyrir þig opt hef jeg liðið og barizt,
 fyrir þig opt móti fjandmönnum varizt,
 lagt opt í hættu mitt lif og blóð.

Geym þú nú sigurinn guði til handa,
 gakk á hans vegum þitt ófarna skeið;
 óröskuð heitorð hins heilaga standa,
 halt þú og framvegis vel þinn eið.

Kveð jeg þig, Salómon, sonur minn kær;
 safnast mun jeg nú til feðranna minna.

Gleym eigi fótsporum feðranna þinna.

Fagurt þú hlutverk í hendur fær.

Geng jeg nú veg allrar veraldar glaður,
 voldugt jeg ríki nú eptir þjer skil.

Vertu nú staðfastur, vertu nú maður,
 vinn þú og kórónu lífsins til.

Kveð jeg þig, Síon, mín háreista höll;
 hjer hef jeg legið og grátið og beðið,
 hjer hef jeg setið og sungið og kveðið;
 nú er mín vera hjer úti öll.

Dýrðlegri borg handa dýrðlegri herra
 Davíðs son reisa mun, farsælli' en hann.

Síon og Móría samt munu þverra;
 sje jeg nú borg þá, er eyðast ei kann.

Kveð jeg þig, sverðið mitt, biturt og bjart,
 beygist þú eigi nje fölnar af elli;
 enn ertu skyggt sem á orustuvelli.

Í þinni skuggsjá jeg skoða margt.

Opt varstu flekkað í fjandmanna blóði,
 fagurt og spegilskært enn ertu þó.
 Syng nú ei lengur, en hvíl nú í hljóði,
 hjúpað í sliðrum í friði' og ró.

Kveð jeg þig, harpan mín, hljómsæt og snjöll;
 hreifði jeg opt þína gullegu strengi;
 skæran við óm þinn jeg skemmti mjer lengi;
 þú varst í sorgum mín unun öll.

Þagna nú, jarðnesku hörpunnar hljómur,
 hjarta míns strengi nú dauðinn knýr á.
 Himneskur berst nú að eyrum mjer ómur,
 englar guðs lífsins er hörpu slá.

Kveð jeg þig síðast, minn drottinn dýr;
 dauðans í landi' er ei nokkur þinn líki;
 vald þitt er almáttugt, eilíft þitt ríki;
 heiður og auður þinn æ er nýr.

Spekingar, kappar og konungar falla,
 kynslóðir veraldar ganga sinn veg;
 jarðríkið hrynur, en eilífð um alla
 orðin þín varðveitast guðdómleg.

Kveð jeg — og fegra nú kem jeg í land,
 kem jeg til útvaldra, himneskra þjóða,
 kem jeg til Síons, til sonarins góða,
 guðs orðs með skínandi skyggðan brand.

Gullharpan eilíf þar glaðlega hljómar
 guði til vegsemdar öld eptir öld:
 Heilagur! heilagur! heilagur! ómar;
 honum sje vegsemdin þúsundföld!

Draumur Salómons.

(1. Kon. 3., 2. Kron. 1.)

Salómoni' í blundi nætur bliðum
birtist mikil vitrun fyr á tíðum:
Fjarri gjálfurs glaumi
guð hann sá í draumi,
vafinn björtum guðdóms-geislastraumi.

Heyra nam hann konung konunganna
konung mæla svo við Gyðinganna:
„Dýran Davíðs niðja
drottinn þinn vill styðja;
einnar bænar af mjer skaltu biðja.“

Mælti þá við konung konunganna
konungurinn nýi Gyðinganna:
„Jeg er enn svo ungur,
æðsti stólkonungur;
veldissprotinn verður mjer of þungur.“

„Ei vil jeg um ævi langa biðja;
ei er víst það farsæld muni styðja;
því við lífsstund langa
lengist og hið stranga;
hollt er ei til hvílu seint að ganga.“

„Ei vil jeg um auðlegð heldur biðja;
ei er víst að komist hún til niðja.
Einn af auðlegð hlýtur,
ei þess lengi nýtur;
auðurinn eða' ævin bráðla þrýtur.“

„Ei um sigur eg vil heldur biðja,
ei með blóði frægðarbraut mjer ryðja.
Víst er sigur svinnur
sætur þeim, er vinnur;
sá, er tapar, sárt til aptur finnur.“

„Óska jeg, ef einhvers má jeg biðja,
að mjer sendist himnesk vizku-gyðja.
Líf og auður líður,
líka sigur fríður;
vizkan ein hið varanlega býður.“

Heyrði mæla konung konunganna
konungurinn ungur Gyðinganna:
„Vizku skal þjer veita,
vizku skaltu beita;
enginn skal þjer annar jafnsnjall heita.“

„Fyrst þú gjörðir framast vizku kjósa
fleiri gæðum skaltu mega hrósa.
Langs þú lífs skalt njóta,
líka auðlegð hljóta;
farsæld þín og fríður ei mun þrjóta.“ —

Salómon af svefni hrökk upp værum,
sá hann brún af geislafuldi skærum.
Guðdómsgeislann bjarta
geymdi sjer í hjarta;
skein hann glatt um skuggadalinn svarta.

Dómur Salómons.

(1. Kon. 3.)

Salómon í sinni höll
 sat með veg.
 Kringum hann sat hirðin öll
 heiðarleg.
 Dóma sína dæmdi þar
 Davíðs son;
 veitti fólki sínu svar
 Salómon.

Komu fyrir konunginn
 konur tvær;
 báru þar fram boðskap sinn
 báðar þær;
 báru konungs borði að
 barn eitt smátt;
 báðar eiga þóttust það,
 þrættu hátt.

Önnur svo við konung kvað:
 „Konan hin
 hefur býsna illt hafzt að,
 ókindin.
 Hún tók blessað barnið mitt
 burt mjer frá;
 barn í staðinn setti sitt.
 Svo stóð á:“

„Báðar sama bústaðinn
 byggðum við;

höfðu báðar soninn sinn
 sjer við hlið.
 Mitt var barn sem blómstur nett,
 bjart og rjótt;
 hinnar barn var grátt og grett,
 geysiljótt.“

„Einu sinni að svo bar
 eina nótt,
 er við sváfum saman þar
 sætt og rótt,
 að hún marði soninn sinn
 sjer við hlið,
 aptur tók svo ungan minn
 óhræsið.“

„Jeg í fasta svefni svaf,
 sá ei neitt,
 vissi þessu ekkert af, —
 eg var þreytt. —
 Þegar lýsti lík jeg sá
 liggja' á barm
 aptur son minn hinni hjá
 hvíla' á arm.“

Hin tók fram í hvassorð þá:
 „Hvaða bull!
 Minn er son sem má hjer sjá
 mesta gull.
 Þú átt ekki þetta barn,
 það er frá;

jeg á það, en þitt var skarn,
þursinn sá.“

„Jeg á barnið.“ „Sei, sei, sei.“

„Svei mjer þá.“

„Víst á jeg það.“ „Nei, nei, nei.“

„Nei.“ „Jú.“ „Á?“

Þannig háðu þernurnar

þessa hríð;

báðar lengi þrættu þar.

Þvílíkt stríð!

Leiddist kóngi þetta þóf,

þreif hann sverð;

brýndi raust og ræðu hóf:

„Ráða' eg verð.“

„Höggvið barn í hluti tvo,“

hilmir kvað;

„fáið hvorri helming svo.

Heyrið það!“

Önnur konan klökkna vann

kóngs við orð,

mælti: „Gefið hinni hann!

Hitt er morð.“

Konungs dómi kvendið hitt

kunna ljezt:

„Það sje hvorki þitt nje mitt!

Það er bezt.“

„Móðurástin“, kóngur kvað,

„kennir ljóst

hvor á barnið. Þú fær það
 þjer á brjóst!“ —
 Gjörði allur Ísrael
 að því róm.
 Speki guðs þeir vissu vel
 var í dóm.

Musterið.

(1. Kon. 6. 7., 2. Kron. 3. 4.)

Steini stutt
 stóð á foldu
 gulli glæst
 guðs musteri, —
 ímynd jarðar
 er ung hún reis
 dimmu djúpi úr
 í dýrðarljóma.

Voru gólf
 gullinssalar
 laufum greypt
 og litmyndum, —
 sem á sumri
 sólu roðin
 gróin grund
 glæstum blómum.

Voru veggir
 vel fóðraðir
 rauðu gulli
 og rósatjöldum, —

sem fagnar
 fjallahlíðar,
 blómum blikandi,
 brosa mót.

Voru hjer og hvar
 haglega sett
 purpuratjöld
 perlum ljómuð, —
 sem gullský
 glóa fagurt,
 sólu sveipuð,
 um sumarkveld.

Lyptist hvelfing
 yfir háan sal,
 blá, blikandi,
 björt, skínandi, —
 sem himinn hár
 hvelfist bjartur,
 ljósum skryddur
 yfir lága fold.

Hjengu lampar
 úr hvelfingu
 silfurhvítir,
 silfurskærir, —
 sem máni
 um miðnætti
 lausu lopti í
 lýsir fagur.

Og logandi
ljósa hjálmar
ótal ljósum
ljómuðu' um sal, —
sem stjarnafjöld
á stirndu hveli
lýsir yfir lönd
um lágnætti.

En gullstjakar
á guðs altari
úr ljósaliljum
ljóma báru, —
sem við fjallsbrún
fagra glóa
sólargeislar
á sumarmorgni.

Glóði sjálf
guðs altari
gulli drifið
í glæstum sal, —
sem háreistur
hamrastallur
sólarfjalls
sólu roðinn.

Stóðu súlur,
er styrktu sal,
úr marmara
mjallahvítar, —

sem fannhvítir
 fjallatindar,
 jökultindar
 jökulbornir.

Blikuðu borð
 brauðum þakin,
 helgum brauðum,
 hreinum, ilmandi, —
 sem grashjallar
 í grænum hlíðum,
 auðgar vínekrur
 og aldingarðar.

Skein þar ker
 úr skyggðum eiri,
 kallað koparhaf,
 kringsett liljum, —
 sem vatn blómkringt,
 er víðirrunnar
 speglast í
 spegilfögru.

Stóðu glóðarker
 úr gulli skíru
 ölturum á
 ilmrjúkandi, —
 sem hverir
 á hvítum mel,
 fagurrjúkandi
 rósaskýjum.

Af ilmfórn
 angan blóma
 og reykelsi
 reyki lagði, —
 sem um sumarkveld
 silfurþoka
 blæju dregur
 yfir dalamót.

Var vatni
 vígðu stökkt
 yfir ölturu,
 yfir fórnir, —
 sem um vornótt
 silfurtærar
 drjúpa daggir
 í dal og hlið.

Hörpur hljómuðu,
 horn ómuðu,
 lúðrar gullu,
 gígjur sungu, —
 sem samróma
 á sumardegi
 fuglasöngur
 við fossanið.

Söng þar prúðbúin
 prestafjöld
 og Levítar
 líni skryðdir, —

sem þá er svanir
 silfurvængjum
 svifa syngjandi
 undir sólarbrá.

Guðs örkk glæsta
 báru guðs þjónar
 helgum höndum
 í helgidóm. —
 Svo guðs verk
 bera guðs kraptar
 himins að
 háu miði.

Geymdar voru' í örkk
 gullnar töflur,
 hörð steinspjöld
 með helgum lögum. —
 Geymir náttúra,
 geymir tilvera
 eilíf, alvitur
 allsherjarlög.

Geymd var guðs örkk
 undir gullkerúbum;
 saman náðu vængir
 yfir sal þveran. —
 Geyma guðs mynd
 góðir englar,
 verndar-vættir,
 undir vængjum sjer.

Innst í musteri,
 hinu allra helgasta,
 geymd var guðs örð
 með guðs lögum. —
 Innst í musteri
 mannlegs hjarta
 geymist guðs mynd hrein
 og guðdómsneisti.

En fortjald
 fagurbúið
 hæstan helgidóm
 huldi sjónum. —
 Fortjald, fortjald
 fyrir skyggir
 leyndardóma guðs
 og lífsins rök.

Musterisvíglan.

(1. Kon. 8., 2. Kron. 5. 6.)

Nú loks er smíði lokið við,
 nú ljómar algjört musterið;
 þar logar allt af ljósa fjöld,
 þar leiptra gullin tjöld;
 þar skína fögur fórnarker,
 og fórnarilm um húsið ber;
 og sætan ber að eyrum óm
 í æðstum helgidóm.

Og mikill fjöldi var þar við,
 er vígja skyldi musterið.
 Og kominn var til vígslunnar
 sá veldissprotann bar.
 Hann vildi sjálfur vígja það,
 hann vildi helga þennan stað.
 Og altarinu fagra frá
 sá fylkir mælti þá:

„Jeg veit þú, guð, minn drottinn dýr,
 í dýrðarljósi himins býr.
 Þig rúmar eigi himins höll
 nje himins festing öll;
 og hvað þá rúmast hjer munt þú
 í húsi því, er byggt er nú;
 þó vil jeg hús það vígja þjer,
 ó virztu' að búa hjer!“

„Ó heyr þú veika þjóninn þinn,
 til þín er kallar, drottinn minn!
 Ó blíði faðir, bænheyr mig,
 er bið af hjarta þig:
 Þitt blessað auglit alla tíð
 sje yfir þessu húsi' og lýð.
 Hver bæn, sem fram er borin hjer,
 sje blessuð fyrir þjer.“

„Ef einhver móðgar annan mann,
 um eið svo verður krafinn hann,
 og sá í þínu húsi hjer
 við heilagt nafn þitt sver, —

þá heyr það, drottinn, himnum á,
 þín heilög speki birtist þá:
 lát koma fram hin rjettu rök
 og ráð úr hverri sök.“

„Ef sigruð verður þjóðin þín
 og þjáist fyrir brotin sín,
 og biður þínu' í húsi hjer
 er hefur snúið sjer, —
 þá heyr það, drottinn, himnum á,
 og henni stýr þú glötun frá,
 en veit þú aptur frelsi' og frið
 og fullting þitt og lið.“

„Ef eigi drýpur döggr nje regn,
 er drottni fólkið syndgar gegn,
 en aptur þínu' í húsi hjer
 það hryggð og iðrun sker, —
 þá heyr það, drottinn, himnum á,
 og hörmung allri bæg þú frá;
 lát aptur drjúpa döggr og skúr,
 minn drottinn, skýjum úr.“

„Ef yfir dynur hagl og hrið
 og hungur, drepsótt, neyð og stríð,
 og menn í þínu húsi hjer
 til himins snúa sjer, —
 þá heyr það, drottinn, himnum á,
 til hjálpar lýðnum komdu þá,
 og alla þínum örmum vef
 og afbrot fyrirgef.“

„Ef útlendan hjer að ber mann,
er um þitt veldi heyra kann,
og sá í þínu húsi hjer
þjer helgar fórnir ber, —
þá heyr það, drottinn, himnum á,
og heyr hans allar bænir þá,
svo allar þjóðir elski þig
og auðmýkt fái sig.“

„Ef lýður þinn á ófriði' í,
og ei ert þú á móti því,
en fyrst í þínu húsi hjer
þó hjálpar leitar sjer, —
þá heyr það, drottinn, himnum á,
og hjálpa mönnum rjetti' að ná;
og gef þeim sæmd og sigurför
og signdu þeirra hjör.“

„Ef herinn verður hertekinn
og hrakinn burtu lýður þinn,
svo ei í þínu húsi hjer
fær hann á knúð hjá þjer, —
þá heyr þú, drottinn, himnum á
og hjálp í útleigð lát hann fá,
og leið þú aptur hingað hann
í helgidómsins rann.“

„Ó lof sje þjer um öld og ár,
þú allra manna drottinn hár.
Þú enn þá veikst oss aldrei frá
og enn oss vertu hjá.“

Ó hneig þú til þín hjörtu vor
og halda lát oss við þín spor,
svo blessuð höldum boð þín vjer
og breytum ei mót þjer“.

„Sú þjóð, er nú þjer nálæg er
hún nálæg ætíð verði þjer;
ver nálægur oss nótt og dag,
í náð lít allra hag,
svo allar þjóðir elski þig,
svo allir lýðir þrési þig,
svo allir menn í heimi hjer
æ hlýði' og lúti þjer.“ —

Þá ljós af himni leiptra vann
og ljóma brá um helgirann,
og húsið fylltist herrans dýrð,
sem hjer ei verður skýrð.
Þá fjellu menn sín andlit á,
er yfir þessum ljóma brá,
og lutu drottni lágt á jörð
með lofi' og þakkargjörð.

Og fylkir hóf upp hendur þá,
en hans um enni geislum brá;
hann blessaði' allan Ísrael
svo innilega' og vel.
Og fólkið hóf upp hendur allt
og honum aptur blessun galt.
Og allir gengu glaðir heim,
því guð var enn með þeim.

Drottningin af Saba.

(1. Kon. 10., 2. Kron. 9.)

Með veg og veldi ríkti hinn vísi Salómó;
 ög vizka hans og vegur um veröld alla fló.
 Og drottningin af Saba bjó suðurlöndum í.
 Til hennar barst hans hróður, en hún ei trúði því.

Ef nokkur nefndi vizku, menn nefndu konung
 þann;
 og eins ef nefnd var auðlegð, var aptur minnzt á
 hann.

Og drottningin af Saba, er sífellt heyrði það,
 hún vildi vita' hið sanna og varð að leggja af stað.

Til ferða hennar frjetti hinn frægi Salómon.
 Í hásetið steig hilmir er hennar átti' hann von.
 Og drottningin af Saba gekk Salómons á fund,
 og kurteislega kvaddi þann konung tigið sprund.

Og kurteislega kóngur tók kveðju drottningar;
 að sitja sjer hið næsta bauð sjóli henni þar.
 Og drottningin af Saba til sætis ganga vann;
 og djúpar dulargátur bar drottning upp við hann.

Og djúpar dulargátur, er drottningin kom með,
 á einu augabragði hann allar saman rjeð.
 Og drottningin af Saba því sízt í skilið fjekk,
 úr vöndu' er var að ráða, hvað vel það honum gekk.

Um háa helgidóma og hulin leyndarrád,
 sem enginn annar vissi, hann allt fjekk henni tjáð.

Og drottningin af Saba hún sat þar undir hljóð,
og vissi varla hvaðan að veðrið á sig stóð.

Í helgidóminn drottins hann drottningu tók með.
Þar logaði' allt í ljósum og ljóma' af gulli rjeð.
Og drottningin af Saba, er sá það mikla skraut,
varð alveg undrun lostin og ofan að jörðu laut.

Þar fram var borin fórnin í fögrum helgidóm;
að vitum ilms bar angan, að eyrum sætan hljóm.
Og drottningin af Saba frá sjer varð numin þá,
og hún varð alveg hissa að heyra það og sjá.

Þau hjeldu svo til hallar, þar hátíð mikil var,
og vegleg veizla búin og vistir dýrðlegar.
Og drottningin af Saba fann sjer þá fallast orð
um kostulegar krásir, er konungs fylltu borð.

Og þúsund þjónar stóðu í þengils gullnum sal.
Í purpura og pelli skein þrúðra drengja val.
Og drottningin af Saba, er sveit leit fríða þá,
varð alveg utan við sig, við öngvit henni lá.

Með gulli' og gjöfum dýrum úr garði leyst hún
var;
og hvað sem hjartað girntist var henni gefið þar.
Og drottningin af Saba til sín fór aptur heim,
og rengdi fólk ei framar, er frjetti' af kóngi
þeim.

Róbóam.

(1. Kon. 12., 2. Kron. 10.)

Róbóam við fólkstjórn tók er faðir hans dó,
hinn frægi Salómon.

Enginn vissi gjörla hvað í honum bjó,
sem ei var heldur von;
en flestir væntu góðs um svo göfugs manns son.

Gengu þá fram öldungar með silfurhárin hvít,
sem hafði Salómon:
„Beit ei hörðu', en mildilega' á bænir fólks þíns lít,
það byggir á þjer von;
það vonar alls góðs um svo viturs manns son.“

Gengu þá fram ljettúðugir lagsbræður hans,
ei líkir Salómon:
„Kúga þú og bældu þennan búra skríl og fans
og bregðast lát hans von.
Mikill var þinn faðir, en meiri skal hans son.“

Gengu þá fram fyrirliðar fyrir hverri ætt:
„Þinn faðir Salómon
á oss lagði kvaðir, nú úr því verður bætt;
það er vor staðföst von,
að mildari og vægari oss verði konungs son.“

„Gildur þótti forðum,“ kvað gramur lýð við sinn,
„hinn gamli Salómon;
en þreknari' en hans lendar er litli fingur minn,
því lízt oss meiri von,
eigi verði lambið við að leika sjer, hans son.“

Og hann kvað með fússi' og drambi: „Fyr á sinni tíð
 minn faðir Salómon
 refsaði með svipum þeim svikafulla lýð,
 en sárara', er mín von,
 refsa mun með sporðdrekum hans ríkiláti son.“

En þegar þeir heyrðu þetta illúðlega svar,
 svo ólíkt Salómon,
 upp þeir sögðu hlýðni og yfirgáfu hann þar;
 þess eiga mátti' hann von.
 Ei hefur svo vitur faðir átt svo heimskan son.

Jeróbóam.

(1. Kon. 12. 13.)

Gullkálfurinn var eigi útdauður enn;
 genginn var hann aptur, það allir sáu menn.

Genginn var hann aptur, þeir orðnir voru tveir;
 horfðust þar í augu á hæðunum þeir.

Horfðust þeir í augu um allt Kanaan;
 annar var í Betel, en annar í Dan.

Annar var í Betel og blótaður var;
 Jeróbóam byggði' honum blóthýsi þar.

Jeróbóam byggði þar altari í;
 konungurinn sjálfur kraup fyrir því.

Konungurinn sjálfur þar kálfinum laut;
 hneigði sig þar fyrir nautinu naut.

Hneigði sig þar kóngur dag eptir dag;
allt var þar í hofi með hátíðabrag.

Allt var þar af glóandi gullinu bjart;
logaði á altarinu ljómandi skart.

Logaði á altarinu' á ilmandi kveyk;
fórnað var þar reykelsi, fullt var af reyk.

Fórnað var þar reykelsi', í fagurbláum hring
ilmreykur leið þar í loptinu' í kring.

Ilmreykur leið þar sem ljóspoka' á tind;
frám kom þar úr skýjunum furðuleg mynd..

Fram kom þar úr skýjunum gamall og grár
svipmikill öldungur með silfurbjart hár.

Svipmikill öldungur mælti þá af móð:
„Hryn þú niður altari' í öskunnar glóð.“

„Hryn þú niður altari“, — hrundi það í glóð.
reiður varð þá Jeróbóam, rak hann upp hljóð.

Reiður var þá Jeróbóam, reiddi hann upp mund,
visin þegar höndin þá varð á samri stund.

Visna þegar höndina siklingur sá,
ásjár bað hann öldunginn auðmjúkur þá.

Ásjár bað hann öldung, og höndin varð hrein;
feginn varð þá kóngur er farið var mein.

Feginn varð þá kóngur og kvað svo við gest:
„Jeg skal gefa þjer gull mitt og gersemi bezt.“

„Jeg skal gefa þjer gull mitt og góz fyrir það.“
 „Ekki vil jeg gull þitt,“ hinn aldraði kvað.

„Ekki vil jeg gull þitt, nje gersema þarf;
 hafðu það í gullkálfi,“ kvað gestur og hvarf.

„Hafðu það í gullkálfi sem mýmargir menn.“
 Gullkálfiurinn víst er ei út dauður enn.

Ekkjan í Sarepta.

(1 Kon. 17.)

Hart var í ári hjá Ísraelslýð,
 enn kom ei frjóvgandi vordöggin blið;
 landið var sviðið sem eyðimörk ein,
 akrarnir gáfu' ekki bjargræði nein;
 flest voru' í landinu forðabúr tóm;
 fágætt að hressa var sárþyrstan góm.

Lækurinn Kritt var ei þornaður þó;
 þar eptir guðs boði spámaður bjó:
 Elías spámaður lá þar hjá lind,
 lindin sú speglaði himinsins mynd,
 lindin sú svalaði sárþyrstum góm;
 sandur í kring var og eyðimörk tóm.

Elías vistir þó enn eigi þraut,
 einstakrar blessunar drottins hann naut.
 Hvern dag er ársól úr hafi steig rauð
 hrafnarnir komu og færðu' honum brauð.
 hvern dag er kveldsól á hafsins skein flöt
 hrafnarnir sömu þá færðu' honum kjöt.

Þar kom um síðir að þornaði lind,
 þrotin var uppspretta fjallsins á tind;
 þar kom að vistirnar brugðust á borð,
 bárust þá spámanni guðdómleg orð:
 „Far þú til Sarepta, ekkja þar er,
 ekkju þá fá læt jeg nóg handa þjer.“

Elias síðan til Sarepta rann; —
 sól rann til viðar er þangað kom hann; —
 fátæka konu þar hitti við hlið,
 hún var að tína sjer dálitinn við.
 Ekkjuna fátæku ásjár hann bað;
 anzaði' hún gæstinum blíðlega' og kvað:

„Örsnautt er, herra minn, ekkjunnar hús,
 einn á jeg mjölnhefa' og viðsmjör í krús.
 Neyta þess vildi' eg í síðasta sinn,
 svo hlýt jeg andast og drengurinn minn.
 Komdu samt, herra minn, hver sem þú ert,
 heima þú sannlega velkominn sjert.“

Elias gekk þá með ekkjunni heim,
 ánægður settist að máltíð hjá þeim.
 Brauðið og viðsmjórið nóg varð þeim nú,
 neyttu þau kveldverðar öll saman þrjú.
 Þraut eigi viðsmjör og þraut eigi brauð; —
 þannig var fullbætt úr ekkjunnar nauð.

Hart er í ári og er við er tíð,
 optlega seinkar sjer vordöggin blíð.
 Streymir þó lindin guðs miskunnar mörg,

morgun og kveld sendir drottinn oss björg.
Aldregi þrýtur guðs blessunar borð, —
birta það sögunnar guðdómleg orð.

Fórnin á Karmel.

(I. Kon. 18.)

„Yfir mörk, yfir skóg, yfir akur og eng
koma optar úr loptinu skal
hvorki döggr eða regn, hvorki dropi nje skúr,
fyrst þú dýrkaðir falsguðinn Bal.“

Svo við Ísraelskóng hafði Elías mælt,
og þar allt kom það fram, er var spáð:
Eigi döggr eða regn kom í þrjú árin þar,
og af þurkinum skrælnaði láð.

Þá var hörmungatíð, þá var hungur og neyð,
þá var hallæri þjóðinni hjá,
unz til miskunnar guð hrærðist miskunnarfús
og á mönnunum aumur hann sá.

Drottinn Ísraels guð þá við Elías kvað:

„Lát nú Ísraelskonung þig sjá.“

Fyrir Akab hann gekk, enn hann uppvægur kvað:

„Er það óhappagesturinn sá?“

„Það er alls ekki jeg, það er einungis þú,
sem að ógæfu þjóðinni býr,
fyrst þú yfirgafst guð, fyrst þú eltir hann Bal,
mælti Elías spámaður dýr.“

Meir um drottin og Bal eigi þráttuðu þeir,
 enda það skyldi reynt verða fljótt,
 hvor sje meiri en hinn, hvor sje máttkari guð,
 því að málið af kappi var sótt.

Háum Karmels á tind setti konungur þing,
 þar hann kvatt hafði lýðinn til móts;
 hafði Bals spámenn með, hafði nóg með sjer naut,
 því að nú skyldi efna til blóts.

Þá gekk Elías fram fyrir Ísraelslýð, —
 skein hans ásýnd sem leiptrandi bál,
 og hans rödd var svo sterk eins og rjúkandi foss,
 en þó rómurinn snjallur sem stál.

„Víst er altari guðs þetta eldgamla fjall,
 ný þó ölturu reisum vjer hjer,“
 hann við Bals spámenn kvað, „reisið altari ótt,
 en jeg annað mun reisa' handa mjer.“

„Köllum guðs vors á nafn, berum fórnirnar fram,
 en þó færur ei neista þar að.

Sá er rjettari guð, er oss anzar með eld.“

„Það er ágætt,“ þá lýðurinn kvað.

Og þeir kölluðu svo frá því sólin upp rann
 til þess sól kom í hádegisstað:

„Heyrðu Bal, heyrðu Bal, heyrðu, anza þú oss,
 vjer þig áköllum, heyrirðu' ei það?

Ei þeim anzaði neinn, mælti Elías þá
 er þeir öskruðu' og rumdu svo hátt:

„Kallið herra á Bal, yður heyrir hann ei því þjer hvíslið og muldrið svo lágt.“

„Það er sjálfsagt um það: annars hugar er hann eða hefur hann annir um stund eða hann er á ferð og er fjarlægur hjer, eða fær hann sjer miðdegisblund.“

En þeir æstust því meir og þeir æptu því meir, en þeim anza þó nokkur ei vann. Þá gekk Elías fram fyrir Ísraels lýð, — eins og eldur af hvörmunum brann.

Þar gekk Elías fram, og hann tólf steina tók, og hann til bjó þar altari frítt, og hann bar á það við og hann brytjaði naut, sem við brennifórn lýðnum var títt.

Síðan fórnarker tólf ljet hann fylla með vatn, og hann fórnina stökkti því á; og hann enn þá gekk fram fyrir Ísraels lýð og bað alsherjar drottin sinn þá:

„Drottinn Abrahams guð, drottinn Ísaaks guð, drottinn Ísraels, birtu það hjer, að þú aleinn sjert guð og að þinn sje jeg þjónn og jeg það gjöri', er býðurðu mjer.“

Þá kom eldur af hæð og hann fjell yfir fórn, og hún funaði þegar í stað.

„Drottinn, hann einn er guð,“ kvað hið fagnandi fólk, og það fjell á sín andlit og bað.

Út við sjóndeildarhring eins og hönd var að sjá,
upp úr hafinu lítið steig ský.

Drottins alveldis-hönd yfir himininn tók,
og hann huldist fljótt skýbólstrum í.

Yfir skóg, yfir mörk, yfir akur og eng
þá að ofan kom frjóvgandi skúr. —

Þannig blómgast fær allt af guðs blessunar-lind,
er hans blessunar-hönd streymir úr.

Elías í hellinum.

(1. Kon. 19.)

Á flóttu var Elías fjallbyggðum í,
hann flýði' undan drottningar heipt.
Hún sparaði' ei illt við guðs spámann af því
að spámönnum Bals hafði' hann gjörvöllum steipt.
Þá kom hann að Hórebs fornu felli
og fyrir ljet berast í koldimmum helli.

Und skúta þar sat hann um niðdimma nótt
þar nauðaði gjóstur í krá;
þar suðaði' og hlakkaði ótt og svo ótt,
og ískaldur virðisúgur straukst honum hjá.
Þar dauflegt var mjög og dapurt inni,
en dálítill skíma í hellisins mynni.

En Elías myrkrið þó hræddist ei hót
nje hellisins tröllskrípi nein;
hann vofum og förynjum vopn hafði mót,
svo vætturinn fjekki ekki gjört honum mein;

Því drottinn var nær í fjalli falinn; —
hann fram þar brunaði þvert yfir dalinn.

Þá hvínandi rokviðri skjótt yfir skall;
það skóf upp hin jarðföstu björg,
það molaði klettana, knosaði fjall
og klauf það og tætti það sundur í mörg.
Þá ætlaði gjörvallt ofan ríða; —
en eigi var drottinn í veðrinu striða.

Þá kipptist við jörðin og gnötraði grund
og gnýpunar skulfu sem strá;
sem dalir og fjöll urðu flóar og sund,
en foldin sem öldur á rjúkandi sjá.
Það dundi undir í öldu-bungum; —
en eigi var drottinn í jarðskjálfta þungum.

Þá brauzt upp úr djúpinu brennandi glóð
með brakandi, sprakandi hvin;
þar mäsandi, blásandi eldjötunn óð,
með æsandi, hvæsandi, voðalegt gin;
hann eldarma teygði upp til hæða; —
en eigi var drottinn í bálinu skæða.

Á eptir þeim fádæmum blíður kom blær
sem broshýra vordags um stund,
svo ilmandi sætur og angandi tær,
er andar svo hlýtt yfir blómfagra grund,
og leikur við blómin í ljósum hlíðum; —
þar loksins kom drottinn í andvara blíðum.

Guðs ljómandi auglit, sem enginn fær sjeð,

þar Elías litið ei fjekk,
 en andlit sitt byrgði hann möttlinum með
 og mót honum fullur af lotningu gekk,
 að ei skyldi hann blindast af ógnar ljóma,
 þá unaðarraust heyrðist guðdómleg hljóma.

Ei hvínandi stormur nje blossandi bál
 nje brakandi jarðskjálfta feikn
 oss birta guðs himneska, heilaga mál
 nje herma guðs dýrðlegu miskunnarteikn
 svo hreint og fagurt sem blærinn blíði,
 er boðar oss friðinn í lýðanna stríði.

Víngarður Nabots.

(1. Kon. 21.)

Nabot víngarð átti cinn
 Akabs kóngs á tíð;
 Ei var slíkur annar neinn
 Ísraels hjá lýð. —

Allt er í heiminum hverfult.

Undur-fagran blóma bar
 blómareitur sá;
 valin spruttu vínber þar
 víntrjám þjettum á.

Upp að garði Akabs lá
 aldingarðurinn.
 Honum ljek þar hugur á
 hann að kalla sinn.

Akab Nabots fór á fund,
fann að máli hann,
fökur lagði' á friðan lund,
fagra garðinn þann:

„Eg skal gefa þjer annan garð
ef þú heldur vilt,
er þjer beri betri arð;
bróðir, tak það gilt.“

„Eg skal gefa þjer gullið skírt
garðinn fyrir þann;
eg skal kaupa' hann afardýrt
ef að fæ jeg hann.“

Nabot aptur Akab tjer:

„Ei jeg garðinn sel;
eigi falur er hann mjer
en þótt borgist vel.“

„Hjer minn faðir fyrrum bjó,
fæddur var hann hjer,
hjer hann lifði, hjer hann dó,
hjer hann grafinn er.“

„Minn jeg sagt hef málstað þjer,
meir ei leita þarf.
Frá því drottinn forði mjer
feðra' að glata arf.“

Akab gekk til hallar heim,
harðla dapur var

erindslokum yfir þeim,
 engu sinnti þar.

Yrti hann á engan mann
 og til sængur gekk,
 snúa sjer til veggjar vann,
 værð ei neina fjekk.

Drottning gekk í sængursal,
 silki bar og lín;
 hún við konung hóf svo tal:
 „Heyr þú orðin mín.“

„Vertu kátur, kóngur minn,
 konungs vald þú ber;
 tak með valdi vingarðinn,
 vil jeg ráða þjer“

„Viljir þú fá hann með hrekk,
 hann þjer gef jeg þá.
 Rís upp, Akab, et og drekk,
 á þjer lát ei sjá.“

Upp reis kóngur, át og drakk,
 öllu ráði með.
 Jessabel þá fór á flakk,
 fals hún brugga rjed.

Drottning Nabot drepa ljet,
 dró sjer gardinn hans,
 Akab gaf sem áður hjet
 eign hins vegna manns.

Hönd varð fegin höggi þar
 harðla skamma stund:
 hefndin ströng í vændum var,
 voldug guðs er mund.

Bæði hlutu' að láta líf, —
 lengi nutu' ei góðs, —
 jöfur og hans vonða víf,
 vegna Nabots blóðs. —

Allt er í heiminum hverfult.

Akab og Jósafat.

(1. Kon. 22., 2. Kron. 18.)

Á gullnum stólum sjólar sátu
 við Samariu borgarhlíð,
 og bjuggu þar sem bezt þeir gátu
 sitt bezta lið.

Þeir krónur báru' og konungs skrúða,
 með klæðin rauð og vopnin blá;
 og kappa sveit og sjóla prúða
 skein sólin á.

Það Jósafat var Júda sjóli,
 frá Jerúsalem kominn þar;
 en Ísraels á öðrum stóli,
 það Akab var.

Í leiðangur hann leggja vildi,
 en leizt þó ráð að spyrja fyrst,
 hvort herferð sú, er hefja skyldi,
 þeim heppnaðist.

Í þjettum hóp á viðum völlum
 þar voru spámenn Akab hjá;
 hann vildi heyra hjá þeim öllum
 um herferð þá.

Þeir kváðu allir einum rómi:
 „Þjer óhætt mun að reyna hjör;
 það verður ykkur sjálfum sómi
 og sigurför.“

En Jósafat þó að sjer uggði
 og eigi vel þeim trúði hann;
 hann spámenn drottins spyrja hugði
 um spádóm þann.

En Akab kvað: „Það eigi stoðar,
 þó er að vísu Míkas hjer,
 en hann mjer ætíð hrakföll boðar
 og hrakspár er.“

Til Míkasar þó sveinn var sendur,
 að sækja hann á konungs fund.
 Sá mælti: „Þar á málið stendur
 að mýkja lund.

Og mæl þú blítt í Akabs eyra
 sem allir spámenn gjöra hjer,
 og tala það sem hann vill heyra;
 það hollast er.“

„Ei dreg jeg nokkuð dulur yfir,
 sem drottinn guð mjer birta kann,
 svo sannarlega sem hann lifir,
 þá sagði hann.

Hann Akab konung fór að finna
og fyrir kónga gekk þar tvo;
hann lítt um spádóm hirti hinna,
en hermdi svo:

„Jeg sá í anda fram á fjöllum
hvar fjöldi sauða' á stangli var;
án hirðis, langt frá högum öllum
þeir hröktust þar.

Jeg hygg þú munir, fylkir, falla
og fólk þitt verða tvístruð hjörð;
og feigð nú að þjer kveð jeg kalla
og kalda jörð.“

„Hvað sagði' eg?“ aptur Akab mælti,
„mjer aldrei verður spá hans góð;“
og honum móti hnefa stælti
í heiptarmóð.

Og spámenn Bals hjá borgarveggnum
þá byrstust mjög er heyrðu það.
En óhljóðum þeim móti megnum
þá Mikas kvað:

„Jeg fagra borg leit gulli glæsta
og geislum vafða himnum á;
á hástól sitja' eg sá hinn hæsta
og sveit hans hjá.

„Jeg ei vil lengur Akab spara,“
hinn æðsti sjálfur mæla vann;
„hver vill í stríð hans freista' að fara,
svo falli hann?““

„Þá kom þar andi einn, er sagði:

„Það erindi jeg reka vil.

Við honum skal jeg beita bragði,
sem bezt er til:

Hans spámenn ætla' eg ærða' að gera,
svo allt þeir vitlaust kóngi tjá,
og lyga-andi vil jeg vera
þeim vörum á.“ —

Þá pústur reið á rjóðan vanga,
svo reiðir spámenn urðu þar.

„Það allt mun, eins og guð vill, ganga,“
hinn gaf til svar.

Þjer munuð senn á flótta flakka,
er fallinn liggur konungs her,
og yður ferst þá ei að hlakka
svo yfir mjer.“

En Akab taka hann bauð höndum
og hafa' á varðhald þangað til
hann kæmi heim úr háska vöndum,
úr hildarbyl.

„Ef heill þú kemur hingað aptur
og hrósar sigri,“ Míkas kvað,
„þá er mjer horfinn herrans kraptur;
þjer heyrið það.“

Í hernað kóngar hjeldu síðan;
þó hugði Jósafat með sjer:

„Að vjer ei sigur fáum friðan,
jeg finn á mjer.“

En Akab kvað: „Ver eigi deigur,
ei illu neinu spáð er þjer;
en ei er kyn þótt einhver geigur
sje yfir mjer.“

„Þú konungs dýr skalt klæði bera
og kannast alla lát við þig;
í dularbúning vil jeg vera
og vara mig.“

Sjer Júda kóngur kunni' ei hlífa,
í konungsskrúða fram hann rann.
og á hann þusti örva drífa,
þó ei fjell hann.

Þótt Akab sjer ei vildi voga
hann voskeyt ör í gegnum smó;
en enginn vissi af hvers boga
sú örin fló.

Ei feigum sjóla forða mátti;
nú fram kom loksins drottins ráð.
Þar falla vondur fylkir átti
sem fyr var spáð.

Himnaeldurinn.

(2 Kon. 1.)

Ahasía konungur hann lá í sínum sal
sjúkur og kominn að bana.

Gjörði hann út menn til að fá sjer frjett hjá Bal:
„Farið þjer og spyrjið, hvort sú sótt mjer bana skal,
eða' eg fái yfirstigið hana.“

Sendimenn hans fóru þá að finna guðinn Bal, fundu þar mann einn á vegi; gaf hann sig á veginum við þá alla' í tal; „Verið ekki' að sækja þessa frjett í Ekronsdal, svo sem guð í Ísrael sje eigi.“

„Ræð jeg yður, sendimenn, að halda aptur heim, herra' yðar skuluð þjer segja:

„Framar eigi stigið þjer fótum yðar tveim, fær ei nokkur spornað móti örlögunum þeim; innan skamms þjer eigið, herra', að deyja.““

Sendimenn þá fóru heim sem fyrir þá var lagt, frjetti þá kóngur að svörum.

Inntu þeir það skilvíslega allt, sem þeim var sagt, enda fannst þeim hvert eitt orð hans vera sannhei-
lagt,

eins og talað engils guðs af vörum.

Konungurinn spurði þá: „Í hátt sá hvernig var; heimfarar yður er krafði?“

Aptur gáfu konungi sendimenn það svar:

„Sá á þreknun herðum mikinn gráan loðfeld bar, leðurbelti' um lendar sjer hann vafði.“

Anaði þá konungur: „Jeg þekki þenna mann, það mjer hans búningur sannar.

Það er reyndar Elías, sem aldrei ljúga kann, aldrei getur talað nema hreinan sannleikann; það er hann og enginn maður annar.“

Konungurinn sendi þá sinn höfuðsmann til hans,

hann beiddi' að fara sem skjótast.

„Hafa skaltu' að fylgdarliði fimmtíu manns,
far þú nú með þennan hóp að leita sjáandans,
bið þú hann að finna mig sem fljótast.“

Höfuðsmaður Elías á fjalli einu fann,
fjallsins þar sat hann á tindi;
logandi eldur úr augum hans þar brann,
ægilegir dýrðargeislar ljeku kringum hann;
lausir blöktu lokkar hans í vindi.

Höfuðsmaður skelfdur varð, en hóf þó brátt sitt tal:
„Herra minn, komið þjer niður;
hingað er jeg kominn úr míns konungs hallar sal,
kveðju hans, þjer guðsmaður, jeg yður bera skal.
Konungur vill fá að finna yður.“

„Ef að jeg er guðsmaður“, þá Elías svo kvað,
„eldur af himni skal falla,
eldur skær af himni, sem öllum sýni það,
eldur skær af himni, sem þegar mun í stað
deyða þig og þína liðsmenn alla.“

Undir eins og sleppt hann hafði orði sínu því,
elding af himni sást bruna;
höfuðsmannsins liðsflokk sló henni niður í,
hurfu þeir á svipstundu með ógurlegum gný;
fjallið allt og dalur tók að duna.

Aptur sendi konungur annan höfuðsmann
öðrum með fimmtíu mönnum.

Eldingar af himni dundu einnig yfir hann,

enn þá vegna synda konungs drottins reiði brann; og þeir fjellu allir saman hrönnum.

Skipaðist ei lofðungur þótt liðsflokkum hans tveim logandi eldurinn týndi.

Enn hann sendi menn að bjóða Elíasi heim; Elías að drottins boði loksins fór með þeim; líf þeim gaf og líkn og miskunn sýndi.

Lítið varð um kveðjur er hann kom í hallar sal: „Konungur, það eitt skal segja: Af því að þú sendir til að fá þjer frjett af Bal, frá þjer tekin ríkisstjórnin þegar verða skal. Undir eins í dag þú átt að deyja.“

Þannig mælti Elías og óðar horfinn var, enginn þó burt ganga sá hann. Allir urðu hljóðir er þeir heyrðu' hið stranga svar, horfðu þeir til konungsins á sængurbeði þar: Örendur sem þrumu lostinn lá hann.

Elías uppmunn.

(2. Kon. 2.)

Gengu menn frá Gilgal tveir, — glatt þá sólin
skein:

Elías með Elísa, sinn eigin lærisvein.

Elías þá innti: „Eptir dvel þú hjer.“

„Sannarlega,“ hermdi hinn, „hverf jeg ei frá þjer.“

Gengu þeir sem leiðin lá, — ljómaði sólin glæst.

Komu þeir til Betel þá er komin sól var hæst.

Elías þá innti: „Eptir dvel þú hjer.“

„Sannarlega,“ hermdi hinn, „hverf jeg ei frá þjer.“

Elísa þar fregn þá fjekk forvitringum hjá:

„Vit, þinn herra nú í nótt þjer numinn verður frá.“

Elísa þá innti aptur til við þá:

„Veit jeg það, en hafið hljótt, heyrast það ei má.“

Gengu þeir sem leiðin lá langan, strangan dag.

Komu þeir til Jeríkó um kveld við sólarlag.

Elías þá innti: „Eptir dvel þú hjer.“

„Sannarlega,“ hermdi hinn, „hverf jeg ei frá þjer.“

Elísa' aptur fregn þá fjekk forvitringum hjá:

„Sjá, þinn herra nú í nótt þjer numinn verður frá.“

Elísa þá innti aptur til við þá:

„Veit jeg það, en hafið hljótt, heyrast það ei má.“

Gengu þeir sem leiðin lá lengi saman hljótt.

Komu þeir til Jórdanar þá komið var að nótt.

Elías þá innti: „Yfir förum hjer.“

„Sannarlega“ hermdi hinn, „hjer ei komumst vjer.“

Möttul sinn tók Elías af sjer ljettan þar;

sló hann honum ána á, þá undur stórt við bar.

Urðu skjót umskipti: skiptist aldan blá.

Þurum fótum fóru þeir fljótið yfir þá.

Gengu þeir sem leiðin lá, — ljúf var nótt og blið;

máninn gullnum geislum sló á grund og dal og

hlíð.

Elías þá innti: „Eins þú bið af mjer,
áður en jeg nú í nótt numinn verð frá þjer.“

„Eina' eg kýs“, kvað Elísa, „ósk og hún er svo,
að af þinni andagift jeg eignist parta tvo.“

Elías þá innti: „Óskar mikils þú;
ef þú sjer mig upp numinn, ósk þó rætist sú.“

Gengu þeir sem leiðin lá. — lopt var kyrt og bjart.
Dró þá upp í austri ský eitt ógurlega svart.
Leið það yfir loptið, leið það yfir þá;
allt um kring varð mjög svo myrkt, mátti neitt
ei sjá.

Ofsastormur yfir skall, — umdi í veðrahöll; —
eikur upp með rótum reif og rauk þar grjót sem
mjöll.

Elías þá innti: „Óttast þú ei skalt;
bráðum aptur birtir til, bjart þá verður allt.“

Geystur fram þar eldvagn ók, eldi' og gneistum
spjó;

eldi sveiptur fákafans þá funakerru dró.

Elías þá innti: „Eg til himins fer;
hjer við skiljum, drengur dýr, drottinn sje með
þjer.“

Upp í vagninn ótt hann steig, óðar burtu var;
vagninn eins og elding þaut í ofsastormi þar.

Hann var horfinn sýnum himins upp í sal.

Elísa stóð eptir þar einn í lágum dal.

Í leiðangur konungar lögðu þar;
 ljómuðu hjálmur;
 allt liðið af gulli logandi var;
 leiptruðu skálmur.

En þrátt fyrir slíkt var þorstinn megn
 og þráði liðið að kæmi regn.

Frá Edóm og Júda og Ísrael
 öðlingar snjallir
 þar kveinkuðu sjer og hræddust hel
 höfðingjar allir.

En Elísa Safats son var þar,
 og sjólar báðu hann miskunnar.

Þá fyrst til hans Edóms gylfi gekk
 ginnandi' í bragði,
 en andsvör hjá honum engin fjekkk;
 Elísa þagði;
 hins minnsta svars eigi virða vann
 hinn volduga heiðna konung þann.

Og Ísraels fylkir hans fund gekk á
 færandi hendi,
 en Elísa kveðju þessa þá
 þrumandi sendi:
 „Til falsguða þinna þú fara skalt,
 jeg fyrirlít þig og góz þitt allt.“

Og Júda gramur hans gekk á fund,
 grátandi bað hann;
 þá blíðkaðist hins hin byrsta lund,

brosandi kvað hann :

„Dú elskar guð og hann elskar þig,
og allt jeg gjöri', er þú biður mig.“

„Nú leikara koma látið hjer,
leikandi' á strengi,
er sigurljóð fögur syngi mjer,
svæfandi mengi;
því sorgin stillist við strengjahljóm.
og stundin líður við glaðan óm.“

Og hörpuleikarinn lipur sló
ljómandi strengi,
og vaggaði öllu' í unaðsró,
ómandi lengi.
Þá blíðkaðist guð við hörpuhreim,
og hjápina vildi senda þeim.

Og dagurinn leið; yfir dal og hól
daggirnar glóðu.
Og gríman leið, og af gullinni sól
geislarnir stóðu.
En enga svölun var enn að fá;
en Elísa kvað við herinn þá:

„Nú enn þá heyrið þjer engan vind
æðandi ðuna;
og enn þá sjáið þjer enga lind
ólgandi buna;
en bráðum fylla mun drottinn dal,
þá drekka hver sína nægju skal.“

Í sama bili þeir heyrðu hljóð
 hvínandi þjóta;

í sama bili þeir sáu flóð
 suðandi fljóta.

Og lyst sína drukku dýr og menn,
 og drottin lofuðu allir senn.

Þar leiptraði sólin öldur á, —
 öldurnar runnu;

á vatnið glóandi geislum brá, —
 geislarnir brunnu.

Sem blóð að sjá þar um völlinn var,
 á vatn er stafaði sólin þar.

Þá óvinaher sá geislaglóð
 glampanði' á bárum,
 hann hugði þann roða' hið rauða blóð
 rennandi' úr sárum;
 og þriggja konunga hugði her
 þar hafa farizt og tortímt sjer.

Þar ruddist hann fram sem brennandi bál,
 brandarnir sungu;

en hinna þeim mætti hvassa stál,
 hjörvarnir þungu.

Og frægan sigur þeir fengu þar
 í fóstbræðralagi konungar.

Og liðið hið glaða ljek þar á
 ljómandi engi,

og hundrað leikarar hörpur slá,
 hljómandi strengi.

Með sigri fóru þeir síðan heim,
því svo hafði drottinn hjálpað þeim.

Konan í Súnem.

(2. Kon. 4.)

Ein kona forðum átti sjúkan son,
og sorg og tregi brjóstið gripið hafði;
sitt einkabarn, sitt yndi, líf og von
hún að sjer fast í dauðans kvíða vafði.

Hún lengi sat og sveininum hjelt á,
með sorg í hjarta, beizka mjög og þunga,
unz litla hjartað hætt var loks að slá,
og hans var burtu flogin sálin unga.

Þá lagði hún sitt barn á guðsmanns beð,
og burt sjer flýtti sjálfan hann að finna,
svo margt er kunni krapti drottins með,
og kannske líka dauðann yfirvinna.

Hún reið svo hart sem hefði' hún æskufjör
í hita dags og köldum næturvindi,
og eigi ljetti fyrri sinni för
en fann hún hann á Karmels háum tindi.

Og hún að guðsmanns fótum fallast ljét
og fá hann þegar heim til barnsins vildi;
hún kom ei orði upp, en sáran grjet,
en Elísa þó hennar kveinstaf skildi.

Og spámaðurinn sendi undir eins
sinn eigin þjón til Súnem heim sem skjótast,
að leggja staf sinn yfir andlit sveins
og aptur honum koma bauð sem fljótast.

En móðir sveinsins mælti' og sáran grjet:
„Þú mátt þó til að koma sjálfur líka.“
Og Elísa þá undan henni ljet,
því eigi fjekk hann staðizt grátbæn slíka.

En þjónninn mætti þeim á leið og kvað:
„Jeg þínu hlýddi rækilega boði;
en ei hann vaknar, ekki dugði það,
og engin lækning framar hygg jeg stoði.“

En Elísa ei anza honum vann,
en áfram hjelt með harmi þrungna móður,
unz sveininn loks á sínum beði fann,
við sængina þá staðar nam hann hljóður.

Hann móður sveinsins burtu ganga bað
og bíða sín unz hana kalla rjeði;
hann síðan læsti sjer og honum að,
og settist niður þar hjá dánarbeði.

Hann lagði þá sinn munn við barnsins munn,
hinn minnsti andardráttur fannst þar eigi,
og allt var hljótt í innsta hjartans grunn,
og eigi vaknar sveinninn yndislegi.

Hann lagði augun augu barnsins við
en út var slokknað þeirra ljósið blíða;

ei minnsti geisli! — allt var útbrunnið,
og eigi vaknar barnið það hið fríða.

Hann lagði sína hönd á barnsins hönd,
en hún var köld sem mjöll á vetrardegi;
á burtu flogin var hin unga önd,
og eigi vaknar sveinninn yndislegi.

Þá stóð hinn upp og gekk um gólf og bað
til guðs um barnsins líf með sárum trega,
og enn sig beygði ofan yfir það; —
þá aptur vaknar barnið yndislega.

Þá aptur lifna augnaljósin skær
og aptur brosið milt á varir færist;
þá aptur hjartað unga' og hlýja slær
og aptur litla hvíta mundin bærist.

„Ó heyr þú, kona, kom þú hingað inn,“
hann kallaði til harmþrunginnar móður;
en henni brá, er leit hún soninn sinn,
er sat þar uppi glaður, hress og rjóður.

Og barnið rjetti hendur henni mót
með hýran svip og bros á vörum rauðum.
Hin glaða móðir fegin var og fljót
að faðma soninn risinn upp frá dauðum.

Þá glóðu henni gleðitár á kinn,
hún guðsmanninum hjartans þakkir tjáði;
en ei hún gleymdi guð að lofa sinn,
er gaf og tók og aptur veita náði.

Naaman sýrlenzki.

(2. Kon. 5.)

Það var einu sinni sjóli
 Sýrlands háam á veldisstóli;
 hann á sínu höfuðbóli
 hafði mikinn kappan þar,
 Naaman sem nefndur var;
 fjekk sá nóg af frægð og hóli. —
 Fleira trúí' eg hann reyni:
 Sjúkleikur var manni þeim að meini.

Marga snarpa hildi háði
 hetjan góða vígs á láði;
 borgum hann og byggðum náði,
 bar af öllum köppum þar,
 flestum mönnum frægri var;
 mikla sæmd af sjóla þáði,
 samt bar harm í leyni:
 Sjúkdómur var mannum að meini.

Átti' hann góz og garða ríka,
 grösug lönd og hjarðir líka,
 marga konungs gripum glíka
 gersemi, sem dýrmæt var;
 auðugri var enginn þar.
 Ei hann hirti' um auðlegð slíka,
 angur bar í leyni:
 Líkþrár var hann lostinn þungu meini.

Eina þernu átti' hinn þjáði

Ísraels af fögru láði.

Mærin sú við milding tjáði:

„Man jeg þegar heima' eg var:

Guðsmaður var góður þar,

margra böl er bæta náði,

bezt er hann það reyni

herra míns að bæta' úr miklu meini.“

Sýrlands kóngur sendi þegar

sveit með gjafir kostulegar

Ísraels' gram, en annars vegar

erindið fram sveitin bar:

Konungs lækna kappann þar.

Undirtektir urðu tregar:

„Aldrei það jeg reyni.

Er jeg guð, sem bæti' úr manna meini?“

Elísa þau andsvör frjetti,

ofan í við kónginn setti:

„Eg er læknir alls hinn rjetti,

eg af guði sendur var

mönnunum til miskunnar.“

Við þau orð af öllum ljetti

ærið þungum steini,

ef hann kynni' að bæta' úr mannsins meini.

Naaman við brá að bragði

boðskap þann, hinn gamli' er sagði,

skjótt til guðsmanns leið hann lagði,

lítinn klefa sá hann þar;

heilags manns það hreysi var.

Eigi kom hann út, en þagði
 inni' í helgum steini.
 Vildi' hann þá ei bæta' úr mannsins meini?

Hafði kappinn með sjer mengi,
 marga vagna' og prúða drengi,
 beið hann úti lengi, lengi,
 leiddist það að fá ei svar;
 sveinn í klefann sendur var,
 til að sækja svar, ef fengi;
 svar kom þá úr steini
 frá þeim, sem að bætti' úr manna meini.

„Segja skaltu háum herra, —
 honum mun það ekki verra, —
 að hans meinsemd öll mun þverra,
 ef í bárum Jórdanar
 sjö sinnum hann þvær sig þar;
 þá hann heill mun þrauta hverra.
 Þetta' er bezt hann reyni,
 ef hann vill fá bót við miklu meini.“

Kappinn brást við boð þau reiður;
 býsna var hann orðinn leiður;
 þótti sjer ei sýndur heiður,
 svo sem slíkum herra bar:
 „Heima nóg af vötnum var.
 Jórdan lækur lítt er breiður,
 leggjar nær að beini;
 sá mun geta bætt úr manna meini!!“

Hjelt hann þegar hratt frá klefa,

hann var þó í nokkrum efa,
 hvort hann ætti gaum að gefa
 guðsmannsins að orðum þar.
 Talinn þó á það hann var,
 mein að reyna mýkja' og sefa.
 „Meinlaust er jeg reyni,
 hvort það getur bætt úr mínu meini.“

Sjö sinnum með söltum tárur
 sig hann lauga vann í bárum.
 Ljek þar andi guðs á gárum,
 geisla sló á öldurnar.
 Vígði náð guðs vatnið þar. —
 Upp reis hreinn af öllum sárum, —
 eins og geislinn hreini,
 kappi sá af sínu þunga meini.

Aptur sneri' hann á þeim degi,
 ekkert þótti nú í vegi;
 guðsmanninum gleymdi' hann eigi,
 gjafir miklar fram hann bar:
 skíra gull og gersemar.
 Slíkar gjafir þáði þeygi
 þjónninn drottins hreini,
 þótt hann hefði bætt úr mannsins meini.

Sjáandinn þar svein einn átti,
 sjá hann ei af gripum mátti,
 auðmanninn hann elta knátti,
 orð síns herra fölsuð bar,
 að sjer gæfi' hann gersemar.

Höfðinginn því honum játti,
hrærður af hans kveini,
gladur við að vera laus af meini.

Eitthvað vildi hrappur hreppa,
hugði' ei gott af því að sleppa;
gefin honum gulls var skeppa,
gildar silfurs vættirnar,
klæði góð og gersemar.
Eptir því var ei að keppa: —
eins og lostinn steini
svikarinn varð lostinn líkþrár meini.

Hlaðnir erum vjer margskyns meinum;
má ei lækning fá hjá neinum?
Traust vort, guð, er á þjer einum,
opin lind er miskunnar;
bezt er meina bótin þar.
Þú úr brunni þessum hreinum
þvær, minn drottinn eini,
öll þau sár, er mönnum eru' að meini!

Eldherinn.

(2. Kon. 6.)

Sýrlands kóngur útbjó óflýjandi her
Ísraels á móti landi.

Mikinn fjölda kappa hafði hann með sjer,
hesta' og vagna óteljandi.

Og hann mælti leynilega svo við sína menn:

„Setja vil jeg herbúðir á þessum stöðvum enn.
 Þeir ei varast það,
 þeir á öðrum stað
 hugsa víst að herinn standi.“

Þannig mælti kóngur í húsi sínu hljótt,
 heimulega ráðin lagði.
 Þó var einn í fjarlægð þessa sömu nótt,
 þessu' er komst að leynibragði:
 Spámaðurinn Elísa hann lá í sinni sæng,
 Sýrlendinga konungs ræðu heyrði' hann undir væng.
 Óðara' upp spratt hann
 og sinn konung fann,
 honum þessa hrekki sagði.

Þegar Sýrlands kóngur sá komið upp um sig
 kallaði hann í gremju sinni:
 „Hermið mjer það, sveinar, hver svikið hefur mig;
 sá skal kenna' á reiði minni.“
 „Það er enginn vorra manna,“ einn við konung kvað,
 „kenna þú víst spámanninum Elísa mátt það.
 Allt hann heyrir hjer,
 hvert þitt orð hann ber.
 Hann má kenna' á þykkju þinni.“

Reiður varð þá kóngur, er fjekk hann þessa fregn:
 „Færið mjer þann spámann arga.“
 Og hann sendi her manns honum einum gegn,
 hestafjöld og vagna marga.
 Drifu þeir sem gammar úr öllum áttum þar,
 umkringdu þeir staðinn, þar sem spámaðurinn var,

um sig höfðu hljótt
harðla dimm var nótt.

Ekkert honum átti' að bjarga.

Þegar snemma morguns í austri röðull rann
reis á fætur piltur nokkur.

Voðalegt að líta þá var í kringum hann:
vígalegur beið þar flokkur.

Allt um kring að sjá var óflýjandi her;

óttasleginn mælti hann: „Hvað nú til ráða er?“

„Óttast ekki það,“

Elísa þá kvað,

„fleiri eru' í fylgd með okkur.“

„Líttu upp í fjallið,“ hann sagði svo við hann,

„sjáðu hvað er þar að skoða.“

Fjallið allt sem eldur ógurlega brann,

eigi þó af sólarroða.

Eldlegum af vögnum þakið utan fjallið var,

eldlegir þá fákar drógu niður hliðarnar.

Móti heiðnum her

hersing þessi fer,

spámanninn að verja voða.

Blindu sló á herinn, er hersing þessa' hann sá,
horfin var hún þá að bragði.

Fálmaði hann viltur um völlinn til og frá,

við þá Elísa þá sagði:

„Hvað eruð þjer að villast? Þetta vegurinn ei er,
verið ekki' að fálma þetta, komið þjer með mjer.

Yður vísa' eg veg,

veginn þekki jeg.“

Heim til konungs leið hann lagði.

Síðan þegar komið til Samaríu var,

sjónina þeir fengu' að nýju.

Ótti mikill greip þá, er þeir sáu þar,

að þeir voru' í Samaríu.

Alstaðar í kringum þá var konungs vopnað lið,
konungur þá reiður mælti spámann drottins við:

„Á jeg ekki að slá

alla' í helju þá?“

Svaraði' hinn með sinni hlýju:

„Ekki skaltu, konungur, neyta valds þíns nú,
níðingsverk það mundi heita.

Annað mál er hitt, ef á orustustað þú
ættir þeim í mót að leita.

Vopnum sínum firrtir þeir vald þitt gefast á,
vel og drengilega þjer farast lát við þá.

Leyf þeim, herra, heim,

hjer þó áður þeim

láttu dýra veizlu veita.“

Konungur þá gestum þeim veizlu halda vann,
var þar drukkið fast og lengi.

Síðan heim með friði þá sendi alla hann

Sýrlendinga vaska drengi.

Kvöddu þeir með virktum og hjeldu glaðir heim,
hróðugir þó naumast mjög af leiðangrinum þeim.

Sagði sjerhver: „Happ,

svona vel jeg slapp.“ —
Móti drottni megnar engi!

„Á morgun.“

(2. Kon. 7.)

„Á morgun, á morgun,“ svo mælti guðsmanns raust,
„einn mælir af hveiti kostar sikil efalaust.“
Það ótrúlegt þótti, — því hjá Ísraels lýð
var óáran mikil og hallæri' og stríð, —
að það yrði boðin sú borgun
á morgun, á morgun.

„Á morgun, á morgun það mun ei geta skeð,“
svo mælti einn riddari, er hjá þar standa rjeð;
„á himininn drottinn fyr gjöra mun gat
en getum vjer fengið svo ódýran mat,
og það fyrir þvilíka borgun
á morgun, á morgun.“

„Á morgun, á morgun,“ þá mælti hinn á ný,
„þá mun þetta verða, þótt ei þú trúir því;
og með þínum eigin þú augum það sjer,
þótt af því ei fáir þú neitt handa þjer,
þótt bjóðir þú margfalda borgun
á morgun, á morgun.“

„Á morgun, á morgun þá mun vor unnin borg,“
svo mæltu fjórir líkþráir, er reikuðu' um torg;
„til fjandmanna herbúða höldum nú skjótt,
því hjer er ei vært þótt vjer lifum í nótt;

og þá verður bani vor borgun
á morgun, á morgun.“

„Á morgun, á morgun,“ þeir mæltu' og lögðu' af stað,
und morguninn komu þeir herbúðunum að;
en kynlega nokkuð í brúnir þeim brá,
því burtu var herinn og engan mann sá.
Ei góðri' hafði' hann búizt við borgun
á morgun, á morgun.

„Á morgun, á morgun,“ hann mælti fyr um kvöld,
„vjer munum vinna borgina' og þung á leggja gjöld;
þá skulum vjer leika' oss og dansa svo dátt
og drekka og svalla og gjöra oss kátt,
og allt fyrir alls enga borgun
á morgun, á morgun.“

„Á morgun, á morgun,“ þeir mæltu' um dimma nótt,
„þá munum vjer allir hjer strádrepnir skjótt.“
Af hestum og vögnum þeir heyra þóttust gný,
og hugðu koma lið mikið. Guð stýrði því.
Þeim leizt ei að bíða' eptir borgun
á morgun, á morgun.

„Á morgun, á morgun“, svo mælti skelfdur her,
um miðja nótt flýði' hann og tók ei neitt með sjer;
og skínandi tjöldin hann skildi' eptir full
með skrúðklæði, vistir og silfur og gull.
Þar sjálfir þeir buðu fram borgun
á morgun, á morgun.

„Á morgun, á morgun,“ þeir fjórir mæltu fljótt,
 „nú förum til borgarinnar þegar í nótt,
 og Samariú konungi segjum því frá,
 í sýrlenzku tjöldunum nóg sje að fá;
 þá fáum vjer fallega borgun
 á morgun, á morgun.“

„Á morgun, á morgun,“ svo konungurinn kvað,
 „þá kemur herinn aptur, þá ekki batnar það;
 í fjöllum í launsátri felast þeir hjer,
 sem fljót kemur brunandi óvígur her;
 þá blóð fyrir gull verður borgun
 á morgun, á morgun.“

„Á morgun, á morgun,“ einn manna hans svo kvað,
 „vjer munum annað reyna, þú sanna munt það.“
 Þá sent var til búðanna, en vegurinn var
 og völlurinn þakinn af skrúðklæðum þar.
 Það var ei svo bagaleg borgun
 á morgun, á morgun.

„Á morgun, á morgun,“ þá gall við glatt og kátt,
 nú gleði var í borginni' og leikið svo dátt.
 Af vopnuðum fjandmönnum tóm voru tjöld,
 en til nóg af vistum og gersema fjöld.
 Það næg mundi borginni borgun
 á morgun, á morgun.

Á morgun, á morgun, svo rættist guðsmanns raust
 þá reyndist hveitimælir á sikil efalaust.
 En vantrúaði riddarinn þar eigi smakkaði' á;

hann örendur og fögur í borgarhliði lá.

Það vantrúar var honum borgun

á morgun, á morgun!

„Á morgun, á morgun,“ svo mæla glaðir þrátt,

„þá munum vjer gjöra oss skemmtilegt og kátt.“

En fáir vita það, hverju fagnandi er,

og framtíðin máske í skauti sínu ber,

að sorg verði sælunnar borgun

á morgun, á morgun.

„Á morgun, á morgun,“ svo mæla hryggir títt,

„þá mun um lánið úti og gengið horfið blítt.“

En óþarft er að kvíða fyrir komandi tíð,

því kannske þá bætt sje vort angur og stríð,

og gleðin þá gráts verði borgun

á morgun, á morgun.

Dauði Elísa.

(2. Kon. 13.)

Flaug yfir landið sem leiptur

á ljóshröðum vængjum

fregnin að Elísa' hinn frægi

nú fársjúkur lægi,

og að hin máttuga mundin

nú máttþrota væri,

og að hann, sjáandinn sjálfur,

nú sæi' ekki lengur.

Kom fyrir konunginn Jóas
 að kveldi dags fregnin.
 Mælti' hann þá miklum af trega:
 „Nú má ekki tefja.
 Söðlið mjer gangvarann góða,
 jeg guðsmann vil hitta
 áður en lýkur hans lífi
 og ljósið er slokknad.“

Söðluðu gangvarann góða
 þá gullbúnir sveinar.
 Steig á bak öðlingur ítur
 og óðar var horfinn.
 Flaug hann sem ör eða elding
 um ekrur og skóga,
 þaut yfir lautir og leiti
 unz ljómaði dagur.

Kom hann um síðir að kofa,
 á klofa var hurðin.
 Steig hann af gæðingi góðum
 og gekk inn í kofann.
 Sá hann þar hálmflet í horni
 í hálförökkur skímu.
 Grátandi gat hann að líta
 þar guðsmanninn liggja.

Lá hann þar lágum á beði
 og lit hafði brugðið.
 Sljó voru eldfjörug augu
 og innfallnar kinnar.

Titruðu hálfvisnar hendur
sem hriktandi greinar.
En yfir sængina sveipað
lá silfurhvítt skeggið.

Grjet hinn er gat hann að líta
svo guðsmanninn liggja.
Mælti' hann þá miklum af trega,
og mund tók hins gamla:
„Lágt ertu lagstur, minn faðir,
minn ljúfasti faðir,
þú Ísraels hervagn og hetja,
þú hlíf hans og vígi.“

„Grát þú ei,“ mælti hinn gamli,
„svo gengur oss öllum.“ —
Hans rödd var sem gustur í greinum
í grátvið á leiðum. —
„Jeg uppnuminn ei verð í ljósið
sem Elías fyrrum.
Hnég jeg sem aðrir í húmið
og hvíli hjá dauðum.“

„Æðrumst þó eigi að heldur!
Tak örvar og boga.“
Og Ísraels konungur itur
tók örvar og boga.
En hinn aptur mælti við hilmir:
„Legg hönd þína' á bogann.“
Og Ísraels hugprúður hilmir
þá hönd lagði' á bogann.

Og hann lagði hönd sína kalda
 á hönd konungs varma,
 sem hann vildi hendinni stýra,
 en hneig þó til baka.

Mælti' hann þá enn: „Móti austri
 þú opna skalt gluggann.“
 Og Ísraels konungur ítur
 þá opnaði gluggann.

Og ennfremur Elísa mælti:
 „Nú ör send af boga.“
 Og Ísraels konungur ítur
 þá ör sendi' af boga.
 „Sigurör sú er frá drottni,“
 þá sjáandinn mælti;
 „svo muntu, konungur, sigra
 þá sýrlenzku dólga.“

Og ennfremur Elísa mælti:
 „Tak örvarnar þínar.“
 Og Ísraels konungur ítur
 tók örvarnar sínar.
 „Slá þú þeim, Jóas, á jörðu.“
 Á jörðina sló hann.
 Þannig á jörð sló hann þrisvar
 og þar eptir hætti' hann.

Gramdist þá guðsmanni við hann,
 við gram hann svo mælti:
 „Optar þú áttir að ljósta,
 svo optar þú sigrir:

hefðir þú högg slegið fleiri
 þú hefðir þá afmáð;
 en þú munt nú sigra þá þrisvar,
 og þar við mun lenda.“

Svo mælti Elísa aldinn
 með andvörpum þungum;
 þrjú tók hann andvörp unz andinn
 var allur á förum.
 Mót austri, mót uppruna sólar,
 til Elíass funda,
 leið hann á ljósvængjum hröðum,
 á ljómandi geislum.

Grátandi gylfi stóð eptir
 og grátandi blómin;
 grátandi landsins var lýður,
 er lát hans hann frjetti.
 Þornaði lind sú, en lifði
 hans lofstír hjá þjóðum.
 Og allt kom það fram, er hann innti
 og áður um spáði.

Assýraherinn.

(2. Kon. 19., Esaj. 37.)

Blikaði sólin um sumarkvöld,
 sveipaði gullroða drifhvít tjöld,
 þjettskipuð þúsundum saman.

Heyrðist glymjandi gleði.
Enginn vinnur Assýraherinn.

Kveldsólin skein á kappafjöld,
kesjur og brynjur og hjálm og skjöld.
Hljómaði' um herbúðir allar:
„Mikill sigur á morgun!
Enginn vinnur Assýraherinn.“

Dagstjarnan hneig í djúpið blíð,
dauft skein máninn á Júðalýð.
Hrópaði fámennur hópur:
„Vei oss, vei oss, vjer föllum.
Enginn vinnur Assýraherinn.“

Náttmyrkrið leið yfir loptsins sal.
líkklæði breiddi' yfir grænan dal;
svalur þaut gustur í greinum.
Þar fór dauðinn um dalinn.
Vinnur enginn Assýraherinn?

Röðullinn bjartur rann úr sjór,
roðageislum á tjöldin sló;
geislarnir gægðust í tjöldin.
Hjótt var í hverju tjaldi.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Fuglarnir vöknudu' af blíðum blund,
byrjuðu sönginn um morgunstund;
dunuðu dillandi hljóðin.
Hljótt var í hverju tjaldi.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Gyðingalýður á fætur fór,
fólkinu þótti það undur stór,
ekkert að heyrðist til hinna.
Hljótt var í hverju tjaldi.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Gullu hornin um grænan völl,
gnýr varð, er fram ruddist sveitin öll;
glömrðu skjómar á skjöldum.
Hljótt var í hverju tjaldi.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Hverju mun gegna svefninn sá?
Sendur var maður að því að gá;
gekk hann í herbúðir hinna.
Hljótt var í hverju tjaldi.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Riddarinn tjald úr tjaldi gekk,
trúað vart sínum augum fjekk;
enginn ljét á sjer neitt bæra.
Hljótt var í hverju tjaldi.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Alstaðar sá hann þar ná við ná,
náföf andlit og stírðnaða brá.
Liðinna lík á hann stórðu.
Dauft var í dauðra búðum.
Eigi vaknar Assýraherinn.

Hvar var nú atgjörvi, fegurð og fjör,

frækleikur, þróttur og hreysti snör?
 Hvar var nú glaumur og gleði?
 Farið, flúið og horfið.
 Eigi vaknar Assýraherinn.

Kveldsól á mannfjölda mikinn skein,
 morgunsól glampaði' á líkin ein.
 Stórmennskan stoðaði' ei framar.
 Á þá andaði drottinn.
 Aldrei vaknar Assýraherinn.

Sólskífan.

(2. Kon. 20., Esaj. 38.)

Esekías sjúkur í sænginni lá,
 — sólskífan blasir við.
 Elnar honum sóttin svo óðlega þá,
 — ei hefur tíðin bið.
 Áfram heldur skugginn á skífunni.

Vorsólin gægist um gluggatjöld,
 geislinn á veggnum skín. —
 „Áður en sólin er sigin í kvöld
 syrtir fyrir augu mín.“ —
 Áfram heldur skugginn á skífunni.

Útsprungin brosandí blómsturinn smá
 blikka mót rekkju þar. —
 „Áður en fölvi þau fellur á,
 fölnað er lífs míns skar.“ —
 Áfram heldur skugginn á skífunni.

Smáfugl í búri þar situr hjá sæng,
syngur með fögrum róm. —

„Áður en hylur hann höfuð und væng
heyri' eg ei nokkurn óm.“ —

Áfram heldur skugginn á skifunni.

Glitrandi blakta þar gullofin tjöld,
glampar á salarþil. —

„Áður en hylur þau húmið í kvöld
heyra þau öðrum til.“ —

Áfram heldur skugginn á skifunni.

„Geymt er í hirzlunum gullið mitt frítt,
gimsteina' og perlufjöld.

Finnst mjer nú allt það að engu nýtt,
annars það verður í kvöld.“ —

Áfram heldur skugginn á skifunni.

Gullbúin sveit gengur salinn í,
sjúklingnum lýtur enn. —

„Loksins nú mál er að láta' af því,
lútið þjer öðrum senn.“ —

Áfram heldur skugginn á skifunni.

Ganga þá ástvinir glæstan í sal,
gráta hjá konungsbeð. —

„Yður nú sjá jeg ei aptur skal,
yður jeg síðast kveð.“

Áfram heldur skugginn á skifunni.

Hugurinn liður í liðna tíð, —

leiptra kesjur og spjót. —

„Nú er fyrir hendi hið hinnsta stríð,
hikandi' eg geng því mót.“ —

Áfram heldur skugginn á skífunni.

Hugurinn liður þá heiminum frá,
heldur þó fast við líf. —

„Það er svo margt, sem jeg ógjört á,
enn mjer, ó drottinn, hlíf.“ —

Áfram heldur skugginn á skífunni.

Esajas spámaður inn gekk í sal,
innti við konunginn:

„Bæn þín er heyrð, þjer batna skal,
bætt er við lífdag þinn.“ —

Áfram heldur skugginn á skífunni.

Esekías bata fann ei á sjer,
eigi því trúði fljótt. —

„Hefurðu nokkuð til marks, að mjer
meinsemdin batni skjótt?“ —

Áfram heldur skugginn á skífunni.

Tímanum miðaði áfram ótt,
öðlingur jartegn fjekk:

Tíu línur á skífunni skjótt
skugginn til baka gekk.

Áfram hjelt ei skugginn á skífunni.

Út leið svo dagur og annar leið til,
enn þá konungur lá.

Þriðja daginn um dagmála bil
 döglingur heill reis þá. —
 Áfram heldur skugginn á skífunni.

Liðu svo tímar um langa stund,
 liðu svo fimmtán ár.
 Sama daginn í sama mund
 sjóli var kaldur nár.
 Áfram heldur skugginn á skífunni.

Liðu svo tímar öld eptir öld;
 aldanna rennur hjól.
 Komið og farið hefur kynslóða fjöld
 kemur og hnígur sól.
 Áfram heldur skugginn á skífunni.

Hið nýja musteri.

(Esr. 3.)

Þá Kýros rjeð forðum á Kaldeaslóð
 að konungsins orðum fjekk Gyðingahjód,
 úr útleigð að snúa með gersema gnægt
 og gullinu búa sitt musteri frægt.

Úr útleigðarlandi þá hjeldu þeir heim
 guðs heilagur andi var enn þá með þeim.
 Þeir grundvöllinn lögðu til guðshúss á ný
 og guði þeir sögðu þar þakkarorð hlý.

Þar gullhökla prúða bar prestanna sveit
 og purpuraskrúða sem miðdagssól heit;

en línserki frána bar Levíta fjöld
sem ljósgeislar mána um fagurbjart kvöld.

Með lúðrum og bumbum og hljóðfærum hátt,
með hornum og trumbum þar ljeku þeir kátt,
með pípum og bjöllum og harpnanna hljóm,
með hrópum og köllum og básúnu róm.

Þeir lofuðu drottin með harpnanna hreim,
þeir heiðruðu drottin með strengjanna eim,
þeir prísuðu drottin með gignanna glym,
þeir göfguðu drottin með lofsöngva ym.

Frá silfruðum hárum þar hagl fjell á jörð,
þeir horfðu með tárur á musterisgjörð;
þeir hástöfum grjetu, sem hitt höfðu sjeð
og huggast ei ljetu þá byggingu með.

En sveinarnir ungu þar hrópuðu hátt,
þeir hlógu, þeir sungu, þeir ljeku svo dátt,
þeir sungu, þeir hlógu svo hátt og svo ljett
og hörpurnar slógu svo lipurt og nett.

Og hljóð hinna ungu með æskunnar mód
og andvörpin þungu hjá gamalli þjóð,
það sundur ei greindist, því saman rann allt,
það samhljóma reyndist þar margþúsundfalt.

En gleðinnar ómur og glymjandi ljóð
og grátstunu rómur og sorgþrungin hljóð
þar heyrðist um grundir, um borg og um bý,
í björgum tók undir með hljómandi gný.

En huggunarorðum þá Haggái kvað:

„Guðs hús stóð hjer forðum, en syrgið ei það;
því musteri fegra vjer hefjum nú hjer,
sem hátignarlegra og göfgara er.“

„„Jeg þjóðir vil hræra,“ það herrann svo kvað,
„svo hingað þeir færa þjer gersemar að.
Þú, fólk mitt, ei efa skalt fyrirheit það,
minn frið vil jeg gefa hjer þessum á stað.““

Sá spádómur rættist um frelsarann fyrst
hið forna þá bættist, er áður var misst.
Þá himneskum ljóma brá helgan um rann,
guðs heilaga dóma þá lýðurinn fann.

En musterið góða, þeim gefið af náð,
það grimmustu þjóða varð herfang og bráð;
til grunna það hrundi þótt gnæfði það hátt,
og grassverði undir nú falið er lágt.

En musteri þekki jeg fagurt og frítt,
sem falla kann ekki, það jafnan er nýtt;
í himneskum ljóma það logar og skín
á landi þess blóma, sem aldregi dvín.

Þar grátur er enginn nje andvörpin stríð,
þar unun er fengin svo himnesk og blíð.
Þar gullhörpur óma guðs eilífa lag
hinn eilífa ljómandi fagnaðardag.

Lögmálslesturinn.

(Nehem. 8.)

Nú dvínar nótt og dimman flýr
 í djúpið kalda fjær.
 Í austri ljómar dagur dýr
 úr djúpi hreinn og skær;
 um foldu fjær og nær
 hann fögrum ljóma slær
 og Jerúsalems skín á skyggða múra.

Hver ys og þys um alla borg
 svo árla' um morgunstund!
 Hví fyllast öll af fólki torg
 og fagurskrúðug grund?
 Hví heldur fólk nú fund
 og firrist sætan blund?
 Það lögmál drottins lystir nú að heyra.

Það dýra gullið grafið var
 og geymt svo langa hrið
 á árum strangrar útleigðar,
 já enn þá lengri tíð.
 Nú skyldi lesa lýð
 þau lögmáls boðin fríð.
 Og alla lysti orðin guðs að heyra.

Hinn æðsti prestur Esra stóð
 þar inni' í miðjum hring;
 en öll að honum þyrptist þjóð,
 og þjett stóð allt í kring

sú mikla mannþyrping,
sem mundi halda þing;
því alla lysti orðin guðs að heyra.

Þar saman kominn sægur var
með silfur hárin grá;
og kappaval var komið þar
með kesjujárnin blá;
og brúðir blíðar þá,
og börnin ung og smá;
því alla lysti lögmál guðs að heyra.

Og þrúðum guðs var presti þar
á palli markað' svið,
úr aldinbjörk er byggður var
við borgarinnar hlið.
Hann sjálfur sást í mið,
og sveinar utanvið,
sem máni fagur meðal bjartra stjarna.

Þar lyptist yfir hvelfing há,
þar himnesk kirkja var;
og prestinn horfðu allir á
með augum stórum þar;
hann helga bók þar bar,
með boðum miskunnar,
er voru gleymd, en grafin nú upp aptur.

Þá sólin reis í austurátt
hann upp lauk helgum dóm,
og lofaði guð hveltt og hátt
með hreinum, skírum róm.

En fólkið hóf upp hljóm
með hjartans sætum óm.
Og söfnuðurinn söng þar: Amen, amen!

Og morgunsólin há og hrein
á heilagt skein þar blað;
en orðið sjálft þó skærar skein,
þótt skugga bæri' á það.
Af fögnuð fólkið kvað,
og fjell á knje og bað;
og amen söng þar allur drottins lýður.

Og Esra las upp lögmálið,
við lýðinn drottins þar,
en Nehemía var þar við,
og veitti honum svar.
Þeir ræddu ritningar
með rök og skýringar;
og fólkið allt með undrun hlusta náði.

Það hafði' ei lengi heyrt það orð,
ei heyrt það mörg um ár.
Nú aptur barst hjer yfir stord
þess ómur tignarhár.
Því hrundu höfug tár
svo hratt og títt um brár.
Þar morgundögg skein dýr í hverju auga.

Og Esra las guðs orðin dýr,
en áfram dagur leið,
og sólin rann svo hrein og hýr
til hádegis sitt skeið.

Hún andlit sárheitt sveið,
 en samt þar fólkið beið;
 og morgundögginn enn í augum glóði.

Þá Esra kvað við allan lýð
 ei orðin lögmáls hörð:
 „Nú þerrið tárin, börn guðs blíð,
 sjá, burt er dög af jörð.
 þú dýra drottins hjörð,
 syng drottni þakkargjörð!
 því nú er helgur drottins gleðidagur.“

„Nú dreypið, börn, á dýrum mjöð
 og dýrum krásum á.
 En verið þó í guði glöð,
 og gleymið eigi þá
 þeim snauðu lið að ljá,
 og látið skerf þá fá;
 því nú er gleðihátíð dýr í heimi.“

Úr útleigð komnir harðri heim
 því hlýddu Gyðingar.
 Það lögmál, sem var lesið þeim,
 var lögmál miskunnar.
 Þeir hátíð hjeldu þar
 já, hátíð gleðinnar, —
 þeir ungu' og gömlu, auðugu og snauðu.

En þegar lífs vjer lítum sól
 að loknum dauðans blund,
 og fyrir drottins dýrðarstól

til dóms er stefnt á fund,
 þá miklu morgunstund,
 hvort mun þá kætast lund?
 Mun dagur sá til sorgar eða gleði?

Hinn æðsti prestur allra þar
 hinn æðsta heldur dóm;
 hann lögmáls birtir bækurnar
 við básúnunnar óm.
 En gegnum hvellan hljóm
 vjer heyrum sætan róm,
 er boðar náð og gleði' og frið í guði.

Og lögmáls bók hann lokar þá,
 en lífsins bók upp slær,
 og ritar nöfn þar ótal á,
 vor allra nær og fjær.
 Lífs sól í heiði hlær,
 guðs hljómar náðin skær:
 „Velkomnir heim úr hörmunginni miklu!“

Þá glöðu stund! þann glaða dag!
 þá glöðu sigurtíð!
 þá um er skipt vorn allra hag
 og úti þraut og stríð.
 Og blessun drottins blið
 þá boðast öllum lýð.
 Og söfnuðurinn syngur: Amen! Amen!

Vastí og Ester.

(Est. 1. 2.)

Dýrðleg hátíð haldin var
höll í Ahasverusar.
Lengi stóð með veldi' og veg
veizla dýr og kostuleg.
Veitingar þágu þar
þjóðjarlar og höfðingjar.
Sátu þeir í hálfum hring
hástól konungs þess í kring.

Fagurt var í hárrí höll,
hún var pelli tjölduð öll,
gersemum og gulli prýdd,
gimsteinum og perlum skrýdd.
Lýsti öld ljóst um kvöld
ljósafjöld við rósatjöld,
gul og rauð og græn og blá,
gullnum silfursnúrum á.

Komu fyrir konunginn
ker úr gulli borin inn.
Drengir þar af dýrri veig
drukku margan sætan teyg.
Var í höll hirðin öll;
hlátrasköll og gleðiköll
glumdu þar við gullin borð,
gjörla varla skildist orð.

Glaður Ahasverus var

vín er hafði drukkið þar;
 Vastí til sín vildi fá
 vinið þegar sveif hann á :
 „Sækið nú fríða frú,
 fagurbúin drottning sú
 fegri meyjum öllum er,
 er í landi finnast hjer.“

Sveinahópur sendur var
 svo til Vastí drottningar.
 Konungs skipun hermdi hann,
 hún kvað reið við boðskap þann:
 „Því ei ber hlýða hjer
 hvað sem sker og eptir fer.
 Ei skal drukkin drengja fans
 drottning skaða þessa lands.“

Þeir ei góða fóru för,
 fengu þar ei önnur svör;
 komu fyrir konungs borð,
 kóngi báru hennar orð.
 Heiptin skar hilmir þar
 hvasst við svarið drottningar. —
 Hana rak hann ríkjum frá,
 reiður mjög var gramur þá.

Þá er kóngi reiðin rann,
 refsíðómsins minntist hann,
 Vastí taka vildi' í sátt,
 varð þó heldur ráðafátt.
 „Eigi má, mein er á,“

menn hans háir sögðu þá,
 „Vastí þess ei verðug er,
 vel þú aðra drottning þjer.“

Ræsir fjellst á ráðið það,
 ríka herra sendi' af stað;
 öll um lönd þeir annarar
 áttu' að leita drottningar.
 „Þá sem er þekkest mjer,
 þá sem ber af öðrum hjer,
 þá jeg fyrir konu kýs,
 kórónan skal henni vís.“

Mikill fjöldi meyja þá
 mörgum löndum kom þar frá.
 Fylkti sjer sú fagra sveit;
 fegri sjón ei nokkur leit.
 Ein þó var, af er þar, —
 efni þar var drottningar, —
 eins og máni myrkt um kvöld
 miklu' er skærri' en stjarna fjöld.

Ester hjet sú unga mæ, r
 öllum mönnum þekk og kær,
 hrein á svip og björt og blið,
 blómleg, rjóð og tignarfríð.
 Mörgum brá manni þá
 meyna þá er fjekk að sjá.
 Sjálfur kjöri kóngur þar
 kvennval það til drottningar.

Hún var leidd í hallarsal,

henni fengið þjóna val.
 Kóngur festi konu þá
 kórónuna sjálfur á.
 Dýrðleg var veizla þar,
 vitringar og höfðingjar
 þágu gull úr hennar hönd.
 Hennar orðstír barst um lönd.

Drottning spurð um ætt var ei;
 enginn vissi um fríða mey,
 að hún Júða ættar var,
 er var smáð í landi þar.
 Drottinn sá aumur á
 eins þeim smáa lýðnum þá.
 Margopt þann, sem lýtur lágt,
 lætur drottinn komast hátt.

Haman og Mardókeus.

(Est. 3.—7.)

Það var hryggð og það var harmur, það var óþ
 og kvein og sorg
 alstaðar í öllu landi, einkum þó í Súsaborg.
 Öllum þar á einum degi eyða skyldi Gyðingum.
 Þannig hafði þengill boðið, þó af litlum orsökum.
 Höfðingi var Haman nefndur hirð við Ahasverusar,
 gæðingum hans öllum æðri, illur þó og heimskur
 var,

Kóngur ljét það að hans orðum, að hann fengi
virðing þá:

Hver einn lúta honum skyldi, hans er yrði vegi á.

Maður einn hjét Mardókeus, mikill vinur drottn-
ingar;

fóstri hennar fyrrum var hann, frændi hennar líka
var:

Hann ei lúta Haman vildi, hafði' að engu kon-
ungs boð,

vildi dýrka drottin einan, drambsamt eigi kon-
ungs goð.

Haman fylltist heiptarbræði, honum það er borið
var;

grimmilega gjalda vildi gjörðir Mardókeusar.

Hefna sín á honum einum honum engin þótti not.

Alla vildi' hann ætt hans deyða eins manns fyrir
lítið brot.

Því var hryggð og því var harmur, því var óp
og kvein og sorg

alstaðar í öllu landi, einkum þó í Súsaborg.

Mardókeus mest þó syrgði, minnst þó um er kenna
var.

Settist hann í sekk og ösku, sat í garði drottn-
ingar.

Drottning leit sinn forna fóstra, frjetti hverju gegndi
slíkt.

Henni innt var allt hið sanna, um það boðorð kon-
ungs ríkt.

Grjet hún forlög frænda sinna fyrir sjeð og mælti þá:
 „Til hvers er jeg orðin drottning, ef jeg þá ei
 frelsa má?“

Konung vildi' hún freista' að finna, fannst þó nokk-
 ur hætta' á því:

Hótað kóngur hafði' að drepa hvern, er gengi sal-
 inn í,

og sem kallað ei hann hefði eða rjetti sprota sinn.
 Ei ljet hún það á sjer festa, óhrædd gekk til kon-
 ungs inn.

Gylfi var í góðu skapi, glaður brosti hann á mót
 elskulegri Ester sinni, óðar sprotann rjetti snót:

„Heil þú Ester elskulega, ætíð þú ert velkomin;
 bið þú einhvers, blíða dúfa, brátt skal gjöra vilja
 þinn.“

Ester ljet á engu bera, og við konung þannig tjer:
 „Þökk er mjer að þú og Haman þiggja vilduð boð
 hjá mjer.“

Kóngur sagði: „Svo skal vera.“ Sent var eptir
 Haman skjótt.

Sátu þeir í hennar höllu, harðla glaðir fram á nótt.

Ester bað þá aptur koma annan dag, og burtu
 gekk.

Hróðugur var Haman næsta, hann er slíka virð-
 ing fjekk;

gekk hann heim í góðu skapi, glaður rann hann
 sína braut.

Mardókeus mætti honum, Mardókeus enn ei laut.

Haman reiddist hroðalega, heiptin þung í skapi
 brann;
 hundrað fóta háan gálga honum þegar reisa vann.
 „Nú á morgun hann skal hengja háan gálga þenn-
 an á,
 hróðugur svo Haman mælti, heim svo gekk, sjer
 blund að fá.

Nóttin dapra dularblæju dregið hafði' um Súsaborg.
 Öllum rótt var ei sem Haman, ýmsum blundinn
 glapti sorg.

Ahasverus einnig sjálfur andvökur fjekk þessa
 nótt;
 honum varð í silkisængum sjálfum eigi heldur rótt.

Kóngur vakti sveina sína, sagði: „Lesið fyrir
 mjer.“

Flett var upp í fornum annál, fundust margar
 sögur hjer;
 fannst þar skrásett frásögn nokkur fyr um bana-
 ráð við hann,
 og það með, að Mardókeus morði konung firra
 vann.

Kóngur mælti ær og óður: „Er ei Mardókeus
 hjer?

hefur þessi holli drengur hlotið nokkra sæmd af
 mjer?“

Sveinar kváðu svo ei vera, sögðu hann ei tigin
 mann.

Kóngi mjög fjell þungt um þetta. „Það skal bæta,“
mælti hann.

Í því skein í austri dagur; út um glugga kóng-
ur sá
Haman ganga' í garði sínum, gæðing kalla ljet
hann á.
Hann á konungs fund sjer flýtti, fýsti' að biðja
konung skjótt,
að hann mætti morgun þennan Mardókeus hengja
fljótt.

Haman djúpt sig hneigði niður, hann svo fengi
betra svar;

áður en upp orði kom hann, Ahasverus mælti þar:
„Hvernig á jeg að að fara, ef jeg gæðing heiðra vil?“
Hróðugur gaf Haman ráðin, hugði sín hann lyti til.

„Lát hann skryðast skrúða þínum, skíra krónu
set á hann;
undir hann set alinn gæðing, er hjer beztur finn-
ast kann,

undir honum lát þú leiða lífvörð þinn um alla borg.
„Þennan mann vill hilmir heiðra!“ hrópað sje um
stræti' og torg.“

„Maðurinn er Mardókeus,“ mælti ríkur sjóli þá;
„gjör þú við hann sem þú sagðir, sízt af nokkru
bregða má.“

Nú varð Haman niðurlútur, nagaði sig hendur í,
sá þó eigi annað vænna orðalaust en hlýða því.

Fólkið æpti allt af gleði, æ því meira Haman sveið;
 þaðan burtu huldu höfði hjelt hann síðan aðra leið;
 hnugginn, sneypur, hryggur, reiður, heim þá gekk
 með stygga lund.

Heima beið hans boð frá Ester, brátt að koma' á
 hennar fund.

Þar var kóngur kominn fyrir, kátur drakk hann
 Ester hjá;

hafði vínið enn sem optar Ahasverus svifið á.

Enn þá hann við Ester mælti: „Einhvers skaltu
 biðja mig;
 allt, sem þú kannt um að biðja, allt skal gjöra
 fyrir þig.“

Ester sagði' upp alla sögu, allt um Hamans svika
 ráð;

bað hún fyrir fólki sínu: „Frið því aptur veit
 og náð.“

Sat á meðan Haman hljóður, horfði sjer í gaupn-
 ir þar,
 þorði ekkert orð að mæla, óttasleginn svo hann
 var.

Eldur hraut úr augum konungs, ógnarheipt í skapi
 brann;

reis hann upp í reiði sinni, rómi grimmum mælti
 hann:

„Komið sveinar, hengið Haman hundrað fóta gálg-
 ann á.“

Svo var gjört, og svona fóru svikaráðin illu þá.

Mardókeus hátt var hafinn, háam þótt gálga slyppi
frá:

Hamans völd og virðing fjekk hann, vildarmaður
kóngi hjá.

Gyðingum var gefið frelsi, gjörð út boð um ríki'
og lönd;

amast við þeim enginn skyldi, enginn lypta gegn
þeim hönd.

Þá var gleði, þá var gaman, þá var horfið kvein
og sorg

alstaðar í öllu landi, einkum þó í Súsaborg.

Haldin var á hverju ári hátíð því til minningar.

Aldrei gengið gat úr minni göfuglyndi drottningar.

Job.

(Job. 1. 2. 42.)

Í ljómandi salkynnum ljós brunnu glöð,
þar ljómandi veizla gjör var forðum.

Við dýrindis-krásir og dýrðlegasta mjöð
þar drengir sátu gladdir undir borðum.

Hinn auðugi Job, sem þar veitandi var,
sjer vínbikar í hönd tók og glaður mælti þar:

„Drekkum drjúgum vín,

nú drekka börnin mín

öll í sínum sal,

jeg síðri þeim ei skal.

Því gjörum oss dátt og glatt og ljett og kátt;
mín gleði, lán og auður aldrei þrýtur.“

En áður en sleppt hafði hann orðinu því
kom einn þar með geysilegum hraða:

„Jeg hörmuleg tíðindi hef að segja ný,
þú hefur orðið fyrir miklum skaða.

Því Sabear tóku þín svínöldu naut
og sveina þína drápu, en höfðu þau á braut.

Jeg komst undan einn,
en annar lífs ei neinn.“

Ei það á hann fann

og aptur mælti hann:

„Það sakar ei neitt þó að svona farist eitt,
því jeg á nóg af öðrum hjörðum eptir.“

En áður en sleppt hafði hann orðinu því
kom annar með geysilegum hraða:

„Jeg hörmuleg tíðindi hef að segja ný,
þú hefur orðið fyrir miklum skaða:

því eldur af himni fjell ofan á jörð
og alla deyddi hjarðmenn og stóra sauðahjörð.

Jeg komst undan einn,
en annar lífs ei neinn.“

Ei það á hann fann

og aptur mælti hann:

„Það sakar ei neitt þó að svona farist eitt;
því jeg á nóg af öðrum hjörðum eptir.“

En áður en sleppt hafði hann orðinu því
kom enn einn með geysilegum hraða:

„Jeg hörmuleg tíðindi hef að segja ný,
þú hefur orðið fyrir miklum skaða:

Úr Kaldeu rjeddst á oss ræningjasveit

og rændi þínum úlföldum, er voru hjer á beit.

Jeg komst undan einn,
en annar lífs ei neinn.“

Ei það á hann fann

og aptur mælti hann:

„Það sakar ei neitt þó að svona farist eitt;
því syni' og dætur á jeg nógar eptir.“

En áður en sleppt hafði' hann orðinu því
kom enn einn með feykilegum hraða:

„Jeg harmafregn þunga hef að segja' á ný,
þú hefur beðið óttalegan skaða:

Því ofviðri brast yfir barnanna höll

og braut hana til grunna, og þar þau fórust öll.

Jeg komst undan einn,
en annar lífs ei neinn.“

Það loks hreif á hann

er heyrði' hann boðskap þann.

Nú tapað var flest, er hann unni allra mest;
og nú fannst honum neitt ei dýrmætt eptir.

Og litum hann brá og varð bleikur sem lík,
við boð það og reif sín dýru klæði.

Hann stóð upp úr sæti við stórtíðindi slik
og stundi þungt og andvarpaði' af mæði:

„Í fyrstunni nakinn í heim kom jeg hjer,
og hjeðan aptur nakinn jeg síðast burtu fer;
ekkert á jeg hjer,

því allt var lánað mjer.

Sá, er gæðin gaf,

hann getur svipt þeim af.

Já drottinn þau gaf, og drottinn tók þau af;
og dýrðarnafnið drottins æ sje lofað!“

En ei var hans þrautatið úti með því:
Hann allur varð sleginn sárum kaunum.
En vinir hans heimsóttu' hann andstreymi hans í
og ætluðu að bæta hans úr raunum.
En vinirnir honum það báru á brýn,
að brot hann og glappaskot liði fyrir sín.
Þess hann þrætti' um sinn,
og þóttist fullkominn;
allt hann ólán kvað
og eigi verðskuldað.
Þó kom þar loks að, að hann kannaðist við það,
og beygði sig í duptið fyrir drottni.

Þá úti var þraut hans og ólán og stríð
og aptur þar sólin skein hin glaða.
Svo vinsæll og metinn hann var af öllum lýð,
að vel fjekk hann bættan allan skaða.
Og tvöföld, já margföld varð auðlegð hans öll,
og aptur varð hans líkami hreinn sem vetrar mjöll.
Allt hann eignaðist,
er áður hafði hann misst:
jafnmörg börnin blíð
og bæði væn og fríð.
Svo lengi hann bjó í farsæld, friði' og ró,
og andaðist ævidaga saddur.

Vitrun Esajasar.

(Esaj. 6.)

Esajas í anda sá
undrasýn þá himnum á,
sem var fegri' en mæla má.

Leit hann blómgan, víðan völl;
vegsamleg þar gnæfði höll,
gulli drifin utan öll.

Leit hann inn og ljósdýrð sá,
lyptist þar upp fagurblá
musterisins hvelving há.

Sá hann drottin sjálfan þar
sveiptan ljóma hátignar;
hann í geislum vafinn var.

Drottinn ei sitt auglit fól,
ásýnd hans skein björt sem sól
veglegum á veldisstól.

Sinna klæða fagran fald,
festing þandi' hann út sem tjald,
táknandi sitt tignarvald.

Englar stóðu honum hjá,
hafði sjerhver tvenna þrjá
geislavængi, gullna' að sjá.

Enginn sá í andlit þeim,
er þeir huldu vængjum tveim,
eins og dýrðar hulinn heim.

Fjellu þeim um fætur tveir
fagrir geislavængir þeir,
svo af þeim ei sæist meir.

Þeir með vængjum þriðju tveim
þreyttu flug um víðan geim;
stóðu geislar guðs af þeim.

Liðu þeir um loptið blátt,
litu hver til annars þrátt,
kallandi um heiminn hátt.

„Helgur, helgur, helgur er
himnaguð, sem dýrðin ber.
Lofi' hann jörð og himins her.“

Og við þeirra undur-raust
öll skalf himinfesting traust;
upp úr djúpi eldur brauzt.

Fylltist allt af ógnar-reyk,
ei var kyn þótt skepna veik
yrði við þau undur smeik.

Esajas til ótta fann.
„Eg má deyja“, sagði hann,
„ó mig sekan, auman mann!“

„Jeg hef drottin sjálfan sjeð
sinni dýrð og veldi með,
og þó boð hans yfirtreð.“

Engill til hans einn flaug þá

altarinu drottins frá ;
heitum steini hjelt hann á .

Mælti' hann svo til sjáandans,
sá er steinn snart varir hans :
„Sá burt nemur misgjörð manns.“

Hrein og snjöll þá dundi' í dal
drottins raust úr himinsal :
„Hver minn vera hirðir skal?“

„Herra guð minn, hjer jeg stend,
hvert sem viltu burt mig send ;
aðeins þjóni þínum bend.“

Síðan drottinn sendi hann ;
sól með honum björt upp rann.
Ei gat slíkan andans mann.

Köllun Jeremíasar.

(Jer. 1.)

Þá Jósías í Júða rjeð
hjet Jeremías ungur sveinn.
Hann lá og svaf á sínum beð
í sinni skír og hreinn.

Það ómar og hljómar,
og leiptrar og ljómar ; —
og hjá honum stendur þar engill guðs einn.

Og engill sagði svo við hann, —
nei, sjálfur drottinn þetta var: —

„Í móðurkvið þig mynda' eg vann,
þig minn jeg nefndi þar.

Jeg vígði þig ungan
að vera sú tungan,
er þjóð minni gefa skal guðdómlegt svar.“

En Jeremías sagði senn:

„Æ, sjá til þess út annan mann,
því jeg er líka ungur enn
og ekki tala kann.“

„Nú gjör sem jeg segi
og óttast þú eigi,“
það sagði guð aptur þá sjálfur við hann.

Og yfir hann guð hendi brá
og hans við tungu' og munninn snart:

„Þjer tungu legg jeg orð mitt á
svo yndislegt og bjart.

Þú illt skalt uppræta
og blessa og bæta,
og starfa og byggja svo mikið og margt.“

Og drottins orð kom annað sinn
til unga mannsins þá hann svaf:

„Hvað sjer þú?“ kvað hann, „sonur minn!“
En svar hann aptur gaf:

„Það ljómar og blikar,
það blossar og kvikar,
jeg ljómandi vönd sje og vakandi staf.“

Og drottinn sagði: „Sonur minn!

þú sást og skildir rjett þá sýn;
því vit, að drottinn vakir þinn,
jég vernda orðin mín.

Sjá, orðið mitt hljómar
og ómar og rómar
og ljómar og blikar og logar og skín.“

Og orðið guðs fann em eitt sinn
hinn unga hreina sannleiksvott.

„Hvað sjer þú?“ kvað hann, „sonur minn!“
En svarið var ei gott:

„Það ólgar og svellur,
það sýður og vellur;
í norðrinu sje jeg einn sjóðandi pott.“

Og drottinn sagði svo við hann:
„Þú sást og skildir það sem hitt.
Úr þeirri átt brýzt ógæfan,
en eg ver landið mitt.

Það bunar og dynur,
það brunar og hrynur;
að bæta og gæta þess, það er nú þitt.“

Sýnir Esekíels.

(Esek. 1.—3., 8.—11.)

Leit jeg á loptinu brunandi,
logandi, brennandi ský;
af stormvindi knúið,
úr frostheimum flúið,

Það æddi sem eldhnöttur funandi
 með ymjandi, dynjandi gny.
 Þar myndir jeg fríðar sá fjórar,
 svo forkunnar skærar og stórar,
 þeim gullega glampanum í.
 Og blikandi vængjum þær blöktuðu títt
 og beint stefndu' af augum um lopthvolfið frítt;
 um loptið þær leiptrandi fóru;
 það ljósfagrir kerúbar voru.

Leit jeg á loptstraumum rennandi,
 leiptrandi, blikandi hjól,
 á ljósskærum baugum,
 með eldlegum augum,
 þau lýstu sem lopteldar brennandi,
 sem ljómandi, skínandi sól.
 Og þar uppi' á himninum háa,
 með hvelfingu skínandi bláa
 jeg veglegan veldis- leit -stól.
 Sem blikandi krystall var himininn hár
 og hátignarstóllinn sem safirsteinn blár;
 á gullfótum stóð hann þar stórum
 og studdur af gullvængjum fjórum.

Leit jeg í ljósvaka titrandi
 ljómandi, skínandi mynd.
 Það maður var fríður
 og bjartur og blíður;
 hans ásýnd var glóandi, glitrandi
 sem geislar á blikandi lind.
 Af dýrðlegum, heilögum hvarmi

skein himneskur vegsemdar-bjarmi,
 sem sól skín á silfraðan tind.
 Sem regnbogi fagur, í skýjum er skín,
 var skinið í kringum þá dýrðlegu sýn.
 Þar drottins míns dýrð leit jeg skína
 og draup fram á ásjónu mína.

Heyrði jeg raust eina hljómandi
 hásölum dýrðlegum frá.

Sem fljótanna niður,
 sem fossanna kliður,
 sem herdunur ymjandi, ómandi
 var ómurinn dýrðlegi sá.

Og kerúbar hnje ljetu hníga
 og himnesku vængina síga
 við himinrödd heilaga þá.

Þá talaði röddin: „Þú Eस्कíel,
 þjer Ísrael, harðsnúin börn mín, jeg fel.
 Sjá, lýðsins þú opna skalt eyra,
 svo orðin mín snjöll megi heyra.“

Fann jeg þá hönd guðs, mig hrífandi,
 hans snart jeg klæðanna fald.

Mig bar yfir löndin
 guðs himneska höndin.

Svo leið jeg í loptinu svífandi
 um ljósanna blikandi tjald.

Að baki mjer heyrði jeg hljóma
 svo himneska fagnaðar-óma:

„Þjer, drottinn, sje vegsemd og vald!“

Svo leið jeg á svífvængjum loptheiminn gegn,

þar leiptruðu stjörnur sem þjettasta regn.
Svo leið jeg um ljósheiminn víða,
unz landið mitt sá jeg hið fríða.

Sá jeg á skrúðengi skínandi
skrautlega Jórsalaborg,
og musterið fríða,
það furðuverk lýða.

Mót blikandi sólgoði blínandi
jeg blindan sá lýðinn um torg;
og afguðadýrkun svo arga
og óhæfu leit jeg þar marga;
það allt saman sá jeg með sorg.

Á borgina kastað var brennandi glóð,
og brugðnu með sverði þar engill guðs stóð;
og borgin tók þegar að brenna
og blóðið í straumum að renna.

Leit jeg það síðast, hvar ljómandi
ljósdýrð guðs blikaði hrein.

Hún musterið fyllti
og geislum það gyllti.

Sjá, drottinn, sá alvaldi dómandi,
í dýrð sinni' og hátign þar skein.

En drottins úr heilögum dómi
til dala hvarf skínandi ljómi,
og þoka varð eptir þar ein. —

Í borgum og höllum ei drottins er dýrð,
í dölum og fjöllum hún betur er skýrð.

— Og aptur mig flutti guðs andi
í útleið í Kaldealandi.

Beinadalurinn.

(Esek. 37.)

Andi drottins almáttugur
Esekiel spámann breif,
burt hann skjótt úr Babel þreif;
og í skyndi hratt sem hugur
hann í gegnum loptið sveif.

Þannig frá hann segir sjálfur:
Sveif jeg yfir höf og lönd,
borinn drottins helgri hönd
yfir dali, grund og gjálfur,
grýtta kom jeg loks á strönd.

Luktan himinháum fjöllum
hamra leit jeg opnast sal,
skuggalegan, djúpan dal;
leit jeg þar á lágum völlum
liggja blásinn, fornan val.

Dals við brúnir báðum megin
blika leit jeg hvern við stein
forn og skinin, blásin bein,
snævi drifin, döggunum slegin;
dapur á þau máninn skein.

„Mun það nokkur megna kraptur,“
mælti drottins andi þá,
„Þessum beinum lif að ljá?“
Honum skjótt eg anzaði' aptur:
„Einn það drottinn vita má.“

Við mig aptur andinn sagði:

„Yfir þessum beinum spá;
 aptur líf þau eiga' að fá.
 Hlýðið, skinin bein, að bragði
 boðskap dularfullan á.“

„Sjá við bein jeg sinar tengi,
 síðan holdi fylli jeg,
 og þar hörund yfir dreg;
 aptur lífga dauða drengi
 drottins hönd mun vegsamleg.“

„Jeg vil yður lifna láta,
 lífsins anda' eg blæs í hold; —
 fyrrum skóp jeg mann úr mold; —
 svo þjer megið sjá og játa,
 sannur guð er jeg á fold.“

Og jeg spáði, og jeg spáði
 yfir þessum dauða val,
 sem þar lá í djúpum dal;
 hvella raust þá heyra náði,
 hvein og þaut í bjargasal.

Heyrði skruðning, brak og bresti,
 beinin dauðu fóru' á kreik,
 skriðu saman ber og bleik,
 og sig hvert við annað festi,
 upp sig rjettu stælt og keik.

Sinar gróa sá á beinum,
 síðan greri hold þar á,

hörund kom á holdið þá;
enn þó líf var ei í neinum,
allt um kring var lík að sjá.

Þöktu líkin velli víða
visin, köld og stirð og dauð,
fögur víst, en fjörvi snauð.
Aptur lífga fylking fríða
fljótt mjer andi drottins bauð.

„Lífsins andi hreini, hái,“
herrans andi bauð mjer spá,
„kom þú öllum áttum frá;
les þig inn í liðna náí,
lífi nýju blás í þá.“

Og jeg spáði, og jeg spáði;
yl og roða fyrir brá,
stæling kom í stirðan ná;
upp spratt fylking öll á láði,
afarmikill fjöldi að sjá.

Og þeir hlógu og þeir sungu
og þeir ljeku dátt og kátt;
allir ljetu hljóma hátt
helgan óð með hvellri tungu
helgan guðs um dýrðarmátt.

Ísrael það undur þýðir:
eru þeir sem skinin bein;
þeim er lífsvon naumast nein,

Lífga mun þá samt um síðir
sá, er græðir allra mein.

Vora eigin þjóð það þýðir:
þrotin hennar frægð er öll;
beinin þekja blásinn völl.
Lífna mun hún samt um síðir
sól er frelsis skín á fjöll.

Kirkju drottins það og þýðir:
þornuð upp er hennar lind;
ber er eptir beinagrind.
Lífna mun hún samt um síðir,
sjást í nýrri' og fegri mynd.

Kirkjugarðinn það og þýðir
þann hinn mikla: jörð og sjá;
alstaðar er nár við ná.
Lífna bein þó loks um síðir
lífsins morgni dýrum á.

Líkneskjan.

(Dan. 2.)

Mikill var Nebúkadnesar hinn ríki,
nokkur í heiminum fannst ei hans líki;
þungum hann kvaldist þó áhyggjum af;
gægðust þær opt upp á ársal á kvöldin,
inn fyrir læddust þær gullofnu tjöldin,
hvísluðu margt, er hann hljóðlega svaf. —

Vaknaði Nebúkadnesar af blundi,
 neri' á sjer augun og þunglega stundi.
 Konung í svefninum draum hafði dreymt.
 Mundi' hann að fannst honum mikið um drauminn,
 mundi þó ekkert, er dags heyrði glauminn;
 drauminum hafði hann gjörvöllum gleymt.

Óðara til sín ljet konungur kalla
 Kaldeu-spekinga' og vitringa alla:
 „Segið mjer draum þann, er dreymt hefur mig.“
 Þeir kváðust draums segja þýðingu skyldu,
 þeir að eins efnið hans fyrst heyra vildu.
 Það voru vitringar varir um sig.

Reiddist þá konungur Kaldeum slingum,
 kunnáttumönnum og stjörnuspekingum,
 svefnvitran hans þar sem sagt gat ei neinn.
 Öllu þeim konungur hótadi hörðu.
 Hvergi þó nokkur fannst maður á jörðu,
 draum þann er vissi' utan Daníel einn.

Drauminn að segja var Daníel fenginn,
 draumspakur maður því slíkur var enginn.
 Mælti' hann er kom hann í konungsins höll:
 „Líkneskju, konungur, leizt þú í svefni,
 ljómandi fagra, úr margs konar efni;
 björtum í geislum hún blikadi öll.“

Höfuðið gjört var úr gullinu dýra,
 gjörð voru brjóstin úr silfrinu skíra,
 kviður og lendarnar allt var úr eir;

leggir úr járnmilti hömruðu' og hörðu,
hraustlegir fætur, er námu við jörðu,
sumpart úr jární og sumpart úr leir.“

„Horfðir þú, jöfur, á hana þar lengi,
hugðir þú gersemi slík fyndist engi,
þar til er losnaði stóreflis steinn;
lenti' hann á skínandi líkneskju fótum,
leirinn sprakk sundur, en allt skalf frá rótum.
Bjarg það hið mikla þó bifaði' ei neinn.“

„Gullið og silfrið og sjálegur eirinn
sundur þó muldist og járníð og leirinn,
fauk það allt burt, svo ei eptir sást af.
Bjargið hið stóra varð stærst allra fjalla,
stóð það og gnæfði' yfir jörðina alla;
ljómaði' af því yfir land, yfir haf.“

„*Gullið* er konungsins göfuga ríki,
gjörvalla' um jörðina finnst ei þess líki;
vegsemd og auður og vald er hjá þjer.
Skógar og hlíðar og akrar og engi,
allt er þjer gefið, — en stendur ei lengi.
Babýlon víðfræga auðugust er.“

„*Silfrið* er ríkið, er síðan upp kemur,
sannlega vítt yfir löndin það nemur;
jafnast þó eigi við auðinn hjá þjer.
Mikla það dýrð mun og hamingju hljóta,
hlýtur þó einnig um síðir að þrjóta.
— *Persanna* ríki það prýðilegt er.“

„*Eirinn* er ríkið, er eptir það kemur,
öllum að listum og snilld er það fremur,
jafnast þó eigi við auðinn hjá þjer.
Veldi þess ná mun um veröldu alla,
verður þó einnig um síðir að falla.
— *Grikkjanna* ríki það göfugast er.“

„*Járnið* er ríkið, sem rís er hitt þrýtur,
ríkin og löndin það molar og brýtur;
jafnast þó eigi við auðinn hjá þjer.
Öll mun það ríkin í veröldu vinna,
veldi þess sjálfs mun að ending þó linna.
— *Rómverja* völduga ríkið það er.“

„*Járnið og leirinn* það ríkið, er ríka,
ramgjört og öflugt, sem veikt er þó líka;
jafnast það eigi við auðinn hjá þjer.
Viðáttu þess mun öll veröldin undrast,
verður það loks þó að tvístrast og sundrast.
— *Rómverja* og *Gotanna* ríkið það er.“

„*Bjargið* er ríkið sem rís þá í ljóma,
ríkið, sem stendur með sífelldum blóma,
ríkið, sem aldrei að eilífu þver,
ríkið, sem veröld sjer í felur alla;
eptir það stendur þá hin ríkin falla.
— *Drottins* það ríkið hið eilífa er.“

Konungur niður þá flötum sjer fleygði,
fyrir guðs spámanni þannig sig beygði,
hjet honum þaðan af hylli og náð.

„Sannlega,“ mælti hann, „sannur er draumur;“
sjálfur jeg maður er vesæll og aumur;
mikill er drottinn og dýrðlegt hans ráð.“

Eldofninn.

(Dan. 3.)

Það gullu við lúðrar í Dúradal
á dynjandi knúð var strengi;
og hörpur og gígjur og hljóðfæra val
þar hljómuðu fagurt og lengi;
og skærar raddir þar heyrast hljóma,
er hornin þjóta og gullstrengir óma.

Þar mannþyrping stór var í Dúradal,
er dansaði' á blómsturengi;
þar sjá mátti hetju- og höfðingja-val
og hraustlega, þrúðbúna drengi.
Það var sem glóandi gull að líta
er glampaði sólin á skjöldu hvíta.

Og líkneskja stóð þar í Dúradal
í dýrðlega björtum skrúða;
hún gnæfði þar há upp í himinsal
og hátt yfir kappana þrúða.
Hún ljómaði öll af gulli góðu
og geislar af henni um dalinn stóðu.

Þá gullu við hornin í Dúradal
með dýrustu konungs boði:

„Þá háu líkneskju heiðra skal
og hneigja sig fyrir því goði;
en vilji því einhver ekki hlýða
hann ógurlegan skal dauða liða.“

Og mannfjöldinn allur í Dúradal
í duptið sjer niður fleygði;
og sjálfur laut Nebúkadnesar Bal
og niður að jörð sig beygði.
En hörpur ómuðu' og hornin þutu,
er höfðingjar allir því goði lutu.

En þrír voru menn þar í Dúradal,
sem Daníel átti' að vinum.
Þeir vildu' eigi falla fram fyrir Bal
og fórna með öllum hinum.
Þeir dýrka vildu sinn drottin sanna,
sem Daníels guð var og Júda-manna.

Þá ókyrrðist mjög um Dúradal,
er drengir ei vildu gegna.
Og konungur reiður þá reiddi fal
og ramlega bauð þeim að hegna.
Hann goðið fagra bauð þeim að blóta,
því brennast þeir ella skyldu hljóta.

Það heyrðist um allan Dúradal,
er drottni þeir játuðu einum:
„Hann einn vora lofgjörð eiga skal,
vjer öðrum ei þjónum neinum.
Hann getur oss frelsað úr glóandi eldi,
þú getur ei, konungur, hnekkst hans veldi.“

Þá óhljóð varð mikið í Dúradal,
svo dundi undir í fjöllum.

Og bálreiður konungur kraup fyrir Bal
og kallaði hæst af þeim öllum:

„Þeim hortugu sveinum skal hlýðni kenna,
í hvítglóandi þró skal þá brenna.“

Þá kyntur var eldofn í Dúradal,
og drengir í látnir falla.

En reykin bar hátt upp í himinsal
og hildi þar festing alla.

Í djúpinu eldur ólgar og vellur,
en óhljóðin hvína' og í lúðrum gellur.

Þá undur sást mikið í Dúradal,
því drottins vinirnir góðu
um logann gengu sem glæstan sal,
og glaðir í bálinu stóðu.

Þar gekk einhver með þeim goðum líkur
í geislum skínandi sást ei slíkur.

Að logandi ofni í Dúradal
þá döglingur sjálfur gengur:

„Þá óðara taka úr eldinum skal,
svo eigi þeir brenni þar lengur.“

Þá svo var gjört, og þá sá á hinum,
en sviðnað ei hár var á drottins vinum.

Þá gleði var mikil í Dúradal,
og drotni menn lutu sönnum,
er heilögum engli af himnum fal

að hjálpa þeim góðu mönnum.
Og konungur bauð þann að heiðra herra
og honum ei vegsemd láta þverra.

Þá gullu við lúðrar í Dúradal
til dýrðar þeim eina sanna.
Sá lofsöngur heyrðist í himinsal
á hauðrinu lifandi manna.
Og unaðarraddir þá hvellar hljóma,
er hornin þjóta og gullstrengir óma.

Nebúkadnesar.

(Dan. 4.)

Stillir Babels stóð í höllu,
stoltur horfði vilt um torg;
dádíst hann þar dátt að öllu:
dýrðleg var hin mikla borg.

Konunginn allt um sitt ágæti dreymdi,
alvöldum konungi himnanna' hann gleymdi.
Guð einn í himnanna heilaga stað
heyrði kvað jöfur við sjálfan sig kvað:

„Jeg er *gladur*, gleðin varma
gladri skín af öðlings brá;
jeg ei þekki hryggð og harma,
hvergi skugga neinn ber á.“ —

Dró þá upp ský fyrir skínandi sólu,
skuggarnir sorganna gleðina fólu.
Guð einn á himnum í gleðinnar borg
gjörvallri bætir úr mannanna sorg.

„Jeg er *góður*, drengur dyggur,
drottins ræki boðorð hrein;
öllum rjettvís, engum styggur,
aldrei gjöri nokkrum mein.“ —

Freistinga snaran að fótum var snúin,
fallið var nálægt og hrösunin búin.
Guð einn á himnum er góður og trúr,
greiðir hann freistinga snörunum úr.

„Jeg er *vinsæll* vel hjá lýðum,
vini góða marga' eg á;
ástvinanna armi þíðum
óbilugt jeg treysta má.“ —

Stormarnir æstust og ofviðrin ruku,
allir í burt með þeim vinirnir fuku.
Guð einn á himnum sá vinur er vor,
vor sem æ gætir hvert einasta spor.

„Jeg er *frægur*, fólkið rómar
frægð og snilld og afrek mín;
nafn mitt gullnu letri ljómar,
letri því, sem aldrei dvín.“ —

Visnaði frægðin og fölnaði ljómi,
fleygt var því burt eins og ónýtu grómi.
Guð einn í himninum gleymast ei kann,
gleymir og ei sínum börnunum hann.

„Jeg er *tiginn* tignarherra,
tignum mönnum kominn frá;
ættarljóminn ei mun þverra,
aldrei skjöld minn fellur á.“ —

Ættirnar dvinuðu, gleymdust og grófust
glæstir er nýir upp ættstuðlar hófust.
Guð einn í himninum, gæzkunnar lind,
geymir á lífsins bók ætt sína' og mynd.

„Jeg er *mikill*, vel í völdum,
veit jeg mjer ei neitt um megn;
ræð jeg yfir her og höldum,
hver fær staðið mjer í gegn?“ —

Stólarnir brotnuðu, hásetin hrundu,
hröpuðu konungar miklir að grundu.
Guð einn í himninum alvaldur er,
aldrei hans himneska tignarvald þver.

„Jeg er *auðgur*, góz og garða,
gull og silfur nóg jeg á;
miklar tekjur margra jarða,
mörgum löndum komnar frá.“ —

Rýrnuðu gózin og garðar og engi,
gullið er vakurt og stóð eigi lengi.
Guð einn á himnum á eilífan auð,
allri sem bætir úr mannanna nauð.

„Jeg er *vitur*. Hvað er hulið
hjer á jörðu fyrir mjer?
Það, sem mörgum manni' er dulið,
mín hin skarpa vizka sjer.“ —

Slokknaði ljósið, með vitsmuni veika
varð hann með dýrum um merkur að reika.
Guð einn í himninum alvitur er,
alskyggn, og veit allt og heyrir og sjer.

„Jeg er *mælskur*. Málið hljómar
mjer af vörum hveltt og snjallt,
lika blítt með unað ómar,
aðra töfrar þúsundfalt.“ —

Stirðnaði tungan og hljóðnaði hljómur,
heyrðist ei annað en nádimmur rómur.
Guð einn í himninum eilíft á orð,
eilíft sem hljómar, þótt forgangi storð.

„Jeg er *fríður*, fagurrjóður,
fagureygur, hærður vel,
upplitsdjarfur, útlitsgóður,
ennis bjart með tignarhvel.“ —

Dvínaði fegurð og dofnaði blómi,
dapraðist augnanna fegurðar ljómi.
Guð einn í himninum eigi fær elzt,
eilíf hans dýrðin og vegsemdin helzt.

„Jeg er *frækinn* vel á velli;
vopnað þótt mig sæki lið
alla jeg til foldar felli,
fær mjer enginn staðizt við.“ —

Lágt varð þó kappinn að leggjast í valinn.
leit hann ei nokkur und skógrunnum falinn.
Guð einn á himnum er hetja sú dýr,
heiminn er sigrar og dauðinn er flýr.

„Jeg er *hraustur*, heilsugóður,
hvergi meins jeg kenni mjer;
fjör og þróttur, þrek og móður,
það hjá mjer ei leynir sjer.“ —

Náfökur sjúkdómur lá þar í leynd,
laust hann það allt saman banvænu meini.
Guð einn í himninum græðir öll mein,
gæzkunnar heilsulind eilíf og hrein.

„Jeg er *ungur* enn á foldu,
æskublóm á kinnum grær.

Langt mun unz jeg leggst í moldu,
langt mjer stendur dauðinn fjær.“ —

Svipkaldur dauðinn á hleri stóð hljóður,
hrifsaði' í konunginn óþolinmóður.

Guð einn á himnum hann kyrsetja kann,
konungur lífsins og dauðans er hann.

Trjød mikla.

(Dan. 4.)

Nebúkadnesar
niflungur heilsar
öldnum og ungum
allan um heim,
öllum af þjóðum,
öllum af tungum:
Friður og ársæld
æ sje með þeim.

Drottni til dýrðar
draum vil jeg segja
firðum, er forðum
fyrir mig bar.

Hlustið, þjer höldar,
 hlýðið, þjer lýðir,
 vel meðan þyl eg
 vitranirnar.

Húm var í heimi,
 hljótt var í sölum;
 gekk jeg til hvílu
 gullbeðjum á.
 Rótt var í ranni,
 rótt var í sinni.
 Dúr kom á auga,
 dreymdi mig þá:

Víðum á völlum
 við leit jeg gnæfa
 háan og mikinn
 himins við ský;
 lypti mót sólu
 ljómandi toppi;
 ljósgeislar ljeku
 limrunnum í.

Greinarnar grænu,
 gullfagra arma,
 breiddi sá viður
 vítt yfir lönd.
 Blómkrónan bjarta
 blakti' yfir fjöllin;
 sást hún í fjarska' af
 fjarlægri strönd.

Kátir á kvistum
 kvökuðu fuglar;
 skógdýr í skugga
 skýldu sjer rótt.
 Ilmandi aldin,
 ávextir sætir,
 ljúffengir nærðu
 lifenda gnótt.

Glitruðu gullský
 glæst yfir toppi;
 leit jeg þar opnast
 ljómandi sal.
 Ofan steig engill
 undrunar-bjartur;
 stóð hann á grundu
 grænum í dal.

Logandi leiptri,
 leiptrandi brandi,
 skinandi skjóma
 skærum hann brá.
 Hvellandi hljómi,
 hljómandi þrumu,
 þrumandi röddu
 ræddi hann þá:

„Brumið og blómið,
 blöðin og laufin
 höggur og sníður
 höndin mín reið,

ávöxt og aldin,
 epli og kjarna,
 greinar og kvista
 grænum af meið.“

„Stofninn skal standa
 sterklegur eptir,
 járnviðjum bundinn,
 barlaus á grund,
 dögginni drifinn,
 dynviðri laminn,
 þórdunum lostinn,
 þjáður um stund.“

„Síðan og síðan
 sjö munu tíðir
 líða' yfir lýði,
 líða' yfir hann;
 þar til og þar til
 það mun hann finna,
 drottinn að lækka
 drambláta kann.“

„Þá mun hann aptur
 yngjast að nýju:
 greinar og kvistir
 gróa þar á;
 brumið og blómið,
 blöðin og laufin,
 ávöxt og aldin,
 allt mun hann fá!“

„Fljúga þá fuglar
fögrum að meiði;
dýrin á foldu
finna þar skjól;
fjöldann á foldu
fæðir hann aptur;
ljómandi króna
lyptist mót sól.“ —

Brá jeg þá blundi,
bleikur skein máni
glottandi' um gluggann
grimmlega' og kalt.
Drauminn jeg mundi,
draup mjer af enni;
höfugt mjer sagði
hugur um allt.

Spámönnum spökum,
spekingum mínum,
það bauð jeg þýða,
það gat ei neinn.
Þá kom hinn gamli
Gyðingur vitri:
Draum kunni' að ráða
Daníel einn.

„Sjálfur þú, sjóli,“
sagði hinn aldni,
„mikill ert meiður,
mestur á jörð;“

gnæfir þú yfir
gjörvalla jörðu;
lýtur þjer fjölmörg
lifenda hjörð.“

„Drottnarinn drembni,
dramb þitt mun lækka.
Munt þú á mörkum
mannheimum fjær.
Sjö tíðir langar
líða þig yfir
þangað til aptur
auðnu þú nær.“

Daníel dýri
drauminn svo þýddi.
Allt saman rættist
eptir hans spá:
Dögg var jeg drifinn,
dynviðri laminn,
skruggunum skekinn
skógdýrum hjá.

Nú er að nýju
náð gefin þjáðum;
kominn er tími
kærleikans skær;
brumið og blómið,
bliðari tíðir,
framinn og ljóminn
fjær bæði' og nær.

Lítið og lútið
 lýðir og tíðir,
 munið og reynið
 mátt guðs og sátt.
 Láð hann og lýði
 lækkar og hækkar.
 Lof hans æ lifi
 lágt bæði' og hátt!

Letrið á hallarveggnum.

(Dan. 5.)

Fögur var í fyrri daga
 fræg hjá lýðum horfinna tíða
 blám hjá Evfrats bárustraumum
 Babýlón á völlum grónum.
 Trölla-múrar víða velli
 vörðu' og torgin innan borgar;
 háir svifu' í himinskýjum
 hengigarðar of blómsturengi.

Nam við bláan, heiðan himin
 hofið fræga skýjum ofar.
 Hallir voru sem hnúkar á fjöllum,
 hallarsalir sem blómsturdalir.
 Glóa rjeði sem gullský sæi
 glituð tjöld í ljósa fjölda;
 ljómaði hvelfing há sem himinn,
 hljómuðu' um salinn fagrir ómar.

Sat eitt kveld að sumbli kátur

sjóli hár á gullnum stóli.
 Stólkonungsins stól í kringum
 stóðu glaðar kappa raðir
 Svásar, ljósar svanadísir
 svifu ljettar gólfið yfir,
 strengi snertu, með sætum söngvum,
 sungu ljóð með þúsund tungum.

Glaðar dísir, svannar svásir,
 silkitjöld og ljósa fjöldi,
 sætar veigar, söngvateiti,
 sveif það allt á gylfa hreifan.
 Gullker ljet hann sækja' í svallið,
 sannhelg ker úr drottins ranni,
 rænd úr góðu Gyðingalandi,
 guðs frá lýð á fyrri tíðum.

Hóf var aukið, hátt var leikið,
 harðnaði sukkið, fast var drukkið;
 fjörgaðist hreimur, glaðnaði glaumur,
 glæddist ómur, hækkaði rómur,
 örvaðist teiti, æstist hlátur,
 espaðist kæti, mögnuðust læti,
 þrútnuðu brjóst og elnuðu ástir,
 ólgaði blóð sem logaglóðir.

Úti um borg var annað að líta
 undir eins á sömu stundu:
 sorg og angur, ánaud, hungur,
 eynd og nauðir, sótt og dauða.
 Í myrkum klefum í moldarkofum

margir grátandi kveld það sátu
sjúkir og kaldir of liðinna líkum,
líkn þeir fengu nje huggun enga.

Enginn maður í glaum og gleði
grátinna minntist nje aumum sinnti;
enginn hvarflaði huga þangað,
befjandi full af skíru gulli.

Gullu sköll í hilmis höllu,
hljómuðu' og ómuðu glaðir rómar
buldraði' og skvaldraði' í glöðu gildi,
glossuðu' og blossuðu heitir kossar.

Hófúst brúnir á háum jöfri,
hreyktist kambur af ofurdrambi;
reigðist feitur af rembilæti,
rumdi við svo höllin glumdi:
„Aldrei hefur alizt á foldu
annar eins gramur með slíkum frama,
aldrei mun það hjer eptir heldur,
haldist mitt vald um aldir alda.“

Sveif þá kaldur súgur í tjöldum,
salinn kringum liðu fingur;
fölr rituðu logaletur.
leyndarorð yfir konungsborðum. . .
Holan sá í handar lófa,
hún er reit þær dular-rúnir.
Ó það djúp, það undradýpi
endalaust í drottins hendi!

Staðnaðiblóð í buðlungs æðum,

bliknaði' hann skjótt við sýn af ótta;
 hjartað barðist með býsnum hörðum,
 bringan sem að mundi springa;
 út um konung sló köldum svita,
 kiknuðu liðir undur viður;
 titra lofðungur tók og nötra,
 tókst ei einum að standa' á beinum.

Þagnaði hljómur, þverraði glaumur,
 þar varð hljótt í sal af ótta.
 Störðu sumir á undraorðin
 ógnum löstnir hvörnum brostnum.
 Hnupnir sumir horfðu' í gaupnir,
 horfa' ei þorðu' á dularorðin;
 hirtu' ei gullker helg að snerta,
 hljóð á borðum fullin stóðu.

Enginn mælti orð af tungu,
 enginn fyr en loksins þengill
 stundi upp: „Nú strax mjer sendið
 stærstu hingað forvitringa;
 ráða skulu þeir rún og þýða;
 ráðið letrið hver sem getur
 alla mína skal hljóta hylli,
 heiður og gæði' og tignarklæði.“

Komu margir miklir saman
 margvitringar og ráðsnillingar,
 rúnir þær að ráða fránar
 reyndu lengi, tókst þó engum.
 Vandast heldur málið mundi,

mundi þá drottning fornar stundir:
 Daniel vildi drottning reyna,
 drauma þýðara fyrri tíða.

Brátt var hann í salinn sóttur,
 siklingur hjet honum gjöfum miklum,
 rúnir hann ef ráða kynni,
 raun þá kvaðst hann mundu launa
 dýrum perlum og glóandi gulli,
 glæstum og fríðum tignarskrúða.
 Daniel gekkst ei hót fyrir honum,
 heldur glotti með köldu spotti:

„Eigi vil eg þótt allar fáir
 eigur þínar, sjóli feigur.
 Eigðu sjálfur allt þitt silfur,
 allt þitt gull og hirzlur fullar.
 Seinna mun ei vera vænna
 við það að gleðjast. Mál er að kveðja;
 kallar feigð að stoltum stilli,
 stendur dauðinn nú fyrir hendi.“

„Lengi hefurðu', stillir strangur,
 stoltur ráðið á þessu láði;
 lengi hefurðu þjáð og þvingað
 þjóðir móti ráðum góðum;
 lengi hefur þín ætt að öngu
 orð haft drottins helgra votta.
 Nú er stundin hinnzt fyrir hendi.
 Hlustið! þegið! Nú mun eg segja:“

„Orðin þau, sem alla furðar,

eru: *Mene, Tekel, Peres:*
Telur, vegur, deilir án dvalar
drottinn, svo sem orðin votta.
Öll eru *talín* þín ár að fullu,
eigi muntu þungur *veginn*;
deilt mun ríki stillis hins stolta
stillis Meda' og Persa' á milli.“ —

Heyrðist brestur hár í austur,
hjeraðsbrestur var sá mestur;
hristust múrar háir og traustir,
hraustar ruddust þjóðir austan;
þustu fram með feigðargjósti,
flestum ótti stóð af gestum;
fast þeir sóttu' að garði glæstum,
gnast svo heyrðist margar rastir.

Ljósín slokkna, blómin blikna,
brúðir vikna, hetjur kikna.
Borð eru hroðin, borðker troðin,
blóði roðin eru goðin.
Þagnar ómur, glamur og glaumur,
glymur tómur skjóma hljómur;
springa söx og sverða tungur
syngja lofðungs borð í kringum.

Fjell þar gramur í hárrí höllu,
hallaðist á menn hans alla.
Flýði hver sem fætur náði,
flóði höllin öll í blóði.
Nú var skuldin grimmlega goldin,

gramur felldur og allt hans veldi.
Sami loks á sínum tíma
sverðadómur of borg nam hljóma.

Fallin er nú fögur að velli
föngöfg borg að sköpum norna;
fyrir löngu orðnir að engu
allir múrar og dýrar hallir.
Nemur ei frammar hof við himin,
hengigardar sjást ei lengur.
Snilld og auður, vegur og veldi
víkur allt fyrir drottins ríki.

Ljónagröfin.

(Dan. 6.)

Í Babýlon, hjá bláum vatnastraumi,
í Babels háa, ríka, spillta stað,
þar Daníel sig dró úr heimsins glaumi
og drottin guð sinn opt og tíðum bað.
Þá konunginum kraup hinn heimski lýður
og knje sín beygði vítt um stræti' og torg,
í einverunni, eins og Jesús blíður,
hann augum renndi' í himins fagra borg.

Hann bað er sólin rann á morgni rökum
og roða gulls á borgarturna sló;
hann bað er sólin brann á heitum þökum
og borgin dösud hvildi' í miðdagsró;
hann bað er sólin seig að bláum straumi

og silfuröldur fljótsins gylla vann;
hann bað sem Jesús borgar fjarri glaumi,
er bleikur máni' í austursölum rann.

Í loptsal einum opt hann sat á kvöldin
og út við glugga', er vissi Síon að;
er leit hann gullrauð loga skýja tjöldin
hann löngum minntist á hinn fagra stað.
Hann söng þar guði lof með ljúfum orðum
og lof um Síons gullin helgitjöld,
sem lausnarinn í loptsal háum forðum
söng lofgjörð guði sitt hið hinnsta kvöld.

Éitt kveld sem optar út hann sat við glugga,
þá ákaft bað hann guð með hjartasorg,
en fann sig bezt í hörmum sínum hugga
að horfa yfir' að Síons fögru borg.
Á aptanroðans unaðsdýrð hann starði,
sem engil drottins, himni kominn frá;
sem lausnarinn í Getsemane-garði
hjá guði fjekk hann styrk og huggun þá.

Þá fögur sólin runnin var að viði
og voðalega grúfði nóttin dimm,
þar brutust inn með afarmiklu liði
hans óvinir, með heiptarráðin grimm;
þeir á hann lögðu fjötur fyr en varði
og fluttu hann í böndum þaðan skjótt
sem lausnarann í Getsemane-garði;
en guð það sá, þótt koldimm væri nótt.

Og næsta dag til Dariusar leiddu

þeir Daníel og kærðu hann um margt;
 og höfðingjarnir framast fylki beiddu,
 að fjandmann þeirra leika skyldi hart.
 Þeir kváðu hann ei konungs boðum hlýða
 og kóngi sjálfum meiri þykjast víst;
 og líkt og síðar lausnarann við blíða
 þeir lygi' og vjelar spara gjörðu sízt.

En konungurinn Daníel hinn dygga
 ei dæma vildi fyrir þessa sök;
 hann vildi feginn frelsa þjóninn tryggja
 og færði honum mörg til varnar rök;
 hann sagðist enga sök hjá honum finna
 og sízt þá neina', er dauði lægi við;
 um drottin Krist svo dómarinn rjæð inna
 gegn dauðanum er hugði' að veita lið.

En höfðingjarnir hærra sífellt ljētu
 og heimtuðu af sjóla líflátsdóm;
 á dugnað konungs hátt og títt þeir hjetu
 að hremma Daníel í ljóna klóm.
 Þá Daríus varð undan loks að láta,
 því líkt og Pílatus hann deigur var,
 er síðar varð í Jerúsalem játa
 um Jesúm því, er beiddu höfðingjar.

Og Daníel var dæmdur sem þeir beiddu
 til dauða fyrir grimmra ljóna klóm;
 þeir kátir hann í ljónagryfju leiddu,
 að lífláts skyldi' hann biða þungan dóm.
 Og fyrir gröf þeir stórum veltu steini,

er stillir sjáfur innsiglaði þar,
sem þá er drottinn dýrðarinnar eini
í dimmri gröf und steini byrgður var.

Þá sólin reis úr hafsins dimmu djúpi
og dýrðargeislum sló á lönd og höf,
gekk Darius í döprum sorgar hjúpi
til Daníels að myrkri ljónagröf.

Þar Daniel var lífs og heill á húfi,
því hafði drottins engill verndað hann.
Hann reis úr gröf sem lausnarinn vor ljúfi
steig lífs úr gröf er páskasól upp rann.

En grimmir menn, er granda vildu honum,
þeir grimmdar sinnar hlutu strangan dóm.
Að boði grams með sínum vondu sonum
þeir sjálfir lentu' í grimmra ljóna klóm.
Opt margur illur gröf sjer þannig grefur
og guðlaus sjálfs sín bragði fellur á.
Það komið fram við fjandmenn drottins hefur,
það fundust ljón, sem cinnig hremmdu þá.

En Darius hóf dýrðarlofsöng skæran
og drottni þakka náði frelsis gjöf,
er Daniel, sinn ástvin einkar kæran
hann aptur heimti lífs úr dimmri gröf.
Hann söng um drottins dýrð, sem ætíð lifir,
um drottins mátt og líkn, sem aldrei þver. —
Um sigur drottins synd og dauða yfir
æ syngur allur lífsins mikli her.

Ó hversu mjög er ætíð sælt að eiga
 sjer opinn glugga móti lífsins borg,
 og heim í ljósið horfa sífellt mega
 úr heimsins myrkri, glaumi, stríði, sorg!
 Ó hversu mjög er sælt að sjá og skoða
 of sorta grafar himneskt dýrðarljós,
 og Jesú Kristi' í kveld- og morgunroða
 að kveða jafnan dýrðlegt sigurhrós.

Dýrin.

(sbr. Dan 7.)

Dreymdi stundum, Daníel,
 dró ei blund á auga. —
 „Hjer það undur eitt jeg tel“,
 innir lundur bauga.

Allt var hljótt og hóm um rann,
 hljóð var nóttin svarta;
 þó jeg ótta einhvern fann,
 ei var rótt í hjarta.

Sjá jeg knátti sænum á
 sýn á náttarþeli:
 Vindar áttum öllum frá
 æddu brátt á hveli.

Brutust villtir vindar þar,
 voða fylltu ægi;
 æddu trylltar öldurnar,
 allt var bylt úr lagi.

Vall upp sjór, þá voði nýr
veðra fór að háttum:
Geysistór og grimmleg dýr
gengu' úr fjórum áttum:

Ljón að austan æddi fyrst,
eikur laust og bruddi;
áfram brauzt í blóðið þyrst,
björgum traustum ruddi.

Björn að norðan beina slóð
brauzt um storð með róti,
fram í morðhug áfram óð;
enginn þorði móti.

Pardus vestan æddi ör,
eikur festi tönnum,
augun hvessti ógnarsnör,
ægði flestum mönnum.

Fíll að sunnan foldu tróð;
freyddi munnur ýrinn;
augun brunnu elds sem glóð;
undan runnu dýrin.

Fram með trjónu fillinn óð,
fetti að ljóni rana.
Voðasjón og heljarhljóð!
hlaut það tjón og bana.

Flenntum glyrnum fillinn þá
fletti birni sundur.

Móti spyrna mundi sá.
Mikil firn og undur!

Rana munda móti rjeð
merkur-hundi ljótum,
tók hann sundur tönnum með,
tróð hann undir fótum.

Dýrið teygði hausinn hátt,
hálsinn beygði svanga,
trjónu reigði rembilátt,
ranann sveigði langa.

Fegri brá þá fyrir sýn:
fagran sá jeg blóma,
þar sem há á himni skín
hvelfing blá í ljóma.

Dýrðar glæstur gylltri sól
guð hinn æzti sjálfur
leit af hæstum himnastól
heims of stærstar álfur.

Eins og sól hans auglit brann,
elds á stóli skírum,
elds á hjóli' er áfram rann
undir sjóla dýrum.

Dýrðleg sjón og vegleg var
vald hins ónefnanda.
Miliónir mundu þar
mætra þjóna standa.

Lúðurhljómur helgur þar
 hvellur óma mundi,
 hár er dómur haldinn var,
 hátt sá rómur dundi.

Háir feldu' um dýrið dóm,
 dauða seldu skæðum.
 Allt þess veldi hvarf sem hjóm
 heitum elds í glæðum.

Fyrir dýran drottin þá
 drengur nýr rjeð ganga.
 Ilrein og skír og björt var brá,
 brosti hýra' á vanga.

Honum gjalda heiður ber,
 hans er aldrei líki;
 hans ei vald nje hátign þver,
 hann um aldir ríki.

Ríkin falla, drambið dvín,
 deyja snjallir lýðir.
 Dýrðarhalla dásemd skín
 drottins allar tíðir.

Jónas í sjávarháska.

(Jón. 1. 2.)

Þykkt er lopt og þrungið klökkum,
 þýtur' í fjarska dimmur gnýr;
 þungt er yfir öldum dökkum,
 yfir köldu loptið býr.

Hvað mun gnýr sá hafi boða?
 hví er ókyrrð þessi' í sjá?
 Bylgjur á sig vita voða
 voðalegum skýjum frá.

Brestur snögg á heljar-hvinur,
 hriktir loptsins festing öll;
 ógurlegar ofsa-hrinur
 æða fram úr vindahöll.
 Öldur taka æstar móti
 ógnar fremja hrikaleik.
 Byltist þar í boðaróti
 borðlág kæna smá og veik.

Orga, hrína, braka, bresta
 bylgjur trylltar stokks við rönd;
 þjóta, hvína, gnauða, gnesta
 gjörvöll skipsins reiðabönd.
 Flest úr skorðum fara tekur,
 fljótt má búast við í svip
 næsta alda', er yfir rekur,
 yfir gangi menn og skip.

Sjómenn æðrast, æpa, veina,
 óttast skipið fari' í kaf,
 hrópa, gráta, kalla, kveina:
 „Kolblátt yfir gengur haf.“
 Einn lá maður undir þiljum,
 eigi vissi nokkuð af
 voðalegum vonzkubyljum:
 vært og rótt og fast hann svaf.

Fóru þeir hann þá að vekja,
þótti' ei gott að sofa nú,
stjaka, skaka, hrista, hrekja,
hrópa, æpa: „Vakna þú!“
Loks nam hann úr roti rakna,
rán er sjálf hann kallaði' á;
góðan draum ei við rjeð vakna
voða' er þann á ferðum sá.

„Bið þú góðan guð“, þeir kváðu,
„gríða með oss blítt og heitt.“
Og þeir grjetu og þeir báðu,
eigi kom þó fyrir neitt.
Hafið æstist æ því meira,
öldur trylldar flugust á;
ógurlegt var allt að heyra,
ógurlegt um kring að sjá.

„Sjálfsagt einhver vor mun valda
veðri þessu,“ maður kvað;
„hver er sá, sem hinir gjalda?
hlutum köstum vjer um það.“
Hlutum urpu þeir um þetta,
þess kom hlutur upp, er svaf;
og þeir vildu fá að frjetta
frekar manni þessum af.

„Hvaðan komstu? hvaðan ertu?
hverrar þjóðar? seg oss það;
dyl oss einskis, hugann hertu,
hafðist þú það nokkuð að,

er því veldur að oss lengur.
 ei er fært um sollið haf?
 Sá er drengur, sem við gengur.“ —
 Svar þá hinn án tafar gaf:

„Jónas heiti' eg, Ebrei' er eg,
 eg er sendur drottni frá;
 Tarsisborgar til nú fer eg
 til að reyna' að komast hjá
 því, er drottinn bauð mjer bliður:
 „Bú þig skjótt til Niníve;
 ógurlegur er þar lýður,
 inn þeim refsing nálæg sje.““

Sjómenn slegnir ótta urðu
 er þeir heyrðu boðskap þann.
 „Hvað skal nú?“ Þeir spámann spurðu;
 spakur aptur mælti hann:
 „Veit jeg drottinn vill mjer hegna,
 voði stafar sá af mjer;
 mín ei lengur mæðist vegna,
 mjer í sjóinn varpið þjer.“

Gjörla þó að skipsmenn skildu
 skörulega kveðin orð,
 eigi lengi vel þeir vildu
 varpa honum fyrir borð;
 ei að síður loks til leiddust, —
 líf var farið hvort sem var;
 þar kom að, að þeir til neyddust
 þessa fórn að bjóða mar.

Og á hann þeir hendur lögðu,
honum skutu fyrir borð.

„Fyrirgef oss, guð,“ þeir sögðu,
„guð, ei reikna' oss þetta morð.“
Jafnskjótt sem hann sökk í kafið,
sjá, þá undarlega brá:
Lygndi veðrið, lægði hafið,
ljómaði' aptur sólin há.

En í sjávar djúpi dimmu
dauða nærri Jónas lá,
lenti hvals í gini grimmu,
geigvænlegt í djúpið sá.
Hann til drottins huga renndi
hræðilegu djúpi frá,
bænar-andvörp eldheit sendi
upp til guðs síns himnum á.

Og í undirdjúpi dimmu
dýrðlegt ljós hann kringum skein;
mitt í hvalsins gini grimmu
guðleg náð hans heyrði kvein;
mitt úr djúpu dauðans kafi
drottins náði líkn til hans;
og úr köldu heljar-hafi
höndin guðs hann bar til lands.

Ljóssins öldum yfir tjaldað
allt í kringum spámann var;
höfuð, fyr meir hálmi faldað,
himingeislum sveipt var þar.

Bjart var lopt, og grænar grundir
 gyllti fögur sólin há.
 Fuglar tóku fagurt undir
 fagran spámanns lofsöng þá.

Undurnjólinn.

(Jón. 3. 4.)

Á Tígrisárbökkum, á blómlegum völlum
 var borg ein forðum með dýrðlegum höllum,
 hún öll var sem glóandi gull að sjá,
 er geislum stafaði sólin á.
 Það Niníve-borg var hin fræga' og fríða;
 þar fagnaðarhátið var meðal lýða;
 þar hljómaði gleðin um hús og torg,
 svo heyrðist það langt fyrir utan borg.

En utanborgar á blómlegum völlum
 þar bjóst um maður einn, langt frá öllum.
 Hin ljómandi borg honum blasti við,
 og bar að eyrum hans söngva-klið;
 og sól skein fagurt og fuglar sungu
 og fagnaðarraust var á hverri tungu.
 En einmana sat hann með sorg og kvein
 og sólin á tárbotar kinnar skein.

Hver er það, er situr þar utanborgar,
 svo einmana, hljóður og fullur sorgar?
 Það Jónas er spámaður drottins dýr,
 er dapur í bragði frá gleði flýr.

Hvað er það, er spámanns ógleði veldur?
 hví ei hann með lýðnum þakkir geldur?
 Hvort er það nú gleymt, er drottinn hann dró
 úr djúpinu fyrrum í köldum sjó?

En það var hið sama, sem guðsmanninn grætti,
 sem gjörvalla borgina hins vegar kætti:
 að borgin hin mikla var frelsuð frá
 því fári þungu, sem nærri lá.
 En hann hafði boðað borgarmönnum,
 og boðskap þann flutt frá guði sönnum,
 að brátt skyldi hrynja sú borgin há,
 en búinn háski var liðinn hjá.

Það fjell honum sárast, að múgurinn mundi
 ei marka sig framar, er borgin ei hrundi;
 og það honum fannst nú þrautin stærst,
 að þessi spádómur hefði' ei ræzt.
 Hann sagði: „Mjer engin virðing veittist,
 þótt við mína kenningu fólkið breyttist
 og borgarlýðurinn bætti sitt ráð
 og bæði þig, guð, og fengi náð.“

„Til Niníve-borgar jeg nauðugur lagði,
 og nú kemur að því, er fyrrum jeg sagði;
 og þessvegna flýði' eg hið fyrra sinn
 og flytja þeim vildi' eigi boðskap þinn.
 Í Niníve trúir mjer neinn ei lengur,
 ei nokkur maður, fyrst svona gengur.
 Jeg hugði það löngum, þó hlýddi' eg þjer,
 en hálsje nú eptir, fyrst þannig fer.“

„Jeg mátti þó vita', að þú, guð, ert góður,
 svo gæzkurikur og sár-þolinmóður.
 Þótt einhver gjöri þjer margt á mót,
 þú minnst þess eigi frammar hót;
 því undir eins og hann iðrazt hefur
 þú óðara honum fyrirgefur,
 og með hann sem eigin ástvin fer;
 sú undra-náð fær ei skilizt mjer.“

„Jeg vil nú ei, drottinn minn, lifa hjer lengur
 Við lítinn orðstir, fyrst svona til gengur;
 og mannorðið fyrst að er farið hjer
 um fjörið heldur ei sárt er mjer.
 Já, það er bezt að jeg dvíni' og deyi,
 fyrst drottinn sjálfur mjer skeytir eigi.
 Í brennandi sólsterkju bráðna jeg hjer,
 en borgarmenn hlæjandi gamna sjer.“

Svo möglaði Jónas af reiðinni rjóður;
 þó reiddist ei guð, hann var sár-þolinmóður,
 og miskunnarhöndin ljómandi lund
 skjótt ljet þar upp renna' á samri stund.
 Hann laufgar greinar og blómlegar breiddi
 og bjó þar til laufsal er hitanum eyddi.
 Þar Jónas í runninum forsælu fann
 og frammar ei sólin þá skein á hann.

Um nóttina lítill hann laufskáli geymdi,
 þar lá hann og blundaði' og sorgunum gleymdi.
 En næsta dag upp þegar röðullinn rann
 var runnurinn horfinn, er skyggði' á hann.

Þá Jónas varð aptur af reiðinni rjóður
og rausaði' og mögladi óþolinmóður:
„Fyrst smá-lundur þessi mjer ofgóður er,
þá örmagna' er bezt að jeg deyi hjer.“

Þá hrópaði raust ein úr himinsins sölum
og hljómaði' og ómaði jarðar í dölum:
„Að reiðast svo freklega rjettvíst ei er,
þótt runnur sá væri tekinn af þjer.
Það hönd var ei þín, sem að hafði grætt hann,
það hönd var ei þín, sem upp aptur rætti' hann.
Þú hafðir ei nokkuð þar unnið að
og átt eigi með að fást um það.“

„Þú reiðist þótt svolítill runnur sje eyddur,
en ræður þó til að sje mannfjöldi deyddur.
En sannlega tekur mig sárt þess til,
og syndugs manns jeg ei dauða vil.
Þótt syndirnar fjöllunum sjeu hærri,
þú samt skalt vita, mín náð er stærri;
þótt fjöllin og hálsarnir færast úr stað,
ei fær þó raskast mín náð við það.“

Sýnir Sakaríasar.

(Sak. 1.—6.)

„Hvort sjer þú nokkuð? nóttin er svo svört,
og nú ei skína himinljósin björt.
Að neitt þú sjáir, sýnist engin von,
þú Sakarías Barrakíasson!

Hvort dreymir þig? Þú drottins engil sjer í dýrðarljósi standa fyrir þjer.“

„Hvað sjer þú meir í sýn um nætur stund, í svörtu myrkri hjer í dimmum lund?“

„Það er svo margt, sem augun fyrir ber, en undrasjónir þær ei skiljast mjer.

Hvað merkja þær?“ „Spyr engil guðs þar að, hann opinberar vissulega það.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Hjer mann jeg líta má í myrtuslundi, fáki rauðum á;

og rauðra, jarpra, hvíttra hesta val

þar hvílir bak við runn í myrkum dal.

Hvað merkir það?“ „Þar er til engla bent, er út um veröld drottinn hefur sent.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Jeg engil sje þar einn, sem undarlega bjartur er og hreinn.

Hann talar þar við drottin skýrt í dal,

sem dimmum falinn er í bjarka sal.

Hvað merkir það?“ „Þar boðar drottinn blítt, að byggja hús sitt aptur skuli nýtt.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Jeg sje hjer fjögur horn, er sett til smánar hefur skapanorn.

Nú fjórir smiðir vaða fram á völl

og varpa þeim, svo burt þau tvístrast öll.

Hvað merkir það?“ „Það merkir drottins lið, er myrkraþjóðum heimsins spornar við.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Það mikill maður er,

og mæliþráð hann ber í hendi sjer;
 hann sýnist mæla breidd og lengd á borg
 og bjartan depil setja mitt á torg.
 Hvað merkir það?“ „Guðs hús í miðjum hring,
 en hann er sjálfur eldmúr borg í kring.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Jeg sje guðs kennimann,
 í svörtum klæðum dapur stendur hann;
 en hann er færður hreint og dýrt í skart,
 í helgilín svo skært og undurbjart.
 Hvað merkir það?“ „Guð sviptir burtu synd
 og sínum þjónum gefur dýrðarmynd.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Jeg ljósastiku lít,
 er logar öll í gulli demanthvít;
 og silfurlampar hanga henni á,
 og hverjum þeirra pípur ganga frá.
 Hvað merkir það?“ „Það orðið drottins er,
 um allan heim er sannleiksljóma ber.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Tvö vegleg viðsmjörs trje
 og viðsmjörs skál hjá ljósastiku' eg sje.
 Þeir fögru viðir bera blómstur rjóð,
 á báðum spretta viðsmjörs aldin góð.
 Hvað merkir það?“ „Þær grænu greinar tvær
 þá göfgu drottins smurða tákna þær.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Jeg bókfell nú sje bjart,
 er brunar gegnum loptið furðu hart.
 Á báðar hliðar bjarma rauðum slær,
 með blóði ritað letur er á þær.“

Hvað merkir það?“ „Guðs stranga dóm á storð,
þar standa báðum megin dómsins orð.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Hjer mælisáld eitt sjest,
þar situr kona niðri' í eins og fest;
og blýlok þungt er opið látið á,
svo eigi frammar má þá konu sjá.

Hvað merkir það?“ „Það syndin illa er,
sem inni byrgð er nú í djúpi hjer.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Hjer sje jeg dísir tvær,
hjer svífa fram á arnarvængjum þær;
og vindur undir vængi stendur þeim,
og víða fljúga þær um himingeim.

Hvað merkir það?“ „Það merkir norna lið,
er markar hörðum forlögnum svið.“

„Hvað sjer þú nú?“ „Úr fjallahlíðum fram
hjer fjórir vagnar þeysa niður' í hvamm.

Þá hestar draga hvössum storms með þyt,
með hvítum, svörtum, rauðum, skjóttum lit.

Hvað merkir það?“ „Mót heiðingjanna hjörð
þar himins andar steypast yfir jörð.“

„Hvað sjer þú meir?“ „Úr silfri' og gulli krans,
er settur er á höfuð kennimanns.

Þar drottnar hann á dýrum veldisstól,
með dýrð um enni, bjartur eins og sól.

Hvað merkir það?“ „Það herra himins er,
sem heiður, tign og vald um eilífð ber.“

Spádómarnir um Messías.

Esajas (11. 53.):

Af Davíðs stofni kvistur kemur
með krapt og vísdóm, þekking, ráð;
í drottins ótta dóm hann semur
og dæmir hinum aumu náð.
Hjá úlfi mun þá lambið liggja,
hjá ljóni kiðið hoppa' á beit,
og ungbarn höggorms bæli byggja
þá blessast allt í sama reit.

Hve fagrir eru fætur þínir,
sem friðinn boðar allri þjóð!
Hve mikla náð þú sekum sýnir,
er saklaust út þú gefur blóð!
Vjer erum þrjózkir, þú ert sleginn,
vor þungu sektagjöld þú ber;
þú kveinar ei, til dauða dreginn,
þú deyr sem lamb, er slátrað er.

Jeremías (23. 31.):

Sú kemur tíð, sá dýrðardagur,
er Davíð rís í annað sinn
sem aldinkvistur, ungur, fagur,
þá aptur blessast lýður minn;
þá friður býr og lög í landi,
þá ljómar aptur frelsis sól;
og lýður safnast lofsyngjandi
með lotning kring um drottins stól.

Heyr drottins orð: Sá dagur kemur,
 ef dæmir hann ei sekan lýð;
 hann við þig friðar sáttmál semur,
 það sáttmál stendur alla tíð:
 Jeg guð er þinn og þú minn lýður,
 mig þekkja börn mín stór og smá;
 og allur lífsins fjöldi fríður
 mun fagna sínum drottni þá.

Esekíel (17. 34.):

Sjá, drottinn guð þinn gróðursetur
 einn grannan kvist á berum hól;
 svo undra stór hann orðið getur,
 að allt, sem lifir, fær þar skjól.
 Við drambi heims vill drottinn sporna,
 en dapra láta rísa hátt,
 hið þurra grænka', hið græna þorna,
 hann getur breytt um stórt og smátt.

Hinn nýji Davíð, drottins hirðir
 í dimmum hriðum sækir hjörð,
 og sauðum góðar býr hann byrgðir
 og bælir þá á frjórri jörð;
 hann burtu rekur úlfa alla
 og illum dýrum ryður braut;
 en blíðar daggir drottins falla
 og drjúpa milt í grænni laut.

Daníel (7. 9.):

Hver ljómar þar í skýjum skærum
 og skín svo bjart sem morgunsól?

Hver liður þar í ljóma tærum
 sem leiptur fyrir drottins stól?
 Guð honum mátt og megin gefur,
 hann mannsins sonar líking ber;
 hans ríki aldrei enda hefur,
 hans eilíf tign og dýrð ei þver.

Það munu líða langar tíðir
 unz lífsins konung sjeð þú fær;
 þú líta munt hann samt um síðir,
 er sinni þjóð hann kemur nær.
 Þá bætt mun neyðin, sorgin, syndin
 og sektin þunga burtu máð;
 þá streymir aptur lífsins lindin,
 þá ljómar aptur drottins náð.

Hóseas (14.):

Sem morgunroðinn rennur fagur
 og regnskúr fellur vors um stund,
 svo kemur blíður drottins dagur
 með döggi og skin á víxl á grund.
 Þjer munuð blómgast liljum líkir
 er lífgar yður mannsins son,
 og viðsmjörstofnar verða ríkir
 og víntrje frjó á Líbanon.

Jóel (3.):

Sjá anda drottins ofan streyma,
 heyr, undur mikil verða þá;
 sjá, yðar fólk mun drauma dreyma,

já, dætur yðar skulu spá.
 Þá mun guð sól í myrkur snúa
 og máninn skæri verða blóð;
 en óhult mun í blessun búa
 á bjargi Síons drottins þjóð.

Amos (9.):

Þótt sveimir þú í dimmu djúpi,
 þótt dveljir þú um uppheims lönd,
 þótt felist þú í foldarhjúpi
 þá finna mun þig drottins hönd.
 En einnig hönd guðs allsvaldanda
 mun aptur reisa Davíðs stað;
 og heilög borg mun háreist standa
 á himnum uppi. Verði það!

Óbadías (1.):

Þú aumi, varnarlaus líður,
 er lengi þrældóm kenndir á;
 sjá óför þinna bræðra bíður,
 er böndin hörð þig ljettu þjá.
 Þeir munu tvístrast farast, falla
 og fjendum sínum verða' að bráð,
 en þú í skjóli þinna fjalla
 munt þroskast enn af drottins náð.

Jónas (2.):

Heyr, heyr, í undirdjúpsins dölum
 þar dynja hljóð svo þung og ströng!
 heyr, heyr, í ljóssins himinsölum

svo hreinan, skæran englasöng!
 Þeir lofa guð, sem dró úr djúpi
 sinn dýra vin, já eigin þjóð;
 þeir lofa guð, sem lyptir hjúpi
 af legstað hans, er gaf sitt blóð.

Mikas (4.):

Hví geysar stríð hjá þjóðum þínum?
 nær þá mun koma friðartíð,
 er plóg menn smíða' úr sverðum¹ sínum,
 er sjá menn ei nje heyra stríð?
 Þá hver má frjáls á akri una.
 Í allra hjörtum staðar nem,
 þú kæra ljós þess kærleiks funa,
 sem kviknar upp í Betlehem.

Nahúm (1.):

Hví höfuðskepnur æstar æða?
 hví ólgar haf og gjósa fjöll?
 hví skjálfa lönd og skruggur hræða?
 þjer skepnan, guð, í hendi' er öll.
 Jeg veit hinn sterki stillir kemur,
 er storm og öldur hastar á,
 er hörmung burt og hrelling nemur.
 Ó hvenær kemur tími sá?

Habakuk (2.):

Hví dýrkar þú hið dauða, maður?
 hví drambar þú af gylltri mold?
 hví safnar þú í gullsjóð glaður?

hví gyllir þú og kitlar hold?
 Það allt mun deyja, dvína, gleymast,
 sjá, dómurinn er þegar nær.
 En þú skalt lifa, þróast, geymast,
 sem þreyir guði' og mönnum kær.

Sefanías (3.):

Hví syrgir þú svo, Síons dóttir?
 hvers saknar þú? hvað óttast þú?
 Þinn frelsari þjer færir gnóttir;
 með fegins rómi lofsyng nú!
 Hann safnar þeim, er sakna og skilja,
 hann seður hvern, er hungur sker,
 hann lýsir þeim, er ljós hans vilja,
 hann lækna hvern, er særður er.

Haggái (2.):

Þú horfir, fólk, til fornra tíða,
 þar fagra gullöld þykist sjá,
 og musterið hið fræga' og friða
 með fögrum tárur minnist á.
 Horf fram, horf fram, þar fegri ljómi
 á fegri tímum brosir við,
 er birtist hann í helgidómi,
 sem heimsins þjóðum gefur frið.

Sakarías (9.):

Ó, fagna, Síons dóttir dýra,
 Þinn drottinn sjálfur kemur nú,
 með sigurfrægð, en hógværð hýra;

mót honum glöð þú faðmi snú!
 Hans skróð er dýrð, hans skjómi sigur,
 hans skjöldur friður, sproti náð,
 hans dýrðarhástöll dásamligur
 ei dvín um himin, sjó og láð.

Malakías (4.):

Þei, þei, heyr engill drottins dunar
 sem dagsins hani fyrir sól.
 Sjá, sjá, hún fram í fegurð brunar,
 á festing reisir náðarstól.
 Hún gullnum friðargeislum stráir
 á grund og hlið og byggðir lands;
 hún vekur blóm, er vonin sáir,
 hún vorblóm lifgar kærleikans.

Júdit.

(Júdit 7.—15.)

Eins og snjóflóð ofan' af fjöllum
 æddi grimmur her;
 blóðugar á blómgum völlum
 brautir ruddi sjer;
 akra, merkur, engi huldi,
 allt í sundur braut og muldi;
 byggðir, hallir, borgir margar
 brutu grimmir vargar.

Gullu brandar, skjómar, skálmur,
 skulfu björg og fjöll;

sprungu brynjur, brustu hjálmar,
blóðið flaut um völl.

Hólófernes hershöfðingi
hæst ljet allra' á sverðþingi;
berserkir á báðar hendur
bitu' í skjalda rendur.

Eins og sauðir undan vörgum
Ísrael þá rann;
vígi sjer í bröttum björgum
byggja náði hann;
kringum bæinn Betúlía
byggði fólkið múra nýja,
veika þó gegn voðagrandi
varga óteljandi.

Óvinir á alla vegu
um þá slógu hring,
lustu' upp ópi ógurlegu
alstaðar í kring.
Bæði daga' og dimmar nætur
dólgar á því höfðu gætur,
að þeir hjálpar engrar nytu,
upp svo gefast hlytu.

Þannig gekk það lengi, lengi,
lið um bæinn sat;
hjálp kom þeim nje aðstoð engi,
enginn líknað gat.
Sneyðast tók um vatn og vistir,
veikir, móðir, svangir, þyrstir,

gátu lengur varla varizt,
varð ei heldur barizt.

Hvar er yðar hreysti fríða,
hraustu riddarar?

Hvar er vit og vizkan þíða,
vitru spekingar?

Auðmenn, hvar er yðar ljómi?
Æska, hvar er nú þinn blómi?
Farið, horfið allt í einu, —
ekki stoð í neinu.

Júdit hjet ein ágæt ekkja,
er í bænum var;
freista vildi' hún heipt að hnekkja
Hólófernesar.

Allir störfðu hissa' á hana
hún er kvað við öldungana:
„Yður frelsa' eg ætla' að reyna,
ekki' er því að leyna.“

„Hvernig eigum vjer að vona
vorn að frelsi stað,
ung og veikbyggð veslings kona?
varla fært er það.“

„Ef mig guð minn góður styður
get jeg mäske frelsað yður.
Mig þjer einnig með því styðjið,
mjer ef fyrir biðjið.“

Það var kveinað, það var grátið,
það var beðið heitt;

af að biðja ei var látið,
ei varð fólkið þreytt.
Allir henni heilla báðu,
henni góðar óskir tjáðu,
að hún guðs með aðstoð fengi
alla frelsað drengi. —

Það var dansað, það var leikið
þennan sama dag:
Óvinanna herlið hreykið
hóf upp gleðibrag.
Þar var ei á liði legið;
lystugt drukkið, sungið, hlegið.
Heyrðist dans og glaumur gjalla,
glatt var þar á hjalla.

Hólófernes hár að valdi,
hetjan mesta þar,
sat í rauðu rósatjaldi,
rembilátur var,
drakk með vænstum vildarmönnum
veigar þar af gullnum könnum;
önnur drótt að drykkjumálum
drakk úr silfurskálum.

Inn kom skutulsveinn og sagði:
„Sá jeg úti nú
mey svo fríða' og blíða' í bragði,
ber af öllum sú.
Aldrei sá jeg yndislegra,
aldrei sá jeg kvennval fegra.

Sú kveðst ebresk unaðslilja
yður finna vilja.“

Hólófernes harðla glaður
hermdi sveininn við:
„Sendu hana hingað, maður,
hafðu' ei neina bið.
Gaman verður, hygg jeg, heyra
hennar boð, og kannske fleira.“
Gimsteinum og gulli búin
gekk í salinn frúin.

Yndisleg og björt í bragði
blómarós gekk inn,
hneigði sig, en hæversk þagði,
hýrt ljek bros á kinn.
Hólófernes, hetjan snarpa,
hann, sem felldi þúsund garpa,
fjell, — það meyjaraugun unnu,
ei sem spjótin kunnu.

„Drós mín,“ kvað hann, „drekku saman
dátta og glatt um sinn.
Lifi vín og gleði' og gaman,
glaðnar hugur minn.
Skal á morgun bæinn brjóta,
bezt í kveld er gleði' að njóta.
Heyrið drengir, drekkið, klingið,
dansið, leikið, syngið!“

Yfir sögu er fljótt að fara:
Fastan drukkið var. —

Eigi verið var að spara
 veizlukostinn þar. —
 Loksins fólkið dauðadrukkið
 dróst í tjöld sín eptir sukkið.
 Einn hjá dauðadrukknnum manni
 dýr varð eptir svanni.

Hólófernes hneig þar niður,
 hót ei vissi' af sjer.
 Tunglið gulbleikt glotti viður
 gömlum laufaver.
 Hægt var Júdit hann að sigra,
 haus hún sneið af bolnum digra
 glotti tungl við glyrnum rauðum; —
 gekk hún af honum' dauðum.

Víf fór heim og vakti liðið,
 varðlið múrum á:
 „Hólóferness höfuð sniðið
 hjer þjer megið sjá.“
 Grábleikt höfuð gnisti tönnum,
 glotti kalt, svo ægði mönnum.
 Skelfdust þeirra hetjur háu,
 hausinn þann er sáu.

Hólófernes hneig hinn sterki, —
 hnykkti mönnum við;
 voru' ei fögur verks ummerki:
 vantaði' höfuðið.
 Höfuðlaus ei búkur bærðist
 blár og þrútinn; liðið ærðist;

höfuðlaus rann her á flóttu
heljar lostinn ótta.

Flóttann ráku fegnir næsta
flestir Gyðingar,
fengu marga gripi glæsta,
gull og silfur þar;
færðu Júdit góz og gæði,
gersemar og dýrðleg klæði;
allir henni heiður sungu,
hinir gömlu' og ungu.

Júdit raunar brögðum beitti,
barg þó heilli þjóð,
föðurlandi frelsi veitti,
frelsti saklaust blóð.
Hennar grimmd var hreysti talin,
hennar slægð í vizku falin;
hennar orðstír heim barst yfir,
hennar minning lifir.

Tobías.

(Tob. 10.—15.)

Þau sátu tvö um sumarkveld í lundi
er sólin blessuð kyssti hlíðar fjalla;
en eins og sól var ævi tekið halla.
Hjá trygggu vífi Tobías þar undi.

Sem áður fyr með æsku glöðum vonum
þau enn það kveld með tengdum höndum sátu,

en eigi horfzt í augu nú þau gátu,
því út var slokknað ljósið fyrir honum.

Af sumars, kvelds og ævi aptanljóma
brá yndisroða nú á vanga ljósa
sem aptur kæmi æskublóminn rósa;
en úti var nú tíðin þeirra blóma.

Nú var hinn aldni sveiptur silfurhærum
sem snjóvi drifinn, hvítur fjallatindur,
er hýrt mót sólu horfir, sjálfur blindur,
er á hann slær hún aptangeislum skærum.

En hún var eins og hliðarbrekkan fríða
er hausta fer og degi tekur halla,
er sumarrósir fölna', en ekki falla,
og daggarperlur drjúpa' í lautum víða.

Og aptansólin gyllti gljáa tinda
og geislum sló á skógi vaxnar hliðar,
á vötn og dali, fell og merkur fríðar; —
en allt var hulið augum þess hins blinda.

Og grænar brekkur ljósa teygðu linda
í laufgan dal, um fagurskrúðuð engi;
á drottins hörpu stirndi silfurstrengi; —
en allt var hulið augum þess hins blinda.

Um gullnet loptsins lagði hvíta rinda
úr ljósum reykjum, smám frá býlum dala,
er sendu boð til blárra himinsala; —
en allt var hulið augum þess hins blinda.

En fagrar sýnir sá hann þó í anda,
er sínar minntist hann á æskustundir,
á fósturlands síns fjöll og dali' og grundir;
þar æskubrúði sína sá hann standa.

Þá færðist bros hið göfga andlit yfir
við endurminning þeirra sælutíða.
Sem straumar burtu stundir mannsins líða;
þær deyja út, en eptir minning lifir.

„Hví brosir þú?“ hans brúður mælti kæra,
„þú blindur sjer ei náttúrunnar ljóma;
en jeg, sem eygi allan hennar blóma,
í augum mínum glóir döggin tæra.“

„Hví brosir þú, sem elli' og þreyta amar,
í útleð strangri, sviptur fósturlandi,
og vinum horfinn, orðinn allspurfandi?
og son þinn máske finnur þú ei framar.“

„Hann fór í vor; nú fer að hausti' að halla;
ó, hvað mun valda því, hann kemur eigi?
og jeg hef vænt hans víst á hverjum degi.
Guð hjálpi mjer! um von er úti alla.“

Hinn gamli mælti: „Verum kát og vonum,
jeg veit að drottinn hann ei yfirgefur;
hann allt að þessu okkur varðveitt hefur;
og góður engill guðs mun fylgja honum.“

Hún sagði' ei neitt, en hönd hún dró úr hendi
og hljóp á stað, að gá enn einu sinni,

hvort sonur hennar eigi koma kynni,
og klökkar bænir upp til drottins sendi.

Hún staðar nam er kom á hól einn háan
og hvasst og lengi fram á veginn starði.
Var hennar andvarp heyrt þá fyr en varði?
Hún eitthvað sá við sjóndeildarhring bláan.

Og lítinn hund hún sá úr rjóðri renna
og renna til sín glatt með feginslæti;
þar húsmóður hann heilsaði með kæti;
hún fylgispakan förunaut rjeð kenna.

Og hvassar enn hún horfði fram á veginn,
og hjartað barðist milli ótta' og vonar;
þar móðurástin mændi fast til sonar;
og loksins sá hún soninn hjartans fegin.

Þar kom hann aptur, ungur, fagurrjóður,
í æskublóma, hraustur, frjáls og glaður;
og honum fylgdi sá hinn sami maður,
er hjet að reynast honum vinur góður.

Hún hljóp sem fyrst hinn gamla mann að gleðja
og geisla láta hans í myrkri skína;
og hepti frjáls þá hjartans löngun sína,
sinn elsku-son með ást og gleði' að kveðja.

Víst var hinn ungi, efnilegi hlynur
af eigin stofni hennar fagur kvistur;
hinn gamli var þó fyrir henni fyrstur,
hinn forni hjartans æsku tryggðavinur.

Í svörtu myrkri sat hinn gamli maður,
 en sólin honum skína þótti bjarta,
 fyrst aptur fengi' hann faðma sjer að hjarta
 sinn eigin son, svo innilega glaður.

En miklu fyr en frá því segja megi,
 í faðmi þeirra lá hinn ungi maður;
 þar fagnaðar varð fundur næsta glaður,
 og foreldrum var bættur allur tregi.

Hann faðmaði þar föður sinn og móður,
 þar föðmuðu þau aptur kæra soninn.
 Hinn blindi kvað: „Nú öll er uppfyllt vonin;
 nú skal jeg bera myrkrið þolinmóður.“

Hinn ungi maður bauk þá tók úr barmi,
 og bar á augu föður síns hins kæra,
 er lokuð voru ljósi dagsins skæra.
 Sem hinna' af eggji móða hvarf af hvarmi.

Nú sá hann aptur! Hvílik himnesk gleði!
 svo hreint og skírt sem fyr á barndómsárum.
 Af gleði fjekk hann varla varizt tárur
 og stundi upp af innsta hjartans geði:

„Jeg sje þig aptur, son minn yndisbliði,
 jeg sje þig aptur, hjartans vina kæra,
 jeg sje þig aptur, sólin blessuð skæra,
 jeg sje þig aptur, heimur drottins friði.“

„Ó, dýrð sje guði.“ drottins þjónn kvað glaður,
 „ó, dýrð sje guði,“ mælti svanni þíður,

„Ó, dýrð sje guði,“ drengur hermdi fríður,
 „Ó, dýrð sje guði,“ sagði fylgdarmaður.

Við föður sinn þá sveinninn mælti þrúði:
 „Þú sjer þó fegra: Eptir er hið bezta:
 Af góðum vina-ættum eg hef festa
 svo yndislega fagra' og væna brúði.“

„Hún kemur brátt á eptir, öllu fegri,
 með alls kyns gnótt og dýru fylgdarliði.
 Hve dýrðlegt kvöld! Nú sigur sól að viði,
 en sól með henni ris upp yndislegri!“

„Og allt á jeg að þakka þessum manni,
 já, það var hann, er bezta fylgd mjer tjeði;
 það eins var hann, er aptur sýn þjer ljeði,
 og ávann það, að dýr mjer bættist svanni.“

„Með hverju kunnum vjer þau góðverk gjalda?
 Þigg góz vort allt,“ svo kváðu þeir í einu.
 Þá mælti gestur: „Ei tek eg við neinu;
 þið ykkar gózi öllu skulið halda.“

„Heyr, Tobías, þú góði, gamli maður!
 Þú góðu fyr um þína daga sáðir,
 er bræðrum þínum björg þú veita náðir;
 nú ávöxtinn þú uppsker sjálfur glaður.“

„Þú villta hýstir, hungraða þú saddir,
 þú hjúkraðir þeim sjúku, nakta klæddir,
 þú auma studdir, fátæka þú fæddir,
 þú fjötruðum gafzt lausn og hrygga gladdir.“

„Nú uppsker þú af þínu' í drottins friði;
af þínum dyggðum munu börn þín njóta;
þú sjá munt barnabörn þín umbun hljóta,
já, blessun drottins nær í þúsund liði.“

„Til góðs þjer drottinn rammar raunir sendi;
þú reyndist fastur, traustur, þolinmóður;
en allt er gott þá endirinn er góður
og allt er gott af drottins mildu hendi.“

„Um stund þótt syrti, sakar nokkurn eigi,
nú sólin hnígur, myrkrið fellur yfir,
en elska drottins eins í myrkri lifir
og aptur ljómar sól með nýjum degi.“

„Um stund þótt skilja verði vinir kærir,
þó við þá skilur aldrei drottins kraptur,
á sælli stund hann sameinar þá aptur;
þá aptur verða feginsfundir skærir.“

„Nú hef jeg yður sýnt þess sannan vottinn,
að sorg í gleði breytir drottins kraptur.
Nú heim er mál jeg hverfi til hans aptur;
ó, verið sælir, vinir! Lofið drottin!“

Svo mælti hann og lypti vængjum ljósum
og leið á burt í aptanroða skærum.
Þau horfðu öll á eptir vini kærum,
er hvarf í himins roða-geislarósum.

Og roðinn hvarf af bláum himinboga,
í björtu heiði skein þar fjöldi stjarna.

Ei hverfur náðin, blessuð drottins barna.
Þótt dimm sje nótt, hans dýrðarstjörnur loga.

Súsanna.

(Sús.).

Hún Súsanna fagra hún gekk í grænan lund.

Blítt og bjart var lopt.

Í forsælu gekk hún um heita hádagsstund.

En skininu skúr fylgir opt.

Og ljósfagrar meyjjar þar tók hún með sér tvær;
sem stjörnur hjá sólinni þernur voru þær.

Þar fagurt og inndælt í aldingarði var;
en langt þó hún Súsanna sjálf af öllu bar.

Hve ljómaði sólin á himinfesting hrein;
en blíðara þó ásján brúðarinnar skein.

Sig beltuðu gullský um himinfjöllin há;
en skærara var gullhárið hvítum herðum á.

Þar glitruðu rósir og gulltyppt blómin smá;
en fegri greru blómrósir brúðar vöngum á.

Og daggperlur blikuðu' á blómsturknöppum smám;
en skærri glóðu perlur und brúðarinnar brám.

Þar lind spratt í garðinum ljúf og hrein og tær;
en sjálf var hún í hjartanu' ei síður hrein og skær.

Og fagurt á kvistunum fuglar sungu þar;
en sætara þó málið af vörum hennar var.

Og hljómbliðum rómi hún meyjjar mælti við:
„Nú dýrindis-balsam til baðs mjer sækið þið.“

„Því hitinn er beizkur, en báran er svo köld,
og laufskálinn svo þjettur og laufdimm blaðatjöld.“

Og þernurnar fóru, en hún varð eptir ein;
hún niður steig í öldur sem aptansólin hrein.

Og líkaman fagra þar báran huldi blá;
en lokkarnir sem geislar þar ljeku bárum á.

Sem höggormur áður í aldingarði var,
í lundinum þeim fagra svo leyndust höggormar.

Þeir svikulu höggormar sveinar voru tveir;
á bak við rósa-lundinn í leyni földust þeir.

Og beizkur var hitinn og brennheit sólarglód;
en heitari var girndin, er brenndi þeirra blóð.

Þar stukku þeir fram báðir og brúði hugðust ná,
er ein var hún þar eptir, en aðrir langt í frá.

Hún Súsanna fagra var hrædd og rak upp hljóð;
en allir voru fjarri og enginn heyrði fljóð.

Hún kallaði til fólksins, þar kom ei maður neinn;
hún kallaði til drottins, hann heyrði hana einn.

Úr baðinu flýði' hún. Sem skyggir ský á sól
hinn dragsíði gullhaddur fagan líkam fól.

Og hitinn var beizkur og brennheit sólarglód;
en heitara þó sauð þeim af heiptarfuna blóð.

Af brennandi reiði þeir hljóðuðu svo hátt,
að fólkið úr staðnum dreif að úr hverri átt.

Og sólin á himninum blikaði svo björt;
en lygin, sem þeir báru var líkt og nóttin svört:

„Hún Súsanna fagra í lundinum hjer lá,
og yngispiltur fríður þar hvíldi brúði hjá.“

„En undir eins og sveinninn sá okkur koma þar,
þá stökk hann yfir múrinn og ótt úr augsyn var.“

„Sú ódæðis-svívirðing sáran okkur gremst;
og konunni grimmilega gjaldið helzt og fremst.“

Hún Súsanna fagra þar ein til vitnis var;
og vörn ei komið fyrir sig hún fjekk hjá lýðnum þar.

Að tryggðum var hún sannreynd, en vottar voru
tveir,
og báðir voru göfgir og mikilsmetnir þeir.

Að lögmálsins boði til dauða var hún dæmd;
en heitt hún bað til drottins, og hans ei náð var
tæmd.

Þá leidd var hún til dauðans sá Daníel það víf;
af guði var hann sendur að leysa hennar líf.

Hann mælti við fólkið, sem fylgdi: „Staldrið við!“
Svo tignarleg var raustin, að þar varð þögn og bið.

Hann sagði við annan er illa róginn bar:
„Hvar leiztu þau saman?“ „Und linditrje það var.“

Hann sagði við hinn, er þann svika framdi leik:
 „Hvar leiztu þau saman?“ „*Það var und einni
 eik.*“

Og tvísaga skálkar við glæp þá gengu þar,
 og sjálfir fjellu í gröf þá, er grafin öðrum var.

Svo upp komust loksins þau svikaráðin svört;
 og aptur skein hin saklausa öllum hrein og björt.

Og ástvinirnir föðmuðu' hið elskulega víf; —
 blítt og bjart var lopt; —
 og vegsömuðu drottin, er leysti hennar líf;
 því skúrunum skin fylgir opt.



Röð kvæðanna.

	Bls.
1. Sköpunin (1. Mós. 1.)	1
2. Eden (1. Mós. 2.)	2
3. Höggormurinn (1. Mós. 3.)	6
4. Kain og Abel (1. Mós. 4.)	9
5. Flóðið (1. Mós. 6.—9.)	12
6. Köllun Abrahams (1. Mós. 12.)	17
7. Abraham og Lot (1. Mós. 13.)	20
8. Leiðangur Abrahams (1. Mós. 14.)	23
9. Fýrirheitin (1. Mós. 13. o. v.)	25
10. Í Mamreslundi (1. Mós. 18.)	27
11. Fýrirbón Abrahams (1. Mós. 18.)	30
12. Sódóma (1. Mós. 19.)	32
13. Hagar og Ísmael (1. Mós. 21.)	35
14. Sonarfórnin (1. Mós. 22.)	38
15. Rebekka við brunninn (1. Mós. 24.)	45
16. Blessanir Ísaks (1. Mós. 27.)	48
17. Himnastiginn (1. Mós. 28.)	54
18. Glíman (1. Mós. 32.)	57
19. Bræðrafundurinn (1. Mós. 32., 33.)	59
20. Draumar Jósefs (1. Mós. 37.)	62
21. Mansalið (1. Mós. 37.)	65
22. Draumar Faraós (1. Mós. 41.)	68
23. Jósef og bræður hans (1. Mós. 42.—46.)	72
24. Jakobs-synir (1. Mós. 49., sbr. 5. Mós. 33.)	78
25. Móses í Nil (2. Mós. 2.)	79
26. Köllun Mósesar (2. Mós. 3.—4.)	82
27. Plágur Egyptalands (2. Mós. 7.—12.)	87
28. Frumburðadauðinn (2. Mós. 12.)	88
29. Rauðahafið (2. Mós. 14.)	91
30. Í eyðimörkinni (2. Mós. 13., 15.—17., 4. Mós. 21.)	95

	Bls.
31. Á Sínaí (2. Mós. 19.)	97
32. Boðorðin (2. Mós. 20., 5. Mós. 5.)	100
33. Gullkálfurinn (2. Mós. 32.)	103
34. Dýrð drottins (2. Mós. 33., 34.)	106
35. Kanaan (4. Mós. 13., 14.)	109
36. Kóra, Datan, Abíram (4. Mós. 16.)	112
37. Stafur Arons (4. Mós. 17.)	114
38. Bíleam (4. Mós. 22.—24.)	116
39. Kveðja Mósesar (5. Mós. 4.—11., 29.—33.)	121
40. Móses á Nebó (5. Mós. 34.)	125
41. Jórdan (Jós. 3., 4.)	128
42. Jerikó (Jós. 6.)	131
43. Sól og tungl (Jós. 10.)	134
44. Kveðja Jósúa (Jós. 23., 24.)	137
45. Sigursöngur Debóru (Dóm. 5.)	139
46. Köllun Gídeons (Dóm. 6.)	142
47. Sigur Gídeons (Dóm. 7.)	146
48. Dæmisaga Jótams (Dóm. 9.)	152
49. Heit Jefta (Dóm. 11.)	154
50. Samson (Dóm. 16.)	158
51. Nóomí og Rut (Rut 1.)	161
52. Bóas og Rut (Rut 2.—4.)	164
53. Köllun Samúels (1. Sam. 3.)	167
54. Dauði Eli (1. Sam. 4.)	171
55. Arkarundurin (1. Sam. 5., 6.)	173
56. Hættir konunga (1. Sam. 8.)	175
57. Kveðja Samúels (1. Sam. 12.)	177
58. Synir Ísai (1. Sam. 16.)	179
59. Harpa Davíðs (1. Sam. 16.)	182
60. Goliát og Davíð (1. Sam. 17.)	183
61. Sigursöngur kvennanna (1. Sam. 18.)	187
62. Skilnaður Davíðs og Jónatans (1. Sam. 20.)	189
63. Davíð og Sál í hellinum (1. Sam. 24.)	193
64. Nabal og Abígael (1. Sam. 25.)	198
65. Sál í vagnborginni (1. Sam. 26.)	203
66. Völvan (1. Sam. 28.)	207

	Bls.
67. Fall Sáls (1. Sam. 31., 1. Kron. 10.)	210
68. Saknaðarljóð Davíðs (2. Sam. 1.)	215
69. Betlehems-brunnur (2. Sam. 23., 1. Kron. 11.)	217
70. Sáttmálsörkin (2. Sam. 6., 7., 1. Kron. 15.—17.)	221
71. Davíð og Batseba (2. Sam. 11., 12.)	227
72. Absalon (2. Sam. 18.)	230
73. Sigursöngur Davíðs (2. Sam. 22., Salm. 18.)	235
74. Fólkstalið (2. Sam. 24., 1. Kron. 21.)	239
75. Kveðja Davíðs (sbr. 1. Kron. 28.—29.)	242
76. Draumur Salómóns (1. Kon. 3., 2. Kron. 1.)	245
77. Dómur Salómóns (1. Kon. 3.)	247
78. Musterið (1. Kon. 6., 7., 2. Kron. 3., 4.)	250
79. Musterisvígslan (1. Kon. 8., 2. Kron. 5., 6.)	256
80. Drottningin af Saba (1. Kon. 10., 2. Kron. 9.)	261
81. Róbóam (1. Kon. 12., 2. Kron. 10.)	263
82. Jeróbóam (1. Kon. 12., 13.)	264
83. Ekkjan í Sarepta (1. Kon. 17.)	266
84. Fórnin á Karmel (1. Kon. 18.)	268
85. Elías í hellinum (1. Kon. 19.)	271
86. Vingarður Nabots (1. Kon. 21.)	273
87. Akab og Jósafat (1. Kon. 22., 2. Kron. 18.)	276
88. Himnaeldurinn (2. Kon. 1.)	280
89. Elías uppnuminn (2. Kon. 2.)	283
90. Elísa og konungarnir (2. Kon. 3.)	286
91. Konan í Súnem (2. Kon. 4.)	290
92. Naaman sýrlenzki (2. Kon. 5.)	293
93. Eldherinn (2. Kon. 6.)	297
94. „Á morgun“ (2. Kon. 7.)	301
95. Dauði Elísa (2. Kon. 13.)	304
96. Assýraherinn (2. Kon. 19., Esaj. 37.)	308
97. Sólskífan (2. Kon. 20., Esaj. 38.)	311
98. Hið nýja musteri (Esr. 3.)	314
99. Lögmálslesturinn (Neh. 8.)	317
100. Vastí og Ester (Est. 1., 2.)	322
101. Haman og Mardókeus (Est. 3.—7.)	325
102. Job (Job 1., 2., 42.)	331

	Bls.
103. Vitrun Esajasar (Esaj. 6.)	335
104. Köllun Jeremíasar (Jer. 1.)	337
105. Sýnir Esekiels (Esek. 1.—3., 8.—11.)	339
106. Beinadalurinn (Esek. 37.)	343
107. Likneskjan (Dan. 2.)	348
108. Eldofninn (Dan. 3.)	350
109. Nebúkadnesar (Dan. 4.)	353
110. Trjeð mikla (Dan. 4.)	357
111. Letrið á hallarveggnum (Dan. 5.)	363
112. Ljónagröfin (Dan. 6.)	369
113. Dýrin (Dan. 7.)	373
114. Jónas í sjávarháská (Jón. 1., 2.)	376
115. Undurnjólinn (Jón. 3.—4.)	381
116. Sýnir Sakaríasar (Sak. 1.—6.)	384
117. Spádómarnir um Messías (Esaj.—Mal.)	388
118. Júdit (Júd. 7.—15.)	394
119. Tobias (Tob. 10.—15.)	400
120. Súsanna (Sús.)	407

Leiðrjettingar.

17. bls. 1. l. a. o.: sumar les: sumur
— — 15. - a. o.: brú — brún
62. — 10. - a. n.: þýtt — þítt
88. — 4. - a. n.: Frumburðardauðinn les: Frumburðar-
dauðinn
94. — 12. - a. o.: gullin karmur les: gullin-karmur
96. — 15. - a. o.: fá les: fá.“
— — 17. - a. o.: bætt.“ — bætt.
105. — 8. - a. o.: ekki — þið ei
108. — 12. - a. o.: meðtók — með tók
— — 1. - a. n.: skærri — skærra
125. — 4. - a. n.: horfði — horfi
153. — 4. - a. o.: sæla — sæta
187. — 5. - a. o.: veginn — veginn er
— — 16. - a. o.: fegursta — í fegursta
— — 3. - a. n.: uppsvífa — upp svífa
190. — 9. - a. n.: situr — setur
-
-